

Ævisaga William Marrion Branham



5. Hefti

Fræðarinn sem var hafnað
(1955 – 1960)

Höfundur: Owen Jorgensen

Þýðandi: Birna Einarsdóttir

Formáli höfundar

Hverjir voru mestu fræðarar allra tíma? Sókrates frá Aþenu, Jesús frá Nasaret og Páll frá Tarsus, eru vissulega efstir á lista. Enda þótt kenningum þessara manna, hafi verið hafnað á sínum tíma, þá breyttu þau grundvallaratriði sem þeir kenndu, að lokum heimsmynd fólks. Eins er það með kenningu William Branham. Í síauknum mæli, er kennsla hans að breyta því, hvernig kristnir menn skilja Biblíuna sína og hvernig þeir skilja áætlun Guðs með líf sitt. Hvort sem þú ert sammála hugmyndum hans eða ekki, þá verður þessi bók þér undrunarefni og áskorun. Og hún mun veita þér innblástur.

Ég hef valið sem undirtitil fyrir bók númer fimm: Fræðarinn sem var hafnað, vegna þess að á vissan hátt lýsir það nákvæmlega, þessu tímabili í lífi William Branham. Við lok ársins 1954, fann hann, að Heilagur andi var að leiða hann til að kenna hina dýpri hluti frá Guði, á hinum alþjóðlegu lækningasamkomum sínum. Þar með móðgaði hann bæði Pétur og Pál, þar til hann var búinn að móðga það marga, að eftirspurnin eftir þjónustu hans minnkaði til muna.

Það sama gerðist í þjónustu Jesú Krists. Margir elskuðu Jesú, meðan hann bað fyrir sjúkum, mettaði fólkið með brauði og fiski og kenndi því með dæmisögum. Þegar fram liðu stundir, lagði hann frá sér pelann og kenndi þeim kjöt fagnaðarerindisins. Jesús sagði: “*Sæll er sá sem hneykslast ekki á mér.*”¹ En margir hneyksluðust, þegar þeir heyrðu þá þungu hluti, sem hann kenndi. Til dæmis sagði Jesús: “Ef þú etur ekki hold mannsónarins og drekkur blóð hans, hefur þú ekki lífið í þér.” Eftir að hafa heyrt þetta, minnkaði mannfjöldinn, þar til jafnvel 70 af hans nánustu lærisveinum yfirgáfu hann. Jesús sneri sér að lærisveininum tólf, sem eftir voru og sagði: “*Ætlið þér að fara líka?*” En Símon Pétur svaraði honum: “*Herra, til hvers ættum vér að fara? Þú hefur orð eilífs lífs, og vér trúum og vitum, að þú ert hinn heilagi Guðs.*”² Eftir þetta, naut Jesús ekki mikilla vinsælda í Ísrael. Gagnrýnandi gæti ef til vill sagt, að þjónusta hans, hafi verið á niðurleið þaðan í frá, þar til Jesús sjálfur hrópaði meira að segja á krossinum: “*Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?*” En munið, að álit fólks, er ekki það sama og sannleikur. Enda þótt hinar almennu vinsældir hans hafi dvínað, uppfyllti Jesús þann tilgang, sem Faðir hans hafði með jarðlífi hans; frelsun allra þeirra sem trúa á nafn hans.

Ég minnst á þetta hér, til að sýna fram á það, að dvínandi vinsældir William Branham, á sér fyrirmynd í Ritningunni. Meðan fjöldinn á samkomum hans, var að minnka og óskum eftir því að fá hann sem ræðumann fækkaði, var Guð að undirbúa hann fyrir lokabátt þjónustu hans, “þriðja togið,” sem átti eftir að fara langt framúr því, sem á undan var gengið, svo vitnað sé í orð engilsins.

Sá undirtitill, sem ég hef valið á bók númer fimm af Ævisögunni, lýsir aðeins einni hlið málsins. Þessi bók lýsir líka hinni hliðinni, en þú verður að hafa andleg augu, til að sjá það. Hin hliðin, verður enn greinilegri í sjöttu bókinni, ef til vill alveg augljós.

Owen Jorgensen 2002

¹ Matteus 11:6, Lúkas 7:23

² Jóhannes 6:47-71

Og Jesús segir við þá:
‘Hafið þér aldrei lesið í ritningunum:
Sá steinn, sem smiðirnir höfnuðu,
er orðinn hyrningarsteinn.
Þetta er verk Drottins,
og undursamlegt er það í augum vorum.’

(Matteusarguðspjall 21:42)

Höfundarréttur © 2002

Owen Jorgensen

Allur réttur áskilinn.

Kafli 68

Upphaf kennsluþjónustu hans 1955

Frá þeirri stundu, er engillinn vitjaði hans árið 1946, breyttist líf William Branham um alla framtíð. Hið lítt þekktu starf hans í smábæ hafði gjörbreyst. Skyndilega laut heimurinn honum og grátbað síðan um nærveru hans. Í fyrstu voru lækningaherferðir hans í Suðausturríkjum Bandaríkjanna, en brátt ferðaðist hann um öll Bandaríki Norður-Ameríku og loks til Evrópu, Afríku og Indlands. Hann prédikaði fagnaðarerindið yfir milljónum manna. Eftir sjö ár alþjóðlegrar trúboðsþjónustu, gerði hann ráð fyrir að um hálf milljón manna hefði tekið á móti Jesú Kristi sem frelsara sínum, sakir prédikunar hans. Það var engin leið að meta það, hve margar milljónir manna höfðu fengið lækningu, vegna fyrirbæna hans.

Þrátt fyrir þessi stórfenglegu afrek, var hann furðu óánægður við árslok 1954. Hann hafði vonað að hin yfirnáttúrulega þjónusta hans, myndi brjóta niður hindranir milli kirkjudeilda og fá kristna menn, til að gefast Kristi með enn dýpri hætti. En hið breiða fljót kristinnar meðalmennsku flæddi áfram ótruflað að mestu.

Eftir mikla umhugsun og bæn, gerði William Branham sér að lokum grein fyrir því, að aðferð hans hafði verið allt of varfærnisleg. Vegna þess að lækningasamkomur hans drógu að sér fólk úr ýmsum kirkjudeildum, hafði hann alltaf prédikað einfaldar ræður, í þeirri von að fá sem minnsta gagnrýni og sem mesta aðsókn. Hann hélt sig aðallega við þrjú umræðuefni: Frelsun sálarinnar, trú, og lækningu í Jesú nafni. Enda þótt þessi umræðuefni væru ofarlega á lista yfir grundvallarkenningar kristinnar trúar, voru þau samt aðeins upphafið á hinu kristilega lífi í fullri gnægð.³ Guð ætlaðist til þess, að börnin sín þekktu og vissu svo mikið meira. Páll postuli áminnti þá kristnu, sem héldu áfram að vera eins og ungbörn og drukku aðeins mjólk og höfnuðu kjötinu í Orði Guðs.⁴ Páll skrifaði: “Þess vegna skulum vér sleppa byrjunar-kenningsunum um Krist og sækja fram til fullkomleikans.”⁵ Bill fannst að þjónusta hans, gæti hjálpað hinni kristnu kirkju, að sækja fram til fullkomleikans. Til þess að svo mætti verða, varð hann að prédika kjötið í Orði Guðs á samkomum sínum, enda þótt það hneykslaði suma.

Hann vissi að Guð var að kalla hann til að prédika meiri kenningar og hann hellti sér út í samkomuherferðirnar árið 1955 af brennandi áhuga. Í janúar prédikaði hann 13 sinnum á 11 dögum, í Fladelfúkirkjunni í Chicago í Illinoisfylki. Forstöðumaðurinn þar, bróðir Matteson-Boze, gaf honum frelsi til að prédika um hvert það efni sem hann vildi. Bill notaði tækifærið til að prédika nokkrar ræður sem innihéldu Biblíukenningar, þar á meðal: “Hin sjö samsettu nöfn Jehóvah. “Upphaf og endir tíma heiðingjanna,” og “Grundvöllur trúarinnar.”

Á þriðjudagskvöldinu sagði hann frá hinum andlega hluta ævisögu sinnar. Hann útskýrði hvernig hann, sem ungur maður, hafði orðið ráðvilltur þegar kristnir forstöðumenn sögðu honum að sýnir hans kæmu frá djöflinum. Bill lýsti síðdeginu árið 1946, þegar hann hafði flúið í helli úti í skógi og leitaði Guðs eftir svörum. Í myrkrinu kringum miðnætti, birtist ljós í hellinum. Maður steig út úr ljósinu. Hann var

³ Jóhannes 10:10

⁴ Hebreabréfið 5:9-14

⁵ Hér er vitnað í Hebreabréfið 6:1

um það bil tveir metrar á hæð og vó að minnsta kosti 100 kíló. Hinn hvíti kyrtill hans, stakk í stúf við dökkt hárið, sem umkringdi skegglaust andlit hans.

Þar sem hann talaði við áheyrendur sína, í hinni hlýju og björtu kirkju í Chicago, reyndi Bill að koma þeim í skilning um þann ótta, sem hafði altekið hann á því augnabliki. “Ég segi það satt, vinir, ég hélt að hjarta mitt myndi hætta að slá. Ímyndið ykkur þetta bara! Setjið ykkur í minn stað. Ykkur hefði liðið alveg eins. Eftir mörg hundruð vitjanir, lamar það mig enn, þegar hann nálgast mig. Stundum er næstum því liðið yfir mig. Ef ég bið of lengi fyrir sjúkum, þá missi ég meðvitund.”

“Svo þarna var ég og horfði á hann. Rödd hans var djúp og hann sagði: *‘Óttast þú ekki, ég er sendur frá nærveru almáttugs Guðs.’* Þegar hann talaði, kannaðist ég við röddina sem þá sömu og hafði talað til mín, síðan ég var þriggja ára gamall. Ég vissi að þetta var hann. Hann sagði: *‘Óttast þú ekki, ég er sendur frá nærveru almáttugs Guðs, til þess að segja þér að hin óvenjulega fæðing þín, (Þið vitið hvað gerðist þarna í fjallakofanum í Kentucky árið 1909. Þetta sama ljós sveif yfir mér þegar ég fæddist.) og þitt misskilda líf, hefur allt átt sér stað til að gefa til kynna að þú átt að fara út um allan heim og biðja fyrir sjúku fólki. Það er sama hvað er að þessu fólki, ef þú getur fengið það til að trúá, mun ekkert standa í vegi fyrir bænum þínum, ekki einu sinni krabbamein.’* Ég sagði: “Herra minn, ég er fátækur maður sem bý á meðal fátæks fólks. Ég er ómenntaður. Fólkið myndi ekki hlusta á mig.”

“Hann sagði: *‘Eins og spámanninum Móse voru gefin tvö tákn til að staðfesta þjónustu hans, eins verða þér gefnar tvær gjafir, til að staðfesta þína þjónustu. Önnur gjöfin verður tákn í hendi þinni. Þegar þú biður fyrir sjúkum einstaklingi, skaltu taka hægri hönd hans í vinstri hönd þína. Stattu síðan kyrr og bíddu. Sjúkdómar sem orsakast af illum öndum, munu hafa áþreifanleg áhrif á líkama þinn og það mun gera þér kleift að greina þá. Þegar þú síðan biður, ef bólgan yfirgefur vinstri hönd þína, er sjúkdómurinn farinn frá þessum einstaklingi. Lýstu hann þá heilbrigðan. Ef hún fer ekki, þá bíddu einstaklingnum blessunar Guðs og gakktu burt.’*

Ég sagði: ‘Herra minn, ég er hræddur um að þeir taki ekki við mér.’

Hann sagði: *‘Ef þeir trúá ekki fyrsta tákninu, þá mun það verða, að þú getir greint leyndardóma hjarta fólksins. Það mun fólkið hlusta á.’*

Ég sagði: ‘Herra, það er þess vegna sem ég er staddur hér í kvöld. Klerkar hafa sagt mér að sýrnirnar sem til mín koma, séu rangar.’

Hann sagði: *‘Þú fæddist inn í þennan heim, í þeim tilgangi.’*”

Þegar Bill hafði lokið vitnisburði sínum, stóð óséð vera á bak við hann og hann fylltist af heilagri lotningu, svo áþreifanlegri að hann fékk gæsahúð. Hann vissi að engill Drottins, stóð á bak við hann. Síðan fann hann að engill Drottins yfirgaf hann og sveif yfir áheyrendum. Hann sá hann nú greinilega sem gulgrænan ljóshnött, sem skein eins og leiftur frá ljósmyndavél, sem dofnaði ekki. Bill fylgdist vel með hreyfingum hans, þar sem hann vissi að sýnir sínar voru á einhvern hátt, tengdar þessu ljósi. Engillinn staðnæmdist yfir þeldökkri konu. Bill fann að trú hennar togaði í gjöfina.

“Það er þeldökk kona sem situr þarna með uppréttar hendur. Stattu upp, svo ég geti séð þig. Ég er bara maður, en Jesús Kristur er sonur Guðs og hann sendi Anda sinn, til að staðfesta þessa hluti. Ef Guð segir mér hvað er að þér (og þú veist að það er ekki möguleiki að ég hafi haft samband við þig), vilt þú þá trúá af öllu hjarta?”

Konan svaraði: “Já.”

“Guð blessi þig. Of hái blóðþrýstingurinn, sem þú hefur verið með, er vikinn frá þér. Það er það sem var að þér, ekki satt? Sestu þá niður. Þér líður öðruvísi núna, ekki satt, kona góð? Já, það er alveg rétt.”

“Litla konan sem situr við hliðina á þér, þjáist af liðagigt og kvensjúkdómi. Er það ekki rétt, frú mín? Stattu upp eitt augnablik, litla konan í rauða kjólnum. Þú varst svo nærri englinum, að nú er sýnin farin yfir til þín. Þú ert með liðagigt, kvensjúkdóm og svo eitthvað annað... þú hefur áhyggjur af eiginmanni þínum. Hann er ofdrykkjumaður og vill ekki sækja kirkju. Ef þetta er rétt, þá réttu upp hönd.”

Konan staðfesti þetta með uppréttri hendi.

“Guð blessi þig, kona. Farðu nú heim og taktu við blessunum þínum. Ég sá að það varð bjart í kringum þig.”

Engillinn sveif burt, þar til hann var kominn aftast í helgidóminn. Bill hélt áfram að tala við fólkið, meðan hann beið þess að sjá hvar engillinn myndi staðnæmast. “Trúið á Guð. Hvað finnst ykkur þarna aftast um þetta allt saman? Trúið þið? Verið auðmjúk.

Það er kona með hálsklút, sem situr þarna í horninu. Ég sé ljósið hvíla yfir henni. Hún þjáist af hjartasjúkdómi. Eiginmaður hennar situr við hliðina á henni. Hann er veikur í maga. Er það ekki rétt, herra minn? Réttið upp hönd, ef þetta er rétt.”

Aftast í salnum, rétti maður upp hönd sína.

“Herra minn, þú þarna með upprétta hönd. Ég sé að þú hefur þann ávana að reykja. Hættu því. Þú reykir vindla. Þú ættir ekki að gera það. Það gerir mann veikan. Er það ekki rétt? Veifaðu mér svona, ef þetta er rétt. Það er þetta sem gerir þig lasinn. Hentu þessum viðbjóðslegu hlutum og hættu að reykja og þá verður allt í lagi með þig og hjartveiki konu þinnar mun líka víkja frá henni. Trúir þú þessu? Er þetta ekki satt og rétt? Ég sé þig héðan og þú veist þetta, þú ert með vindla í jakkavasanum. Legðu þá frá þér og settu hönd þína á öxl konu þinnar og segðu henni að þú sért hættur að gera svona lagað. Þá getið þið bæði farið heim alheilbrigð. Lofað sé nafnið Jesús!”

Áheyrendahópurinn titraði af spenningi. Bill fann í raun fyrir því, hvernig trú fólksins jókst og togaði í gjöf hans úr öllum áttum. Hann einblíndi á eldstólpann, þar sem hann sveif yfir höfðum fólksins. “Trúið á Guð,” sagði hann. “Ég get ekki gert þetta af sjálfum mér. Þetta er aðeins hans mikla náð. Trúið þið? Ég get aðeins sagt þessa hluti, eftir því sem hann sýnir mér þá. Gerið þið ykkur grein fyrir því, að það er ekki bróðir ykkar sem gerir þetta? Það er trú ykkar, sem virkjar hina guðlegu gjöf. Þið eruð í nærveru Guðs. Bíðið aðeins við...”

Hann horfði á ljósið svífa aftur í áttina til sín. Það nam staðar yfir gömlum manni. “Í þessu horni sé ég þeldökkan mann sem situr þarna, eldri maður með gleraugu. Stattu á fætur eitt augnablik, herra minn. Trúir þú að ég sé þjónn Guðs? Þú ert að hugsa um einhvern annan, ekki satt? Ef það er rétt, þá veifaðu með hendinni.”

Þegar maðurinn veifaði, sagði Bill við áheyrendur sína: “Ég sé ljósið svífa fyrir ofan hann. Það er ekki enn orðið að sýn. Ef almáttugur Guð segir þessum manni hvert vandamál hans er, viljið þið hin þá taka á móti lækningu ykkar? Það er maður, sem stendur þarna rétt hjá mér. Ég hef aldrei séð hann á ævi minni. Ef almáttugur Guð opinberar vandamál hans, þá ætti eitt og sérhvert ykkar að fara héðan alheilbrig. Hvað gæti Guð gert meira en það?”

“Herra, það er ekkert alvarlegt að þér. Þú ert máttlaus og það er örlítið vandamál með blöðruhálskirtilinn, en það er ekki það sem hvílir á þér. Vandamálið er sonur þinn sem er á ríkisstofnun fyrir geðveika, þar sem hann er með klofinn persónuleika. Er það ekki rétt? Veifaðu hendi þinni, ef það er rétt. Sjáið til, það er nefnilega alveg rétt.”

“Nú, hve margir trúa því að Jesús Kristur, sonur Guðs, sé hér mitt á meðal? Við skulum standa á fætur, lofa Guð og taka við lækningu okkar.”

Hátalarinn magnaði bæn Bill ofar hávaðanum í mannfjöldanum. “Almáttugi Guð, höfundur lífsins, gjafari allra góðra gjafa. Þú ert hér, hinn sami Drottinn Jesús Kristur, hinn sami í gær, í dag og um aldir. Satan, þú hefur blekkt þetta fólk nógu lengi. Ég

skipa þér fyrir hinn lifanda Guð, sem er hér í mynd Heilags anda, að sleppa tökunum á þessu fólki samstundis og fara út úr því.”

“Lyftið nú öll höndum, lofið Guð og takið við lækningu ykkar!”

Margir tóku við lækningu, en ekki allir.

Eftir janúarsamkomuherferð sína í Chicago, ferðaðist William Branham í suðvestur til Phoenix í Arizonafylki. Billy Paul Branham, Jack Moore og Young Brown fóru með honum. Það var búið að undirbúa 12 kvöldsamkomur í Shriners Temple kirkjunni í Phoenix í Arizona, sem áttu að hefjast sunnudaginn 20. febrúar 1955.

Laugardaginn áður en þær áttu af hefjast, ók Bill út í eyðimörkina fyrir utan Phoenix og leitaði að stað, þar sem hann gæti beðið. Eitthvað var enn að ónáða hann. Hann var oft gagnrýndur fyrir það, að biðja ekki persónulega fyrir nægilega mörgum á samkomuherferðum sínum. Gegnum árin hafði hann mótttekið hundruð bréfa, þar sem var kvartað á þennan hátt: “Meðan þú leggur hendur yfir fimm manns, er Oral Roberts búinn að biðja fyrir fimmtíu.” Þetta var alveg rétt. Oral Roberts lagði hendur yfir fólk og bað fyrir því, meðan það gekk framhjá honum. Bill á hinn bóginn, lét fólkið mynda röð og kallaði svo á það eitt og eitt, svo hann gæti greint þörf hvers og eins í gegnum sýn. Ekki aðeins tók þessi aðferð lengri tíma, sýnirnar sjálfar tóku drjúgan toll af líkama hans og það takmarkaði hve marga hann gat snert persónulega hvert kvöld. Ein sýn, þreytti hann meira en að grafa holu með haka og skóflu í klukkutíma. Eftir 15 sýnir í röð, var hann svo þreyttur að hann gat varla staðið í fætturna. Ef hann reyndi að halda áfram eftir að þessu stigi var náð, átti hann á hættu að missa meðvitund af ofþreytu. Sonur hans, Billy Paul og núverandi framkvæmdastjóri hans, Jack Moore, fylgdust náíð með honum, til að fullvissa sig um að hann ofgerði sér ekki.

Enda þótt Bill útskýrði þetta allt saman fyrir áheyrendum sínum, skildi margt fólk þetta samt ekki. Meira að segja samstarfsfólk hans, átti erfitt með að skilja það sem gerðist. Gordon Lindsay spurði hann eitt sinn: “Af hverju getur þú ekki bara greint vanda eins eða tveggja einstaklinga, stigið síðan til hliðar og beðið fyrir hinum í bænarröðinni eins og við gerum?” Einhverra hluta vegna virkaði gjöf greiningarinnar ekki á þennan hátt. Þegar engillinn stóð við hlið hans meðan á fyrirbænum stóð, komu sýnirnar einfaldlega. Hann gat ekki haft stjórn á þeim. Oft var þetta eins og fólkið togaði greininguna út úr honum gegnum trú sína.

Þennan laugardag í eyðimörkinni fyrir utan Phoenix, kraup Bill niður í skugga kletts og bað Guð að hjálpa sér, að biðja persónulega fyrir fleira fólki á hverri samkomu. Sólin steig hærra á loft, bakaði rauðan sandinn og hitinn olli því að fjöllin í fjarska voru umlukin hitamistri. Allt sem gat hreyft sig, leitaði hælís í hverjum þeim skugga sem hægt var að finna. Plönturnar urðu að þrauka. Hér var eyðimörkin þakin af ýmsum tegundum af stórum kaktusum, svo sem Saguáros, Cholla og Ocotillo.

Eftir þó nokkra stund fann Bill, að engill Drottins nálgaðist. Skyndilega hvarf eyðimörkin. Bill fannst hann standa uppi á palli í áheyrendasal. Hann stóð frammi fyrir röð af fólki, sem óskaði eftir fyrirbænum. Á bak við sig tók hann eftir lágvöxnum, sköllóttum manni og hávöxnum, grannvöxnum manni, en hann þekkti hvorugan. Lágvaxin kona í brúnni dragt, gekk í áttina til hans. Hún hélt á ungbarni í örmum sér, sem var vafið inn í teppi. Hún staðnæmdist nokkrum fetum fyrir framan hann, nógu nærri til að Bill sæi hið ljósa yfirlit hennar, dökk augu og hrafnsvart hár. Þegar hann leit niður á það sem var í faðmi hennar sá hann pínulítið ungbarn, fölt yfirlitum, sem leit út fyrir að vera komið í dauðann. Síðan bað Bill: “Guð, lækna þú þetta ungbarn.” Eftir það kom engillinn í ljós og sagði: “*Þegar þú sérð þetta eiga sér stað, mun þjónusta þín breytast.*”

Á hverju kvöldi í Phoenix, bjóst hann við að þessi sýn myndi ganga í uppfyllingu. Það gerðist ekki meðan á þeim samkomum stóð, en dálítið annað merkilegt gerðist. Bill var hálfnaður með ræðu sína, þegar hann sá skyndilega sýn. (Hann sá sjaldan sýnir meðan hann prédikaði. Venjulega komu þær, þegar hann var undir smurningunni við fyrirbænaþjónustuna.) Hann hélt áfram að prédika, meðan hann fylgdist með þessari sýn koma í ljós. Fyrir framan hann blómgaðist aldingarðurinn í Eden, í allri sinni fegurð. Hann sá Adam taka utan um Evu og yfirgefa garðinn, með hana sér við hlið. Sýnin kom því skýrt og greinilega til skila, að Adam hafði ekki verið nauðbeygður til að fara, þar sem hann hafði ekki látið tælast líkt og Eva. Hann yfirgaf garðinn sjálfviljugur, vegna þess að hann elskaði Evu og vildi vera hjá henni í útleigðinni. Bæði Adam og Eva voru hulin sauðargæru, sem var skuggamynd af þeim degi, þegar endurlausnarinn myndi hylja syndir hvers einasta kristins manns. Það var nýbúið að slátra sauðunum sem gæran var af. Það olli því, að blóðtaumar runnu niður fótleggi Adams. Bill heyrði meira að segja þegar gæran slóst við læri Adams, um leið og hann gekk.

Síðan breyttist vettvangurinn. Nú sá Bill hinn síðari Adam (Jesú Krist, lamb Guðs) ganga lotinn upp á Golgatahæð og bera kross sinn. Kyrtill hans var gegnvotur af blóði og það rann blóð niður eftir fótleggjum hans. Þessi sýn kom því til skila skýrt og greinilega að Jesús gekk sjálfviljugur í dauðann, vegna þess að hann elskaði kirkju sína, brúði sína.

Bill prédikaði: “Adam var saklaus. Eva var sek. En Adam elskaði Evu svo mikið, að hann gekk burt með henni hvað sem því leið. Það er táknmynd upp á Krist og kirkjuna. Kristur leit á kirkjuna og sá að við vorum ekki réttlát. Samt kom hann og gekk á meðal okkar; til að koma í okkar stað sem syndari, til að deyja fyrir okkur, til að taka burt brodd dauðans fyrir okkur. Syndari, hvernig getur þú hafnað svo óviðjafnanlegum kærleika?”

Eftir að samkomunni var lokið, voru Bill og samstarfsmenn hans á fótum til klukkan eitt um nóttina og ræddu um þessa sýn. Á fimmtudagskvöldinu minntist hann á hana við áheyrendur sína. Hann fann að þessi sýn, var staðfesting á ákvörðun hans, að kenna meira í orði Guðs.

Á föstudagskvöldinu sagði hann: “Hve margir hér inni eru með fyrirbænaþjald í dag? Réttið upp hönd. Nú, þetta eru þó nokkrir. Ég ætla að biðja fyrir öllum, sem eru með fyrirbænaþjald. Ég get ekki látið þá alla fara í röð. Eins og þið getið séð, þá þverr orka mín eftir nokkrar sýnir, svo ég get ekki náð til allra með þeirri aðferð. En samkomur mínar eru ekki byggðar á því að ég tengist persónulega hverjum einstaklingi. Þær eru byggðar á því að upphefja Drottin Jesú Krist og upprisu hans gegnum prédikun og sönnun orðs Guðs. Með því að heyra orð Guðs prédikað ætti fólk að trúá því, að Drottinn Jesús sé mitt á meðal okkar í upprisukrafti sínum og sé að gera sömu hluti og þegar hann var hér á jörðinni, sem sönnun á ævarandi almætti hans. Hann er hér á meðal okkar og verður það að eilífu. Kristna fólk, við verðum aldrei án Drottins. Við erum tengd honum að eilífu. Er það ekki dásamlegt? Jesús sagði: ‘Ég er með yður alla daga...’⁶ Samkomur mínar eru byggðar á því grundvallaratriði að hinn trúaði ætti bara að horfa og lifa.”⁷

⁶ Matteus 28:20

⁷ Hann er hér að tala um eina af meginreglum trúarinnar. Að horfa og lifa tengist sögu í 4. Mósebók 21:4-9. Þegar eittraðir snákar tóku að ásækja Ísraelsmenn, festi Móse eirorm á stöng. Guð sagði að allir þeir sem horfðu á eirorminn, myndu lifa. Eirormurinn táknaði syndina sem var dæmd. Þessi saga úr Gamla testamentinu er líka tákn upp á Jesú á krossinum. (Jóhannes 3:14-15) Jesús tók syndir mannkynsins á krossinn. Hver sem horfir til hans í trú mun lifa að eilífu.

Enda þótt herferðin ætti að halda áfram fram að miðvikudeginum 2. mars 1955, var samt engin samkoma fyrirhuguð í Phoenix laugardaginn 26. febrúar 1955. Þennan laugardag ók Bill um 150 kílómetra í austurátt, til að hann gæti haldið eina fyrirbænasamkomu fyrir Apacheindíanana á San Carlos verndarsvæðinu. Hann hafði síðast prédikað þar árið 1947, tveimur árum áður en síðara táknið kom fram. Fram að þeim tíma, gat hann aðeins greint sjúkdóma með táknuinu í hönd sinni. Þegar samkoman árið 1947 hófst, voru indíanarnir hikandi við að koma fram til fyrirbæna. Þeir héldu að hann væri líklega svikari. Í samfélagi, sem var eins náíð og samfélag indíananna, þar sem allir þekktu alla, hvarf tortryggni þeirra þegar þeir sáu ókunnugan mann, greina fyrstu sjúklunga alveg rétt og þeir mynduðu spenntir röð. Bill bað síðan fyrir þeim hálfra nóttina. Kraftaverkin flæddu eins frjállega og vatnið flæðir niður fjöllin á vorin.

Núna, árið 1955 voru indíanarnir óðfúsir að lækningasamkoma yrði haldin á verndarsvæði þeirra. Um leið og Bill kom þangað, steig kona út úr kofa sínum, kraup niður á jörðinni og bað án afláts meðan á samkomunni stóð.



Samkoma á verndarsvæði Apahceindíananna

Young Brown og Jack Moore ferðuðust með Bill í þessari ferð, en Billy Paul hafði orðið eftir í Phoenix. Þar sem Billy Paul dreifði venjulega fyrirbænarþjöldunum á undan hverri samkomu, hafði Bill ekki haft hugsun á að sinna þessu atriði, fyrr en hann var kominn til San Carlos. Þá gerðu þeir sér grein fyrir því, að þeir voru ekki með nein fyrirbænarþjöld, til að halda reglu á fyrirbænaröðinni. Sem betur fer, héldu indíanarnir öllu í röð og reglu án slíks tækis. Bill ætlaði að biðja fyrir eins mörgum og hann gæti. Þegar styrkur hans væri síðan þrotinn, myndu samstarfsmenn hans halda áfram að biðja fyrir fólkinu, þar til þeir hefðu snert alla í röðinni.

Fyrst í röðinni var móðir með veikt ungbarn í fanginu. Móðirin var íklædd hinum hefðbundna búningi Apacheindíána, ökklasíðu ullarpilsu með ísaumuðum myndum neðantil. Bill talaði við hana um stund, til að greina anda hennar. Hún hafði áhyggjur af barninu sínu. Fyrsta sýn kvöldsins, sýndi hvernig gláka hafði blindað augu barnsins. Einföld bæn til almáttugs Guðs, breytti gangi náttúrunnar. Þegar Bill hreyfði fingur fyrir framan augu ungbarnsins, beindust augu barnsins að fingrinum og fylgdu hreyfingunni eftir.

Þetta fyrsta kraftaverk, kveikti undir keðjuverkun trúar, sem breiddist skjótt út á meðal ættbálksins. Brátt heyrðu daufir, haltir gengu og fjöldinn allur af sjúkdómum varð að beygja sig undir kraft Jesú Krists. Þegar Bill var að verða búinn með orku sína, kom trúboði að nafni Mitchell, með litla Apachestúlku. Bill spurði hana spurningar, en hún svaraði ekki.

Séra Mitchell sagði: “Bróðir Branham, hún talar ekki ensku. Hún er blind.”

Bill veifaði hendi fyrir framan andlit hennar. Hún sýndi engin viðbrögð. Hin ungu augu hennar, stórðu inn í dimma framtíð og veittu enga svörun. Þar sem Bill stóð og

horfði á þessa litlu indíánaprinsessu, gagntók hann mikil hryggð. Skyndilega sá hann undarlega sýn. Hann sá sjálfan sig taka í hönd stúlkunnar, fljúga upp til himins með hana og saman gengu þau inn í hásetissal Guðs. Blóð Jesú var á hásetinu. Þetta blóð



Beðið fyrir sjúkum meðal Apacheindíána

gat læknað þessa stúlku, ef hún aðeins gæti trúað því, en hún átti ekki nógu mikla trú. Síðan kom það sem var furðulegast. Guð tók við hinni miklu trú Bill á blóðið í stað hinnar litlu trúar stúlkunnar.

Samstundis var hann aftur kominn á indíánaverndarsvæðið, þar sem hann kraup við hliðina á þessari litlu indíánaprinsessu. Hann sagði: “Bróðir Mitchell, það gerðist dálítið. Mér fannst ég fara upp til himins með þetta barn mér við hönd...” Hann sveiflaði hönd sinni í átt til himins, meðan hann talaði. Við þessa skyndilegu hreyfingu, rykkti stúlkan höndum sínum upp að munninum í undrun. Hún sá!

Séra Mitchell, fór samstundis með stúlkuna til læknis verndarsvæðisins, sem skoðaði hana og staðfesti kraftaverkið. Á meðan, stóð Bill fyrir framan næsta einstakling í bænarröðinni, sá maður var einnig blindur. Þegar sýnin kom sá hann að þessi maður var faðir stúlkunnar, sem hafði læknað skömmu áður. Þetta kvöld, gaf náð Guðs þessum manni líka sjónina aftur.

Þegar hér var komið sögu, var Bill svo þreyttur að varir hans voru dofnað og honum fundust fætur sínir vera sem gúmmí. Jack Moore vildi að hann hætti, en Bill sagðist halda að hann gæti þolað eina sýn til viðbótar. Ung Apachekona hraðaði sér fram. Hún hélt á sokkapari í annari hendi og karlmannsbindi í hinni. Hún rétti Bill þessa hluti. Hann tók við þeim og hélt að hún vildi bara að hann héldi á þeim, meðan hann bæði fyrir henni. Hún hafði annað í huga, sem sýnin opinberaði réttilega. Bill sagði: “Þessir sokkar tilheyra ástvini þínum, sem er með sjúkdóm í fótum. Og þú vilt að hún læknist, þegar hún fer í þessa sokka. Þetta bindi tilheyrir eiginmanni þínum sem er vantrúður. Þú vilt að hann meðtaki Heilagan anda, þegar hann setur á sig þetta bindi.” Konan sagði að þetta væri einmitt það sem hún vildi. Bill sagði: “Ef þú getur trúað því, þá getur þú í Jesú nafni fengið það sem þú ert að biðja um.”

Síðar þetta kvöld, meðan þeir voru að keyra til baka til Phoenix, töluðu Young Brown og Jack Moore, uppveðraðir um Apachesamkomuna. Young var hissa á því hve mörgum indíánum Bill hafði beðið fyrir, áður en orka hans þvarr, eða um það bil 30 manns, tvisvar sinnum fleiri en venjulega. Brown velti því fyrir sér, hvernig Bill hafði þolað álagið af sýnunum svo lengi.

Bill var að velta því sama fyrir sér. Hann vissi að það var fólkið sjálft, sem fékk gjöfina til að starfa. Greiningin gat ekki læknað. Hún gat aðeins fengið trú fólksins til að rísa, með því að sýna fólki að Jesús Kristur var nálægur, viljugur og megnugur að lækna það. Í upphafi sagði engillinn honum: “*Ef þú getur fengið fólkið til að trúa þér mun ekkert standa í vegi fyrir bænum þínum, ekki einu sinni krabbamein.*” Hvað hver einstaklingur fékk út úr þjónustu hans, valt á því hve mikil trú þessa einstaklings var. Ef til vill höfðu Apacheindíánarnir einfaldlega meiri trú, en flestir aðrir Ameríkanar. Það olli því, að álagið á hann minnkaði. Hann sá það sama meðal innfæddra í Suður-Afríku og á Inlandi. Það leit út fyrir að hin vestræna áhersla á menntun og vitsmunalega rökfærslu, hindraði fólk oft í því að trúa Orði Guðs, í stað þess að hjálpa því til að trúa.

Meðan Jack Moore og Young Brown ræddu um samkomuna, hugsaði Bill um konuna sem vildi að hann bæði yfir bindi og sokkapari. Það var eitthvað við þetta

bindi og sokka, sem snerti við minni hans. Þegar hann vaknaði næsta morgun, hringserust þessir sokkar ennþá í huga hans. Loks sagði Heilagur andi: “*Taktu upp sýnabókina þína.*” Bill opnaði skrifbókina sína á síðustu færslu og leitaði síðan í bókinni, þar til hann fann þetta. Þann 3. desember 1954, í bænum Binghamton í New York fylki klukkan sjö um morguninn, hafði Guð sýnt honum sýn af samkomunni með Apacheindíánunum í gær frá upphafi til enda, þar á meðal konuna sem var með bindið og sokkana.

Daginn eftir í kirkjunni (sunnudaginn 27. febrúar 1955) sagði Bill: “Helgasta samkoma sem ég hef haldið á amerískri jörð, var í gærkvöldi á indíánaverndarsvæðinu. Ég er vanur að prédika yfir 15.000 - 18.000 manns. Í gærkvöldi voru þarna aðeins um það bil 500 manns, en ég hef aldrei áður séð Anda Guðs flæða svo frjállega í Ameríku.”

Áður en hann hóf prédikunina, langaði hann að leiðrétta misskilning. Fyrr í vikunni hafði hann sagt, að Adam væri saklaus og Eva væri sek. Augljóslega höfðu einhverjir hringt í Jack Moore, þar með taldir prédikarar, til að spyrja hvort bróðir Branham tryði því, að Adam hefði ekki syndgað í aldingarðinum í Eden. Nú reyndi Bill að útskýra hvað hann hafði átt við. “Sum ykkar hélduð að ég hefði sagt, að Adam hefði ekki syndgað. Adam syndgaði og var dæmdur alveg eins og Eva. Sauðargæran sem honum var gefin sem endurleysandi kyrtill, sýnir það. En Eva gerði rangt og hélt hún væri að gera rétt. Hún lét tælast. Adam lét ekki tælast.⁸ Hann syndgaði með galopin augu og vissi nákvæmlega hvað hann var að gera. Hann tók sér viljandi stöðu með konu sinni, vegna þess að hann elskaði hana. Og Jesús, sem var meðvitaður um það sem hann var að gera, tók sér stöðu með syndaranum — kirkjunni, til að hann gæti endurleyst kirkjuna fyrir sjálfan sig. Skiljið þið? Adam var táknmyndin. Allir dóu vegna hins fyrri Adams, en það er fyrir hinn síðari Adam, sem allir fá lífið.⁹ Vegna þess að Adam elskaði Evu, tók hann viljandi á sig synd hennar og var dæmdur. Vegna þess að Kristur elskaði kirkju sína, tók hann viljandi á sig syndir okkar og var dæmdur og fór til Helvítis. Það er alveg rétt. Guð hefði ekki sent hann hreinan til Helvítis. Hann var dæmdur. Hann dó sem syndari. Kristur syndgaði ekki sjálfur, heldur tók syndir okkar á sig. Og á þriðja degi, reisti Guð hann upp frá dauðum. Hann sigraði dauðann og bauð eilíft líf, hverjum þeim sem vill trú á hann.”

Bill vonaðist til að þessi útskýring myndi skýra fyrri staðhæfingar hans. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem einhver misskildi hann. Hann gerðir sér grein fyrir því, að eftir því sem hann kenndi kjötmeiri kenningar, þeim mun oftast myndi álíka misskilningur koma upp. Þetta dró ekki úr honum kjarkinn, né taldi hann frá hinum nýja tilgangi sínum. Sýn hans af hinum fyrri og síðari Adam, staðfesti þá sannfæringu hans, að hann væri kallaður til að kenna, jafnframt því að vera í trúboði. Hann langaði til að nota þau áhrif sem Guð hafði veitt honum, til að gefa fólki haldgóðan grunn í biblíulegum sannleika. Hann áleit að ef hinir kristnu gætu höndlað opinberunina um hinn upprisna Jesú Krist mitt á meðal þeirra, myndi allt breytast.

⁸ 1 Tímóteusarbréf 2:14

⁹ 1 Korintubréf 15:20-22

Kaflí 69

Alvarleg viðvörun 1955

Herferð William Branham í Phoenix, lauk miðvikudaginn 2. mars 1955. Næsta dag, ók hann til Los Angeles í Kaliforníu, til að hefja fimm daga herferð í Angelus Temple kirkjunni, sem Aimee Semple McPherson hafði stofnað, en hún var frægur kventrúboði á öðrum áratug tuttugustu aldar. Eftir það færði hann sig yfir í stærri byggingu í Los Angeles, vegna tveggja samkoma sem Full Gospel Businessmen Fellowship hreyfingin fjármagnaði. Miner Arganbright, varaforseti hreyfingarinnar, hafði leigt Stockleikvanginn fyrir föstudags- og laugardagskvöldin 11. og 12. mars.

Bill vonaði að þessar tvær herferðir myndu ganga betur, en þær sem hann hafði haldið í Kaliforníu sumarið áður. Í ágúst árið 1954, þegar hann prédikaði í Calvary Temple í Los Angeles, var aðsóknin að kvöldsamkomunum miklu minni en styrktaraðilar hans höfðu búist við. Á eftir komst Bill að því, að margir höfðu neitað að koma vegna þess að þeim líkaði ekki við kirkjuna, þar sem samkomur hans voru haldnar. Enda þótt hann væri ekki tengdur neinni kirkjudeild, höfðu deilur milli kirkjudeilda ennþá áhrif á þjónustu hans.

Hann hafði heimsótt Vesturströndina reglulega síðan árið 1947. Í fyrstu hafði trúin verið mikil á samkomum hans í Kaliforníu og það var mikið um kraftaverk. Með hverju árinu sem leið, hafði áheyrendafjöldi hans vaxið frá árinu áður. Upp á síðkastið hafði þetta breyst. Hinir kristnu í Orangesýslu virtust hafa misst áhugann á hinni yfirmáttúrulegu gjöf hans. Vissulega beindu sjónvarpsþættir og kvikmyndir áhuga margra frá því sem Guðs var. Ef til vill var Hollywood einnig að draga marga kristna inn í blekkingar sínar og deyfa hina andlegu skynjun þeirra á því, að Guð væri að starfa á meðal þeirra. Eða þá að deilur og afbrýðisemi milli stríðandi kirkjudeilda væru valdar að því, að kirkjuleiðtogar vildu ekki starfa saman. Hver sem ástæðan nú var, þá hafði aðsóknin að herferðum Bill í Kaliforníu, verið að minnka síðastliðin ár.

Bill minntist samræðna sem hann hafði átt við Baptistaprédikara, þegar hann kom fyrst til Los Angeles árið 1947. Prédikarinn hafði varað hann við: “Bróðir Branham, það er best að þú sért varkár með hvað þú prédikar hérna á Vesturströndinni.”

Hann hafði orðið hissa á þessu: “Ég prédika um guðlega lækningu. Hvað er að því?”

“Ó, ég trúi líka á guðlega lækningu,” svaraði prédikarinn. “En hérna í Kaliforníu er það öðruvísi. Finndu laugardagsdagblaðið og sjáðu það sjálfur. Hér er í gangi versta fanatík sem til er, tengd guðlegri lækningu. Þetta er undarlegt fólk, með alls kyns kenningar og skrýtnar skynjanir, sem það segir að sé tákn frá Guði. Ef þú ert ekki varkár, munt þú verða til þess að slíkt breiðist ennþá meira út.”

Á þeim tíma hafði Bill svarað: “Sjáðu til, herra minn. Mín gjöf kemur frá Guði. Ég trúi því að hún muni blessa hina kristnu. Þrá mín er að sjá þessa sundruðu hvítasunnnumenn koma saman í einum huga og einum vilja. Þeir eiga það dýrmætasta í öllum heiminum, skírn Heilags anda. Vissulega mun þetta fólk, sem er andlega sinnað, sjá gjöf mína og skilja hvað það er, sem ég er að reyna að gera.”

Baptistaprédikarinn svaraði: “Ég efast ekki um gjöf þína eða tilgang, en bróðir Branham, Guð veri með þér.” Hann sagði þetta alvarlega, ekki sem blessun heldur frekar sem viðvörun. Þá hafði Bill ekki vitað hvað prédikarinn átti við. Hann var nú að komast að því.

Mánudaginn 7. mars árið 1955, vaknaði Bill klukkan þrjú um morguninn. Hann gat ekki sofnað aftur, svo hann fór fram úr til að biðja. Bráðlega fann hann fyrir nærveru engilsins í herberginu. Nokkrum augnablikum síðar, var hann farinn í ferðalag í sýn.

Hann stóð uppi á hæð, þar sem hann gat séð Los Angeles frá víðu sjónarhorni. Beint fyrir neðan hann var stræti, þar sem pálmatré uxu sitt hvoru megin við götuna. Gargandi hrægammur flugu alls staðar um. Sumir flugu bak við tré. Aðrir hópuðust umhverfis dautt dýr á veginum. Þarna voru fulltrúar allra tegunda hrægamma. Ofan úr pálmatré kallaði hrægammur einn til hópsins, sem var að nærast á bráðinni á veginum: “Ég hef það.” Einn af hrægömmunum á veginum leit upp frá matnum og sagði: “Ég hef það líka.” Þetta olli miklum gauragangi, þar sem hver hrægammurinn á fætur öðrum gargaði til næsta gamms: “Ég hef það líka.”

Bill velti fyrir sér hvað þessi hávaðasama og furðulega sena þýddi. Skyndilega stóð sami Baptistaprédikarinn við hlið hans og hafði varað hann svo alvarlega við í fyrstu ferðinni til Los Angeles. Prédikarinn horfði í augu Bill og sagði strangur á svipinn: “Hvað sagði ég þér fyrir átta árum, bróðir Branham?”

“Herra, ég biðst afsökunar. Ég hélt að vissulega myndu þau skilja.”

Engill Drottins steig niður á hæðina við hlið Bill. Engillinn sagði: “*Móse hélt líka að Ísraelsmenn myndu vissulega skilja.*”¹⁰

Sýnin dofnaði og hann var aftur staddur í herbergi sínu.

Á föstudagskvöldinu á Stockleikvanginum, sagði Bill áheyrendum sínum frá sýninni og bað Baptistaprédikarann opinberlega afsökunar á því, að hafa ekki gefið gaum að viðvörðun hans. Tvö kvöld í röð, útskýrði hann muninn á innsigli Guðs á hinum trúaða og innsigli andkristsins á hinum vantrúaða. Hann kenndi að innsigli Guðs væri skírni Heilags anda, sem kemur því til leiðar að hinn kristni meðtekur allt Orð Guðs sem innblásið. Andkristsandinn sagðist líka elska Guð, en þessi andi gat ekki tekið við öllu í Biblíunni sem sannleika.

Bill sagði: “Þeir sem hafa andkristsandann eru hálfvolgir trúaðir, sem eru alveg á útjaðrinum. Þeir fara alla leið að skírni Heilags anda og segja síðan: “Ég trúi ekki á slíka hluti.” Þeir geta komist jafnlangt og leiðtogi þeirra, Júdas, sem hafði grunnundirstöðu í kenningunum, en þegar kemur að skírni Heilags anda segja þeir: ‘Ó, þetta er ofstæki. Það er ekkert til í þessu.’ Ef til vill trúa þeir orðinu með höfðinu, en þeir geta ekki trúað því frá hjartanu.”

“Andkristsandinn verður trúræknisandi. Jesús sagði að hann yrði svo líkur því ekta, að hann myndi blekkja hina útvöldu ef orðið gæti.¹¹ Það varpar öðru ljósi á málið, ekki satt? Þetta er trúarlegur andi, sem getur dansað, hrópað, rekið út illa anda og gert kraftaverk og samt er þetta andkristirinn. Jesús kenndi, að það myndu ekki allir sem kalla hann herra, ganga inn í Himnaríki. Á dómsdegi munu margir segja við hann: ‘Herra, höfum við ekki spáð í þínu nafni, rekið út illa anda í þínu nafni og gert í þínu nafni mörg kraftaverk.’ Þá mun Jesús segja við þá: *‘Farið frá mér illgjörðamenn, aldrei þekkti ég yður.’*

Það er ekki hægt að byggja hjálpræði sitt á tilfinningum. Á Indlandi sá ég fólk verða rosalega æst, hrópa eins hátt og það gat og ganga síðan berfætt á glóandi kolum án þess að brenna sig. Og neita því síðan, að slíkur maður sem Jesús hafi verið til. Svo að tilfinningar hafa enga merkingu.¹² Það sem skiptir máli, er ávöxtur andans: Kærleikur, gleði, friður, langlyndi, góðvild og gæska.¹³ Það er alveg rétt. Ég vil ekki særa tilfinningar þínar, en þetta er eitthvað sem verður að segja. Þið hafið séð Heilagan anda stíga niður í þjónustu minni, með gjöf greiningarinnar. Nú er komið að þeim stað, þar sem mig langar líka til að segja ykkur sannleikann um þessa hluti.”

¹⁰ 2 Mósebók 2:11-15, Postulasagan 7:22-25

¹¹ Matteus 24:24

¹² Matteus 7:13-20

¹³ Galatabréfið 5:22

Nokkrum mínútum síðar, sagði hann frá sýn sinni um hrægammana sem nærðust á hræjum, en sögðust samt hafa sannleikann. Bill sagði: “Bræður mínir, þið skiljið ekki um hvað þjónusta mín snýst. Guð himnanna, er að reyna að leiða ykkur saman. En í hvert skipti sem ég kem hingað, hefur hópurinn minnkað síðan síðast. Það er sama hvað ég reyni að gera, sumir stimpla samt þjónustu mína sem villu. Bræður og systur, hin mikla Hvítasunnuhreyfing mun aldrei njóta velgengni, þar til þið brjótið niður fordóma ykkar og tengið hjörtu ykkar saman í einingu andans. Ef þið haldið áfram að hafna þessu, þá munið að Laódíkea, síðasta kirkjutímabilið, reyndist vera hálfvolgt og Guð skyrpti henni út úr munnnum sínum.¹⁴ Heyrið Orð Drottins!”

“Hvítasunnukirkjan er að kólna og verða allt of stíf. Það er ástæðan fyrir því, að þið getið ekki unnið hvert með öðru. Þið veitið hreyfingunni ykkar meiri athygli, en Jesús Kristi. Sérhver söfnuður er að reyna að bera af hinum, með því að reisa flottustu bygginguna í bænum. Hvaða máli skipta kirkjubyggingar Guð? Ef þið trúðið því að Jesús komi bráðlega, hvers vegna eyðið þið þá milljónum dollara í kirkjubyggingar ykkar? Það ætti að nýta þá peninga á trúboðsakinum, til að breiða út fagnaðarerindið meðal þeirra sem aldrei hafa heyrt.”

“Þið hvítasunnufólk hafið lækkað staðal siðgæðis ykkar og hleypt alls konar synd inn í kirkjurnar ykkar. Hér áður fyrr voru hvítasunnukonur með sítt hár og þær klæddu sig huggulega. Nú hafa flestar þeirra klippt hár sitt, sett á sig farða og ganga í þröngum fötum og stuttum kjólum. Og samt segjast þær vera skírðar í Heilögum anda? Ég trúir því að Heilagur andi fái menn til að klæða sig sómasamlega og lifa heiðvirðu lífi. Ef Heilagur andi fordæmdi þessa hluti í upphafi, þá er hann enn hinn sami Heilagi andi í kvöld. Hann breytir sér ekki.

Ég er hræddur um að eitthvað hafi verið rangt frá upphafi. Amen. Ég er ekki hrifinn af að segja þetta, en hvernig get ég sleppt því, þegar Guð þrýstir svona á mig að koma því frá mér.

Í dag hafa kristnir kaupsýslumenn fengið mig hingað, á þennan stóra leikvang, til að við gætum verið laus við að vera merkt kirkjudeildum. Þessi staður ætti að vera troðfullur af guðsþjónum sem takast í hendur og lofa Guð fyrir að senda vakningu. En allt of margir forstöðumenn hafa sagt við sitt fólk: “Ekki fara þangað, vegna þess að hann tilheyrir ekki okkar hópi.” Bræður mínir, þetta er djöfullinn að reyna að komast upp á milli ykkar, aðskilja ykkur og halda ykkur hver frá öðrum. Sjáið þið ekki hvað ég meina?

Ef þessi Baptistaprédikari er staddur hérna, þá biðst ég aftur afsökunar. Í stað þess að þjónusta mín sameinaði hina kristnu í Kaliforníu, hefur hún hvatt til öfga. Sumir segjast finna lyktina af illum anda, eða stíga ofan á djöfla. Ó, bróðir minn, ef þú trúir því að ég sé þjónn Guðs, þá heyr þú raust mína í kvöld. Snúðu aftur til fagnaðarerindisins. Biddu Heilagan anda að gefa þér nægan kærleika, til að brjótast út úr öllum þessum fordómum. Auðmýktu sjálfan þig og biddu þess að Guð móti þig til sinnar myndar. Þá mun hinn falski vínviður ekki geta platað þig, til að herma eftir hinum ekta gjöfum Guðs.”

William Branham vissi að sumum virtist gjöf hans mjög óhefðbundin. Hann reyndi oft að útskýra fyrir áheyrendum, hvernig sýnir hans virkuðu, í þeirri von að slík útskýring myndi hjálpa kristnum að forðast misskilning. Sumir misskildu hann samt sem áður.

Eitt sinn kom ungur hvítasunnumaður til Bill og óskaði eftir að hann hjálpaði sér með hjónaband sitt. Maðurinn sagði: “Konan mín er gallhörð lúterstrúarmanneskja og

¹⁴ Opinberunarbókin 3:14-22

ég get ekki fengið hana til að sjá skírn Heilags anda. Bróðir Branham, ég hef séð þig taka á illum öndum á samkomum þínum, svo þegar konan mín gerir grín að mér, þá skipa ég þessum illa anda að yfirgefa hana í Jesú nafni. Það er sama hversu kröftuglega ég geri þetta, ég get ekki fengið andann til að yfirgefa hana. Nú lítur út fyrir að við munum skilja.”

“Bróðir, þú ferð rangt að þessu,” svaraði Bill. “Þegar hún byrjar að láta svona við þig, segðu þá: ‘Guð blessi þig, elskan mín. Ég elska þig.’ Og vertu reglulega góður við hana. Gerðu eitthvað gott fyrir hana og biðdu allan tímann hljóðlega fyrir henni í hjarta þínu. Guð mun sjá um afganginn.”

Premur vikum síðar hringdi þessi maður í Bill til að vitna. “Það er orðin gerbreyting á heimili mínu. Konan mín er eins og önnur kona.”

“Hvort er máttugra,” spurði Bill, “að öskra og sparka, eða faðma hana að þér í kærleika? Mundu alltaf að Guð er kærleikur. Þannig rek ég út illu andana á samkomum mínum, með krafti kærleikans.”

Það var ekki eins auðvelt að leiðrétta ýmislegt annað. Verstir allra voru prédikararnir sem höfðu séð eða heyrt um gjöf Bill og voru að reyna að herma eftir henni, sjálfum sér til ávinnings. Þetta olli mikilli ringulreið meðal hinna kristnu. Sumir prédikaranna voru hreinir og beinir svikahrappar, sem spiluðu á trúgírni heiðarlegs, en andlega fáfróðs fólks. Aðrir prédikarar tóku einlæglega við gjöfum Heilags anda, en gættu þess ekki að höndla þessar gjafir á andlegan hátt, svo þeir gerðu næstum jafnmikinn óskunda og svikahrapparnir.

Bill þekkti einn ruglaðan prédikara, sem sagðist hafa gjöf greiningarinnar. Hann sagði: “Þessi kona hefur þrjá illa anda inni í sér. Einn heitir Jeff, annar heitir Seth. Þeir eru mismunandi á litinn. Einn illi andinn er grænn, annar er blár og sá síðasti er bleikur.” Þegar Bill heyrði þetta bað hann: “Ó, Guð, hef ég einhvern tímann sagt eitthvað, þannig að fólkíð fengi slíkar hugmyndir? Ekki láta það gerast, Guð. Margt af þessu fólki á í svo mikilli baráttu og er að reyna að sjá Guðs ríki. Hvernig getur fólkíð komið hundruðum saman, til að hlusta á bull eins og þetta? Lát þá heyra rödd hins mikla Hirðis, til að þeir hlýði ekki raust þessa ókunnuga manns.”

Sannleikurinn um hina andlegu gjöf Bill til greiningar, var miklu máttugri og ótrúlegri en nokkur þessara eftirherma hefði getað ímyndað sér. Þegar smurningin kom yfir hann á fyrirbænasamkomu, birtist leiftursýn af hinum andlega heimi handan okkar heims. Það var eins og gluggatjöld væru dregin frá glugga og hann sá mynd frá hinum andlega heimi. Hann fann fyrir engli Drottins, nokkrum sentímetrum hægra megin við sig og oft sá hann engilinn, sem leit út eins og eldstólpi sem sveif í lausu lofti. Þegar fólkíð í fyrirbænaröðinni gekk inn í nærveru þessa engils, gat Bill greint hvort þeir voru trúaðir eða vantrúaðir, vegna þess að dauf ljósgeislun var umhverfis hina kristnu og honum fannst hann velkominn. Ef efasemdir voru að trufla hinn kristna, sá Bill svarta rák fylgja honum. Ef hinn trúaði var kvalinn af illum anda, sá Bill hann sem svartan skugga, fyrir ofan einstaklinginn.

Venjulega birtust illir andar sem dimmir skuggar, kaldir og skeytingarlausir. Einstaklingur sem var að íhuga sjálfsmorð, var umkringdur svörtu mistri af illum öndum, sem voru að hvetja einstaklinginn til að fremja verknaðinn. Ef einhver var að deyja, sá Bill þetta oft sem svartan skugga sem umkringdi höfuðið. Þá sagði hann að þessi einstaklingur væri yfirskyggður af dauðanum. Það gerðist oft, þegar illur andi sem olli sérstökum sjúkdómi var afhjúpaður á pallinum, þá hrópaði hann á hjálp frá nærstöddum illum öndum, sem ollu sama sjúkdómi í öðrum. Bill sá þetta eins og svarta rák, sem gekk út frá einstaklingnum á pallinum, til einhvers meðal áheyrenda. Þá gat hann afhjúpað báða illu andana samtímis. Greining hans var aldrei röng.

Undir smurningunni, fann hann sannarlega fyrir trú fólksins, sem togaði í gjöf hans. Aðalástæða þess, að hann var yfirleitt að hafa fyrirbænaröð, var að einangra trú þess sem hann var að biðja fyrir. Hann vissi að gjöf hans starfaði fyrir trú sérhvers einstaklings. Þegar fólk kom fram til fyrirbæna, þurfti oft aðeins stutt samtal við það, áður en sýnin kom. Ef Bill hélt áfram að tala, hélt sýnin áfram þar til hann var orðinn líkamlega úrvinda. Til að tefja hið óumflýjanlega, reyndi hann að segja nóg til að lyfta trú hvers einstaklings upp að því marki, að hann eða hún gátu meðtekið yfirnáttúrulega lækningu frá Jesú Kristi. Jafnvel án sýnar, gat Bill oft greint hvenær einstaklingur var læknaður, vegna þess að birtan umhverfis þann einstakling jókst skyndilega. Oft yfirgaf engill Drottins pallinn og sveif yfir áheyrendum. Þá þurfti Bill aðeins að fylgjast með því, hvar eldstólpinn nam staðar. Sýnin birtist alltaf um þann einstakling, sem var undir ljósinu. Stundum óx trú fólksins á samkomunum svo mikið, að Bill sá hana sem hvítt mistur, sem sveif yfir áheyrendum. Þegar þetta gerðist, toguðu svo margir í gjöf hans í einu, að hann átti í erfiðleikum með að greina vanda hvers og eins. Þegar það gerðist, hætti hann venjulega með fyrirbænaröðina og bað almenna bæn fyrir lækningu sérhvers sjúks einstaklings í húsinu.

Þrátt fyrir það, hve oft hann reyndi að útskýra hina andlegu hlið gjafar sinnar, skildi flest fólk hana ekki. Það var í sjálfu sér enginn skaði vegna þess. Skaðinn varð, þegar fólk notaði útskýringarnar á gjöfinni, til að reyna að herma eftir þjónustu hans. Þetta sást greinilega og á sársaukafullan hátt, þegar miðaldra kona kom heim til Bill, til að leita eftir hjálp. Hann bauð henni inn í stofuna til sín. Meðal var að elda morgunverð. Konan sat í hægindastól, fór úr sokkunum og skónum, dró fæturna undir sig og néri síðan taugatrekkt saman höndum. Andlit hennar var guggið. Þegar Bill spurði hana hvað væri að, sagði hún bara að sér liði skringilega. Hann þrýsti á hana, til að fá fleiri smáatriði, en hún var áfram óákveðin og leyndardómsfull.

Síðan kom sýnin, sem opinberaði kjarna þessa leyndardóms. “Kona, þú ert frá St. Louis. Maðurinn þinn er í lögreglulíðinu þar.”

“Já, það er alveg rétt. Hvernig vissir þú það?”

Bill svaraði ekki spurningu hennar. Hann var ennþá að bíða eftir sýninni. “Þú varst áður fyrr yndisleg húsmóðir, en undanfarið lítur húsið þitt út eins og svínastía. Fullorðin dóttir þín er heima núna og annast eiginmann þinn.”

“Það er alveg rétt. Hver sagði þér þetta?”

“Þegar þér fór að líða undarlega, fórstu til læknis. Hann gaf þér hormónasprautu. Eftir það fórstu í ákveðna kirkju, þar sem forstöðumaðurinn sagði að þú værir haldin illum anda. Hann sendi þig til prédikara í Kaliforníu, sem sagði þér að þú værir haldin af sjö illum öndum. Þú trúðir honum, vegna þess að þú hélst að það útskýrði þessar skrítnu tilfinningar þínar. Eftir það hlustaðir þú á kvenprédikara, sem sagði þér að þú værir haldin fimm illum öndum. Hún sagði þér að fara til Jeffersonville og tala við mig um það.”

“Já, þetta er allt saman satt. Hvernig vissir þú þetta? Hringdi dóttir mín í þig.”

Sýninni lauk og Bill var skyndilega aftur staddur í stofunni sinni. Nú gat hann svarað henni. “Heilagur andi sýndi mér þessa hluti í sýn.”

Konan rétti úr fótunum og bakinu. “Nú get ég komist að niðurstöðu um þetta. Ég hef ekki borðað í nokkra daga og ég ætla ekki að borða fyrr en ég hef komist að því, hvað kom fyrir þessa tvo illu anda. Ef ég fæ að vita hvers vegna þessir illu andar yfirgáfu mig, get ég losnað við hina á sama hátt.”

“Kona, þú ert ekki með neina illa anda til að byrja með.”

“Ekki það?”

“Nei, frú mín góð. Fylgdist þú ekki með móður þinni ganga í gegnum breytingaskeiðið? Það sama er að koma fyrir þig. Við hverju heldur þú að þessar hormónasprautur hafi verið?”

“Ég veit það ekki.”

“Þær voru vegna tíðahvarfa.”

“Ætlar þú að biðja fyrir mér og reka það burt?”

“Það er ekkert til að reka burt. Þessi líðan þín orsakast ekki af illum öflum. Þetta er eðlilegur gangur lífsins.”

Það slaknaði á andlitsvöðvum hennar. Lyktin af steiktu beikoni fékk hana til að líta í áttina að eldhúsinu. “Ertu dálítið svöng?” spurði Bill, og brosti. Bráðlega sat hún við eldhúsbordið og borðaði beikon, steikt egg og ristað brauð. Þegar hún lauk við seinni kaffibollann sinn, sagði Bill: “Farðu nú heim og taktu til. Bakaðu síðan góða eplaböku handa eiginmanni þínum. Þegar hann kemur heim í kvöld, skaltu setjast í fang hans, faðma hann að þér, kyssa hann og segja honum að þú elskir hann. Lifðu héðan í frá eins og kristin kona ætti að lifa.”

Bill fylgdist með henni aka af stað og hugsaði um þessa tvo prédikara í Kaliforníu, sem höfðu sagt þessari trúgjörnu konu, að hún væri haldin illum öndum. Hann velti fyrir sér, hvort þessir prédikarar hefðu einhvern tímunn verið á samkomum hans. Hann vonaði, að þeir væru ekki að reyna að apa eftir þjónustu hans. Bill varð aftur hugsað til Baptistapredikarans og hinnar alvarlegu viðvörunar hans: “Guð veri með þér.”

Í þann mund ók ungur maður upp að húsi Bill, í gömlum Chevrolet vörubíl. Bill sat á veröndinni sinni og hlýddi á vandamál unga mannsins.

“Bróðir Branham, ég á bílasölu í Minneapolis, sem selur notaða bíla. Fyrir tveimur árum gekk konan mín í hvítasunnusöfnuð og öðlaðist Andann. Hún vildi að ég sækti kirkju með henni. En ég sagði við hana: ‘Nei, ég er ekki trúrækinn.’ En fyrir nokkrum mánuðum gerðist síðan nokkuð, sem kom mér úr jafnvægi. Ég var að ljúka við að selja eldri konu bíl og var í þann mund að hengja upp frakkann minn, þegar ég fór að velta fyrir mér, hvort ég hefði afhent henni báða lyklana. Þegar ég var að leita í frakkavasanum, fann ég blaðsnepil þar sem stóð: ‘Hvar munt þú eyða eilífðinni?’ Þessi spurning snerti svo djúpt við mér, að ég lét meðeigandann taka við sölnunni og fór heim til að leita Guðs. Ég fór á eina af samkomum Billy Graham. Hann sagði mér að ef ég rétti upp hönd og tæki við Kristi sem mínum persónulega frelsara, þá myndi það gera út um málið. Ég myndi eyða eilífðinni með Jesú. Ég rétti upp hönd, en fannst samt ekki að málinu væri lokið. Svo ég fór í heimsókn í kirkju Nasarea. Þeir sögðu mér, að ef ég væri ekki nógu glaður til að hrópa, þá væri ég ekki frelsaður. Svo ég bað og bað þar til ég fór að hrópa, en mér fannst samt ekki að málinu væri lokið. Næst fór ég í Hvítasunnukirkju. Fólkið þar sagði mér, að ef ég talaði tungum, væri búið að gera út um málið varðandi minn eilífa dvalarstað. Þau báðu með mér hálfu nóttina, þangað til ég talaði í tungum. Samt fannst mér enn eitthvað óuppgeri. Þá hitti ég fólk frá tímaritinu *Voice of Healing*. Þau sögðu mér að þú værir spámaður. Þau sögðu að ef ég kæmi hingað, gætir þú sagt mér það sem mig langaði að vita. Bróðir Branham, hvernig get ég vitað hvar ég muni eyða eilífðinni?”

“Nú, bróðir minn. Fyrst langar mig að segja þér, að ég er ekki spámaður. Ég er bara þjónn Guðs. En þú þarft ekki spámann til að leiða þig í allan sannleikann um þetta. Þú þarft aðeins Orð Guðs. Hr. Graham, Nasareakirkjan og Hvítasunnnumennirnir sögðu þér sannleikann og samt er það ekki fullkomlega sannleikurinn. Að rétta upp hönd, að hrópa eða tala í tungum, er ekki að meðtaka Krist. Að meðtaka Krist, er að meðtaka persónu Drottins Jesú Krists.” Ungi maðurinn kinkaði kolli eins og hann skildi þetta, en svipur hann lýsti samt ennþá óöryggi. “Hvar get ég fundið Jesú Krist?”

“Þú sagðir að um leið og þú hafðir lesið bréfsnepilinn, hefði eitthvað snert við þér og þú þarfnadist Guðs. Fyrir þann tíma varst þú að fjarlægjast hann. Eftir það breyttir þú skyndilega um stefnu og fórst í hina áttina. Hvað breytti skoðun þinni?”

“Ég veit það ekki.”

“Guð kom inn í hjarta þitt á þeirri stundu, þegar þú leist á blaðið.”

“Áttu við að ég hafi átt þetta allan tímann?”

“Vissulega bróðir, að snúa sér þýðir einmitt þetta.”

“Bróðir Branham, viltu biðja fyrir mér?”

Bill brosti og hristi höfuðið. “Þú þarfnast ekki fyrirbænar. Sannleikurinn hefur gert þig frjálсан. Það er verk Heilags anda, ekki hugar þíns. Heilagur andi er persóna Drottins Jesú Krists, sem við meðtökum inn í hjarta okkar og gefur okkur algjörlega nýtt viðhorf til lífsins.”¹⁵

¹⁵ Hér er vitnað í Jóhannes 8:30-36; 14:15-19 og Postulasöguna 3:19-21

Kafli 70

Hinn sanni og hinn falski vínviður 1955

Veðrið í Indíanafylki á vorin getur verið mislynt. Stundum hitar sólin kornakrana og vindurinn blæs í eina eða tvær vikur. Síðan hlaðast upp ský á himni, svört í miðjunni, og marsera yfir himininn eins og herir borgarastyrjaldarinnar. Það dynur líkt og í fallbyssum þegar þrumurnar koma og hreinsandi regn flæðir yfir jörðina.

Það voru líka umhleyplingar í lífi William Branham, í maí árið 1955. Meda var að nálgast lok þriðju meðgöngu sinnar og mótvindar blésu gegn Bill, þar til það virtist sem óveður ógnana, væri tilbúið að gera út af við fjölskyldu hans. Kona spáði því, að Meda Branham myndi deyja við þessa fæðingu. Hún staðhæfði að Guð hefði sent hana, til að leiða William Branham og vegna þess að hann hefði neitað að fylgja leiðsögn hennar, myndi Guð bana konunni hans, til að jafna við hann sakirnar. Hún skrifaði þetta á póstkort og sendi þau um allt land.

Til allrar óhamingju heyrði Meda af spádóminum og það kom henni í enn meira uppnám, en hún var taugatrekkt fyrir. Árið 1946 hafði eldri dóttir hennar, Rebekka, verið tekin með keisaraskurði. Fimm árum síðar var yngri dóttir hennar, Sara, líka tekin með keisaraskurði. Í bæði skiptin hafði lækurinn varað þau við því, að annað barn gæti skaðað hana eða jafnvel gert út af við hana. Og nú kom þessi hræðilegi spádómur. Hún reyndi að hunsa hann um tíma, en eftir því sem uppskurðurinn nálgadist, byrjaði hún að missa móðinn.

18. maí, daginn fyrir þriðja keisaraskurð Medu, fann Bill konu sína flóandi í tárum. Hann reyndi að róa hana.

“Ég vil að Margie komi með mér, Bill. Mig langar ekki að fara á sjúkrahúsið.” Meda Branham og Margie Morgan voru bestu vinir. Margie hafði tekið á móti hinum börnunum þegar þau fæddust, en nú var hún fjarverandi að sinna neyðartilfelli og gat ekki komið.

Bill svaraði: “Sjáðu til, elskan, við elskum Margie, en hún er ekki okkar Guð. Margie er systir okkar. Við reiðum okkur ekki á Margie. Við reiðum okkur á Drottin Jesú.”

“Bill, heldur þú að ég muni deyja?”

“Ég veit það ekki. En barnið mun fæðast. Þú munt eignast Jósef.”

“Er þetta hann?”

“Ég veit það ekki vina, ég get ekki sagt til um það. En Guð sagði að þú myndir eignast Jósef og við munum eignast Jósef. Mér er sama hvað hver segir. Við munum eignast Jósef. Sami Guð og hefur gefið mér allar opinberanirnar, hefur sagt mér það. Hann hafði ekki rangt fyrir sér með hinar og þessi mun ekki heldur bregðast.”

Hann gerði sitt besta til að uppörva hana. En hún var svo niðurbrotin, að þau urðu bæði sorgmædd. Bill fór út í bíl og keyrði í áttina að myllusvæðinu. Hann ætlaði í hellinn sinn til að biðja. Hann vissi að Guð hafði sagt honum fyrir næstum því fimm árum, að hann myndi eignast annan son.

Í júlí árið 1950 hélt Bill lækningasamkomur í tjaldi í Minneapolis í Minnesota. Meðan hann var staddur á hótélherbergi sínu, fagnaði hann er hann las í Biblíunni um líf Jósefs, ættföðurins. Bill fór inn í skáp þar sem fötin hans hingu, lokaði hurðinni og hélt áfram að fagna og tárfa.

Hann sá að Abraham táknaði útvalninguna, Ísak réttlætingu og kærleika og Jósef fullkomnun, fullkomna táknmynd upp á Krist. Jósef var elskaður af föður sínum og

hataður af bræðrum sínum, vegna þess að hann dreymdi andlega drauma. Bræður hans seldu hann í þrældóm fyrir 20 silfurpeninga, alveg eins og Júdas sveik Jesú fyrir 30 silfurpeninga. Eftir ýmsa erfiðleika og jafnvel fangelsun, var Jósef upphafinn í stöðu ráðsmanns yfir Egyptalandi og aðeins Faraó sjálfur var honum æðri. Gegnum þá stöðu, megnaði hann að frelsa fjölskyldu sína, frá því að svelta til bana í hungursneyð. Á sama hátt var Jesús leiddur fyrir dóm, dæmdur og sendur í fangelsi Heljar. En hann reis upp frá dauðum og var hafinn upp sem hægri hönd föðurins, með allt vald á himni og jörðu sér til handa. Nú gat Jesú bjargað fjölskyldu sinni á jörðinni, frá ævarandi dauða.¹⁶

“Ó,” fagnaði Bill, “ég verð svo glaður einn daginn, þegar ég fer yfir hinum megin, að hitta Jósef og taka í höndina á honum. Að sjá Daníel og spyrja hann hvernig honum leið, þegar eldstólpinn stóð þarna og hélt ljónunum í fjarlægð alla nóttina. Að sjá hebrea börnin, hvernig þau stigu út úr eldsofninum með hvítasunnublæinn hvínandi umhverfis þau. En hve það verður dásamlegur tími.”

“Guð,” bað Bill, “mig langar til að þakka þér fyrir mann eins og Jósef, mann sem eitt sinn lifði hér á jörðinni, mann í holdi eins og ég, mann sem gat trúað þér og tekið við þínu Orði. Þakka þér Drottinn, þakka þér fyrir slíkan mann.” Bill fann til samkenndar með ættföðurnum Jósef. Hann gat ekki að því gert, að hann var andlegur. Hann sá sýnir og hann túlkaði drauma. Þeir hötuðu hann allir fyrir það. Hann gat ekkert að því gert, hann var einfaldlega svona. Er Bill hélt áfram að biðja sagði hann: “Ó, Guð, ef þú gefur mér einhvern tíma barn, dreng, þá mun ég nefna hann Jósef.”

Bill þekkti þau þrjú frumatriði, sem mennirnir eru gerðir úr. Fyrst er það þegar menn biðja fyrir einhverjum á mannlegan hátt, eins og: “Ég vona að þér batni. Ég trúi með þér og reyni að nota alla þá trú sem ég get.” Það er mannlegt. Næst er guðleg opinberun, sem er það þegar eitthvað er opinberað þér. Þú veist í hjarta þínu að eitthvað muni gerast, samt er ekkert til staðar nema opinberunin. Þriðja er sýn, það er: ‘*Svo segir Drottinn*’ og það er fullkomið og jákvætt.

Meðan Bill var að biðja og táfella, sagði eitthvað við hann (ekki sýn): “Þú munt eignast dreng og þú munt láta hann heita Jósef.” Bill hugsaði með sér: “Það er nú aldeilis fínt, ég þakka þér, Drottinn minn.” Og hann fór út himinlifandi og sagði öllum frá þessu.

Sumarið 1950, varð Meda ófrísk. Bill velti því fyrir sér, hvort þetta barn myndi vera hann Jósef þeirra. Þegar barnið fæddist í mars árið 1951, var það stúlka. Þau gáfu henni nafnið Sara. Eftir keisaraskurðinn útskýrði lækni: “Herra Branham, beinin í mjaðmagrind konu þinnar losna ekki sundur, eins og þau eiga að gera við fæðingu. Beinin eru föst eins og hjá karlmanni. Hún ætti ekki að eignast annað barn. Leg hennar er of þunnt. Það er best þú leyfir mér að binda saman eggjaleiðarana.”

“Nei, ég get ekki látið þig gera það, lækni.”

“Hún ætti ekki að eignast annað barn. Það gæti orðið hennar bani. Þetta var mjög erfið fæðing. Hún komst varla í gegnum hana.”

“Samt get ég ekki leyft þér að binda saman eggjaleiðarana. Guð sagði mér að ég myndi eignast son.”

“Nú, þú gætir kvænst aftur og eignast þennan son.”

“Nei,” sagði Bill, “Guð sagði mér að ég myndi eignast son með Medu.” Enda þótt hann hefði ekki séð það í sýn, var það ritað á hjarta hans sem opinberun.

Það deildu ekki allir þessari trú með honum. Eftir að Sara fæddist, hringdi maður nokkur í Bill og hló að honum. “Veistu hvað, þú meintir Jósefina.”

¹⁶ Hér er sérstaklega vísað til 1 Mósebókar kafla 30-50 (einkum 37:28). Matt. 26:15, Postulasagan 2:36, 1 Kor. 15:4, Hebreafréfið 12:2. o.s.frv.

“Herra, Guð sagði mér að ég myndi eignast son og nefna hann Jósef.” (Maðurinn dó.)

Þrír einstaklingar í kirkjunni hans, sem höfðu yfirgefið ákveðinn kirkjudeildarsöfnuð, töldu að hann væri falsspámaður. “Bíðið aðeins,” sagði Bill, “ég sagði aldrei *hvenær* og Guð sagði ekki heldur *hvenær*. Guð sagði Abraham að hann myndi eignast Ísak, en Ísmael fæddist í millitíðinni. Það tók ekkert burt af fyrirheitinu. Einhvern daginn mun ég eignast son með Medu og við munum nefna hann Jósef, alveg eins og Guð sagði.”

Fjögur ár höfðu liðið síðan þá og nú var Meda að eignast annað barn.

Bill beygði út af þjóðveginum og ók að myllu Green. Hann lagði bílnum og hélt í áttina að hellinum til að biðja. Þegar hann var staddur við beygju á leiðinni, sá hann ljósið svífa undir runna milli tveggja trjáa og hreyfast. “*Snúðu við og farðu aftur að bílnum þínum. Biblían þín mun liggja þar opin.*”

Þegar Bill var kominn aftur að bílnum sínum og tók upp Biblíuna, sá hann að vindurinn hafði feykt blöðunum til, að þeim stað þar sem Natan segir við Davíð: “*Gjör þú allt sem þér er í hug, því að Guð er með þér.*” Síðan birtist Guð Natan það kvöld og sagði: “Seg þú þjóni mínum Davíð, tók ég hann ekki frá sauðagæslunni, frá því að fylgja þessum örfáu sauðum. Og ég mun gera nafn hans, sem nafn hinna mestu manna á jörðinni. Hef ég ekki eytt óvinum hans fyrir honum, hvert sem hann fór. Ég get ekki leyft honum að byggja musteri, en synir hans...” Um leið og hann las: Synir hans, þá var það komið. Bill sagði: “Jósef.” Það var rétt. Bill vissi að Drottinn var að láta hann vita, að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur. Hann tók að táfella.

Bill fór inn í bílinn sinn og ók heim. Þegar hann ók heim að húsinu, sá hann að Meda var að fara út með ruslið. Hún gat varla gengið, hún var svo fyrirferðarmikil og hún var grá í framan. Hún grét og var mjög taugatrekkt. Bill hljóp til hennar og sagði: “Ég vil að þú hafir engar áhyggjur.”

“Af hverju?”

“Veistu hvar ég var?”

“Ég get alveg ímyndað mér það.”

“Ég hef: ‘*Svo segir Drottinn.*’ Elskan, Jósef er að koma. Jósef er á leiðinni. Hafðu engar áhyggjur. Nú verður allt í lagi.” Þetta gerði út um málið á stundinni.

Klukkan sjö næsta morgun (15. maí árið 1955) ók Bill konunni sinni á sjúkrahúsið. Læknirinn sá að barnið hafði þegar um nóttina fært sig neðar. Og hann sagði: “Guð minn góður.” Bill kyssti konuna sína og sagði: “Elskan, Jósef verður kominn áður en langt um líður.”

Þeir flýttu sér með Medu inn á fæðingarstofuna. Bill beið og gekk um gólf ásamt hinum áhyggjufullu feðrunum, sem voru að slíta teppinu. Nokkrar mínútur liðu og hjúkrunarfræðingurinn kom aftur inn á biðstofuna. “Séra Branham?”

“Já, frú mín?”

“Þú hefur eignast heilbrigðan 13 marka dreng.”

“Jósef, þú varst lengi á leiðinni, vinur. Pabbi er ákaflega glaður að sjá þig.”

Hjúkrunarfræðingurinn sagði: “Þú kallaðir hann Jósef?”

“Það er nafn hans.”

Nokkrum dögum eftir fæðingu Jósefs, kom Miner Arganbright í heimsókn til Bill. Miner var lágvaxinn maður. Bill spaugaði eitt sinn með, að það þyrfti bæði Miner og konu hans, til að búa til fullvaxinn einstakling. En þrátt fyrir að vinur hans væri lágvaxinn, leit Bill á Miner Arganbright sem risa í trúnni. Hann var varaforseti Alþjóðahreyfingar kristinna kaupsýslumanna. Hann var líka ritstjóri tímarits þeirra:

Rödd kristinna kaupþýslumanna,¹⁷ sem birti reglulega greinar um Branham samkomuherferðirnar. Bill hafði þekkt Miner í nokkur ár og hann virti hinn Kristi líka persónuleika mannsins. Hann var auðmjúkur, vingjarnlegur, örlátur og ávallt næmur fyrir leiðsögn Heilags anda.

Arganbright, sem sat á stólbrúninni, sagði: “Bróðir Branham, ég hef fengið mikla opinberun frá Drottni.” Bill, hallaði sér fram: “Já, og hver er hún?”

“Drottinn vill að ég fari til Zürich í Sviss. Viltu koma með mér?”

Bill hallaði sér aftur í stólnum og sagði: “Ég verð eina viku í Denver. Síðan þarf ég að vera eina viku í Macon í Georgíufylki. Ég skal íhuga þetta.”

Eftir að hafa beðið fyrir þessu með Sviss, var Bill á báðum áttum. Guð sagði honum ekki beint að hann ætti að fara. Samt var það svo, að því meira sem hann hugsaði um þetta, því meira fékk hann það á tilfinninguna að fyrst Miner Arganbright hafði fengið opinberun um ferðina, þá hlyti það að vera í vilja Guðs.

Billy Paul Branham bankaði ákveðið á dyr hótélherbergis föður síns. Það kom ekkert svar og það var engin hreyfing inni í herberginu. Billy Paul vissi, að faðir hans var í djúpri bæn fyrir kvöldsamkomunni. Venjulega hefði Billy farið og reynt aftur fimmtán mínútum seinna, en ekki núna. Hann hélt áfram að banka laust á dyrnar og kallaði: “Pabbi, það er best þú komir. Þú verður að prédika aftur í kvöld. Jack er ekki kominn.”

Jack Moore, núverandi framkvæmdastjóri Bill, hafði sett upp skipulag, sem gerði ráð fyrir að samkomurnar í Macon í Georgíufylki myndu hefjast föstudaginn 3. júní og standa yfir í 10 kvöld. Það voru árekstrar í ferðaáætlun hans, sem hindruðu Jack í að vera til staðar fyrstu þrjú kvöldin. Hann hafði samt lofað Bill, að hann myndi verða kominn á mánudagskvöldinu. Nú var komið þriðjudagskvöld og Jack var enn ekki kominn. Það þýddi að Bill yrði aftur að prédika, áður en hann bæði fyrir sjúkum. Hann hefði heldur kosið, að framkvæmdastjórinn myndi prédika trúarvekjandi boðskap á undan. Þannig gat Bill einbeitt sér að fyrirbænaþjónustunni. Það hefði hjálpað honum að spara kraftana. Smurningin til að prédika og smurningin til að sjá sýnir, voru gersamlega frábrugðnar hvor annarri. Sú síðarnefnda tók meira á en hin fyrri. Að skipta úr annarri yfir í hina, var aukaálag fyrir hann. En hann gat gert það, ef nauðsyn bar til.

Þessar samkomur í Macon, voru haldnar utandyra á fótboltaleikvangi. Klappstólum hafði verið raðað um allan leikvanginn. Eftir fjögur kvöld, þar sem kraftaverk höfðu gerst, gat ekki einu sinni möguleikinn á rigningu, dregið úr áhuga fólksins. Það var setið í hverjum einasta klappstól á leikvanginum, sem og í flestum öðrum sætum. Upphækkaður pallur, hafði verið reistur nærri marklínunni. Þegar Bill gekk upp stigann að púltinu, vissi hann ekki enn um hvað hann ætlaði að prédika. Það var ekki fyrir en hann heilsaði fólkinu, að umfjöllunarefnið kom til hans.

Hann opnaði Biblíuna sína á spádómsbók Jóels, þar sem spámaðurinn talar um skordýraplágu, sem lagðist á sérhvert ávaxtatré og vínvið í Ísraelslandi. Fyrst las hann í Jóel 1:4: “*Það sem nagarinn leifði, það át átvargurinn, það sem átvargurinn leifði, upp át flysjarinn, og það sem flysjarinn leifði, upp át jarðvargurinn.*” Síðan las hann Jóel 2:25: “*Ég bæti yður upp árin, er átvargurinn, flysjarinn, jarðvargurinn og nagarinn átu, - minn mikli her, er ég sendi móti yður.*” Rödd hans bergmálaði örlítið vegna tímamunarins milli hátalaranna, sem settir höfðu verið upp úti á leikvanginum. “Guð líkir kirkju sinni við vínvið. Jesús sagði: ‘Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar.’¹⁸ Því verður lífið sem var í Kristi, að vera í hverri grein. Ef Kristur

¹⁷ Full Gospel Business Men’s Voice

¹⁸ Vitnað í Jóhannes 15:1-6.

boðaði Guðs ríki með því að lækna sjúka, hlýtur sérhver grein sem sprettur fram að gera það sama, því þær munu hafa sama líf í sér og er í vínviðnum.”

Hingað til, hafði hann verið að prédika á heimavelli, en eftir það fór hann ótroðnar slóðir og sáði nýjum fræjum. Hann sagði að það væru tveir andlegir vínviðir á jörðinni, annar sannur og hinn falskur. Þessir tveir vínviðir vaxa hlið við hlið, svo að greinar þeirra skarast. Það veldur stundum erfiðleikum við að ákveða, hvaða grein á við hvaða tré. En Jesús sagði: “Af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá.”

“Munið,” lagði Bill áherslu á, “andi andkristinsins er trúrækinn. Jesús sagði að á síðustu tímum myndi hann verða svo nálægt hinum, að hann myndi blekkja hina útvöldu ef orðið gæti.”

Bill vitnaði í 1. Mósebók og sýndi hvernig bæði Kain og Abel voru trúræknir. Báðir voru trúaðir, báðir reistu altari og báðir fórnðu Guði fórnunum. Kain tilbað Guð alveg eins einlæglega og Abel. Í raun var fórn Kain fegurri, en fórn bróður hans. Kain fórnaði ávöxtum og blómum, en Abel fórnaði aftur á móti slátruðu lambi. Reiðin ólgaði í Kain, þegar Guð hafnaði fórn hans, en tók við fórn bróður hans. Abel hafði andlega opinberun um það, að það voru ekki ávextir sem komu syndinni inn í heiminn. Syndin kom í gegnum blóðið. Abel gerði sér grein fyrir, að eina leiðin til að friðþægja fyrir syndina, var gegnum úthellingu blóðs. Það vísaði til þess dags, þegar lamb Guðs myndi gefa sitt eigið blóð, fyrir syndir hins fallna manns.¹⁹

Bill fylgdi vínviðunum tveimur eftir, frá 1. Mósebók til 4. Mósebókar 23. kafla, þar sem Móabítar áttu í stríði við ættkvíslir Ísraels. Þessir Móabítar voru afkomendur Lots, frænda Abrahams og þeir tilbáðu sama Guð og Ísrael. Alveg eins og Ísrael átti spámann í Móse, eins áttu Móabítar spámann í Bíleam. Móabítar buðu Bíleam mikið fé, ef hann bæði Guð að formæla Ísrael. Bíleam samþykkti boð Móabíta. Til að nálgast Guð, fórnaði Bíleam sjö nautum og sjö hrútum á sjö ölturum. Samkvæmt lögum um Levíta, var það í grundvallaratriðum alveg rétt.²⁰ Núna hneykslaði Bill suma af áheyrendum sínum, með því að benda á: “Þú getur verið mjög heittrúaður og fylgt öllum meginatriðunum, en samt verið á leiðinni til Helvítis. Enda þótt þessir tveir vínviðir vaxi hlið við hlið og séu báðir trúræknir og báðir heittrúaðir, þá er það aðeins af ávöxtum þeirra, sem þeir verða þekktir. Berið Júdas saman við hina lærisveinana. Í mörg ár, var Júdas alveg eins heittrúaður og allir hinir. En rétt fyrir hvítasunnuna, sýndi Júdas ávöxt sinn. Hann gat ekki haldið áfram inn í hvítasunnuna og skírst í Heilögum anda. Margir trúa ekki að sú upplifun að endurfæðast sé til. Þeir halda, að það sé allt bara í huganum. Nei, bróðir minn, það á sér stað í sál þinni.”

“Berum Jesús saman við faríseana. Báðir aðilar trúðu á Jehóva Guð og báðir trúðu á meginatriði lögmálsins. En yfirnáttúruleg tákn og undur staðfestu Jesú. Postularnir höfðu líka sína staðfestingu. Það hafði frumkirkjan líka. Og þannig mun hinn sanni vínviður, verða staðfestur á sérhverju tímabili. Jesús sagði: “Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda, leggja hendur yfir sjúka og þeir verða heilir.”²¹ Það er munurinn á þessum tveimur vínviðum. Þeir geta báðir trúað á meginatriðin. En hinn sanni vínviður hefur Andann og getur séð ljósið fyrir sinn dag. Munið að Páll sagði: “*Bókstafurinn deyðir, en andinn lífgar.*”²²

Bill vissi að hér var hann að fara langan veg, frá hinum venjulegu trúaruppbyggjandi ræðum. En þetta var hans nýja skuldbinding, að eyða meiri tíma í að kenna biblíuleg grundvallaratriði. Í kvöld lagði hann áherslu á mikilvægasta grundvallaratriðið af þeim öllum. “*Yður ber að endurfæðast.*” Án nokkurs vafa, orsakaði þetta að

¹⁹ Hér er vitnað í 1. Mósebók 4:2-8

²⁰ 4. Mósebók 23:1,29. 1 Kronikubók 15:29. 2 Kronikubók 29:21. Jobsbók 42:7-8. Esekíel 45:23

²¹ Markús 16:15-18

²² 2 Korintubrэф 3:6

einhverjum leið óþægilega. Við því var ekkert að gera. Hann gat aðeins vonað, að þegar þetta fólk sæi hina yfirnáttúrulegu greiningu í fyrirbænaröðinni, myndi það gera sér grein fyrir, að það sem hann kenndi væri sannleikur.

Síðar þetta kvöld, eftir að komið var að því að biðja fyrir sjúkum, kom sýn eftir sýn. Hver og ein, fór beint að rótum vandamáls einhvers. Næsta kona í fyrirbænaröðinni, stóð nú fyrir framan hann. Áður en hún gat komið upp orði, sagði Bill: “Bíddu aðeins.” Hann sneri sér í áttina að áheyrendum og hlustaði. “Það er illur andi sem öskrar á hjálp. Ég sé svartan skugga á milli þessarar konu við hliðina á mér og konunnar, sem situr þarna með fætuna uppi á stól. Þær eru báðar með krabbamein. Þessi kona hér, er með krabbamein í hálsinum.” Hann talaði við konuna sem stóð við hlið hans: “Vertu í trú, góða kona. Þú ert mjög taugaveikluð. Þeir reyndu að skera þig upp og nú berst rödd þín gegnum gat á hálsinum. Þú ert ekki frá Georgíu. Þú ert frá Melrose í Flórída. Þú heitir frú E.M. Robinson.” Það barst kliður í gegnum salinn. Bill lagði hendur yfir frú Robinson og hastaði á hinn illa anda krabbameins í Jesú nafni. Síðan talaði hann við hina konuna, sem sat á meðal áheyrenda: “Systir, þitt krabbamein er í brjóstinu. Ég sé lækinn skoða þig.” Bill hastaði líka á þennan illa anda krabbameins í Jesú nafni.

Ungur Meþódistaprédikari fylgdist með þessu ofan af svölum. Willard Collins hugsaði með sér: “Þetta er ekki eins og í Meþódistakirkjunni. Ég hef aldrei áður séð neitt þessu líkt. Ég er of langt í burtu, til að sjá þetta vel. Ég verð að komast nær á morgun. Næsta dag, leitaði Willard að lausum stól nálægt pallinum. Hann fann engan. Meira að segja svæðið milli pallsins og fremstu sætaraðarinnar, var fullt af fólki í hjólastólum eða á börum. Willard nam staðar og spurði gamlan mann, hve lengi hann hefði verið veikur. “Ég hef legið í rúminu í 17 ár,” svaraði maðurinn. Willard tók eftir því, hve lasburða maðurinn leit út fyrir að vera og trúði honum. Willard fann ekki sæti nálægt pallinum og settist því annars staðar.

Á samkomunni þetta kvöld, sagði William Branham við konu eina í fyrirbænaröðinni: “Þú þjáist af þessu hræðilega fyrirbæri sem kallast krabbamein. Andí dauða er yfir þér. En það er annað sem þú þarfnast meira en lækningar og það er frelsun fyrir sál þína. Þú ert syndari. Ef þú iðrast núna og gefur Jesú Kristi líf þitt, mun hann lækna þig.”

Eftir að hún hafði iðrast, læknaðist hún. Bill sá hana ganga öruggum skrefum niður stigann og niður á græna grasflötina fyrir neðan. Engillinn fylgdi henni eftir. Þegar konan gekk fram ganginn inn á milli stólaraðanna, fór engillinn frá henni og færði sig yfir að svæðinu, þar sem hjólastólarnir og börurnar voru. Skyndilega benti Bill á gamla, þeldökka manninn sem Willard Collins hafði talað við áðan. “Þú, þarna, herra minn, sem liggur á börunum. Trúir þú mér sem spámanni Guðs? Þú ert ekki með neitt fyrirbænarþjald er það nokkuð? Þú þarft þess ekki. Viltu taka við mér sem spámanni Guðs og hlýða mér? Statu þá upp af þessum börum og farðu heim og borðuðu kvöldmatinn þinn. Jesús Kristur lækna þig. Amen.”

Gamli maðurinn vippaði mjóslegnum fótleggjunum yfir brúnina á börunum sínum og stóð á fætur. Einhver studdi hann eitt augnablik. Síðan gekk hann einsamall, meðfram endilöngum vellinum og út af íþróttaleikvanginum.

Willard Collins fann blóðið stíga sér til höfuðs. “Þetta er raunverulegt,” hugsaði hann. “Ég verð að komast í fyrirbænaröðina.” Í mörg ár hafði hann þjást af magasárum. Það neyddi hann til að vera á ströngum matarkúr. Í fyrsta skipti í fleiri ár trúði hann nú, að hann gæti orðið heilbrigður, ef hann gæti fengið William Branham til að biðja fyrir sér...

Að komast í fyrirbænaröðina, reyndist vera erfiðleikum bundið. Aðeins 100 fyrirbænasþjöldum, var dreift á hverju kvöldi. Úr þeim hópi, kom það aðeins í hlut 15-

30 einstaklinga, að fara í röðina. Á hverju kvöldi, komu mörg hundruð manns á leikvanginn, til að biðja um spjald. Á fimmtudagskvöldinu, fékk Willard ekki slíkt spjald. Fullur vonbrigða, gekk hann um og leitaði að sæti eins nálægt pallinum og mögulegt var. Það var ekki aðeins frátekið pláss fyrir hjólastóla og börur. Það var líka tekið frá pláss fyrir starfsmenn, sem áttu að taka samkomuna upp á segulband. Willard tók eftir bili á milli segulbandstækjanna tveggja. Hann hljóp að pallbílnum sínum, náði sér í fellistól, fór með hann á leikvanginn og tróð honum milli segulbandstækjanna.

Eftir að William Branham hafði beðið fyrir sex manns í fyrirbænaröðinni, gekk hann niður þrepin út á leikvanginn. Hann gekk milli hjólastóla og sjúkrabara og bað fyrir einum hér og öðrum þar. Síðan nam hann staðar fyrir framan Willard, lagði hönd sína á öxl hans og bað: “Faðir, hann er líka sjúkur, lækna þú hann.” Hann gekk síðan aftur upp þrepin, stóð fyrir framan hljóðnemann og sagði: “Þið gátuð væntanlega ekki séð það, en engill Drottins leiddi mig til sérhvers einstaklings sem ég fór til, eftir að ég kom niður.”

Willard Collins sá ekki engilinn, en hann fann nærveru hans. Eftir að trúboðinn hafði snert hann og beðið fyrir honum, flæddi undarleg tilfinning gegnum líkama Willards. Tilfinningin var næstum eins og kalt vatn flæddi yfir hann og í gegnum hann. Frá þeim degi, gat hann borðað hvað sem hann lysti. Maginn truflaði hann aldrei aftur.

Á síðasta degi herferðarinnar, kom kona nokkur fram til fyrirbæna. Bill sagði henni nákvæmlega hvert vandamál hennar var og í hve marga uppskurði hún hafði farið. Síðan sagði hann henni að hún byggi ekki í Macon, hún ætti heima í bænum Augusta í Georgíufylki. Og hann bætti við nafni hennar og heimilisfangi, enda þótt hann segðist aldrei hafa hitt hana áður á ævi sinni. Þótt Willard hefði fylgst með Bill greina leyndarmál mörg hundruð manna í þessari samkomuherferð, varð hann ekkert minna hissa á þessari greiningu. Síðan gerðist nokkuð sem olli honum miklu hugarangri. Kona sem sat við hlið hans sagði við næsta mann: “Bróðir Branham hefur sannarlega rangt fyrir sér í þetta skipti. Ég þekki þessa konu og hún á ekki heima þarna.”

Efinn þrýsti með sínum ljóta fingri á trú Willards. Hann hafði heyrt William Branham segja: “Ef ég segi ykkur eitthvað rangt í greiningunni, þá trúið ekki neinu öðru af því sem ég segi ykkur, því það þýðir að ég er ekki lengur leiddur af Heilögum anda.” Willard Collins sá skynsemina í þessari staðhæfingu. Ef Branham gat gert mistök í greiningunni, gat hann líka gert mistök hvað varðaði kenningar. Spurningin var: Gerði hann raunverulega mistök? Collins varð að komast að því. Næstu daga lék hann leynilögreglumann og spurði einn aðila og síðan annan, þar til hann komst loks að sannleikanum. Það reyndist svo að tveimur dögum áður en hún kom fram til fyrirbænar á fimmtudeginum, hafði konan sem málið snerist um, flutt í nýtt hús í Augusta og kunningjakona hennar, sem sat þarna á meðal áheyrenda, vissi ekki að hún hafði flutt. Hún bjó vissulega á því heimilisfangi, sem bróðir Branham hafði gefið upp.

Kaflí 71

Mótstaða í Sviss 1955

William Branham var í flugvél yfir Frakklandi og horfði niður á túnskikana í margvíslegum grænum litbrigðum. Ár runnu niður hæðirnar. Vegir hlykkjuðust um landið og lágu stundum um lítil þorp, en týndust svo í völuarhúsi stórborgar. Ský sem líktust risastórum bómullarhnoðrum, vörpuðu skugga sínum á jörðina. Hæðirnar urðu stærri þar til þær voru orðnar að fjöllum. Loks sá hann Zürichvatn, sem leit út eins og blágrænn höggormur í löngum og bugðóttum dal milli tinda Alþafjallanna. Zürich var fjölmenn borg, við norðvesturhluta vatnsins. Brátt kom flugvöllurinn í ljós. Flugvél hans flaug niður í það, sem leit út fyrir að vera rólegur dalur. Í raun var hann á leiðinni inn í stormviðri af deilum.

Bill lenti í Zürich í Sviss laugardaginn 18. júní 1955. Í för með honum voru Billy Paul Branham, Fred Bosworth frá Flórída, Miner Arganbright frá Los Angeles og George Gardner frá Birmingham í New York fylki. Arganbright og Gardner höfðu skipulagt þessar samkomur með hjálp Full Gospel kaupsýslumannasamtakanna. (FGBMI) Bill átti að tala í níu daga á stærsta leikvanginum í Zürich. Dr. Adolph Guggenbuhl, svissneskur lögfræðingur og leiðtogi FGBMI þar í landi, sá um skipulagninguna og var líka túlkur fyrir hópinn, sem kom með ameríska trúboðanum.

Vandinn hófst í raun fyrir í vikunni, með komu annars frægs amerísks trúboða, Billy Graham, sem var að prédika á síðustu samkomu sinni sama dag og Bill kom. Bill langaði til að fara og hlusta á Billy Graham tala þetta kvöld, en hann var svo þreyttur eftir hina löngu ferð, að hann lagði sig í herbergi sínu seinni part dagsins og vaknaði of seint, til að komast á Graham samkomuna. Sem betur fer, gat hann hlustað á hana í útvarpinu í herbergi sínu. Þegar Billy Graham prédikaði að Jesús Kristur væri sjálfur Guð sem hefði tekið á sig holdlega mynd, hrópaði Bill “Amen!” eins hátt og hann gat, því hann vissi að þetta var líka hans boðskapur.

Þetta sama kvöld, sá hann áhrifamikla sýn. Hann virtist svífa í loftinu og horfði niður á stórt hnattlíkan. Heimsálfur Evrópu og Afríku voru fyrir neðan hann, með öllum sínum hæðum og fjöllum eftir því sem sást á líkaninu. Á hæsta tindi Alþafjallanna nærri landamærum Þýskalands og Sviss, sat þýskur örn. Fuglinn fylgdist með manni á hestbaki. Maðurinn leit út eins og enskur aðalsmaður, klæddur í hefðbundin ensk reiðföt, rauðan jakka, rauða derhúfu, hvítar buxur og há leðurstígvél. Með fránum augum horfði örninn á þennan mann ríða yfir Evrópu, gegnum Afríku og í áttina að Góðrarvonarhöfða. Bill heyrði engil Drottins segja: “*Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.*” Eftir þessa sýn var hann máttvana, dofinn og skjálíandi.

Á sunnudagsmorgninum, vaknaði hann við að hljómur kirkjuklukknanna ómaði um dalinn. Það hringdu margar klukkur í einu í Zürich. Bill grínaðist með það, að þúsundarárkið hlyti að vera að hefjast. Meðan þeir snæddu morgunverð, sýndi dr. Guggenbuhl honum níðgrein um herferð Billy Graham, sem var að ljúka í Sviss. Blaðgreinin hafði ekkert gott að segja um séra Graham. Jakkafötin hans voru of dýr, það var of sterk lykt af rakspíranum hans og hár hans of liðað, eins og hann hefði eytt klukkutímum á hárgreiðslustofu. Fréttamaðurinn var ekki heldur hrifinn af prédikunarstíl hans. Hann sagði að hr. Graham sveiflaði handleggjunum of mikið og að hann hrópaði eins og söluamaður að reyna að selja sápu.

Slíkar árásir af hálfu fjölmiðla voru Bill ekki ókunnar. En hann hafði aldrei áður séð neinn gagnrýndan svo harðlega, vegna ómerkilegra smámuna. Dr. Guggenbuhl

útskýrði að þetta snerist eiginlega ekki um útlit eða hegðun hr. Graham. Billy Graham prédikaði um guðdóm Jesús Krists, sem samræmdest ekki kenningu svissnesku siðbótarkirkjunnar, sem var stærsta og áhrifamesta kirkjudeildin í Sviss. Siðbótarkirkjurnar fylgdu kenningum Huldreich Zwingli, sem var áhrifamesti umbótamaðurinn í siðbót svissneskra mótmælenda. Zwingli hafnaði því, að Jesús væri fæddur af meyju og kenndi þess í stað, að hann væri sonur Jósefs að holdinu til og aðeins kallaður sonur Guðs.

Bill hugsaði með sér: “Ef þeir gagnrýna jafn fágaðan mann og Billy Graham, hvað munu þeir þá segja um mig?”

Á mánudagskvöldinu, sem var fyrsta kvöld samkomuherferðarinnar, talaði Bill við áheyrendur sína í hálf tíma og reyndi að lyfta upp trú þeirra og undirbúa þá fyrir fyrirbænaröðina. “Ég segist ekki vera græðari. Jesús Kristur er eini græðarinn. Ég fordæmi ekki lækna, sjúkrahús eða lyf. Það er gjöf Guðs til okkar. Ég segist ekki heldur koma í stað lækna. En það er margt, sem lækna geta ekki veitt hjálp við. Það er sannleikur og við höfum leyfi til að biðja Jesú að hjálpa okkur. Ég trúi að hann muni gera það. Í næstum 10 ár, hef ég séð hann lækna tugi þúsunda manna í minni þjónustu; blinda, bæklaða, lamaða og halta. Ég hef séð hann reisa þrjá einstaklinga upp frá dauðum, tvo í Bandaríkjunum og einn í Finnlandi. Hann er sá sami Drottinn Jesús í dag og þegar hann gekk um á jörðinni.”

“Þegar Jesús gekk hér um, reisti hann líka þrjá einstaklinga upp frá dauðum, dóttur Jairusar, son ekkjunnar frá Naín og Lasarus.²³ Hann hefði getað reist fleiri upp, ef faðirinn hefði sýnt honum fleiri.”

“Munið þið þegar Jesús var við Betesdaugina. Hann nam staðar hjá manni sem lá á börum. Maðurinn hafði verið sjúkur í 28 ár, svo þetta var ekki lífshættulegur sjúkdómur. Staðurinn var fullur af fólki, sem var í verra ásigkomulagi en þessi náungi. Jesús læknaði aðeins þennan eina mann. Af hverju? Hann læknaði hann, vegna þess að hann hafði séð manninn í sýn. Þegar farísear spurðu Jesú út í þetta sagði hann: “Sannlega, sannlega segi ég yður: Ekkert getur sonurinn gjört af sjálfum sér, nema það sem hann sér föðurinn gjöra. Því hvað sem hann gjörir, það gjörir sonurinn einnig.”²⁴ Verum nú auðmjúk og með rétt hugarfar gagnvart Drottni Jesú. Viðhorf þitt til hvaða guðlegrar gjafar sem er, stýrir því hvað þú færð í gegnum hana. Veika konan sem snerti klæðafald Jesú fann fyrir krafti hans, en hermaðurinn sem batt fyrir augu hans, sló hann og sagði: ‘spáðu nú hver sló þig’, fann ekki fyrir neinu. Það veltur allt á því, með hvernig hugarfari maður nálgast hann.”

Bill hélt áfram á þessum nótum og reyndi að útskýra hina óvanalegu þjónustu sína með dæmum úr Nýja testamentinu. Þegar hann kallaði fólkið fram til fyrirbæna, var ung kona fyrsti einstaklingurinn sem kom fram. “Allir gera sér grein fyrir því, að maður gæti ekki gert þessi kraftaverk. Ég er viss um að þið kristna fólk, skiljið stöðu mína hér. Ég er fulltrúi Drottins ykkar og Frelsara Jesú Krists.”

“Nú, þarna stendur ung kona. Ég hef aldrei séð hana áður á ævi minni. Það eru þúsundir kílómetra á milli heimila okkar. En Guð veit allt um hana. Þetta er alveg eins og þegar Jesús nam staðar við brunn í Samaría og talaði nægilega lengi við konu, til að tengjast anda hennar. Hann sá í sýn hver vandi hennar var og sagði: ‘Þú átt fimm eiginmenn og sá sem þú býrð með núna, er ekki einn af þeim.’ Hún sagði: ‘Herra, ég sé að þú ert spámaður. Þegar Messías kemur mun hann líka segja okkur svona hluti.’ Jesús sagði: ‘Ég er hann.’²⁵ Sjáið þið til, að opinbera þessa leyndu hluti, var tákn Messíasar. Hann er hinn sami í dag.”

²³ Hér er vitnað í Lúkas 8:40-56 og Jóhannes 11:1-43

²⁴ Jóhannes 5:1-19

²⁵ Jóhannes 4:1-26

Bill talaði við konuna í stutta stund. Nú sá hann konuna minnka, sýnin byrjaði og vandamál konunnar opinberaðist. Hann sagði: “Þessi kona er kristin. Hún er með sjúkdóm í hálsinum, það er hálskirtlabólga. Ég heyri lækni segja henni, að það verði að fjarlægja hálskirtlana. Það blæðir líka úr ristlinum. Þú talar ensku. Þú ert ekki frá Sviss, þú ert frá Þýskalandi. Þú komst hingað með lest og þú verður að fara aftur heim í kvöld. Heima átt þú ömmu, sem er að deyja úr krabbameini og þú vilt að hún læknist. Ef þetta er rétt, réttu þá upp hönd svo að áheyrendur geti séð.” Eftir að hún hafði rétt upp hönd sagði Bill: “Farðu og leggðu hendur yfir ömmu þína, því að svo segir Heilagur andi: ‘Þú ferð heim heilbrigð, í nafni Drottins Jesú Krists.’” Margar sýnir og fjölmörg kraftaverk fylgdu í kjölfarið.

Daginn eftir, voru greinar í blöðunum í Zürich, sem gagnrýndu William Branham, enn meira en Billy Graham. Siðbótarkirkjan kallaði hann svikahrapp og skottulækni og blöðin efuðust um einlægni hans og ásetning. Gagnrýnin varð ekki til þess að mannfjöldinn á næstu samkomu minnkaði. (Talan var um 100.000.) En þetta hafði samt sáð efasemdum í huga margra í salnum.

Þegar Bill var reiðubúinn að biðja fyrir sjúkum og þurfsandi, átti hann í baráttu vegna þess hve efasemdirnar voru miklar meðal fólksins. Á pallinum, þar sem hann gat einbeitt sér að einum í einu, virkaði gjöf hans auðveldlega, en hún vann ekki sem skyldi meðal áheyrenda. Það truflaði alla samkomuherferðina, vegna þess að tilgangur greiningarinnar var að auka trú fólksins, til þess að hver og einn sem þarfnaðist lækningar, gæti meðtekið hana frá Jesú Kristi.

Þetta sama kvöld, þegar fyrsti einstaklingurinn í fyrirbænaröðinni stóð fyrir framan hann, sagði Bill: “Þessi maður er tekinn að fjarlægjast mig.” Það þýddi að hann var að byrja að sjá sýn. “Hann er með krabbamein, sem byrjaði í síðunni og hefur síðan breiðst út í lifrina. Hann mun deyja, nema Guð lækni hann.” Bill fór snöggt út úr sýninni og sagði við áheyrendur: “Nú getur þú ekki falið neitt. Röddin sem talaði áðan var ekki ég, bróðir þinn. Það var Jesús Kristur, sem notaði rödd mína. Hvað gerist næst, fer eftir því hvernig þessi maður höndlar þetta. Á því veltur við hverju hann tekur.” Augljóslega trúði maðurinn, að Jesús Kristur væri til staðar og hann hefði getu til að lækna, því eftir að Bill hafði beðið fyrir honum, sagði hann að líðan sín væri breytt.

Þriðji einstaklingurinn í röðinni var kona. Bill sagði: “Ég veit ekkert um þessa konu. En því lengur sem ég tala við hana, þeim mun meira mun Drottinn Jesús opinbera í gegnum sýn. Ef Guð segir mér hvers vegna þú ert hér, vilt þú þá taka við honum sem græðara þínum? Ég sé lækni skoða þig, sem segir að það þurfi að fjarlægja gallblöðruna. Þú vilt ekki fara í uppskurðinn og þess vegna ertu komin hingað í kvöld. Ég sé þig í herberginu þínu í bæn, fyrir þessu tækifæri. Það er satt. Trú þín hefur frelsað þig. Vertu heil í nafni Jesú Krists.”

Bill fann fyrir bylgjum efasemda, sem komu alls staðar að úr salnum. Margir virtust hegða sér eins og þeir væru á fótboltaleik. “Gjörið svo vel að standa ekki upp og ganga um,” sagði Bill. “Það er mjög mikið virðingarleysi. Þið truflað Heilagan anda Guðs.” Hann greindi vanda nokkurra einstaklinga í fyrirbænaröðinni til viðbótar og sneri sér síðan aftur að áheyrendum. Hann benti á eina sætaröðina og sagði: “Hvað með ykkur? Trúið þið af öllu hjarta? Ykkur finnst þetta dularfullt, vegna þess að ykkur hefur aldrei verið kennt um hið yfirnáttúrulega. Þið skiljið það ekki. Sama ljósið og smyr mig, hefur svifið yfir áheyrendum þrisvar sinnum, frá því að ég byrjaði að tala og þið viljið ekki taka við því. Einmitt nú ætti sérhvert ykkar að hafa risið á fætur heilbrigð. Hann er hér! Þið þurfið bara að taka við því.”

Hægt og sígandi minnkaði efinn og trúin óx. Mörg hundruð áheyrendur, meðtöku lækningu sína í Jesú nafni. Þegar Bill kallaði fólk fram til frelsunar, risu tíu þúsund

manns á fætur, til að gefa líf sitt Jesú Kristi. Á hverju kvöldi gerðist það sama, svo að við lok vikunnar, gerðu stuðningsaðilar hans ráð fyrir að um 50.000 manns hefðu tekið við Jesú Kristi sem frelsara sínum, meðan á herferðinni stóð. Þetta fólk var ekki allt svissneskt. Alla vikuna hópuðust þúsundir manna til Zürich, alls staðar að úr Evrópu, til að hlusta á Bill prédika. Miner Arganbright taldi 180 rútur frá Þýskalandi, á bílastæði íþróttaleikvangsins. Allan daginn komu svo margir ókunnugir til borgarinnar, að allir opinberir staðir iðuðu af athafnasemi. Til að komast hjá þeim vandamálum, sem nærvera hans gæti valdið, eyddi Bill mest af frítíma sínum á hótélherberginu, fyrir utan einn morguninn þegar áliðið var vikunnar, að engill Drottins sagði beinlínis: “*Farðu út og gakktu meðfram vatninu.*”

Bill bað son sinn að fara með sér. Billy Paul fannst þetta slæm hugmynd. “Pabbi, einhver mun þekkja þig. Þá festist þú í mannfjöldanum og við verðum að ná í lögregluna til að hjálpa þér að komast burt.”

“Nú, Drottinn segir mér að fara niður að vatninu, svo það er best að ég fari.”

Billy Paul fylgdi föður sínum eftir með semingi. Vegna þess að Sviss hafði ekki orðið fyrir sprengjuárásum í seinni heimsstyrjöldinni, voru byggingar í Zürich í góðu ásigkomulagi og borgin því haldið sögulegu útliti sínu. Þarna voru mörg steinlögð stræti og fagurlega skreyttar múrsteinsbyggingar, sem voru mörg hundruð ára gamlar. Svæðið kringum vatnið, hafði verið gert að lystigarði með grasflötum, trjám, blómum og gosbrunnum. Það voru göngustígar fyrir framan hótelin og sömuleiðis ágætir stígar meðfram ströndinni. Bill rölti um ströndina og naut sólarinnar jafn mikið og hins myndræna umhverfis í kringum sig. Honum leið vel að vera úti og geta rétt úr sér. Billy Paul var órólegur vegna mannfjöldans á ströndinni. Sumir sátu á bekkjum eða lágu á teppum, aðrir gengu fram og aftur meðfram ströndinni. Eftir talsverðan tíma, hafði enginn borið kennsl á þá feðga. Þá andaði Billy Paul léttar.

Feðgarnir gengu saman all langa leið. Loks nálguðust þeir gamlan mann, sem sat á bekk. Hann sat álútur og las í bók, sem leit út fyrir að vera Biblía. Tárin runnu niður kinnar gamla mannsins, eins og dökk sem glitraði í morgunsólinni. Bill fann fyrir nærveru engilsins. Eitt skref enn flutti hann til annars lands, þar sem hann sá þennan gamla mann taka við vasaklút frá ungri konu, með lamaðan handlegg. Fimm lítil börn héngu í pilsum konunnar. Sýnin hélt áfram og gaf honum fleiri smáatriði, þar til hann var aftur kominn á göngustíginn við Zürichvatnið.

“Þarna er hann,” sagði Bill við Billy Paul, “maðurinn sem Drottinn sendi mig hingað til að hitta.”

“Ætlar þú að fara til gamla mannsins og tala við hann pabbi?”

“Nei, hann mun kom til okkar og tala við mig. Hann er langt að kominn. Bíddu bara og sjáðu, hvort hann hefur ekki eitthvað fyrir mig. Eitthvað varðandi handlegg á konu.”

“Hvernig veist þú það?”

“Ég sá sýn. Höldum nú áfram. Horfðu út á vatnið og gakktu framhjá honum.”

Bill horfði yfir blátt vatnið. Stöðuvatnið lá í sveig og það sást ekki allt fyrir háu fjalli, sem reis upp út vatninu. Tré og runnar voru sem deplar í fjallshlíðinni og fjöldi fossa flæddi niður brattar hlíðarnar. Kjölfar hraðbáts sem fór framhjá, sendi bylgjur upp að ströndinni.

Billy Paul sagði: “Pabbi, þessi maður eltir okkur.”

“Ég veit það. Þegar við beygjum næst, komum við að göngubrú. Hann nær okkur við brúna.”

Fyrir framan þá sveigði stígurinn umhverfis byggingu, sem var umlukin trjáþyrpingu. Þeir gengu stíginn umhverfis húsið og komu þá að göngubrú yfir læk sem rann í stöðuvatnið. Þegar þeir voru komnir hálf leið yfir brúna, náði ókunnugi

maðurinn þeim. “Bróðir Branham,” sagði hann á ensku með sterkum hreim. Bill sneri sér við og leit á hann. Maðurinn sagði þeim nafn sitt og hann væri frá Rússlandi. Eins og fyrir kraftaverk, hafði nokkur hundruð Rússum tekist að fá vegabréfsáritun, til að fara á samkomurnar í Zürich. Gamli Rússinn tók hvítan vasaklút upp úr hliðartöskunni sinni og rétti Bill hann. Hann sagði að heima hjá sér væri móðir, sem hafði meiðst svo illa á handlegg, að hann vildi ekki gróa. Nú var handleggur hennar lamaður og gagnslaus, sem gerði henni erfitt um vik að annast fimm ung börn sín. Gamli maðurinn vildi að Bill bæði yfir þessum vasaklút og rífi hann í ræmur. Hann trúði því, að þegar hann kæmi til heim til Rússlands, myndi Guð nota þessar sex smurðu ræmur, til að lækna móðurina og blessa þessi fimm börn.

Bill bað yfir vasaklútnum, reif hann í ræmur og rétti manninum hann aftur. Síðan spurði hann: “Hvernig vissir þú að ég væri í Sviss?”

“Við heyrðum það í svissneska útvarpinu.”

“Hafðir þú frétt áður af einhverjum af samkomunum mínum?”

“Já, þú baðst einu sinni fyrir dánum dreng í Finnlandi og Guð gaf honum lífið á ný. Þessi saga barst langt inn í Rússland. Mig hefur langað til að hitta þig í mörg ár, en hvernig átti ég að komast í gegnum járntjaldið? Kommúnistarnir myndu aldrei leyfa mér að fara til Ameríku. Síðan heyrði ég að þú myndir koma til Sviss. Dagurinn í dag er hreint kraftaverk.”

Bill hugsaði um manninn við laugina í Betesda og um konuna sem snerti klæðfald Jesú.²⁶ Eins og þessir tveir einstaklingar endur fyrir löngu, hafði þessi aldraði Rússi nálgast fyrirheit Guðs með réttu viðhorfi.

²⁶ Hér er vitnað í Jóhannes 5:2-9 og Matteus 9:20-22

Kafli 72

Veikindi pokarottu 1955

Pegar William Branham kom heim frá Sviss, beið hans hvítt fjall af pósti á skrifstofunni í Jeffersonville. Það var ekkert undarlegt. Hvert sem hann fór, þá hlóðst pósturinn upp á meðan, eins og endalaus snjócoma. Ritararnir hans tveir, herra og frú Cox, sáu um mest af póstinum, án þess að Bill þyrfti að skipta sér beint af því. Flest þessara bréfa voru frá fólki, sem bað um fyrirbænaklúta. Bill fór út í hellinn sinn hjá Tunnel Mill og eyddi eftirmiðdeginum í að biðja yfir rúllu af hvítu bómullarefni. Síðan klipptu herra og frú Cox bómullarefnið í litlar ræmur og sendu þessar ræmur ókeypis, til hvers sem þess óskaði. Mörg bréfanna innihéldu vitnisburði um lækningar og kraftaverk, sem átt höfðu sér stað á samkomum eða eftir að einstaklingurinn hafði mótttekið bænaklút. Það var ekki nauðsynlegt að svara þeim bréfum.

Öðrum bréfum varð Bill að sinna persónulega. Einmitt nú var hann með bréf eða símskeyti frá aðilum í fjögur hundruð stórborgum um allan heim, þar sem hann var beðinn um að halda lækningasamkomur á þeim slóðum. Auðvitað gat hann ekki komið til móts við, nema lítinn hluta af þessum beiðnum. Hann lagði hvern og einn stað fram fyrir Guð í bænum sínum og bað Guð að leiða sig, hvert hann ætti að fara næst. Aðferðir hans urðu til þess, að það var erfitt fyrir umboðsmenn hans að gera áætlanir. Þeir vildu helst setja niður dagsetningar fyrir samkomur sex mánuði fram í tímann. Hann vildi vera sveigjanlegri, til að hann gæti fylgt leiðsögn Heilags anda, með stuttum fyrirvara. Fyrstu helgina í ágúst, átti hann að vera í Campbellville í Kentucky. Síðan hafði hann viku til að undirbúa sig fyrir að fara til Þýskalands. Samkoma hans í Karlsruhe í Þýskalandi, átti að hefjast 15. ágúst.

Í hverri viku tók Bill líka við tugum símtala, símskeyta og bréfa frá fólki, sem bað hann að koma og biðja fyrir því persónulega. Ef þetta fólk sendi bréf, fylgdi því oft flugmiði báðar leiðir. Það var engin leið að hann gæti ferðast og beðið fyrir öllu þessu fólki í eigin persónu. Ef hann reyndi það, þá gerði hann ekki annað við tíma sinn. Hann bað samt fyrir hverjum og einum af þessum einstaklingum og hann var alltaf opinn fyrir þeim möguleika, að Guð myndi stundum leiða hann til að fara í sérstaka ferð.

Einn daginn var hann að lesa í vinnuherberginu sínu, þegar veggirnir leystust upp. Honum fannst hann standa á gangstétt við stræti í borg. Hann kannaðist ekki við neitt af húsunum í nágrenninu. Dyrnar á hvítu húsi opnuðust og út kom maður sem hélt á skjalatösku. Maðurinn labbaði niður gangstíg, opnaði hlið á grindverki, gekk yfir gangstéttina fyrir framan Bill og inn í gráan bíl og ók burt.

Engill Drottins sagði einhvers staðar á bak við hægri öxl Bill: “*Lítu hinum megin við girðinguna.*” Bill sá hlújárn á jörðinni við hliðina á ræktuðu blómabeði. Engillinn sagði: “*Farðu að dyrunum. Þú munt hitta konu í brúnni kápu, sem grætur vegna þess að hún hefur svo miklar áhyggjur af veika drengnum sínum. Biddu um að fá að sjá drenginn. Hún mun fara með þig upp í svefnherbergi. Þegar þú leggur hattinn þinn á rúmið, mun hún taka hann og leggja hann ofan á sjónvarpstæki. Biddu þar til kona í rauðri peysu kemur inn í herbergið og sest við hliðina á rúminu. Þegar báðar konurnar eru komnar inn í herbergið, skaltu leggja hendur yfir drenginn og segja: ‘Svo segir Drottinn, þú ert læknaður.’”*

Allt í einu, breyttist vettvangurinn. Nú fannst honum hann standa úti á götu og horfa á glugga stórmarkaðar. Stór og virðuleg klukka hékk á vegg í versluninni. Bill heyrði taktfast ískurhljóð. Hann sneri sér við, til að aðgæta hvaðan það kæmi og sá hjúkrunarkonu ýta manni í hjólastól og það ískraði í hjólunum. Það lá Biblía í fangi mannsins. Engillinn sagði: “*Taktu eftir tímanum.*” Bill leit aftur á klukkuna og sá að hana vantaði tíu mínútur í þrjú. Engillinn sagði: “*Segðu manninum að standa upp og ganga.*” Á því augnabliki lauk sýninni og Bill var aftur kominn í herbergið sitt.

Þessi sýn líkt og flestar af sýnum hans, skildi eftir sig skýrar svipmyndir í huga hans. Eins og gerist með allar minningar, vissi Bill að þessi minning gæti dofnað með tímanum. Svo það fyrsta sem hann gerði, var að skrifa hvert atriði niður í bók.

Þremur dögum seinna, þegar hann var að lesa póstinn sinn, snerti eitt bréfanna öðruvísi við honum en hin. Maður í Denver í Coloradofylki, sem var að deyja úr krabbameini, vildi að Bill flygi undireins til Denver, til að biðja fyrir sér. Enda þótt þetta bréf væri svipað fjölda annarra bréfa sem Bill hafði lesið síðustu þrjá daga, þá sagði Heilagur andi innra með honum: “*Farðu.*”

Hann flaug til Denver, tók leigubíl heim til mannsins og bað fyrir honum. Þar sem Bill hafði nokkra klukkutíma aflögu, þar til næsta flugvél færi af stað til Louisville í Kentucky, ákvað hann að ganga niður í miðbæinn. Eftir að hafa gengið um stund í íbúðahverfi, heyrði hann dyr opnast og hann sá mann með skjalatösku í hendi koma út úr hvítu húsi. Kona inni fyrir sagði: “Bless lækni.”

“Er þetta ekki furðulegt?” hugsaði Bill. “Mér finnst ég hafa séð hann einhvers staðar áður.” Læknirinn gekk í gegnum hlið á hvíttri girðingu, fór inn í gráa Forddrossíu og ók burt. Það fór leiftur um huga Bill. Hann gekk að húsinu og opnaði hliðið. Á jörðinni lá hlújárn rétt við blómabeð, alveg eins og hann hafði séð í sýninni nokkrum dögum áður. Bill gekk að hurðinni og bankaði. Ung kona opnaði dyrnar rétt nægilega, til að hún gæti séð út. Hún var í brúnni kápu, alveg eins og engillinn hafði sagt. Augu hennar voru rauð og vot.

“Sæl,” sagði Bill og tók ofan hattinn. “Átt þú lítinn veikan dreng?”

Önnur augabrún hennar lyftist örlítið. “Já, það er rétt. Ert þú lækni?”

“Nei frú. Ég er prédikari. Nafn mitt er Branham.”

“Ég held að ég kannist ekki við þig, herra Branham.”

“Ég er ókunnugur í þessari borg. Þjónusta mín er að biðja fyrir sjúkum og Drottinn hefur leitt mig að húsi þínu. Má ég sjá son þinn?”

Hún hugsaði sig um eitt augnablik. Eins og til að segja: “Af hverju ekki,” yppti hún síðan öxlum og opnaði dyrnar upp á gátt. Hann fylgdi henni eftir inn í svefnherbergi, þar sem lítill drengur lá og skalf undir mörgum teppum. Bill lagði hattinn sinn ofan á rúmföt drengsins. Í stað þess að móðirin legði hattinn ofan á sjónvarpið, settist hún á stól hjá rúminu. Bill hugsaði með sér: “Ég get ekki sagt eitt einasta orð um sýnina. Ég verð bara að bíða, þar til allt smellur saman.” Svo hann spurði móðurina: “Hvað er að syni þínum?”

“Hann er með lungabólgu. Læknirinn segir að það sé mjög alvarlegt.”

Þau ræddu ástand drengsins í nokkrar mínútur. Síðan tók móðirin hatt Bill upp og lagði hann ofan í sjónvarpið. Bill hugsaði með sér: “Nú, þá er það komið, en ég get samt ekki enn beðið fyrir drengnum. Stundarkorni síðar, kom kona í rauðri peysu inn í svefnherbergið og settist niður. Á sama tíma stóð móðirin upp og fór út úr herberginu. Bill beið þolinmóður og spjallaði við ömmuna, þar til móðirin kom aftur og allt var á sama stað og í sýninni.

Bill sagði: “Standið upp, báðar tvær.” Hann stóð líka á fætur. Hann gekk að höfðagaflinum á rúminu, lagði hendur yfir barnið og sagði: “Svo segir Drottinn: Þú ert heill.”

Drengurinn kallaði á móður sína og rétti fram hendurnar. Hún settist á rúmstokkinn og tók hann í fangið. Hún lagði kinnina upp við enni hans. Hún leit undrandi upp. “Hitinn er farinn.”

Bill fór aftur út á götu og leitaði árangurslaust að leigubíl. Hann hafði dálitlar áhyggjur af því að missa af flugvélinni, svo hann gekk hratt í áttina að miðbænum og leitaði að fjölfarnari vegamótum, þar sem hann gæti fengið leigubíl. Loks kom hann að röð verslana. Þetta virtist eins góður staður og hver annar, til að bíða eftir leigubíl. Hann fór inn í verslun, til að kaupa sér sætindi. Þegar hann var að borga afgreiðslumanninum, tók hann eftir klukku á veggnum. Klukkuna vantaði tíu mínútur í þrjú. Hann vissi að hann var á réttum stað, á réttum tíma. Um leið og hann gekk út úr búðinni, heyrði hann ískrið sem hann bjóst við. Hjúkrunarkona ýtti manni í hjólastól eftir gangstéttinni. Alveg eins og í sýninni, var maðurinn í hjólastólnum með Biblíu í fanginu.

Bill gekk að sjúklingnum og spurði: “Trúir þú þessari bók?”

Maðurinn svaraði ákveðið: “Já, það geri ég.”

“Gott, því að þessi bók inniheldur orð eilífs lífs. Hefur þú lesið í henni um það, þegar Jesús læknaði sjúka?”

“Oft.”

“Trúir þú að hann geti gert það sama í dag?”

“Sannarlega geri ég það.”

“Stattu þá á fætur í nafni Jesú Krists. Því svo segir Drottinn: ‘Þú ert orðinn heill.’”

Maðurinn beygði sig fram, greip í arminn á hjólastólnum og reyndi að standa upp. Hjúkrunarkonunni brá. Hún lagði hönd sína á öxl hans, þrýsti honum niður í sætið og sagði: “Þú getur ekki staðið upp. Þú meiðir þig.”

“Stattu upp,” sagði Bill og gaf ekki eftir. “Taktu mig á orðinu.”

“Hver ert þú?” spurði maðurinn.

“Það skiptir ekki máli. Stattu á fætur, herra minn, í nafni Drottins.”

Maðurinn ýtti hönd hjúkrunarkonunnar af öxl sinni og stóð á fætur. Eftir það gekk hann ekki, hann hljóp. Á því augnabliki kom leigubíll fyrir hornið og ók í áttina til þeirra. Bill veifaði honum að koma og brátt var hann á hraðri ferð til flugvallarins.

Daginn eftir, kom hann við á bókasafni í Jeffersonville, til að lesa dagblað frá Denver. Hann fann greinina sem hann var að leita að: “Leynardómsfull lækning manns úti á götu.” Enginn í Denver, vissi hvað hafði raunverulega átt sér stað. Bill sá enga ástæðu til að segja þeim það.

Eftir samkomurnar í Sviss árið 1955, eyddi William Branham næstum sex vikum heima hjá fjölskyldu sinni. Hann prédikaði aðeins eina helgi í Campbellsville í Kentucky og nokkra sunnudaga í heimakirkju sinni. Orman Neville, sem var aðstoðarforstöðumaður við Branhamtjaldbúðina steig ákafur til hliðar, svo Bill gæti ávarpað söfnuðinn. Enda þótt Bill hefði reynt að segja af sér sem forstöðumaður, þegar hann fór að starfa eingöngu við trúboð árið 1946, vildi söfnuðurinn hans ekki leyfa honum það. Þau litu enn á hann sem forstöðumann sinn, enda þótt hann prédikaði aðeins af og til í Jeffersonville. Gegnum árin hafði Bill farið að viðurkenna þetta fyrirkomulag, sem afleiðingu af kærleika þeirra og virðingu fyrir honum. Nú, þegar áherslur hans voru að færast meira yfir á kennslu, þýddi þetta að hann hafði ræðustól þar sem hann gat kennt dýpri hluti. Enda þótt hann væri farinn að boða dýpri kenningar á lækningasamkomum sínum, fannst honum samt takmörk fyrir því hvað hann gæti sagt og hve djúpt hann gæti farið í ákveðin efni. Heima í Branham tjaldbúðinni, gat hann útlistað kenningar eins ítarlega og tíminn leyfði.

Þann 24. júlí 1955, kenndi hann um illa anda. Hann notaði marga ritningarstaði, til að útskýra hvernig illir andar geta haft áhrif á líf fólks og hann sýndi fram á þessi atriði, með dæmum úr eigin reynslu af baráttu sinni við illa anda á samkomum sínum. Hann kallaði ræðu sína: “Tælandi andar.”

Áður en hann fór í textann, var stutt barnablessun, þar sem hann bað yfir nokkrum ungbörnum og helgaði þau Drottni. Hann trúði ekki á ungbarnaskír. Þess í stað kenndi hann, að sálir barna væru öruggar í Kristi, þar til þau væru nógu gömul til að bera ábyrgð á eigin ákvörðunum. Postulinn Pétur sagði: “*Gjörið iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf Heilagan anda.*” Skír er meðvitaður opinber atburður, sem nýkristnir ganga í gegnum, sem vitnar um það að þeir hafi snúið sér frá syndum sínum, til að fylgja Jesú Kristi. Þar sem ungbörn skilja ekki hvað það er að iðrast, þjónaði engum tilgangi að skíra þau. Samt sem áður, hvatti Bill kristnar fjölskyldur til að koma með börn sín í kirkju og láta prédikarann biðja yfir þeim, að blessun Guðs mætti vera yfir lífi þeirra. Hann vitnaði í Markús 10:13-16, þar sem Jesús sagði: “*Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki... og hann tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau.*” Eitt af börnunum, sem Bill helgaði Drottni þennan morgun var hans eigin sonur, Jósef.

Enda þótt William Branham væri í sumarleyfi frá trúboðsferðum sínum, var tími hans heima allt annað en friðsæll. Utanbæjarfólk kom heim til hans á öllum tímum og óskaði eftir fyrirbæn. Vegna þess að hann sá sýnir, hugsuðu margir sér hann sem spámann og trúðu því, að ef þeir gætu aðeins setið í stofunni hans og rætt við hann um vandamál sín, myndi Guð gefa spámanni sínum “svo segir Drottinn,” sérstaklega fyrir þau. Þau höfðu rétt fyrir sér, en í ákafa sínum eftir að heyra frá Guði, gerðu þau sér ekki grein fyrir álaginu, sem þessi viðtöl lögðu á sendiboðann.

Flestir í hans eigin söfnuði skildu þetta og til að létta byrði hans, reyndu sumir þeirra að hjálpa forstöðumanninum sínum, hvenær sem þeir gátu. Dag einn í júlí sló Banks Wood, sem átti heima í næsta húsi, grasflötina við húsið hjá Bill. Snemma næsta morgun, fóru Banks og kona hans yfir lóðarmörkin til að raka upp grasið á lóðinni áður en það yrði of heitt í sólinni. Um klukkan tíu fór Bill út, til að þakka nágrönnum sínum. Meðan þau töluðu saman, óku Leo Mercer og Gene Goad upp að húsinu. Bill kallaði Leo og Gene í gríni nemendur sína. Eins og Banks Wood og Willard Collins, höfðu Leo og Gene flutt til Jeffersonville, til að vera í námunda við William Branham og þjónustu hans. Þegar Bill ferðaðist, voru Leo, Gene og Banks oft með í ferð, til að taka upp samkomur hans. Þeir afrituðu síðan þessar upptökur og dreifðu þeim á lágu verði, til sívaxandi fjölda fólks, sem vildi fá eintök.

Leo, Gene og frú Wood stóðu úti í garði og voru að tala við Bill. Brátt lagði Banks frá sér hrífuna og slóst í hópinn. Þau fóru að ræða um morð á svæðinu, sem hafði átt sér stað nokkrum dögum áður. Ung kona hafði kæft nýfætt barn sitt í teppi. Vafið síðan vír um böggulinn og hent líki barnsins ofan í Ohioána. Bill notaði þennan harmleik, til að sýna fram á þá hnignun siðferðisgilda, sem hann varð var við á ferðum sínum um Norður-Ameríku. Ár frá ári, virtist þetta vera að versna. Því miður var þessi siðferðislega hnignun, einnig að síast inn í kirkjurnar.

Þessi hnignun var sérstaklega greinileg meðal kvenna. Bill var hissa á því, hve margar kristnar konur höfnuðu sinni kristnu arfleifð og tóku upp karlmannleg sérkenni, eins og að klippa hár sitt, ganga í buxum, og jafnvel prédika fagnaðarerindið úr ræðupúlti. Allt er þetta andstætt orði Guðs.²⁷ Með hverju árinu sem leið, voru fleiri

²⁷ Hér er vitnað í 1 Korintubréf 11:1-15, 5. Mósebók 22:15 og 1 Tímóteusarbréf 2:9-15

kristnar konur, sem leiddust í ranga átt. Þær hermdu eftir hinni soralegu tísku heimsins og reyndu að líta lokkandi út, með því að mála sig og ganga í ósæmilegum klæðnaði, eins og þröngum kjólum eða stuttbuxum, eða jafnvel sundfötum sem voru lítið annað en litaður nærfatnaður. Þessi breyting á gildum, hafði líka áhrif á börnin. Í stað þess að mæðurnar kenndu börnunum guðhræðslu og góða siði, kenndu þær þeim guðleysi og siðleysi gegnum fordæmi sitt. Verst af öllu var, að margt kristið fólk vissi ekki að þessir hlutir hryggðu Heilagan anda.

Þar til nýlega, hafði hann ekki sagt margt um þessa hluti í ræðum sínum, þar sem honum fannst það hlutverk forstöðumanna að leiðrétta söfnuði sína. En allt of margir forstöðumenn, prédikuðu ekki gegn heimshyggju og holdsins fýsnum. Bill fannst að einhver yrði að gera þetta. Ef forstöðumennirnir vildu ekki prédika gegn þessu, þá myndi hann gera það. Fólkíð þyrfti að þekkja muninn á réttu og röngu. Það varð að halda uppi biblíulegum gildum í kirkjunni, ef hinir kristnu vildu verða brúður Jesú Krists.

Meðan hann var að tala, sá Bill pokarottu taka sveig inn um hliðið að innkeyrslunni og kjaga eftir malarinnkeyrslunni í áttina að húsinu. Það var skrítið. Enda þótt pokarottur sé algengar í suðurhluta Indíanafylkis, rölta þær um á nóttunni og ferðast aldrei um á daginn, nema eitthvað sé að trufla þær. Þær eru svo gott sem blindar í dagsbirtunni. Hvers vegna var þá þessi pokarotta þangað komin? Pokarottur óttast venjulega fólk. Gat verið að þessi væri með hundæði? Hann skoðaði hana vandlega. Úr fjarlægð leit hún eðlilega út. Hún var örlítið stærri en köttur. Gróf gráhvít hár, þöktu líkama hennar. Hárin á andliti hennar voru hvít, eyrun hárlaus og skottið var

hárlaus eins og á rottu.



Pokarotta (*Didelphis virginiana*)

Þegar hún kom nær, tók Bill eftir því að hún haltraði og dró annan framfótinn. Bill gekk að henni, til að sjá hana betur. Dýrið nam ekki staðar þegar hann nálgadist, en það haltraði svo hægt áfram, að Bill gat skoðað það auðveldlega. Ljótt sár afmyndaði þá hlið dýrsins, sem

Bill hafði ekki séð úr fjarlægð. Ef til vill hafði það orðið fyrir bíl, eða þá að hundur hafði bitið það. Hvað sem hafði gerst, þá var öxl dýrsins limlest og blóðug og þar var sár sem náði alla leið upp að eyra. Fóturinn var líklega brotinn. Grænar flugur suðuðu í kringum opið sárið og ormar skriðu um í bleiku holdinu.

Bill notaði hrífuskaftið til að ýta pokarottunni á hliðina, til að hann gæti séð betur hve mikið hún var særð. Venjulega gerir pokarotta sig máttlaus við slíkar kringumstæður og þykist vera dauð, en þessi urraði og beit í hrífuskaftið. Þá sá Bill að hún var móðir, sem reyndi að verja ungana sína. Pokarotta ber ungana sína í poka á maganum, eins og kengúran. Þessi móðir var svo veikburða að magavöðvarnir héldu ekki pokanum hennar lokuðum. Bill taldi 8 litla unga, sem iðuðu inni í pokanum.

“Gene, Leo, komið hingað og ég skal kenna ykkur lexíu. Sjáið þið þessa pokarottumóður. Þótt hún sé aðeins mállaust dýr, er hún í mínum huga sönn hefðarfrú. Hún hefur meira móðureðli í sér en margar konur í dag, sérstaklega sú sem henti barninu sínu í ána um daginn. Sú kona áleit barnið sitt byrði og drap það, til að hún gæti hangið á börum og skemmt sér. Sjáið nú þessa pokarottu. Hún á líklega aðeins nokkra klukkutíma eftir ólifað og samt eyðir hún síðustu kröftum sínum í, að berjast fyrir ungana sína.”

Um leið og Bill lyfti hrífuskaftinu, braust pokarottumamman á fætur og haltraði það sem eftir var leiðarinnar að húsi Bill, þar sem hún hneig niður hjá tröppunum að veröndinni.

Frú Wood sagði: “Bróðir Branham, þú ættir að drepa hana og leysa hana undan þjáningum sínum. Þú verður að drepa ungana líka. Þeir eru svo litlir, að þeir munu ekki geta aflað sér fæðu.”

Bill hristi höfuðið: “Systir Wood, ég get það ekki.”

“Hvers vegna?” spurði hún. “Þú ert veiðimaður. Þú hefur drepíð mikið af villibráð.”

“Já, ég er veiðimaður. En ég drep bara það, sem ég get borðað eða nýtt á annan hátt. Stundum hef ég drepíð dýr, sem tortímdu öðrum dýrum. Ég drep aldrei bara til að drepa.”

“Þetta væri ekki tilgangslaust dráp. Þessi pokarotta mun deyja hvort eð er og þá munu allir ungarnir svelta. Það væri mannúðlegt að drepa þau.”

“Ég veit þú hefur rétt fyrir þér, systir Wood, en af einhverjum ástæðum get ég ekki fengið mig til þess.”

“Láttu þá Banks fara með þau út fyrir og drepa þau.”

“Nei,” sagði Bill, “látið þau bara vera þar sem þau eru niðurkomin fyrst um sinn.”

Allan daginn lá pokarottumamman hjá veröndinni og bakaðist í júlísólinni. Allir sem komu í viðtöl og til að fá fyrirbæn, tóku eftir henni og spurðu um hana. Nokkrum sinnum um daginn, ýtti Bill við henni með priki, til að aðgæta hvort hún væri enn á lífi. Í hvert skipti rumdi hún, en gerði enga tilraun til að hreyfa sig. Ekki heldur þegar Bill setti mat og vatn hjá henni. Í eitt skipti hellti hann vatni yfir hana, til að reka burt flugurnar, en þær sveimuðu strax til baka.

Um kvöldið bankaði Banks Wood á dyr hans og sagði: “Bróðir Branham, þú ert búinn að þjónusta nóg í dag. Af hverju leyfir þú mér ekki að fara með þig í bíltúr, svo þú getir slakað dálítið á?” Bill samþykkti það með ánægju.

Þeir eyddu næstu klukkustundum í að aka um sveitina og dást að skógunum og ökrunum, bóndabýlunum og hlöðunum og þeir töluðu allan tímann um gæsku Guðs. Þegar Bill kom heim klukkan 11, ýtti hann við pokarottunni til að sjá hvort hún væri þegar dauð. Hún stundi eyndarlega og skalf.

Stunan ásótti hann alla nóttina. Hann gekk um gólf í marga klukkutíma og hugsaði um hana. Stunan smeygði sér meira að segja inn í drauma hans.

Snemma næsta morgun, fór hann út á veröndina til að hnippa aðeins í hana með fætinum. Í þetta skipti kipptist afturfótur hennar til, en hún hreyfði sig ekki að öðru leyti. Hún opnaði ekki einu sinni augun. Bill vissi að það myndi ekki líða langur tími núna, þangað til hún væri dauð. Hann fór inn og settist niður í vinnuherberginu. Hann nuddaði andlit sitt og hugsaði: “Ég verð að gera eitthvað við þessa pokarottu í dag. Hvað á ég að gera?”

Rödd í loftinu svaraði honum: “*Í gær kallaðir þú hana dömu og notaðir hana í ræðu. Þú hrósaðir henni fyrir að vera sönn móðir.*”

“Það er rétt,” sagði Bill. “Hvað með það?”

“*Hún er búin að liggja á dyraþrepunum hjá þér eins og sönn dama, og hefur beðið eftir því að það kæmi að henni að fá fyrirbæn.*”

“Nú, ég vissi það ekki, – ég...” Bill reis upp með erfiðismunum. Augu hans hvörfluðu um herbergið meðan hann velti fyrir sér: “Hvað er að gerast? Við hvern er ég að tala? Ég var að svara einhverjum?”

Hann heyrði rödd segja skýrt og greinilega: “Ég sendi hana til þín til fyrirbænar. Nú hefur hún legið við dyr þínar í næstum 24 tíma og þú ert ekki enn búinn að biðja fyrir henni.”

Bill laut höfði: “Kæri Guð, varst það þú sem sendir hana til mín? Fyrirgefðu hinum heimsku þjóni þínum, að hafa ekki skilið það.” Nú sá hann þetta skýrt og greinilega. Pokarottan hafði aðeins getað komið úr skógarþykkninu, sem var í 140 metra fjarlægð. Til að komast að húsi hans, varð hún fyrst að fara framhjá fjórum öðrum húsum, sem voru öll nær veginum en hans hús og voru öll án girðingar. Hans hús, var eina húsið með girðingu umhverfis garðinn. Samt hafði hún haltrað eftir innkeyrslunni og neitað að nema staðar, þar til hún var komin upp að dyrum. Guð hlaut að hafa leitt hana.

Hann skálmaði út, stóð rétt hjá pokarottunni, rétti upp hendur og bað: “Himneski faðir, ég veit að þú leiðir börnin þín til að fá fyrirbæn þegar þau eru veik. Ég veit líka að þú lætur þér annt um smáfuglana. Ef þinn Heilagi andi hefur leitt þetta mállausa dýr hingað, til að fá fyrirbæn, þá fyrirgefðu mér að hafa verið of heimskur til að vita það. Ég bið þig, Himneski faðir, í Jesú nafni, læknaðu þessa hugrökku móður.”

Um leið og hann nefndi nafn Jesú, lyfti pokarottan upp höfðinu og horfði í augun á Bill. Nokkrum mínútum seinna velti hún sér á magann, tók ungana sína upp og setti þá aftur í pokann sinn. Síðan stóð hún á fætur og tók nokkur óstöðug skref. Með hverju skrefi virtist hún styrkjast, er hún gekk eftir innkeyrslunni án þess að haltra neitt. Þegar hún kom að hliðinu, nam hún staðar við einn af stólpunum sem var í laginu eins og píramídi og horfði á Bill, eins og til að segja: “Þakka þér, góði herra.” Síðan beygði hún til vinstri og þeyttist eftir götunni í áttina að öryggi skógarins.

Þegar Bill predikaði út frá þessari sögu síðar, sagði hann: “Ef Guð hefur næga hluttekningu til að miskunna sig yfir fávísa pokarottu, hugsað ykkur hve miklu meira honum er annt um syni sína og dætur sem eru í þörf. Kraftur Satans er takmarkaður. Kraftur Guðs er takmarkalaus.”

Kaflí 73

Engillinn ljósmyndaður í Sviss 1955

Dr. Adolph Guggenbuhl taldi lækningasamkomuherferð William Branham í Sviss, einstaklega vel heppnaða. Áheyrendafjöldinn hreif hann, sem og spennan og virðingin sem hann sá á andlitum allra þeirra, sem heyrðu hina yfirnáttúrlegu greiningu og sáu Jesú Krist lækna sjúka og gera önnur kraftaverk. Um leið og Zürich herferðinni lauk bað dr. Guggenbuhl, William Branham að leyfa sér að skipuleggja herferðir í Evrópu sama sumar til að fylgja henni eftir. Þegar Bill samþykkti að koma aftur, skipulagði dr. Guggenbuhl tvær vikur af samkomum um miðjan ágúst árið 1955. Fyrri vikuna í Karlsruhe í Þýskalandi og síðari vikuna í Lausanne í Sviss. Þegar leiðtogar svissnesku siðbótarkirkjunnar fréttu af þessum fyrirætlunum, gerðu þeir allt sem þeir gátu, til að koma í veg fyrir að af þessum samkomum gæti orðið. Þegar viðleitni þeirra í þeim efnum brást í Sviss, sendu þeir flóð mótmæla til ríkisstjórnar Þýskalands og þrýstu á hana, að banna William Branham að koma til Þýskalands. Dr. Guggenbuhl ók til Bonn, til að koma andmælum á framfæri. Það gerði ekkert gagn. Áhrif svissnesku siðbótarkirkjunnar, höfðu lokað og læst dyrunum. Dr. Guggenbuhl bað fyrir því, hvað hann ætti að gera næst og Guð sýndi honum hvernig hann gæti dýrkað lásinn upp.

Eftir ósigur Þýskalands í seinni heimsstyrjöldinni, var landinu skipt í fjögur hernámssvæði. Hverju þeirra var stjórnað af einu af hinum sigursælu löndum bandamanna: Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi og Rússlandi. Borgin Karlsruhe, var á hernámssvæði Bandaríkjamanna. Dr. Guggenbuhl ákvað að fara með mál sitt beint til bandaríska ofurstans, sem hafði stjórn á því svæði.

Ritari fylgdi dr. Guggenbuhl inn á skrifstofu yfirmannsins. Ofurstinn heilsaði honum kurteislega og settist síðan við skrifborðið sitt, til að hlýða á mál hans. Dr. Guggenbuhl útskýrði fyrir honum: “Ég er fulltrúi bandarísks trúboða, sem trúir að Guð vilji að hann prédiki í Þýskalandi í þessari viku. En siðbótarkirkjan er á móti kenningum hans, svo þeir sannfærðu yfirvöldin um að neita honum um dvalarleyfi. Rök mín eru þessi: Ef þeir leyfa Billy Graham að koma og prédika, hvers vegna þá ekki hinum mannum?”

Ofurstinn hallaði sér aftur á bak í stólnum og spurði: “Hvað hafa þeir á móti þessum náunga?”

“Hann biður fyrir sjúkum og nær árangri, miklum árangri, yfirnáttúrulegum árangri. Ég held að siðbótarkirkjunni finnist hugmyndin um yfirnáttúrulegan Guð, sem maður getur séð að verki, óþægileg.”

“Biður fyrir sjúkum segir þú. Hver er þessi trúboði?”

“Nafn hans er William Branham.”

“Bróðir Branham!” Ofurstinn hrökk fram á við í stólnum. “Móðir mín læknaðist á samkomu hjá bróður Branham í Virginíu. Hún steig upp úr hjólastól. Segðu bróður Branham að koma. Ég mun sjá til þess persónulega, að hann komist inn í landið.”

Enda þótt siðbótarkirkjan gæti ekki varnað Bill að koma til Þýskalands, hindraði hún að hann gæti notað opinbera íþróttaleikvanginn í Karlsruhe. Það hélt ekki aftur af dr. Guggenbuhl. Hann leigði land af bónda og byggði þar stóra grind úr timbri og klæddi hana síðan með léttum striga. Þessi bráðabirgðakapella gat skýlt mörg þúsund manns frá regni eða sól, en það var óvíst hvort hún gæti staðist stormviðri.

Þriðjudaginn 11. ágúst árið 1955, stigu Bill og Billy Paul Branham, Fred Bosworth og Miner Arganbright upp í flugvél í New York og flugu til Karlsruhe í Þýskalandi. Þeir hófu lækningasamkomurnar á föstudagskvöldi. Mög þúsund manns fylltu strigaklædda kapelluna og mörg þúsund til viðbótar, stóðu fyrir utan og horfðu inn í gegnum op á tjaldinu. Á bílastæðinu fyrir utan, voru sjötíu og sjö rútur ásamt mörg hundruð einkabílum. Næstu tveir dagar, opnuðu augu Þjóðverja fyrir hinu yfirmáttúrulega. Á sunnudagssíðdegini, bauð Bill eilífðina með frelsaranum, sérhverjum karli, konu og barni, sem tæki við blóðfórni Jesú Krists sem friðþægingu fyrir syndir sínar. Mörg þúsund manns tóku við því. Það kvöld sýndi Jesús fyrir Heilagan anda enn á ný, að hann var lifandi. Í fyrsta lagi, í gegnum hina fullkomnu greiningu. Í öðru lagi, gegnum hin máttugu kraftaverk.

Eftir þá samkomu, fylgdi þýsk herlögreglusveit, Bill og Billy Paul að bíl þeirra. Hryðjuverkamenn kommúnista, höfðu hótad að myrða bandaríska trúboðann, svo yfirvöldin höfðu falið sérsveit



Tjaldkapellan nálægt Karlsruhe

lögreglumanna að vernda hann. Þegar Bill nálgadist svörtu drossíuna, sem var notuð til að aka honum á samkomur og aftur til baka, þá beygði bíll skyndilega af veginum og ók á ofsahraða gegnum bílastæðið og stefndi beint á trúboðann og son hans. Bill hoppaði inn um afturdyrnar, en Billy Paul var enn í vegi fyrir ofstækismanninum. Á síðustu stundu, hreif Bill son sinn úr hättunni.

Morguninn eftir, hringdi leiðtogi hóps andatrúarmanna og bað um að fá að hitta bandaríska trúboðann. Dr. Guggenbuhl neitaði manningnum um viðtal. Hinn móðgaði leiðtogi sagði: “Í kvöld mun ég og fylgismenn mínir leggja bölvun á Branham samkomuna. Við munum særa fram svo

mikinn storm, að hann mun blása allt um koll. Við munum sýna honum vald okkar.” Þegar dr. Guggenbuhl sagði Bill frá þessari hótun, hafði Bill engar áhyggjur. Hann vissi að vald Jesú Krists, gæti staðist sérhverja bölvun óvinarins.



Bill predikar í kapellunni

Þetta kvöld, prédikaði Fred Bosworth um trú og lækningu í Jesú nafni og lagði grunninn að fyrirbænaþjónustunni, sem fylgdi í kjölfarið. Allan daginn ýtti mildur andblær skýjunum um himininn. Þau huldu sólina af og til, en þess á milli sást til sólar. Stuttu eftir að Bill hafði gengið upp tröppurnar og heilsað áheyrendum, tók vindinn að herða. Hann saug strigann inn á við og sleppti honum síðan, eins og hann væri risastórt segl. Vindurinn saug strigann inn og blés hann út aftur og aftur, eins og risastórt lunga væri að anda. Þrumuhljóð frá fjarlægum eldingum, voruðu

mannfjöldann við því, að enn verra veður væri á leiðinni. Bill hélt áfram að tala um trú og lækningu. Hann sagði söguna af blinda Bartímeusi, sem sat við veginn til Jeríko og hrópaði til Jesú, að nema staðar og lækna sig.²⁸ Brátt gerði ýlfrandi vindhljóðið fólkinu erfitt fyrir að heyra í honum, meira að segja með hjálp hátalara. Þrumuveðrið

²⁸ Hér er vitnað í Jóhannes 10:46 -52

færðist nær og dundi eins og víglína þegar her nálgast, skotið er úr fallbyssum og sprengjur springa. Vindurinn svifti strigatjaldinu, sem ekki var gert til að standast slíkt álag, miskunnarlaust til og frá. Hann hringsnerist um inngangana og virtist ætla að lyfta öllu saman upp, eins og flugdreka.

Bill vissi að þetta var ekki venjulegur stormur. Frá því að fyrsta þruman dundi, hafði hann verið að biðja Drottin að sýna sér, hvað hann ætti að gera. Nú sá hann lítinn, dökkan skugga svífa yfir mannsöfnuðinn, sem samanstóð af nokkur þúsund manns. Hann fylgdist með skugganum, þar sem hann staðnæmdist yfir hópi 15 manna, sem sátu þar í röð. Þeir beindu fjöðrum að honum og muldruðu orð sem hann gat ekki skilið. (Síðar komst hann að því, að þeir söngluðu: “Í nafni Guðs föður, sonar og Heilags anda, köllum við fram storm til að tortíma þér.”) Síðan tók hann eftir annarri röð af mönnum í næstu sætaröð, sem voru að gera það sama. Það voru um 30 manns í allt, sem veifuðu fjöðrum og söngluðu. Meðan Bill virti þessa menn fyrir sér og hina sérkennilegu hegðun þeirra, dró sýn tjöldin sem eru á milli vídda burt. Hún afhjúpaði leiðtoga sértrúarhópsins, sem beygði kné sín fyrir hinum illu öndum í kringum hann.

Bill sneri sér að túlkinum og sagði: “Bróðir Lowster, ekki túlka þetta.” Síðan laut hann höfði og bað: “Drottinn Guð, skapari himins og jarðar. Ég stend á þýskri grund í nafni Jesú Krists. Þú sendir mig hingað, vegna hjálpræðis þessa fólks. Satan, ég skipa þér í Jesú nafni að víkja héðan.” Síðan leit hann upp, horfði á leiðtoga hópsins og sagði mjúklega: “Þú ert barn djöfulsins. Eins og Jannes og Jambres, hefur þú vald til að gera kraftaverk.”²⁹ En þú getur ekki snert hinn yfirnáttúrulega Guð. Vegna þess að þú hefur reynt að eyðileggja þessa samkomu, verður þú að borga fyrir það.”

Skyndilega sá Bill eldstólpann fyrir framan sig, þar sem hann sveimaði fyrir ofan konu, sem var bundin niður á sjúkrabörur. Nú sá hann dálítið yfirnáttúrulegt í sýn. “Þarna,” sagði hann og benti, “konan sem liggur á sjúkrabörunum, hún er með berkla og hryggur hennar er kominn í tvo hluta. Vill einhver ykkar fara og leysa böndin.”

Virðulegur maður í fremstu röð, stóð upp og mótmælti. “Þið getið það ekki. Ég er læknirinn hennar. Hún verður að vera algerlega hreyfingarlaus. Annars gæti hún dáíð.”

“Leysið hana,” sagði Bill. “Því að svo segir Drottinn: ‘Hún er læknuð.’”

Einhver leysti böndin og konan á börunum, sem hafði styrkst í trúnni, stóð upp. Áheyrendur tóku andköf allir í einu, þegar hún gekk berfætt niður sagi stráðan gangveginn. Þetta fyrsta kraftaverk Karlsruhe herferðarinnar, kveikti eld eftirvæntingar í þúsundum hjartna og sannfærði marga efasemdammenn. En samt ekki alla.

Tíu mínútur höfðu liðið, frá því að Bill ávitaði leiðtoga andatrúarhópsins, sem hafði lagt á bölvun og valdið storminum. Á þessum tíma hafði storminn lægt, þar til hann var bara hvísl og skýin höfðu gufað upp. Nú gat sólin kysst helgidóminn góða nótt. Bill lauk ræðu sinni og kallaði síðan 15 manns fram til fyrirbæna. Meðan þessir 15 einstaklingar mynduðu röð til hægri við hann, tók Bill eftir því að maðurinn sem hafði staðið gegn honum, sat nú máttlaus í sæti sínu. Bróðir Lowster, sjáðu þennan mann þarna. Sjáðu hvernig höfuð hans lútir fram og handleggir hans eru máttlausir. Eitthvað hefur komið fyrir hann. Sendu einhvern þangað, til að gæta að því hvað er að.”

Þegar þeir rannsökuðu málið, komust þeir að því, að leiðtogi andatrúarhópsins gat ekki hreyft sig. Hópur samkomuþjóna, varð að bera hann út úr byggingunni. Bill vissi aldrei hvað um hann varð.

Meðan allir uppi á pallinum, fylgdust með þessum litla leikþætti ljúka, leiddi samkomuþjónn blinda stúlku upp stigann upp á pallinn og skildi hana eina eftir. Það

²⁹ Hér er vitnað í 2. Mósebók 7:11 og 2 Tímóteusarbréf 3:8

voru mistök. Eirðarlaus ráfaði blinda stúlkan af stað, í leit að bandaríkjamanninum. Bill sá hana, þar sem hún var um það bil að stíga fram af brún pallsins. Hann greip í hana og dró hana til baka.

Á þýsku sagði hún: “Mig langar að hitta manninn, sem ætlar að biðja fyrir mér.”

Herra Lowster sagði: “Hann heldur í hönd þína.”

Stúlkan faðmaði Bill svo hlýlega að sér, að hjarta hans bráðnaði af samúð. Hún leit svo sakleysislega út í kjól með blómamynstri. Hári hennar var skipt fyrir miðju og það fléttað í tvær fléttur. Hún var um það bil átta ára gömul. Jafn gömul og dóttir hans, Rebekka.

Skyndilega sá hann þessa stúlku í sýn sem nýfætt barn. Bill sá hana hvíla í faðmi móður sinnar. Móðir hennar var hávaxin og grönn. Faðir hennar var þéttvaxinn og hafði dökkt hár. Næst sá hann lækni lúta yfir hana, skoða augu hennar og lýsa hana blinda. Þegar sýnin yfirgaf hann, sagði hann áheyrendum hvað hann hafði séð, meðan hann virti andlit þeirra fyrir sér. Hann sá móður stúlkunnar sitja nokkrum röðum fyrir aftan. Bill sagði: “Auðvitað hef ég ekkert vald til að lækna hana. Jesús Kristur er eini græðarinn.”

Hann leit niður á blindu stúlkuna, sem hélt dauðahaldi í hann í örvæntingu. Meðan hann horfði á hana virtist hún skiljast að og verða tvær stúlkur. Tvíafari hennar, gekk yfir brún pallsins, skoppaði í lausu lofti og benti á mismunandi hluti. Nú vissi Bill, hvað myndi gerast. Blíðlega lyfti hann höfði hennar frá öxl sinni. Hún horfði framhjá honum og starði upp í loftið. Síðan sagði hún eitthvað á þýsku. Lowster þýddi: “Bróðir Branham, hún spyr hvaða kringlóttu hlutir þetta séu fyrir ofan okkur.” Hún sá rafmagnsljósinn fyrir ofan. Bill hélt tveimur fingrum upp að andliti hennar. “Hve mörgum fingrum held ég á lofti?”, spurði hann í gegnum túlkinn sinn.

“Tveimur,” svaraði hún og lyfti tveimur af litlu fingrunum sínum til samræmis.

Mamma hennar æpti og hljóp svo hratt upp á pallinn, að hún missti af sér annan skóinn í tröppunum. Bráðlega þakti hún andlit dóttur sinnar með kossum. Litla stúlkan spurði: “Ert þú mamma mín?”

“Já, elskan,” svaraði hún.

Hún hélt um andlit móður sinnar með litlu höndunum sínum og sagði aftur og aftur: “Mamma, þú ert svo falleg, svo falleg.”

Síðar leiddi samkomuþjónn, miðaldra mann upp á pallinn. Þegar Bill spurði þennan mann spurningar gegnum þýska túlkinn, svaraði maðurinn með því að gera táknið með höndunum. Það tók nokkrar mínútur að finna einhvern sem gæti túlkað táknið, en loks komst Bill að því, að þessi maður var fæddur daufdumbur. Eftir að hafa beðið fyrir lækningu hans vissi Bill að þessi maður, sem eitt sinn var daufdumbur, gat nú heyrt og talað. Þar sem hann hafði aldrei áður heyrt eða talað eitt einasta orð, var eitt tungumál jafngott og annað til að reyna lækningu hans. Bill hvíslaði að þýska túlkunum, að biðja tákniðstúlkinn að segja manninum að endurtaka það sem Bill sagði. Síðan sagði Bill: “Mamma.”

Maðurinn muldraði eitthvað sem líktist mamma.

Bill sagði: “Ég elska Jesús.”

Maðurinn sagði óskýrt eitthvað sem gat líkst: “Ée eska esú.”

Bill sagði: “Lofaður sé Drottinn.”

Maðurinn sagði örlítið skírar: “Lofaður sé Drottinn.”

Enda þótt þrumuskýin fyrir utan væru horfin, var loftið inni í byggingunni þrungið af lofgjörðarhrópum til Jesú Krists. Það kvöld gerði Guð meira en að lægja storm. Hann þaggaði líka niður í fjölda gagnrýnenda.

Eftir 10 daga í Þýskalandi, ferðaðist Branhamhópurinn 150 kílómetra í suður frá Karlsruhe til Lausanne í Sviss. Það er borg, sem er staðsett á norðurströnd

Genfarvatns, ekki langt frá landamærum Frakklands. Mörg þúsund frönskumælandi Svisslendingar fylltu risastóran leikvang, til að hlýða á manninn sem sagði að engill Guðs stæði við hlið sér, þegar hann bæði fyrir sjúkum. Við lok vikunnar, voru jafnvel sumir prestar ríkiskirkjunnar næstum sannfærðir um að það væri satt. Á laugardagsmorgninum 27. ágúst 1955, söfnuðust um 40 forstöðumenn saman í sal lúxushótels í Lausanne, til að borða morgunverð með trúboðanum. Bill sat við enda borðsins ásamt Guggenbuhl, Bosworth, Arganbright og öðrum manni sem var talsmaður og túlkur svissnesku guðspjónanna.

Eftir morgunmatinn sagði talsmaðurinn: “Við vitum að eitthvað yfirnáttúrulegt gerist á samkomum þínum, en við erum ekki vissir hvað það er. Við skiljum ekki hvernig þú getur séð sýnir. Getur þú gefið okkur vísindalega útskýringu á því, hvernig þetta virkar?”

“Ég get ekki útskýrt það, vegna þess að það er Guð. Og það er ekki hægt að útskýra Guð. Maður verður að trúá honum. Ég gæti gefið ykkur fjölda ritningarversa í sambandi við sýnir, en þið þekkið þau flest nú þegar. Hvað vísindalegar útskýringar varðar, þá hef ég engar. Það sem kemst næst því, eru myndir sem hafa verið teknar af engli Drottins, sem sanna vísindalega að hann er raunverulegur.”

“Séra Branham, við erum með atvinnuljósmyndara með okkur í dag. Ef engillinn kemur hingað þennan morgun, getum við þá reynt að taka mynd af honum?”

“Þið getið það, ef þið notið ekki flass. Undir smurningunni, sé ég engil Drottins sem bjart ljós. Sé ég að fylgjast með englinum, þegar einhver smellir af með flassi, verð ég ringlaður og það getur jafnvel stöðvað sýnina. Þess vegna leyfi ég fólki ekki að taka myndir með flassi á samkomum mínum.”

Ljósmyndarinn sannfærði Bill um að flass væri ekki nauðsynlegt, vegna þess að hinir stóru gluggar veislusalarins hleyptu heilmiklu sólarljósi inn í herbergið. Meðan myndatökumaðurinn var að setja myndavélina upp á þrífót, sagði talsmaðurinn: “Bróðir Branham, vertu viss um að láta myndatökumanninn vita ef þú sérð engilinn.”

“Ég læt ykkur vita ef hann kemur.”

“Þakka þér fyrir. Sumir okkar eru að hugsa um að koma með boðskap þinn inn í kirkjurnar okkar, ef við aðeins getum sannað að þetta séu ekki galdrar.”

“Galdrar!” Bill brá við. “Bræður, í alvöru! Galdrar? Það er fáránlegt. Það er algerlega ómögulegt fyrir illan anda, að hafa eitthvað að gera með guðlega lækningu. Sérhvert vers Ritningarinnar er gagnstætt því. Jesús sagði sjálfur: ‘Ef Satan rekur Satan út, ríkir sundurþykkja í ríki hans og það fær ekki staðist.’³⁰ Sjáið til. Hann getur þetta ekki. Raunveruleg lækning kemur aðeins frá Jesú Kristi.”

“Nú, greiningin þín er sá hluti af þessu, sem veldur okkur vandræðum. Sumir leiðtogar okkar segja að þetta sé bragð. Þeir halda að þú farir um borgina á daginn og talir við fólk. Síðan afhendir þú þeim fyrirbænauspjöld og kallar á það um kvöldið, vegna þess að þú þekkir þetta fólk þá þegar.”

“Spurðu fólkið seinna. Það getur sagt þér frá þessu. Ég hef aldrei séð þetta fólk áður á minni lífsfæddri ævi.”

“Ef til vill lest þú hugsanir þess.”

“Hvernig gæti ég lesið hugsanir fólksins? Ég tala ekki einu sinni mál þess. Þegar ég segi frá sýnunum, verð ég stundum að stafa nöfn fólksins, vegna þess að ég get ekki borið þau fram.”

“Ef til vill notar þú hugsanaflutning, til að lesa það sem fólkið skrifaði á fyrirbænauspjöldin sín.”

³⁰ Hér er vitnað í Markús 3:22-30

“Getur hugsanaflutningur opnað augu blindra? Bræður, sýnið skynsemi. Hver er það, sem getur læknað sjúka og sagt fyrir um framtíðina? Trúið þið virkilega á alvitran, almáttugan Guð?”

“Ó, við trúum á Guð, en þetta er svo frábrugðið því sem okkur hefur verið kennt.”

Bill varð þreyttur á þessari efahyggju þeirra. Hann sagði: “Bræður, vandi ykkar er sá, að þið eruð andlega blindir og það er miklu verra, en að vera líkamlega blindir. Augun í höfði ykkar sjá hluti, sem spámenn og mikilmenni hafa þráð að sjá og samt viljið þið ekki trúa því. Jesaja talaði um ykkur þegar hann sagði: “Þið hafið augu, en sjáið ekki, eyru en heyrið ekki.”³¹ Hann talaði þessi hvössu orð í mildum tón, sem lét þau hljóma eins og velviljaða viðvörðun og áheyrundur hans virtust taka við þeim í góðum anda. Spurningarnar héldu áfram enn um stund. Loks bað Bill alla að standa á fætur og sameinast honum í bæn. Skyndilega fann hann fyrir nærveru engils Drottins. “Andartak, herrar mínir. Sá sem ég er að tala um, er hingað kominn.”

Við þá ábendingu, tók ljósmyndarinn nokkrar myndir með stuttu millibili. Á sama tíma opnaði sýn, trúboðanum opinberun. Bill sagði: “Gráhærði maðurinn sem er hinu megin við borðið er ítali. Herra, þú varst áður leiðtogi 32.000 kommúnista. Þú varst alinn upp sem kaþólskur, en seinna tókst þú upp Biblíuna og last að Jesús Kristur dó, til að frelsa þig frá syndum þínum. Og þú tókst við því. Nú rekur þú munaðarleysingjahæli og skóla lengst uppi í fjöllum. Ástæða þess að þú hefur ekki snert við matnum þínum er sú, að þú ert með magasár, sem oft veldur því að þú getur alls ekkert borðað.”

Ítalinn staðfesti að hvert orð af þessu væri sannleikur.

Bill sagði: “Svo segir Drottinn, borðaðu morgunmatinn þinn núna. Magi þinn er læknaður.”

Varlega borðaði ítalinn dálítið af eggi. Þegar sá biti fór vel í hann, réðst hann á mat sinn eins og maður, sem hefur rétt í þessu verið leystur úr fangelsi kommúnista. Bill spurði guðsþjónana við matarborðið: “Hvers konar fyrirbænaþjaldhugsanaflutning notaði þessu náungi?”



Mynd 1: Lausanne í Sviss

Þegar atvinnuljósmyndarinn framkallaði filmurnar, sýndi hann Guggenbuhl þær strax. Hann sýndi síðan Bosworth og Branham fjórar þeirra. Dr. Guggenbuhl gat varla haldið aftur af sér fyrir spennu. Þessar fjórar ljósmyndir, sýndu engil Drottins greinilega þar sem hann kom inn í veislusalinn.

Fyrsta ljósmyndin var eðlileg. Hún sýndi 40 guðsþjóna standa og biðja fyrir framan sæti sín. Starfsfólk hótelsins hafði sett

borðin saman þannig, að þau mynduðu rétthyrning og tvö lengstu borðin voru í norður og suður. Guðsþjónarnir stóðu beggja vegna við borðið, á móti hver öðrum og lutu höfði. Myndavélin var staðsett á þrífæti í suðurenda herbergisins. Þar sem Bill horfði í myndavélin frá norðurhluta herbergisins, náði myndavélin skýrri, en þó fjarlægri mynd af höfði hans. Bakvið hann var veggur með glergluggum og hurðum að

³¹ Hér er vitnað í Matteus 13:11-17 og Jesja 6:9-10



Mynd 2: Lausanne í Sviss

þar sem Bill var að biðja. Þetta yfirnáttúrulega ljós, var þrjú eða fjögur fet í þvermál og virtist titra svo hratt, að myndavélin gat ekki fryst mynd þess. Því voru útlínur þess óskýrar.



Mynd 3: Lausanne í Sviss

hótelanddyrinu. Gluggar sem sneru til austurs voru hægra megin á myndunum, svo morgunsólin lýsti allt í herberginu hægra megin, en varpaði skugga vinstra megin.

Á næstu mynd höfðu skuggarnir dreifst og færst úr stað. En ekki vegna rafmagnsljósanna fyrir ofan (sem myndin sýndi að voru slökkt), heldur af stórum ljóshnetti, sem sveimaði milli loftsins og gólfsins og virtist stíga beint niður á þann stað,

Þriðja myndin sýndi þennan bómullarhnoðra úr ljósi, umlykja höfuð Bill og hylja það algerlega svo það sást ekki.

Á fjórðu myndinni sátu allir guðsþjónarnir nema Bill og túlkur hans. Ljósið var nú um tvö fet í þvermál og leit út eins og geislabaugur fyrir ofan höfuð Bill. Ljósið virtist hafa færst aðeins til vinstri, yfir hægri öxl hans. Bill hafði rétt vinstri hönd sína upp í augnhæð og virtist vera að leggja áherslu á eitthvað,

meðan hann talaði.

Dr. Guggenbuhl sagði: “Ljósmyndarinn notaði myndavél, sem var framleidd í Þýskalandi og er ein af þeim bestu í heimi. Hann tók tugi mynda í veislusalnum, áður en hann tók þessar myndir. Og hann tók tugi mynda eftir að hann tók þessar. Og þær voru allar eðlilegar. Svo það gæti ekki verið neitt að myndavélinni.”

Bill rannsakaði myndirnar vandlega. “Þetta er sannarlega engill Drottins. Sjáðu fyrstu myndina, þar sem allir standa. Það var þá, sem ég fann fyrst fyrir nærveru engilsins. Síðan er það önnur myndin. Þar sést engill Drottins koma í áttina til mín, eins og eldhnöttur. Á þriðju myndinni, sést hann hylja höfuð mitt algerlega. Það var þá, sem sýnin átti sér stað. Á síðustu myndinni, sést hann yfirgefa mig. Takið eftir því, hvernig hann fjarlægist hægra megin við mig. Engillinn stendur alltaf hægra megin við mig. Þess vegna læt ég alltaf fyrirbænaröðina standa hægra megin við mig, til að fólkið standi nálægt englinum.”

“Heldur þú að þetta sannfæri þessa prédikara?”

“Ef þeir trú á Guð mun það gera það. Séu þeir ekki sanntúáðir, mun ekkert sannfæra þá.”

“Alveg eins og í Zürich tveimur mánuðum áður, var þessi seinni Evrópuferð hans



Mynd 4: Lausanne í Sviss

árið 1955, stórkostlega vel heppnuð. Þegar Branhamhópurinn lagði mat á viðbrögðin við þessum tveggja vikna samkomum, mátu þeir það svo, að 100.000 manns hefðu annað hvort gefið Jesú Kristi líf sitt, eða meðtekið lækningu hans.

Í síðustu ræðu sinni í Lausanne, vandaði Bill enn um við svissnesku siðbótarkirkjuna, fyrir þá trú þeirra að Jesús hefði

ekki verið fæddur af meyjju. Hann prédikaði: “Ekki alls fyrir löngu, sagði kona í Ameríku við mig: ‘Bróðir Branham, þú gortar allt of mikið af Jesú á hinni jarðnesku vegferð. Þú gerir hann guðdómlegan.’ Ég sagði: ‘Hann var guðdómlegur.’ Hún sagði: ‘Hann var mikill spámaður, en samt var hann aðeins maður og ég get sannað það gegnum Biblíuna.’ Ég sagði: ‘Ég myndi gjarnan vilja sjá þig reyna það.’ Hún fletti upp á 11. kafla Jóhannesarguðspjalls og las fyrir mig versin, þar sem Jesús grætur við gróf Lasarusar. Hún sagði: ‘Aðeins maður gæti grátið.’ Ég sagði: ‘Kona, hann var maður þegar hann grét við gróf Lasarusar. En þegar Hann skipaði Lasarusi að koma út, sem hafði verið dáinn í fjóra daga en reis á fætur og var aftur lifandi, þá var Hann meira en maður. Hann var meira en spámaður. Hann var Guð.’”

“Jesús var maður, þegar hann sofnaði í bátnum. Hann var svo þreyttur, eftir að hafa prédikað allan daginn og beðið fyrir sjúkum, að stormurinn vakti hann ekki. Þessi litli bátur veltist um á vatninu eins og korktappi. Tíu þúsund illir andar vatnsins, sóru að þeir myndu drekkja honum það kvöld. En þegar Hann leit upp til himins og sagði: ‘Þegi þú, haf hljótt um þig,’ og stormurinn hlýddi honum,³² það var meira en maður. Það var Guð.

Hann var maður þegar hann hékk á krossinum og dó fyrir syndir okkar, hin æðsta fórn. En á páskadagsmorgun, þegar steinninn valt frá gróf Hans og Hann gekk út, þar sannaði Hann að Hann var Guð.”³³

³² Hér er vitnað í Markús 4:36-41, líka Matteus 8:23-27 og Lúkas 8:22-25

³³ Hér er vitnað í Matteus 28:1-15, Markús 16:1-14, Lúkas 24:1-49 og Jóhannes 20:1-23

Kaflí 74

Engillinn kennir honum að veiða 1955

Eftir sumarsamkomurnar í Evrópu, skipulagði William Branham aðeins tvær langar samkomuherferðir á síðasta ársfjórðungi ársins 1955. Hann prédikaði á átta kvöldsamkomum í Chicago, fyrstu tvær vikurnar í október, rétt áður en hann fór í sína árlegu veiðiferð upp í Coloradoklettafjöllin.

Í nóvember, skipulagði Miner Arganbright 11 daga samkomuherferð í San Fernando í Kaliforníu. Þessar samkomur í Kaliforníu, voru haldnar í sirkustjaldi úr segldúk, sem kristileg hreyfing kaupsýslumanna hafði sett upp, í þeirri von að hlutlaust svæði myndi sigrast á kirkjudeildaríg, sem hafði truflað starf Bill í Orangesýslu síðustu tvö árin. Hlutlaus staðsetning bjargaði ekki máluunum. Fyrstu kvöldin sem samkomurnar voru haldnar, fyllti mannfjöldinn minna en helming sætanna, í hinu risastóra tjaldi. Reyndar hófst herferðin á miðvikudagskvöldi, en samkomur í miðri viku, höfðu ekki hamlað árangri samkomuherferða hans, í öðrum hlutum Ameríku. Þrátt fyrir að fáir mættu, prédikaði Bill af jafn mikilli einlægni, til þeirra hundruða sem voru í tjaldinu og hefðu það verið þúsundir. Enda þótt samkomur hans, hefðu alltaf verið óbundnar af kirkjudeildum, voru margir af stuðningsaðilum hans hvítasunnnumenn, einfaldlega vegna þess, að hvítasunnnumenn trúa sterklega á gjafir Heilags anda, svo sem tungutal, spádóma, guðlega lækningu og kraftaverk. Á föstudagskvöldinu prédikaði Bill ræðu sem hann kallaði: “Hvar ég álít að Hvítasunnuhreyfingunni hafi mistekist.” Hann vildi fá kirkjuna til að snúa við. Hann sagði: “Ef við vitum hvar við gerðum mistök, er það besta sem maður getur gert, að snúa við þangað sem maður gerði mistökin og halda áfram frá þeim punkti.”

Hann ræddi um tvær tegundir af kristnu fólki, bókstafstrúarmenn og hvítasunnnumenn. Hann sagði að bókstafstrúarmennirnir vissu hvar þeir stæðu samkvæmt Biblíunni, en þeir hefðu ekki mikla trú samhliða þeirri þekkingu. Á hinn bóginn hefðu hvítasunnnumenn mikla trú, en allt of oft vissu þeir ekki hvar þeir stæðu, samkvæmt Ritningunni. Þetta er eins og tveir menn. Annar þeirra á peninga í bankanum, en kann ekki að skrifa ávísun. Hinn kann að skrifa ávísun, en á enga peninga í bankanum. Ef þessir tveir gætu náð saman, gætu þeir keypt eitthvað. Á sama hátt fannst Bill, að ef biblíulegar grundvallarkenningar og hvítasunnutrú gætu komið saman í fleiri hjörtum, myndi mikil vakning brjótast út.

Hann sagði: “Ef þið kristnir gætuð aðeins gert ykkur grein fyrir því, að þið eruð börn Guðs núna (í nútíð), gætuð þið fyllt út auða ávísun fyrir öllu sem Guð hefur fyrirheitið.³⁴ Þess í stað, ýtið þið blessununum eitthvað burt í fjarlæga framtíð. Þið munið ekki þarfnast guðlegrar lækningar í þúsundaráríkinu. Þið eruð börn Guðs núna og samerfingjar Jesú. Allt sem Jesús dó fyrir á Golgata tilheyrir ykkur. Satan vill ekki að þið gerið ykkur grein fyrir þessu, en ef þið aðeins tækjuð Guð á orðinu, eru möguleikar ykkar ótakmarkaðir.”

Hann sagði sögu, til að sýna fram á hvað skorti á, í lífi svo margra kristinna manna. Þegar Billy Graham hélt trúboðsherferð í borginni Louisville í Kentucky, fylltu 30.000 manns út spjald, þar sem þeir sögðust ætla að lifa fyrir Jesú Krist. Nokkrum mánuðum síðar, fór Billy Graham þangað aftur til að kanna hag þessa fólks, sem tekið hafði við trúnni. Hann varð hissa, þegar hann fann aðeins nokkur hundruð manns, sem

³⁴ Hér er vitnað í 1. Jóhannesarbréf 3:2

enn lifðu fyrir Drottin Jesú. Af hverju skyldi það vera? Bill útskýrði, að menn koma til Krists eftir tveimur leiðum. Önnur er gegnum vitsmunalega ákvörðun. Hin gegnum þá persónulegu upplifun, að endurfæðast. Önnur tegundin er ákvörðun hugans. Hin er umbreyting hjartans. Jesús sagði: “Yður ber að endurfæðast.”³⁵ Það er andlega fæðingin sem skiptir máli, ekki vitsmunalegur skilningur.

Næst flutti Bill á grip af því, sem hann taldi að hefði farið afvega hjá Hvítasunnuhreyfingunni. Hann lagði áherslu á, að hann hefði ekkert gegn fólkinu í hinum ýmsu hreyfingum og tók sérstaklega fram, að hann ætti vini í öllum kirkjudeildum. Það var sjálf grundvallarhugmyndin að baki allra skipulagðra trúarbragða, sem angraði hann.

Hann úrskýrði hvernig rómversk-kaþólska kirkjan, skipulagði trúna í upphafi og neyddi hugmyndum sínum upp á milljónir ómenntaðra manna, um margar aldir. Marteinn Lúter fjarlægðist kaþólskuna og fylgdi eldstólpanum. Lúter prédikaði, að menn gætu ekki unnið sér inn hjálpræði sitt, heldur kemur það sem ókeypis gjöf frá Guði. Lúter lagði áherslu á ritningarverskið: “Minn réttláti mun lifa fyrir trúna.”³⁶ Því miður, skipulögðu fylgismenn Lúters, sína eigin kirkjudeild. Eldstólpinn hélt áfram og varpaði meira ljósi á leið sinni, en Lúterstrúarmennirnir gátu ekki fylgt honum eftir, vegna þess að þeir höfðu þegar ritað skjöl, þar sem á stóð hverju þeir tryðu. Síðar fylgdi John Wesley eldstólpanum eftir, inn í boðskap um helgun og heilagleika. Wesley nefndi boðskapinn síðara náðarverkið. Prédikun hans, kom af stað vakningu á Englandi, sem breiddist út um heiminn. Því miður, skipulögðu fylgismenn hans Mepódistakirkjuna og meitluðu kenningar sínar í stein. Eldstólpinn hélt áfram, en Mepódistar gátu ekki fylgt honum eftir, vegna þess að þeir höfðu þegar skipulagt sig kringum sínar kenningar. Árið 1906, varpaði eldstólpinn meira ljósi á skírn Heilags anda og leiddi fram gjafir andans, svo sem tungutal og spádóma. Fólkið sem tók á móti þessum gjöfum, kallaði sig hvítasunnnumenn. Þetta varð sú kristna hreyfing í heiminum, sem óx hvað hraðast. Svo, hvað gerði þá djöfullinn? Hann taldi hvítasunnnumenn á að skipuleggja sig, draga upp markalínur og reisa girðingar. Þeir meitluðu líka sínar kenningar í stein, alveg eins og fyrri hreyfingar gerðu.

Bill varaði áheyrendur sína við: “Eldstólpinn er aftur að fara af stað og hvítasunnnumenn eru svo fastir í sínu, að þeir geta ekki fylgt honum eftir. Eldur Guðs mun halda áfram að hreyfa sig, eins og hann hefur gert á öllum tímum. Svo þið skuluð aldrei draga upp neinar markalínur. Það er allt í lagi að segja: ‘Ég trúi þessu,’ en endaðu setninguna á kommu. Það þýðir: ‘Ég trúi þessu, ásamt öllu því sem Guð mun opinbera hjarta mínu.’”

Það sem eftir var af samkomunum í San Fernando, prédikaði Bill sínar venjulegu trúarstyrkjandi ræður, sem áttu að hvetja fólk til að taka við Jesú Kristi, sem Frelsara sínum og græðara. Á hverju kvöldi gerðust kraftaverk í fyrirbænaröðinni. Venjulega hefði þetta aukið aðsóknina eins hratt og orðrómurinn gat breitt út fréttirnar. Þetta gekk ekki þannig fyrir sig, í San Fernando í Kaliforníu. Áheyrendafjöldinn hélt áfram að vera lítill. Eftir fimm daga, minntist Miner Arganbright á það, að samskotaféð væri langt undir kostnaði við samkomurnar. Hann bað Bill um að leyfa sér að þrýsta á fólkið, að leggja peninga í söfnunarbaukinn, þegar hann var látinn ganga á hverju kvöldi. Bill neitaði að leyfa neinum, að betla peninga á samkomum hans. Hann þekkti trúboða, sem töluðu lengi fyrir stærri gjöfum. Bill fannst alltaf, að slíkar aðferðir drægju úr trúverðugleika manna. Þegar hans eigin þjónusta hófst, lofaði hann Drottini að hann myndi aldrei betla peninga og hann var ákveðinn í að halda loforð sitt. Eftir

³⁵ Hér er vitnað í Jóhannes 3:7

³⁶ Hér er vitnað í Habakkuk 2:4, Rómverjabréfið 1:17, Galatabréfið 3:11 og Hebreabréfið 10:38

síðustu samkomuna þann 20. nóvember, sagði Miner Arganbright við Bill, að San Fernando herferðin hefði endað í 15.000 dollara skuld.

Bill ók að mótelinu þar sem hann, kona hans og sonur dvöldu. Klukkan var tvö að nóttu. Enda þótt hann hefði ákveðið að fara af stað heim klukkan hálf fimm, langaði Bill ekki að fara að sofa. Þess í stað, gekk hann burt frá mótelinu, fann afvikinn stað og tók að biðja. Bjart tungl deyfði stjörnurnar. Brátt smaug kalt næturloftið gegnum þunnt efnið í buxunum hans og olli því, að hann fór að skjálfa. Hann tók varla eftir óþægindunum.

Hann hugsaði um loforðið, sem hann hafði gefið Guði níu árum áður, þegar hann byrjaði fyrst að halda lækningasamkomur. Þegar engill Drottins sagði honum, að færa þjóðum heimsins gjöf guðlegrar lækningar, gerði Bill sér grein fyrir að svo stórt verkefni, myndi opna dyrnar fyrir miklar freistingar. Í Biblíunni tók hann eftir þremur hættum, sem gætu eyðilagt þjónustu frammi fyrir Guði; peningar, konur og vinsældir. Bíleam féll, vegna þess að hann var gráðugur. Samson féll, þegar hann girntist Dalílu og Sál konungur féll vegna hroka síns, sem olli því að hann óhlýðnaðist Guði, til að hann gæti öðlast vinsældir meðal fólksins.³⁷ Bill fannst, að hvorki konur né vinsældir, gætu freistað hans mikið. En hann var ekki alveg eins viss með peningana. Hann gerði sér grein fyrir, að það myndi kosta þúsundir dollara, að halda samkomur um allan heim. Var mögulegt, að Satan gæti notað þörf hans fyrir peninga, til að fá hann til að hrasa? Til að fullvissa sig um að það gerðist aldrei, lofaði Bill Guði, að hann myndi vera á trúboðsakrinum eins lengi og Guð sæi fyrir þörfum hans og hann þyrfti aldrei að betla peninga. Í níu og hálfu ári, hafði Guð séð fyrir öllum fjármálum hans, þar til í þessari viku.

Bill barðist við efasemdir meðan hann bað. Hann vissi að Guð hafði sérstaklega kallað hann til að vinna visst verk og hann hafði lofað Guði að vinna það verk, eins lengi og Guð fjármagnaði það. Guð hafði gert það, þar til í þessari viku. Hvað átti hann að gera núna? Átti hann að halda áfram því verki, sem Guð hafði falið honum eða standa við heit sitt gagnvart Guði og yfirgefa trúboðsakurinn? Í næstum tvo tíma bað Bill Guð um leiðsögn og velti fyrir sér öllum möguleikum, sem honum komu til hugar. Rétt eftir klukkan fjögur stóð hann upp, dustaði rykið af hnjúnum og gekk hægt í áttina að mótelinu. Ákvörðun hans virtist skýr. Hann varð að halda heit sitt við Guð og hætta sem trúboði.

Tunglið var að setjast í vestri. Það var að birta í austri, er dagrenning nálgadist. Meda og Billy Paul, voru að setja farangurinn í bílinn. Þegar Meda sá hið társtrokna andlit eiginmanns síns, spurði hún: “Bill, hvað er að?”

“Ó, ég var bara úti að tala við Drottin.” Hann gat ekki fengið sig til að segja, að hann væri að hætta. Hann ákvað, að hann myndi segja fjölskyldu sinni frá þessu í Arizona. Þegar þau fóru yfir fylkismörk Arizona, ákvað hann að segja þeim þetta í Texas. Texasfylki kom og fór og hann var enn þögull og hugsaði...

Hvað var Guð að reyna að segja honum? Það var ekki bara hinn litli áheyrendafjöldi í San Fernando, sem fékk hann til að velta þessu fyrir sér. Hann hafði séð breytingu um allt land. Eitt sinn, hafði hann fengið þúsundir bréfa á viku. Nú fékk hann aðeins nokkur hundruð. Auðvitað hafði þetta ekki breytt fjármálum hans. Það kom varla fyrir, að neitt af þessum bréfum innihéldi peninga. Hann sendi bænaklúta ókeypis. Það sem hann furðaði sig á, var hinn minnkandi áhugi á þjónustu hans. Hafði það eitthvað að gera með þá ákvörðun hans, að kenna og boða meiri kenningar?

Hann velti fyrir sér, hvað hann ætti að gera núna. Hvernig gat hann séð fyrir konu sinni og börnum? Þarna var hann, 46 ára gamall, með litla menntun, lágmarks reynslu

³⁷ Hér er vitnað í 4. Mósebók 22:24, Dómarabókina 16:1 og 1 Samúelsbók 15. kafla.

af viðskiptum og litla fagþekkingu, sem hann gæti nýtt sér. Ef til vill, gæti hann fengið gömlu vinnuna sína aftur hjá Indíanafylki. Ef til vill, gætu hann og Banks Woods farið út í viðskipti saman. Banks var góður trésmiður. Bill reiknaði út, að því fyrr sem hann færi að vinna, því fyrr gæti hann borgað þessa 15.000 dollara, sem hann skuldaði.

Það virtist kaldhæðnislegt, að hann skyldi skyndilega vera svona djúpt sokkinn í skuldir. Hefði hann haldið eftir einum hundradasta af því, sem fólk hafði boðið honum persónulega, væri hann orðinn milljónamæringur. Hann hafði alltaf hafnað þessum gjöfum. Hann vissi að væri bankareikningur hans stærri, væri hætta á að hann færi að reiða sig á peninga, í stað þessa að reiða sig á Drottin. Kirkjan hans borgaði honum 100 dollara í laun á viku. Mest af peningunum, sem komu inn á samkomuherferðum hans, fóru í að greiða kostnaðinn við þær. Væru einhverjir peningar eftir, gaf hann þá kristnum trúboðum eða lagði þá í góðgerðarstarfsemi. Þessi tilhögun hafði haldið reikningi hans fyrir samkomuherferðirnar í núlli. Þetta var ef til vill ekki viðskiptalega séð, besta leiðin til að höndla þjónustu hans. En hann hafði aldrei reynt að vera góður kaupsýslumaður. Hann reyndi að vera góður trúboði.

Nýlega hafði skattarannsóknanefndin upplýst hann um, að þeir vildu fara yfir fjármál samkomuherferða hans. Hann hafði engar áhyggjur af þessari endurskoðun. En það var skrítið, að nefndin skildi ákveða að endurskoða starf hans á þessum ákveðna tíma. Hvað var Drottinn að reyna að segja honum? Var ennþá eitthvað að þjónustu hans? Þurfti eitthvað annað að breytast? Enginn gat neitað þeim áhrifum, sem þjónusta hans hafði haft á hina kristnu kirkju, síðastliðin tíu ár. Fyrir utan það að hundruð þúsunda höfðu frelsast og læknast á samkomum hans, hafði hann veitt innblástur hundruðum einstaklinga, sem hófu svipaða þjónustu. Margir þessara nýherja voru ekta Heilags anda fylltir menn. En ekki allir og ef til vill var það meinið. Sumar af þessum eftirhermum, reyndu að líkja eftir þjónustu, sem þeir skildu ekki. Þar af leiðandi sáðu þeir andlegri ringulreið meðal fólksins.

Bill hugsaði um 16 ára gömlu stúlkuna, sem nýlega kom í viðtal heim til hans. Hún var dauðskelkuð vegna þess að einhver prédikari í Kaliforníu, sem þóttist hafa gjöf greiningar, sagði henni að hún væri með krabbamein. Þegar Bill tók hægri hönd hennar í sína vinstri, vissi hann samstundis að hún var ekki með krabbamein. Stúlkan fór heim og henni var mjög létt. Bill velti fyrir sér, hve marga aðra þessi ákveðni prédikari hefði blekkt.

Einu sinni heimsótti Bill samkomu, þar sem maður sagðist hafa gjöf lækningar í hægri hendi sinni. Í hvert skipti sem hann snerti einhvern til að biðja fyrir honum, hrópaði hann: “Fannstu þetta? Fannstu þetta?” Eftir samkomuna hitti Bill hann á bak við tjaldið og sagði: “Þetta er lygi og þú veist það. Vissulega getur þú blekkt fjölda fólks, en einhvern tíma verður þú að svara frammi fyrir Guði fyrir það. Og hvað þá?”

Í annað skipti heimsótti Bill samkomu, þar sem kona sagðist hafa gjöf greiningar. Hún sagði hluti eins og: “Drottinn sagði mér að einhver hér inni sé í fráfalli.” Og: “Drottinn segir mér að einhver sé veikur í nýrum. Vilt þú rétta upp hönd ef það ert þú.” Bill hugsaði með sér: “Í svona stórum hóp hlýtur að vera einhver fráfallinn kristinn maður og einhver sem er veikur í nýrum. Þetta er ekki andleg greining. Hún er að nota sálfræði.”

Á annarri samkomu, fylgdist Bill með manni biðja fyrir hjartveikum manni, með því að rykkja honum upp hvað eftir annað, meðan kona prédikarans barði í gólfið með staf og hrópaði: “Farðu út þarna, illi andi, shúú, shúú.” Enn verra en þetta, var trúboði sem sló sjúklingana í magann með hnefanum og sagðist vera að reka illu andana út. Í annað skipti, heyrði Bill mann segja að hann fyndi lyktina af sjúkdómum og illum öndum. Hví ætti einhver að hlusta á svona endemis bull, sem var í ósamræmi við

Ritninguna? Engin furða að svo margir kristnir, væru ringlaðir í sambandi við andlegar gjafir. Þegar svona mikið var í gangi af einhverju óekta, faldi það óhjákvæmilega það sem var ekta.

Annar dagur leið, meðan kílómetrarnir runnu framhjá. Oklahoma, Missouri, Illinois, og loks Indíana. Þegar þau voru næstum komin heim, sagði Bill fjölskyldu sinni frá þeirri ákvörðun sinni, að hætta á trúboðsakinum. Billy Paul sagði: “Pabbi, þú ættir að fara varlega. Sagði Páll ekki: ‘Vei mér, ef ég boða ekki fagnaðarerindið?’”

“Ég sagðist aldrei ætla að hætta að boða fagnaðarerindið. Ég sagði að ég ætlaði að hætta með þessar stóru trúboðsherferðir. Ég mun enn prédika í kirkjunni minni. Ef til vill, getur bróðir Neville tekið morgunsamkomurnar á sunnudögum og ég kvöldsamkomurnar. Ef til vill leigi ég líka stundum sal fyrir alþjóðlegar samkomur, þar sem ég bið fyrir sjúkum.”

Það var komið kvöld, en hin veiku ljós mælaborðsins sýndu áhyggjuhrukkurnar í andliti Medu. Hún sagði: “Bill, þú veist að mér þætti vænt um að hafa þig heima hjá mér og krökkunum. En líttu bara á, hvað þjónusta þín er búin að gera. Hún hefur leitt til vakningar um allan heiminn. Ég get ekki séð, hvernig Guð ætti að vilja að þú hættir á þennan hátt. Ég vona að þú vitir hvað þú ert að gera.”

“Nú, ég veit eitt. Ég þarf að halda loforð mín við Guð.”

“Guð sagði þér aldrei að hætta á akrinum,” sagði Billy Paul. “Það er eitthvað sem þú sagðir Guði.”

“Það er rétt hjá þér, sonur minn. Við búumst við því að Guð haldi loforð sín við okkur, svo við ættum að reyna að halda okkar loforð við hann.”

“Pabbi, ég held að þú sért að gera mistök.”

“Ef ég er að gera mistök, skulum við biðja þess að Guð leiðrétti mig.”

Þau komu heim um klukkan fjögur að morgni. Áður en Bill skreið upp í rúm, bað hann Guð aftur að sýna sér hvað hann ætti að gera næst. Síðan sofnaði hann, þrátt fyrir að honum væri órótt í huga.

Meda vaknaði klukkan sex, svo hún gæti búið Rebekku fyrir skólann. Umgangur hennar vakti Bill. Hann settist upp í rúminu og nuddaði svefnþrúngin augun. “Elskan, á morgun ætla ég að hringja í skrifstofu hins opinbera og sjá hvort ég get fengið gömlu vinnuna mína aftur. Geti ég það ekki, ætla ég að athuga hvort bróðir Banks vill fara út í viðskipti með mér. Ég verð að vinna mér inn einhverja peninga, svo ég geti byrjað að borga upp skuldarnar.”

“Bill, þú sagðir mér að bræður í Kaliforníu, hefðu skrifað undir ábyrgð á greiðslum fyrir þessa samkomuherferð. Svo í þeim skilningi, er búið að borga skuldina.”

“Það er rétt, en það var ekki loforð mitt við Guð. Eins og ég sé þetta, þá skulda ég nú þessum bræðrum 15.000 dollara.”

“Bill, ég vona að þú vitir hvað þú ert að gera,” sagði Meda.

“Nú, ég held...” hann lauk ekki setningunni. Eitthvað skrítið var að gerast. Í stað þess að horfa á konuna sína, horfði hann á tvo óhreina stráka koma á móti sér á moldarvegi. Berir fætur þeirra þyrluðu upp rykmekki, sem settist á tötralegar buxur þeirra. Þeir voru ekki í skyrtum. Báðir drengirnir voru dökkhærðir, með dökk augu og sólbrúna húð. Annar þeirra dró á eftir sér vagn með tréhjólum. “Elskan,” sagði Bill. “Sjáðu hver er að koma.”

“Um hvað ertu að tala?” spurði Meda. Bill var nú of djúpt sokkinn í sýnina, til að svara henni. Síðan fór konan hans út úr herberginu og sýnin tók yfir.

Eitthvað kröftugt, bar hann framhjá börnunum og áfram, þar til hann kom til Miner Arganbright sem brosti og sagði: “Bróðir Branham, allt er reiðubúið. Við erum búnir að deila út fyrirbænarþjöldunum og við höfum leið til að koma þér inn og út. Samkoman er þegar byrjuð, svo farðu bara inn.”

“Þakka þér fyrir, bróðir Arganbright.” Bill gekk framhjá vini sínum, í áttina að útileikvangi sem var fullur af fólki, brúna á hörund. Það var að hlusta á prédikara sem talaði á palli, sem hafði verið reistur á miðjum leikvanginum. Bill spurði hóp guðsþjóna: “Hver er þessi maður?”

Prédikari með ljóst hár sagði: “Þeir sendu hann þangað.”

“Hverjir eru þeir?” spurði Bill.

Án þess að svara honum, gengu allir guðsþjónarnir burt, allir nema ljóshærði maðurinn. Á því augnabliki sagði prédikarinn uppi á pallinum: “Þið megið öll fara.”

“Hann hefði ekki átt að gera þetta,” mótmælti Bill. “Hann er ekki búinn að bjóða fólki fram til frelsunar.”

“Þetta er allt í lagi,” sagði ljóshærði maðurinn, sem hélt á lofti peningapoka og hristi hann, svo að Bill heyrði hringla í smápeningunum. “Við erum búnir að taka fórnina.”

Bill sagði reiðilega: “Síðan hvenær er fórnin mikilvægari en að vinna fólk til Krists?”

Maðurinn hunsaði spurninguna og sagði: “Þú munt prédika síðar í dag.”

Þegar hér var komið sögu, var leikvangurinn næstum því tómur. Regndropar byrjuðu að koma. Bill sagði önnur: “Við verðum heppnir, ef það verða 12 manns hér síðar í dag.”

Maðurinn yppti öxlum og sagði: “Var Jesús ekki skilinn eftir með aðeins 12 manns, eftir að hann sagði fólkinu sannleikann?”

Einhvers staðar bak við hægri öxl Bill, sagði engill Drottins: “*Af þessu munt þú ráða að...*” Síðan fór engillinn með hann lengra inn í sýnina. Það næsta sem Bill vissi, var að hann hélt á mjúkum ungbarnaskó í annarri hendinni og skóreim í hinn. Hann reyndi að þræða þessa þykku skóreim í gegnum lítið reimagat á skónum. Hann gat ekki komið reiminni í gegn. Í hvert skipti, sem hann reyndi að þrýsta henni í gegnum gatið, trosnuðu fleiri og fleiri þræðir og hindruðu að reimin færi í gegn. Bill vafði endann á reiminni og reyndi aftur. En því meira sem hann reyndi, þeim mun meira trosnaði reimin. Verkið leit út fyrir að vera ómögulegt. Reimin var einfaldlega of sver, til að komast í gegnum gatið.

Engill Drottins spurði: “*Hvað ertu að gera?*”

“Ég er að reyna mitt besta að reima þennan skó, en ég get það ekki. Reimin fer ekki í gegnum gatið.”

“*Þú gerir þetta rangt. Reyndu hinn endann.*”

Hann hafði einbeitt sér svo ákaft að því að reima barnsskóinn, að hann hafði ekki séð hve löng skóreimin var. Hún náði alla leið niður á gólf, þar sem hún lá í hrúgu. Bill kom auga á hinn endann og sá að hann var nógu grannur, til að hann gæti auðveldlega komist í gegnum gatið.

“Engillinn sagði: ‘*Skilur þú ekki. Þú getur ekki kennt hvítasunnusmábörnum yfirmáttúrulega hluti. Reynir þú það, muntu aðeins koma til leiðar holdlegum eftirhermum.*’”

Engillinn fór með hann lengra inn í sýnina, þar til hann kom að fallettri tjörn umkringdri grænum trjám. Vatnið var spegilslétt og tært. Bill sá torfur af litlum fiskum, synda nálægt ströndinni og lengra í burtu sá hann nokkra stóra regnbogasilunga. Margir veiðimenn voru að veiða á ströndinni, en þeir veiddu aðeins litla fiska. Bill hugsaði með sér: “Ég er góður veiðimaður. Ég held að ég gæti náð í þessa stóru regnbogasilunga, þarna lengst úti.”

Skóreimin var orðin að færi og ungbarnaskórinn var orðinn að veiðistöng og öngli. Bill tók upp veiðistöngina og rúllaði færinu upp á hjólið. Bak við hann sagði engillinn: “*Ég ætla að kenna þér að veiða, en ég vil ekki að þú segir neinum öðrum hvernig á að gera þetta. Hafðu það bara fyrir sjálfan þig.*”

“Ég skil.”

“Byrjaðu á að binda hnút á færið þitt og settu beituna á öngulinn. Kastaðu síðan færinu út í djúpa vatnið. Láttu öngulinn sökkva dálítið niður og togaðu síðan mjúklega í hann. Það mun fá litlu fiskana til að koma. Þegar þú finnur einn af þeim bíta í beituna, togaðu þá aftur í línuna, dálítið fastar en í fyrra skiptið. Það mun fá litlu fiskana til að dreifa sér, sem aftur vekur athygli stóru fiskana. Þegar þú finnur einn þeirra bíta í beituna, skaltu toga fast til að öngullinn festist vel í munn hans. Síðan getur þú togað hann í land.”

Bill byrjaði að gera það sem engillinn hafði sagt. Meðan hann var að setja beituna á öngulinn, komu hinir veiðimennirnir til að fylgjast með. Þessir veiðimenn voru allir kristnir prédikarar og þeir voru uppveðraðir að sjá hann þarna. Þeir sögðu hluti eins og: “Lofaður sé Drottinn, þetta er bróðir Branham. Horfum á hvernig hann gerir þetta. Hann getur sýnt okkur hvernig á að veiða mikið af fiski.”

Bill baðaði sig í athyglinni og sagði: “Auðvitað. Ég skal sýna ykkur hvernig þetta er gert.” Hann kastaði línunni langt út á vatnið og lét öngulinn sökkva. “Nú, bræður, þessir litlu fiskar eru allt í lagi, en við viljum líka veiða stóra fiska. Svona gerið þið þetta. Togið fyrst mjúklega í línuna ykkar. Það vekur athygli litlu fiskanna. Þegar lítill fiskur nartar í beituna, skuluð þið toga aftur í línuna, bara örlítið fastar, en ekki of fast. Litlu fiskarnir munu dreifa sér og stóru fiskarnir safnast saman umhverfis beituna, til að sjá hvað um er að vera. Einn af þessum stóru hlýtur síðan að ráðast að beitunni.”

Bill sýndi þessa tækni og togaði mjúklega í línuna. Vissulega synti heill hópur af litlum fiskum, í áttina að hinni freistandi beitu. Þetta fannst guðsþjónunum spennandi. Þeir klöppuðu á bakið hver á öðrum og rausuðu fjálglega: “Hallelúja, lof sé Guði, þetta er frábært.” Ákafi þeirra smitaðist yfir til Bill. Þegar hann fann eitthvað narta í beituna, togaði hann færið snögglega upp úr vatninu og alla leið upp á ströndina. Línan datt niður umhverfis hann og var öll í hnút. Hann hafði vissulega veitt fisk, en hann var svo lítill að hann velti fyrir sér, hvernig hann hefði getað komið önglinum upp í munninn. Guðsþjónarnir misstu áhugann og gengu burt.

Nú birtist engill Drottins. Svart hár hans og ólívubrún húð, stungu í stúf við hvítan kyrtilinn og túrbaninn. Hann krosslagði hendurnar á brjóstinu, yggldi sig og sagði: “Þú gerðir nákvæmlega það, sem ég sagði þér að gera ekki.”

Bill skammaðist sín. “Ég veit að ég gerði þetta ekki rétt,” sagði hann grátklökkur, meðan hann reyndi að lagfæra óreiðuna í kringum sig. “Ég togaði of fast í seinna skiptið.”

“Ekki flækja færið þitt á tímum sem þessum,” vandaði engillinn um fyrir honum. “Þessi veiðilexia er táknræn fyrir þjónustu þína. Fyrsta togið var, þegar þú tókst í hönd fólksins og fannst bylgjur sjúkdóma þeirra. Annað togið er greiningin, sem gerði þér kleift að segja fólkinu leyndardóma hjarta þess. Ég gerði þig að sjáanda frammi fyrir fólkinu, en þú varst alltaf að reyna að útskýra þetta. Þú hefðir ekki átt að gera það. Þú tókst yfirnáttúrulega gjöf og gerðir hana að opinberri sýningu. Með því að gera það, ollir þú því að fjöldi holdlegra eftirherma reis upp og skapaði ringulreið.”

“Mér þykir það mjög leitt. Ég skal reyna að vera varkárari eftir þetta.” Bill til mikils léttis, gat hann loks greitt úr færinu sínu. Hann vatt línuna upp á hjólið og undirbjó næsta kast. Áður en hann gat kastað, fór engillinn enn dýpra með hann inn í sýnina.

Nú var hann staddur í loftinu, ekki úti, þess í stað virtist hann vera inni í einhvers konar byggingu. Fyrir ofan hann var hvolfþak, eins og í dómkirkju eða risastóru tjaldi. Bill hafði aldrei áður séð svona stóran tjaldhimin. Fyrir neðan hann, sátu þúsundir manna í röðum og sneru í áttina að palli. Fólkið grét hljóðlega og tilbað Drottin Jesú Krist. Þetta virtist vera kristileg samkoma og prédikarinn var nýbúinn að bjóða fram til altaris. Bill sagði: “Þetta var betra.”

Maður, sem var góðlegur á svipinn, gekk upp að púltinu og sagði sefandi röddu: “Meðan bróðir Branham hvílist, skulum við mynda fyrirbænaröðina. Allir sem hafa fyrirbænarþjald, myndið röð hægra megin við mig.”

Bill horfði í sömu átt og mannfjöldinn, í áttina að púltinu uppi á pallinum. Þaðan sem Bill var staddur fyrir ofan samkomuna, fylgdist hann með fólkinu sem var með fyrirbænarþjöldin, standa á fætur og fara til vinstri. Síðan myndaði það röð, sem náði alla leið aftur í tjaldið og út. Þetta var mjög frábrugðið samkomum hans, á þessum tíma. Það var ekki aðeins miklu fleira fólk í röðinni en venjulega. Öll gerð raðarinnar var öðruvísi. Fyrir framan fyrirbænaröðina, var strengdur segldúkur sem hindraði fólknið sem stóð á gólfinu, frá því að sjá upp á pallinn. Hlutirnir uppi á pallinum voru líka öðruvísi. Bak við fyrirbænaröðina og púltið stóð ferhyrnd bygging, um það bil 4 metra breið og 6 metra löng og það voru dyr beggja megin. Kona með glósubók, stóð við dyrnar og sneri að fyrirbænaröðinni. Önnur kona stóð við dyrnar, sem voru nálægt púltinu.

Bill var hissa á þessu öllu saman og leitaði að engli Drottins, til að hann gæti fengið hann til að útskýra þetta. Engillinn var í loftinu honum til hægri handar. Fyrir ofan engilinn sveimaði ljósið, sem varpaði frá sér loga og það gaf frá sér hljóð eins og þyrilvindur. Síðan gerðist eitthvað, sem Bill hafði aldrei séð áður. Eldstólpinn yfirgaf engil Drottins og sveif yfir áheyrendur, þar til hann kom að litlu byggingunni uppi á pallinum. Um stund sveif ljósið fyrir ofan þessa litlu byggingu. Síðan fór það beint niður í gegnum þakið inn í herbergið fyrir neðan.

Um leið og eldstólpinn var kominn úr sjónmáli sagði engill Drottins: “*Ég mun hitta þig þarna inni. Þetta er þriðja togið.*”

Nú hreyfðist fyrirbænaröðin. Fyrsti sjúklingurinn í röðinni, var kona á sjúkrabörum. Tveir menn báru hana inn fyrir tjaldið, upp stigann og yfir pallinn, inn í litlu bygginguna. Konan, sem stóð við dyrnar hjá fyrirbænaröðinni, skrifaði hjá sér hver veikindi konunnar voru. Síðan báru mennirnir tveir börurnar inn í litla herbergið. Mannfjöldinn varð hljóður, er allir beindu athygli sinni að rétthyrndu byggingunni, sem stóð uppi á pallinum. Skyndilega opnuðust dyrnar hjá púltinu og út kom konan og ýtti börnunum á undan sér og lofaði Guð eins hátt og hún gat hrópað.

Dökkhærða konan, sem stóð við bakdyr litlu byggingarinnar, virtist vera fréttamaður. Hún spurði læknuðu konuna: “Hvað gerðist þarna inni?”

“Ég veit ekki hvað gerðist,” sagði konan. “Ég var lömuð í 20 ár og sjáið mig bara núna. Mér finnst eins og ég hafi aldrei verið hreyfihömluð.”

Næsti einstaklingur í fyrirbænaröðinni, var maður með hækjur. Hann haltraði inn í litla herbergið, en kom bráðlega hlaupandi út um bakdyrnar og hélt hækjunum á lofti. Aftur spurði konan: “Hvað gerðist þarna inni?”

Maðurinn svaraði: “Ég veit það ekki. En sjáið mig. Ég get gengið.”

Bill sagði við engil Drottins: “Ég skil þetta ekki. Hvað er í gangi inni í litla herberginu?”

“*Sagði ekki Drottinn okkar: ‘Og þegar þér biðjist fyrir, þá verið ekki eins og hræsnararnir. Þeir vilja helst standa og biðjast fyrir í samkundum og á gatnamótum, til þess að menn sjái þá. Sannlega segi ég yður, þeir hafa tekið út laun sín. En nær þú biðst fyrir, skaltu ganga inn í herbergi þitt, loka dyrunum og biðja föður þinn, sem er í leynum. Faðir þinn, sem sér í leynum, mun umbuna þér.’”³⁸*

“Jú, þetta sagði Drottinn okkar okkur að gera.”

“*Ég mun hitta þig í þessu herbergi. Þetta er þriðja togið þitt. Það verður ekki opinber sýning.*”

³⁸ Hér er vitnað í Matteus 6:5-6

“Ég skil.”

Engillinn færði hann niður og inn í herbergið og sagði honum hvað hann ætti að gera í þriðja skiptið. Síðan sagði engillinn honum leyndarmál. Þegar Bill sagði frá því samtali sagði hann: “Kristnu vinir, þegar ég yfirgef þennan heim, mun þetta leyndarmál vera falið í hjarta mínu. En takið eftir orðum mínum. Takið eftir því sem mun gerast næst.”

Kaflí 75

Mexíkó — leyndardómar og kraftaverk 1956

Meðan grasið í garðinum hans var undir hrollköldu snjóteppi, hugleiddi William Branham þessa máttugustu sýn, sem hann hafði nokkru sinni séð. Samkoma sem var aflýst á dularfullan hátt, árangurslaus tilraun til að reima ungbarnaskó, kennsla í veiðitækni og síðan leyndardómsfullt herbergi uppi á palli, undir risastóru tjaldi. Þessar myndir dvöldu með honum og hann furðaði sig á þeim. Í langan tíma átti þessi sýn allan huga hans. Enda þótt hann varðveitti hlýðinn leyndarmálið, sem engillinn sagði honum inni í litla herberginu, lituðu áhrif þess mikið af því sem hann las í Biblíunni og margt af því, sem hann prédikaði næstu mánuði á eftir. Kvöld eitt í desember árið 1955, var hann of upprifinn til að geta sofnað. Klukkan hálf ellefu, vakti hann konuna sína og spurði: “Elskan, má ég prédika fyrir þig í smástund?”

Meða velti sér í rúminu og sneri að manni sínum. Hún nuddaði augun og sagði: “Auðvitað Bill, byrjaðu bara.”

Bill prédikaði fyrir konu sína fram að miðnætti. Hann sagði: “Kristin trú er algerlega byggð á trú. Kristinn maður er ekki reikull í spori. Kristinn maður hleypur ekki úr einum stað í annan. Kristinn maður gerir ekki veður út af, eða hefur áhyggjur af hlutunum. Kristinn maður hvílist. Þetta var allt búið og gert á Golgata fyrir hinn kristna. Jú, vonbrigði geta komið upp, en hinn kristni hvílist samt og veit að Guð er megnugur að halda fyrirheit sín. Við kristnir menn vitum, að sama hvaða vandamál koma upp, hvort sem það er hungur, veikindi, eða jafnvel dauði, getur ekkert gert okkur viðskila við kærleika Guðs í Jesú Kristi. Við hvílumst. Sama þótt þetta gamla skip, hrekist fram og aftur í stormum lífsins, heldur akkerið okkur örugglega á sínum stað. Trú okkar, hvílir ekki á okkar eigin getu, eða kirkjunni okkar eða vinum okkar. Trú okkar hvílir algerlega á hinu fullnaða verki Jesú Krists. Vissulega munu alls kyns stormar og vandamál koma upp, en skipið okkar getur ekki sokkið, vegna þess að við erum staðfastlega bundin við orð Guðs.”

1. janúar árið 1956, talaði hann um þetta efni í ræðu sem heitir: “Hvers vegna er fólk svona reikult?” Hann talaði um það kristna fólk, sem virðist endalaust hrekjast fram og aftur í stormum lífsins. Svona kristinn maður, er stundum hátt uppi og stundum langt niðri. Einn daginn finnst honum hann sigursæll, næsta dag á hann litla von. Einn daginn tilbiður hann Guð og næsta dag, getur hann aftur verið kominn í heiminn. Hvers vegna? Vegna þess að hann hefur aðeins vitsmunalegan skilning á orði Guðs. Hann kom til Jesú fyrir vitsmunalegan skilning, frekar en í gegnum yfirnáttúrulega upplifun í sál sinni.

Til að útskýra þetta betur, notaði Bill söguna af ferð Ísraelsmanna í eyðimörkinni, frá Egyptalandi til fyrirheitna landsins. Þar sem Ísraelsmenn tóku ekki mat með sér, gaf Guð þeim yfirnáttúrulegt brauð á hverjum degi, sem þeir kölluðu manna. Ísraelsmenn gátu ekki byrgt sig upp af þessu manna. Ef þeir reyndu það, var það orðið skemmt næsta dag. Á hverjum morgni, urðu þeir að safna saman eins miklu manna og þeir gátu borðað þann dag. Á sama hátt, verður hinn kristni að nærast hvern dag á Jesú Kristi, brauði lífsins.

Enda þótt þetta manna geymdist venjulega ekki nema í einn dag, voru þó undantekningar á því. Þar sem Guð skipaði Ísraelsmönnum að vinna aðeins sex daga vikunnar, geymdist mannað sem þeir söfnuðu á sjötta deginum, alltaf fram á þann sjöunda. Guð sagði Móse líka að setja manna inn í sáttmálsörkina, sem var rétthyrndur

kassi, sem stóð í innsta herbergi tjaldbúðarinnar, herberginu sem kallaðist hið allra helgasta. Mannað inni í örkinni, skemmdist aldrei. Kynslóð eftir kynslóð, ilmaði það eins sætt og nýbakað brauð. Andlega talað, stóð þessi varanlegi ferskleiki líka hinum kristna til boða. Til að útskýra hvað hann ætti við, bar Bill hið kristna líf saman við tjaldbúðina, sem Guð skipaði Móse að reisa í eyðimörkinni. Tjaldbúðin var í þremur hlutum; Forgarðurinn, hið heilaga og hið allra helgasta.

1. Forgarðurinn. Sá sem kom til tjaldbúðarinnar, varð fyrst að fara í gegnum girtan forgarð, sem var opinn upp í himinninn. Þar stóð altarið fyrir dýrafórnirnar og eirkerið, þar sem prestarnir þvoðu sér áður en þeir gengu inn í tjaldið.

2. Hið heilaga. Tjaldinu sjálfu var skipt í tvo hluta með fortjaldi. Ytra herbergið kallaðist hið heilaga. Þar var ljósastika með sjö arma fyrir sjö loga. Í hinu heilaga, var líka altari til að fórna á reykelsi og borð fyrir skoðunarbrauð, sem táknaði nærveru Guðs.

3. Hið allra helgasta. Innra herbergið, kallaðist hið allra helgasta. Í þessu helga innra herbergi, var sáttmálsörkin eini húsbúnaðurinn. Lokið á örkinni var nefnt náðarhásæti. Þessir þrjú hlutar tjaldbúðarinnar, táknuðu þrjú stig frelsunarinnar:

1. Réttlætingu.
2. Helgun.
3. Skírn Heilags anda.

Tjaldbúðin í eyðimörkinni, hafði aðeins einn inngang og aðeins þeir sem trúðu á Jehóva, máttu ganga inn um hann og sjá altarið. Í dag getur einstaklingur aðeins frelsast, ef hann trúir á Jesú Krist, sem er eini inngangurinn að eilífu lífi. Samt er það aðeins fyrsta skrefið. Að trúa á Jesú, er eins og að ganga inn í forgarð tjaldbúðarinnar. Maðurinn sem gengur inn í forgarðinn, trúir því að Jesús hafi dáið til að frelsa hann frá syndum hans. Það gerir hann réttlættan fyrir trú. Það er gott. En hann er samt enn undir beru lofti og berskjaldaður fyrir öllum veðrabreytingum. Sumir dagar eru sólskinsdagar og honum líður vel. Aðrir dagar eru kaldir og vindasamir og honum líður illa. Skýin fá sólarljósið og ljósið frá stjörnunum til að breytast stöðuglega.

Helgun er annað stig náðarinnar. Maðurinn, sem er helgaður fyrir blóð Jesú Krists, er í betri stöðu, en maðurinn sem nemur staðar við réttlætinguna. Hinn helgaði maður er hættur að reykja, hættur að drekka, hættur að stela og svo framvegis. Hann kemur rétt fram við fólk og lifir helguðu lífi, frammi fyrir Drottni. Hann er eins og presturinn, sem gekk inn í hið heilaga á tjaldbúðinni. Hið heilaga var þægilegri staður en forgarðurinn. Hann skýldi prestinum fyrir vindi og regni. Þar þurfti hann ekki að reiða sig á hin breytilegu ljós himinsins, vegna þess að ljós hans kom frá ljósastikunni með sjö ljósum. En þessi sjö ljós, lýstu ekki fullkomlega. Það þurfti að annast lampana á hverjum degi. Stundum koluðust kveikirnir og þá brann lampinn daufar og herbergið fylltist af reyk. Stundum slokknaði á lampa og það varð að kveikja aftur á honum.

Það er eitt stig enn í frelsuninni, skírn Heilags anda. Það er þegar hinn kristni stígur bak við fortjaldið, inn í hið allra helgasta og lifir lífi sínu í dýrðarnærveru (*shekinah*) Guðs. Shekinah-dýrð Guðs, er leyndardómsfullt ljós, mjúkt skínandi ljós, sem er stöðugt og fullkomlega áreiðanlegt. Uppspretta þess er Guð sjálfur, svo þar getur aldrei orðið nein umbreyting.

Bill sagði: “Samt geta karlar og konur lifað góðu lífi og elskað Guð gegnum sálrænan skilning. En hinn raunverulegi felustaður er í hjartanu, falinn í Kristi. Þegar Kristur, Heilagur andi, kemur inn í hjarta þitt, er hann í þér í þinni skapgerð. Og hann lifir sínu eigin lífi, fyrir sinn eigin vilja, í gegnum þig. Hann vinnur þau verk, sem hann myndi vinna, í gegnum þig. Þú gefst bara og hvílist.”

“Þetta er dásamleg mynd af hinum helgaða, kristna manni. Hann er gefinn og Kristur starfar í gegnum hann. Páll sagði: ‘Því að lífið er mér Kristur og dauðinn ávinningur. Sjálfur lifi ég ekki framar, heldur lifir Kristur í mér.’³⁹ Kristur lifir í hinni undirgefni sál einstaklingsins, talar í gegnum varir hans, hugsar í gegnum huga hans, sér í gegnum augu hans og starfar í gegnum skapgerð hans. Síðan fara hlutir heimsins, að hverfa burt. Hvernig getur það verið annað en blítt og ánægjulegt allan tímann? Kristur er við stjórnina. Amen.”

“Sérð þú þetta? Kristur er í þér, svo öll mynd þín er Kristur. Viðhorf þitt, langanir þínar, áhugamálin þín, allt þitt er Kristur. Svo þú ert gefinn og hvílist og allt er fullkomið. Það er sama hvað allt lítur út fyrir að vera litlaust eða hversu svart útlitið virðist framundan, því Kristur er í þér. Hann hugsar í gegnum huga þinn á sama hátt og hann myndi gera, væri hann hér á jörðinni. Þú ert ekki lengur þinn eigin, því þú ert undirgefinn.”

“Einu sinni á ári, fór Aron æðsti prestur inn í hið allra helgasta í tjaldbúðinni.⁴⁰ Söfnuðurinn fylgdist með honum. Aron varð að vera rétt smurður, rétt klæddur og ganga rétt. Það voru bjöllur á fötum hans og þessar bjöllur léku: ‘Heilagur, Heilagur er Drottinn.’ Hann tók með sér fórnarblóð friðþægingarinnar. Hann var smurður með Narsissunni á Saronvöllum og smurningin rann niður skegg hans og niður eftir skikkju hans. Hann gekk inn í forgarðinn, inn í nærveru Guðs. Fortjaldið féll á bak við hann og hann var falinn fyrir hinum ytra heimi.”

“Lofaður sé Guð, það er leynistaður, varanlegur staður. Þú getur gengið inn í nærveru Guðs og verið falinn fyrir hlutum þessa heims. Þú þarfnast þeirra ekki lengur, vegna þess að það er einangrun til staðar. Heimurinn er fyrir utan, gapir og horfir á. Þú ert fyrir innan, í nærveru hins eilífa Guðs, etur af hans manna sem aldrei mun rotna og aldrei verður búið.”

“Þegar einstaklingur lifir í nærveru konungsins, er hver dagur í góðu lagi. Hann hefur fundið leynistaðinn.⁴¹ Hann fór inn fyrir fortjaldið og það lokaðist á eftir honum. Hann sér ekki heiminn. Hinn heilagi staður, var hljóðeinangraður með skinnnum sauða og geita. En þessi leynistaður, er hljóðeinangraður gegnum skírn Heilags anda, sem felur mann í Kristi. Þar verður hann ný sköpun og gengur daglega frammi fyrir Guði á þennan hátt.”⁴²

“Hversu fögur mynd af hinum trúaða í nærveru Guðs. Allir hlutir voru gefnir Kristi. Allt sem Guð var, úthelli hann í Krist. Allt sem Kristur var, úthelli hann í kirkjuna. Jesús sagði: ‘Á þeim degi munuð þér skilja, að ég er í föður mínum og þér í mér og ég í yður.’⁴³ Þvílík forrétindi sem hinir trúðu hafa, ef þeir aðeins vildu taka við því.”

Að lokum sagði Bill: “Maðurinn sem gengur inn fyrir fortjaldið lokar heiminn úti. Hann situr undir vængjum kerúbanna, umkringdur af shekinah-dýrð Guðs. Það ljós dofnar aldrei, slokknar aldrei. Hinn trúaði hvílir við sáttmálsörkina og etur manna úr hinu gullna keri, sem er ætíð ferskt. Hann hefur engar áhyggur af neinu. Það hefur verið séð fyrir öllu. Guð er yfir honum, hlustar á bænir hans og svarar bænum hans. Ekki bara það, heldur dvelur þessi trúaði í nærveru konungs konunganna, Guðs sjálfs í shekinah-dýrð! Vandamál komast ekki að honum þarna inni. Hann mun ekki hlusta á þau. Vol heimsins er skilið eftir fyrir utan.

Vinir, ef þið getið gengið á þennan hátt inn í Krist, ef þú getur komist á þann stað, þar sem þú lifir aðeins í shekinah dýrðinni, lifir í nærveru konungsins, þá verður hver

³⁹ Hér er vitnað í Filippíbréfið 1:21 og Galatabréfið 2:20

⁴⁰ Hér er vitnað í 2. Mósebók 30:10, 3. Mósebók 16. kafla og Hebreabréfið 9:7-4, 25-26

⁴¹ Hér er vitnað í Sálm 27:4-5, Sálm 91:1 og Matteus 6:6

⁴² Hér er vitnað í 2 Korintubréf 5:17 og Galatabréfið 6:15-17

⁴³ Hér er vitnað beint í Jóhannes 14:20

dagur sætur sálu þinni. Allt er í góðu lagi! Allt er í góðu lagi! Ekkert getur gert þér mein. Ó, hvílíkur staður.”

Til að sanna mál sitt, vitnaði hann í Hebreabréfið 10:19-22:

“Vér megum nú, bræður, fyrir Jesú blóð með djörfung ganga inn í hið heilaga, þangað sem hann vígði oss veginn, nýjan veg og lifandi inn í gegnum fortjaldið, það er að segja líkama sinn. Vér höfum mikinn prest yfir húsi Guðs. Látum oss því ganga fram fyrir Guð með einlægum hjörtum, í öruggu trúartrausti, með hjörtum, sem hreinsuð hafa verið og eru laus við meðvitund um synd, og með líkómum, sem laugaðir hafa verið í hreinu vatni.”

Hann átti oft eftir að endurtaka þetta árið 1956, og kenndi að tjaldbúðin væri jarðnesk framsetning himnesks sannleika, eins og Páll postuli kenndi: *“En þeir þjóna eftirmynd og skugga hins himneska, eins og Móse fékk bendingu um frá Guði, er hann var að koma upp tjaldbúðinni: ‘Gæt þess,’ segir hann, ‘að þú gjörir allt eftir þeirri fyrirmynd, sem þér var sýnd á fjallinu.’”*⁴⁴

Hinir þrír hlutar tjaldbúðarinnar, voru fyrirmynd margra hluta. Í talnakerfi Guðs er þrír tákni fyrir fullkomnun. Guð hefur mismunandi leiðir til að birta sjálfan sig mannkyninu. Sem faðir, sem sonur, sem Heilagur andi. Maðurinn er gerður úr þremur hlutum, líkama, sál og anda. Hjálpræðið er í þremur hlutum, réttlætning, helgun, og skírn Heilags anda. Tjaldbúðin í eyðimörkinni hafði þrjá hluta; forgarðinn, hið heilaga og hið allra helgasta. Bill vissi, að hans eigin þjónusta myndi líka vera í þremur hlutum, fyrsta, annað og þriðja togið með færinu í sýninni. Stóra tjaldið við lok sýnarinnar hafði líka þrjá hluta, söfnuðurinn í öðrum endanum, upphækkaður pallur við hinn endann, og síðan litla byggingin uppi á pallinum. Bill vissi að fyrsta og annað togið, táknuðu fyrstu tvö stig þjónustu hans; táknið í hendinni og greining gegnum sýn. Hann vissi ekki enn, hvað þriðja togið gæti verið, en engillinn sagði það skýrt og greinilega, að það yrði einhvern veginn tengt litla herberginu á pallinum, sem shekinah-dýrðin steig niður í. Engillinn sagði: *“Ég mun hitta þig í þessu herbergi. Þetta er þriðja togið þitt. Það verður ekki opinber sýning.”*

‘Þriðja togið,’ var ekki eini hlutinn af sýninni, sem var honum ráðgáta. Hann velti fyrir sér, hve mikið af þessu væri táknrænt og hve mikið af því myndi bókstaflega eiga sér stað. Af hverju sagði þessi góðlegi herramaður: “Bróðir Branham hvílist.” Af hverju var segldúkur fyrir framan fyrirbænaröðina? Hvers vegna hélt röðin áfram, út fyrir segldúkinn? Hvers vegna fór fólkið í fyrirbænaröðinni inn í litla herbergið? Hvað gerðist í þessu dularfulla herbergi?

Þar sem það var engin leið til að vita hve mikið af sýninni var táknrænt, hringdi Bill í framkvæmdastjóra sína (það voru á þeim tíma Jack Moore og Miner Arganbright) og bað þá að kanna kaup eða leigu á stærsta tjaldi, sem þeir gætu fundið. Miner Arganbright lagði til, að setja það upp í mánuð í Phoenix. Bill líkaði hugmyndin vel. Vegna þess að samkomur hans drógu að sér æ fleira fólk, eftir því sem hann var lengur á einhverjum stað, hafði hann alltaf velt fyrir sér, hvort það að dvelja lengur á einum stað, myndi koma af stað vakningu. Samt sem áður, féll þessi áætlun um sjálfa sig, þegar annar trúboði, A.A. Allen, skipulagði langa samkomuherferð í Phoenix í sama mánuði. Bill afboðaði eigin samkomur, þar sem hann gerði sér grein fyrir, að það myndi ekki ganga að tveir lækningaprédikarar væru í Phoenix á sama tíma.

Miner Arganbright stakk upp á annarri áætlun. Mexíkanski herforinginn Narciso Medina Estrada, sem var kristinn, hafði boðið Miner Arganbright að setja upp

⁴⁴ Hér er vitnað í Hebreabréfið 8:5

Branhamherferð í Mexíkóborg. Myndi Bill vilja hugleiða að halda samkomur í gömlu Mexíkó?

Þegar Bill bað fyrir þessu, kom engill Drottins til hans og sagði: “Ég sagði þér aldrei að fara til Phoenix. Ég sagði þér að fara til Mexíkó.” Það útskýrði ýmis smáatriði varðandi sýnina, sem hann hafði séð í nóvember síðastliðinn. Fátæklegu drengirnir tveir, sem hann sá í upphafi sýnarinnar, voru mexíkönsk börn og það var líka allt fólkið, sem var sagt að fara út af samkomunni, áður en hann hafði fengið tækifæri til að prédika.

Bill bað Miner Arganbright, að skipuleggja samkomur í Mexíkó og sagði honum í smáatriðum frá sýninni, sem hann hafði séð. Nokkrum dögum síðar hringdi Miner í hann og sagði: “Við erum búnir að tryggja okkur nautaatsleikvanginn í Mexíkóborg. Hann tekur um það bil 60.000 manns. Fyrsta samkoman verður 16. mars. Ég mun hitta þig og Jack Moore þann morgun á Regashótelinu í Mexíkóborg.” Arganbright gat ekki dulið hve hann var spenntur. “Bróðir Branham, það eru að minnsta kosti 100 guðspjónar í 12 kirkjudeildum, sem starfa með okkur. Það sem meira er, þetta er í fyrsta skipti í sögu Mexíkó, að ríkisstjórnin hefur boðið mótmælendatrúboða velkominn til landsins. Ég vænti þess að stórkostlegir hlutir gerist.”

Bill eyddi fyrstu tveimur mánuðum ársins 1956, við að fljúga um Bandaríkin og prédika eitt kvöld hér og tvö kvöld þar. Þetta voru ekki lækningasamkomur. Hann vildi ekki biðja fyrir sjúkum, fyrr en hann kæmi til gömlu Mexíkó, þar sem hann bjóst við að hin nýja þjónusta sín myndi hefjast þar.

Þann 16. mars, flaug Bill til Mexíkóborgar í fylgd Billy Paul, Jack Moore og Young Brown. Í för með honum var líka Roberto Espinosa, bandaríkjamaður af mexíkönskum ættum, sem myndi verða túlkur hans á samkomunum. Eftir að hafa skráð sig á Regashóтелиð, leigði hann leigubíl til að aka þeim á nautaatsleikvanginn. Dimm ský höfðu safnast saman og það voru komnar skúrir.

Leigubílstjórinn sagði: “Það rignir ekki oft hér á þessum tíma árs.”

Bill gaf framkvæmdastjóra sínum olnbogaskot og sagði: “Hvað sagði ég þér? Bíddu bara við, það verða einhvers konar vandræði þegar við komum þangað. Staðurinn verður tómur.”

“Bróðir Branham, hvernig gæti það verið?”

“Ég veit það ekki, en ég sá það í sýninni í fyrra.”

Þegar þeir komu að leikvanginum, starði Jack Moore undrandi á 60.000 sæti, sem mynduðu hring og voru öll tóm. Hann sagði: “Bróðir Branham, hefði ég ekki trúað á gjöf þína fram til þessa, myndi ég vissulega trúa á hana núna.”

Síðar komust þeir að því, að um morguninn höfðu þúsundir manna safnast saman á nautaatsleikvanginum og beðið eftir því að fyrirbænaþjónustan hæfist. Þegar byrjaði að rigna síðdegis, hafði einhver notað hátalarakerfið til að segja fólkinu að það gæti farið. Séra Abel Medina, einn af aðalskipuleggjendum herferðarinnar, sagði Bill, að hann vissi ekki, hver bar ábyrgð á því að segja fólkinu að fara. Verst af öllu var, að samningnum fyrir nautaatsleikvanginn, hafði skyndilega verið sagt upp. Á þessari stundu, gátu hvorki Miner Arganbright né Estrada herforingi sagt til um það hver óvinur þeirra væri, enda þótt þeir væru vissir um að þeir vissu, fyrir hvaða hreyfingu hann ynni. Jack Moore gnísti tönnum og sagði: “Ég ætla að komast að því, hver er á bak við þetta.”

Bill ypti öxlum. “Reyndu bara, en þú munt ekki komast að því. Enginn sem þú talar við, mun vita neitt um það.”

Meðan Bill og Billy Paul flugu heim til Jeffersonville, dvöldu Moore og Arganbright áfram í Mexíkóborg og vonuðust til að geta greitt úr flækjunni. Jack Moore reyndi í tvo daga, að komast að því hver hefði sagt fólkinu að fara og afboðað

samkomurnar. Hann fór frá einni skrifstofu til annarrar og talaði við opinbera starfsmenn, þar til hann var orðinn þreyttur í kjálkunum. Enginn sem hann talaði við, virtist vita neitt um málið. Á meðan, var Arganbright ásamt Estrada herforingja og séra Medina, að reyna að bjarga samkomuherferðinni. Þar sem þeir höfðu misst samninginn um nautaatsleikvanginn, urðu þeir að finna annan stað til að halda samkomurnar. Þeir fundu stað í Tacubaya, sem var eitt af úthverfum Mexíkóborgar.

Á laugardeginum hringdi Arganbright í Bill og bað hann að koma aftur til Mexíkó. Bill fór í hellinn sinn til að biðja yfir þessu. Á sunnudagsmorgninum, sá hann sýn af dauðum fiskum, sem lágu út um allar jarðir. Engill Drottins sagði: *“Farðu aftur til Mexíkó. Þetta er ekki besti tíminn, en ég verð með þér.”*

Svo á mánudagsmorgninum, aðeins nokkrum dögum eftir að hann fór frá Mexíkó, fóru Bill og sonur hans þangað aftur. Estrada herforingi, hafði tryggt sér fótboltavöll í Tacubaya, í tvær vikur. Bill myndi biðja fyrir sjúkum á hverju kvöldi, fram að föstudagskvöldinu. Eftir það, myndi séra Abel Medina halda áfram herferðinni, með hjálp forstöðumanna á svæðinu.

Klukkan níu á mánudagsmorgninum, kom fólkið á fótboltavöllinn. Þar sem það voru engir bekkir eða fellistólar, sat fólkið á jörðinni allan daginn og beið eftir að samkoman hæfist. Mannfjöldinn óx frá einni klukkustund til annarrar. Klukkan sex, stokkaði Billy Paul fyrirbænarþjöldin og afhenti þau mexíkana, sem útteildi þeim. Síðan fylgdi Billy Paul manninum eftir, til að fullvissa sig um að hann seldi engin af spjöldunum. Þegar Bill kom á staðinn klukkan átta, voru þar um það bil 8.000 manns, sem biðu þess að heyra hann tala. Bill velti fyrir sér, hvernig í ósköpunum hann gæti komist upp á pallinn. Stuðningsaðilar hans höfðu þegar leyst það mál. Ræðupallurinn var upp við vegg, sem aðskildi fótboltaleikvanginn frá þjóðveginum. Bill var ekið upp að þessum vegg. Síðan klifraði hann upp á vegginn, þar sem tveir menn settu reipi undir handarkrika hans og létu hann síga niður hinu megin veggjarins.

Eftir að hafa heilsað fólkinu, las Bill þriðja vers Júdasarbréfs og lagði áherslu á setninguna: *“Til að berjast fyrir þeirri trú, sem heilögum hefur í eitt skipti fyrir öll verið í hendur seld.”* Síðan sagði hann söguna af samversku konunni og útskýrði að Jesús hafði aldrei séð hana áður. Samt sagði hann henni ævisögu hennar.⁴⁵ Hann fylgdi þessu eftir með sögunni um Nataníel. Filippus sagði við Nataníel: *“Ég hef fundið Krist.”* Nataníel spurði efablandinn: *“Hvaða sannanir hefur þú?”* Filippus sagði: *“Kom og sjá.”* Þegar Nataníel kom fram fyrir manninn frá Nasaret sagði Jesús: *“Hér er sannur Ísraelsmaður.”* Nataníel spurði: *“Hvaðan þekkir þú mig?”* Jesús sagði: *“Ég sá þig undir fíkjutrénu áður en Filippus kallaði á þig.”*⁴⁶ Hvernig sá Jesús hann? Hann sá hann í sýn. Andi Guðs veit allt og Jesús, sem er birting Guðs í holdi, veit allt um okkur.

Bill sagði: *“Í kvöld er Drottinn hér, til að gera kraftaverk. Ég geri ekki kraftaverkin. Ég er eins og þessi hljóðnemi fyrir framan mig. Ef ég tala ekki, getur hljóðnemin ekki sent neitt út sjálfur. Eins er ég bara tæki í höndum Guðs. Drottinn Jesús Kristur, er sá sem lækna. Ég er bara tækið, sem Guð birtir lækninguna í gegnum. Ég starfa í samræmi við fyrirheit hans heilaga Orðs, vegna þess að ég trúi því sem hann hefur heitið í Orði sínu.”*

Kona að nafni Enriqueta Arellano, var fyrst í röðinni af 25 einstaklingum. Hún gekk upp stigann upp á pallinn og stóð frammi fyrir ameríska trúboðanum. Bill sagði: *“Þessi kona er mér jafn ókunnug og samverska konan var Jesú. En ég get sagt þér hvert vandamál þitt er. Ég sé hana á sjúkrahúsi að gangast undir uppskurð. Sárið hefur ekki gróið almennilega og hún er hrædd um að það sé krabbamein. Er þetta rétt?”*

⁴⁵ Hér er vitnað í Jóhannes 4:5-39

⁴⁶ Hér er vitnaði í Jóhannes 1:43-51

Konan tilkynnti áheyrendum klökkum rómi, að þetta væri rétt. Eftir stutta stund sagði Bill: “Vertu fagnandi, Drottinn er búinn að lækna þig.” Enriqueta gekk niður af pallinum og leit út eins og ný manneskja.

Nokkrir einstaklingar til viðbótar, komu í gegnum fyrirbænaröðina með álíka stórfenglegum árangri. Síðan stóð maður að nafni Mariano Santiago, fyrir framan trúboðann. Bill sagði við áheyrendur: “Ef Guð segir mér hvers vegna þessi maður er hingað kominn, viljið þið þá öll snúa ykkur til trúar á Jesú Krist?” Bill sneri sér síðan að Santiago og sagði: “Þú komst hingað til að láta mig biðja kviðslitinu þínu. En það er líka önnur ástæða. Þú ert guðsmaður frá Veracruz og kirkjan þín heitir Calvary. Þú vilt að ég biðji yfir vasaklútum, til að þú getir síðan afhent þá veiku fólki í kirkjunni þinni.”

Meðan þetta átti sér stað, upplýsti samkomuþjónn séra Medina um það, að maður veikur á geði, stæði í fyrirbænaröðinni með fyrirbænarspjald sem á var ritað nafn konu. Þegar Medina rannsakaði málið, komst hann að því, að ungi maðurinn virtist vissulega veikur á geði, en hann leit ekki út fyrir að vera hættulegur. Út úr mannfjöldanum, steig móðir þessa manns. Hún sagði að hún ætti fyrirbænarspjaldið. Hún var veik, en meira en nokkuð annað, þráði hún lækningu fyrir son sinn, svo hún hafði látið hann fá fyrirbænarspjaldið sitt. Séra Medina skildi þessa þrá hennar. Samt sem áður var þarna svo margt veikt fólk, sem ekki hafði getað fengið fyrirbænarspjald, að Medina óttaðist að sérhvert frávik frá því ferli sem hafði verið auglýst, gæti orsakað upppöt. Hann bað móðurina að fara í fyrirbænaröðina í stað sonar síns, sem hún og gerði.

Þegar hún stóð loks á pallinum sagði Bill við hana: “Þú ert kaþólsk og þú biður með talnabandi. Þú ert hér vegna þess, að þú þráir að ástvinur læknist og sá einstaklingur er sonur þinn. Guð er búinn að sjá fyrir öllu. Farðu í friði.”

Þetta kvöld gerðist það sama í Mexíkó og hafði gerst á Indlandi og líka á verndarsvæði Apacheindíánanna. Hin einfalda trú þessara mexíkóbúa gerði þeim kleift að viðurkenna, að greiningin væri það sem hún var. Þeir trúðu því að þetta væri Jesús Kristur, sem opinberaði sjálfan sig mitt, á meðal þeirra. Kraftaverkin blómstruðu eins ríkulega og eyðimerkurgróður eftir regnskúr.

Lægðarmiðja hafði enn áhrif á veðrið á þessu svæði. Allan daginn héngu regnský yfir fjöllunum. Fyrsta kvöldið var hvasst, en það rigndi ekki á fólkið. Næsta dag, voru regnskúrir allt síðdegidið. Það aftraði fólkinu ekki frá því að koma á samkomuna. Þegar Bill mætti klukkan átta, var tala mannfjöldans orðin 24.000.

Fimmsti einstaklingurinn, sem kom í gegnum fyrirbænaröðina var gamall, blindur maður. Bill fylgdist með honum haltra áfram, leiddur af einum af mexíkönsku samkomuþjónunum. Gamli maðurinn spurði stöðugt einhvers. Espinosa þýddi fyrir Bill. “Hann er að spyrja hvort hann sé nálægt ameríska trúboðanum. Hann langar að snerta þig.”

Nokkrum augnablikum síðar, lagði samkomuþjónninn titrandi hönd gamla mannsins á jakkahorn Bill. Gamli maðurinn féll niður á hnén, tók upp talnaband og byrjaði að söngla: “Heill þér María, full náðar...” Bill stöðvaði manninn og hvatti hann til að standa upp og sagði: “Þú þarft ekki að gera þetta hér, pabbi.”

Gamli maðurinn var með slitinn stráhatt, sem var rifinn og saumaður saman með tvíanna. Ógreitt grátt hár, stóð fram undan hattinum. Ósnyrt, grátt yfirvaraskegg huldi efri vör hans. Buxur hans og jakki voru tötraleg og hann var ekki í skyrtu. Þessi aumkunarverði maður, snerti taug samúðar djúpt í hjarta Bill. Hann hugsaði með sér: “Ef pabbi minn hefði lifað, væri hann á aldur við þennan mann. Hve grimmt hefur lífið verið, þessum gamla manni. Líklega hefur hann aldrei borðað góða máltíð á ævi

sinni, eða átt almennileg föt eða skó. Fyrir utan það allt saman, reikar hann nú um í myrkri og getur ekki séð um sig sjálfur.”

Bill leit á bera fætur mannsins. Þeir voru rykugir og sigggrónir. Neglurnar á fótunum voru langar og það brettist upp á þær. Eitt augnablik datt Bill í hug, að gefa mannum skóna sína. Síðan áttaði hann sig á því, að þeir myndu ekki passa. Fætur þessa mexíkana, voru miklu stærri en hans eigin. Bill leit á axlir mannsins og datt í hug, að hann gæti ef til vill gefið honum frakkann sinn. Axlir gamla mannsins voru of breiðar. Bill vissi að frakkinn hans myndi ekki passa heldur.

Blindi maðurinn tók af sér hattinn, hallaði höfði sínu upp að öxl Bill og grét. Bill fann ekki aðeins sársauka mannsins, eitthvað innan í honum varð eitt með þjáningum mannsins, eitthvað sem var ofar meðaumkun, ofar rökum. Það leiddi hann inn á svið kærleika, þar sem hann gat beðið trúarbænina í algerri einlægni.

Skyndilega blómstraði sýn eins og kaktusblóm, sem sýndi gamla manninn hoppa af gleði. Bill vissi þá, að verkið var fullkomnað. Blíðlega lyfti hann höfði mannsins. Maðurinn deplaði augunum tvisvar og hrópaði síðan: “Gloria a Dios! Veo! Veo!” Það þýðir: “Dýrð sé Guði! Ég sé!” Hann fór niður á hnén og reyndi að kyssa skó Bill. Bill reisti hann á fætur. Gamli maðurinn faðmaði Bill, hljóp síðan um sviðið og faðmaði að sér Arganbright, Brown og aðra guðsþjóna uppi á pallinum og hrópaði allan tímann: “Gloria a Dios!”

Kraftaverk sem þetta, var of sérstakt til að kaþólsku blöðin gætu þaggað það niður. Þúsundir mexíkana heyrðu af því næsta morgun. Á meðal þeirra var ung móðir, sem átti barn með lungnabólgu, sem barðist við að draga andann. Á þessum morgni, meðan hún beið eftir að hitta lækinn, tók barnið síðasta andardráttinn og hætti að anda. Hamstola kallaði hún á lækinn. Tilraunir hans til að lífga ungbarnið, báru ekki árangur. Alvarlegur sagði lækinn henni, að hún ætti að skilja dána barnið eftir á skrifstofu hans og hann myndi hringja í útfararþjónustu.

Eitthvað í þessari ungu móður, neitaði að sleppa takinu. Hún áleit, að ef Guð gæti gefið blindum manni sjónina, hvers vegna gæti hann þá ekki gefið barninu hennar lífið á ný. Hún sagði læknum, að hún myndi taka barnið með sér. Og frá læknastofunni fór hún beint á leikvanginn, þar sem ameríski trúboðinn myndi biðja fyrir sjúkum það kvöld. Þegar hún kom þangað, var komið síðdegi og leikvangurinn var þegar fullur að tveimur þriðju hlutum af fólki. Það var komin súld. Hún fann sér stað fyrir aftan langa röð af fólki, sem beið þess að fyrirbænarþjöldunum yrði útdeilt.

Þegar Bill klifraði yfir vegginn þetta kvöld og var látinn síga með reipi niður á pallinn, varð hann undrandi á að sjá stóra hrúgu af jökkum og klútum sem biðu hans. Miner Arganbright útskýrði, að margir þeirra sem ekki höfðu fyrirbænarþjöld, hefðu sett þessa hluti þarna, til að Bill myndi biðja yfir þeim. Fólkið trúði að það eitt, að snerta fatnað sem hann hefði beðið yfir, myndi lækna það. Bill gerði þetta með gleði og mundi eftir þeim tíma, þegar Páll hafði beðið yfir vasaklútum og fatnaði í Efesus.⁴⁷ Bill vissi að þetta myndi virka í dag, eins og það hafði gert þá. Þessir mexíkanar skildu hvað það var að trúa. Eins og alltaf, lagði Bill áherslu á það, að trú þeirra yrði að vera á Jesú Kristi eingöngu, sem er eini græðarinn.

Stuttu eftir að fyrirbænarþjónustan hófst, tók Bill eftir einhvers konar uppnámi í fyrirbænaröðinni. Það leit út fyrir að kona aftarlega í röðinni, væri að reyna að komast framhjá samkomuþjónunum. Bill fylgdist með henni klifra yfir höfuð þeirra og hlaupa í átt að pallinum. Fólkið umhverfis æpti. Aðrir menn náðu taki á henni og drógu hana aftast í röðina. Augnabliki seinna, laumaðist hún milli fótleggja þeirra og hljóp aftur

⁴⁷ Hér er vitnað í Postulasöguna 19:11-12

að pallinum. Aftur náðu þeir henni og drógu hana til baka, en hún vildi ekki gefast upp.

Brátt kom Billy Paul upp á pallinn og sagði söguna: “Pabbi, við getum ekki haldið reglu á fyrirbænaröðinni mikið lengur. Konan þarna aftast, er með dáíð ungbarn og hún vill í örvæntingu sinni, að þú biðjir fyrir því. Vandamálið er, að hún er ekki með fyrirbænarþjald. Allt fólkið í fyrirbænaröðinni, hefur beðið herna síðan snemma í morgun. Ef ég sleppi þessari konu í gegn, gæti það valdið upphöti. En hún er örvæntingarfull og samkomuþjónarnir, geta ekki haldið aftur af henni. Hvað eigum við að gera?”

Bill sneri sér við og leit á framkvæmdastjórnann sinn. Jack Moore var lágvaxinn maður, alveg eins og Bill. Þeir voru báðir á svipuðum aldri og hár þeirra farið að þynnast og þeir voru sköllóttir að framanverðu. Bill sagði: “Bróðir Jack, hún veit ekki hver ég er. Af hverju ferð þú ekki til hennar og biður fyrir barninu hennar. Það ætti að nægja henni og róa hana niður.”

Jack Moore kinkaði kalli og gekk niður stigann, út á grasvöllinn. Bill sneri sér aftur að hljóðnemanum og ætlaði að fara að tala til áheyrenda, þegar hann sá tannlaust mexíkanskt ungbarn, svífa fyrir framan sig. Barnið sat á teppi, það hjalaði og hló og sló um sig með höndunum eins og lítil börn gera, þegar þau eru spennu. Bill sagði: “Bíddu aðeins við, bróðir Jack. Það er best að ég sjái um þetta sjálfur. Látið samkomuþjónana hleypa konunni í gegn.”

Billy Paul hristi höfuðið: “Ég get það ekki, pabbi. Það gæti valdið upphöti.”

“Billy, ég sá sýn.”

“Sýn, það var annað mál.” Billy Paul vissi betur en að efast um sýn.

“Ég skal fara og segja samkomuþjónunum þetta,” sagði Espinosa. Brátt stigu samkomuþjónarnir til hliðar og létu konuna komast framhjá.

Hún hljóp upp á pallinn eins og spretthlaupari. Hún féll á kné fyrir framan trúboðann og sagði: “Padre!, padre!” Bill og Espinosa lyftu henni upp, svo hún stóð aftur upprétt. Hún var fögur kona á þrítugsaldri. Augu hennar voru bólgin, eftir að hafa grátið allan daginn. Ef til vill var þetta fyrsta barnið hennar, sem hún hélt núna lífvana í örmum sér. Bill sá ekki barnið, hann sá bara stífar útlínur þess undir teppinu.

“Hvenær dó barnið?” spurði Bill.

“Hún segir að barnið hennar hafi dáíð á læknastofunni í morgun.” Bill sagði: “Bróðir Espinosa, ekki þýða þessa bæn.” Hann lagði hendur sínar á blauta teppið og bað: “Himneski faðir, ég veit ekki hvað allt þetta á að þýða, en fyrir nokkrum augnblikum sá ég lítið barn fyrir framan mig, að hjala og leika sér. Ef þessi sýn var af þessu dána barni, mætti þá lífið snúa aftur, í Jesú nafni.” Á því augnabliki veinaði barnið og sparkaði undir teppinu. Móðirin öskraði og hélt litla bögglinum sínum upp að brjósti sér.

Bill sagði alvarlega: “Bróðir Espinosa, ekki segja frá þessu alveg strax. Láttu þessa konu, fara með þig til læknisins síns. Ég vil fá undirritaða yfirlýsingu um það, að þetta barn hafi verið dáíð.”

Þegar fyrirbænaþjónustunni var lokið spurði Bill hve margir, eftir það sem þeir höfðu séð, vildu rétta upp hönd og gefa Jesú Kristi líf sitt. Þúsundir og aftur þúsundir handa hófust á loft. Furðu lostinn sneri Bill sér að Espinosa og sagði: “Segðu þeim að ég hafi ekki viljað að kaþólikkar eða mótmælendur réttu upp hönd. Ég vildi bara sjá hendur þeirra, sem hafa aldrei tekið við Jesú Kristi áður.” Espinosa áréttaði þetta við mannfjöldann, en það virtist ekki breyta fjölda þeirra handa sem voru á lofti.

Næsta dag fékk Roberto Espinosa undirritaða yfirlýsingu frá læknum, sem hafði rannsakað barn konunnar og lýst því yfir að það væri dáíð. Aðeins þá, leyfði Bill að

Þessi saga væri gefin út, fyrst í staðarblöðunum og síðan í tímaritinu *The Voice of Healing*.

Þegar Bill var að setja niður í töskur og búa sig undir að yfirgefa Mexíkó, bað blaðamaður hann um viðtal. Eftir að hafa spurt Bill út í þau mörgu kraftaverk, sem höfðu gerst undanfarna fimm daga, spurði blaðamaðurinn: “Trúir þú að hinir kaþólsku dýrlingar okkar, geti gert kraftaverk?”

“Ef þeir eru lifandi geta þeir það,” ansaði Bill kænlega.

“Í kaþólsku kirkjunni getur þú ekki orðið dýrlingur fyrr en þú ert dáinn,” mótmælti blaðamaðurinn.

“Það getur verið að kaþólska kirkjan segi það, en í Biblíunni skrifaði Páll bréf til ‘hinna heilögu í Efesus.’ Þeir voru vissulega lifandi á þeim tíma.”

“Við lesum líka Biblíuna. En séu einhver álitamál uppi, trúum við því sem kirkjan okkar segir, fram yfir það sem Biblían segir, því páfinn heyrir beint frá Guði.” Bill hleypti brúnum.

“Ég geri ráð fyrir að þú sért ekki kaþólskur.”

“Já, ég er mótmælandi, sem þýðir að ég mótmæli kaþólsku kirkjunni, ekki fólkinu í kirkjunni. Þetta fólk eru sálir sem Jesús dó fyrir. En ég mótmæli kaþólska kerfinu, sem stjórnar þessu fólk og leiðir það burt frá Biblíunni.”

Slík ákveðni, gerði blaðamanninn undrandi. “Herra Branham, hvaða kirkju tengist þú?”

“Kirkju Drottins Jesú.”

“Ég held ég hafi ekki heyrt neitt um þá kirkjudeild.”

“Það er vegna þess að það er ekki kirkjudeild. Það er líkami Krists. Biblían segir: ‘Í einum anda erum vér allir skírðir til að vera einn líkami.’⁴⁸ Hreyfingar skipta ekki máli. Það sem skiptir máli, er trú einstaklingsins á Jesú Krist. Og sú trú kemur gegnum það að trúa Biblíunni.”

“Þú gerir þér grein fyrir því herra Branham, að Nýja testamentið er einfaldlega saga kaþólsku kirkjunnar.”

“Ég er ósammála þér þar. Ég hef lesið mikið af mannkynssögu og eftir því sem ég get best séð, varð kaþólska kirkjan ekki til fyrr en á tímum Konstantínusar, nærri 300 árum eftir dauða síðasta postulans.”

“Herra Branham, hvert er álit þitt á kaþólsku kirkjunni?”

“Ég vildi að þú hefðir ekki spurt mig að þessu, en þar sem þú gerðir það, ætla ég að segja þér það. Kaþólska kirkjan, er fullkornasta form spíritisma sem til er.”

Blaðamanninum brá við þetta. “Hvaðan færð þú slíka hugmynd?”

“Hver sem reynir að tala við þá dónu er andatrúarmaður. Og þið kaþólikkar eruð alltaf að reyna að tala við ykkar dónu dýrlinga og biðja þá að biðja fyrir ykkur.”

“Herra Branham, þú talar við Jesú Krist og hann dó.”

“Jesús hélt ekki áfram að vera dáinn. Hann reis upp úr gröfinni og hann lifir í dag. Ef herferðin mín í Mexíkó sannar eitthvað, þá sannar hún að Jesú Kristur er lifandi.”

⁴⁸ Hér er vitnað í 1 Korintubrэф 12:13

Kafli 76

Ameríka er stödd við Kadesh Barnea eins og Ísraelsmenn forðum 1956-1957

Eins og samkomuherferðir hans í Þýskalandi og Sviss, var samkomuherferð hans í Mexíkó, ótrúlega vel heppnuð. Á þessum fimm kvöldum í Tacubaya, er áætlað að 20.000 manns, hafi gefið Jesú Kristi líf sitt. Það var auðvelt fyrir Bill að sjá, hvernig Mexíkó uppfyllti fyrri hluta sýnar hans, frá desember árið 1955, en sýnin rættist ekki öll þar. Ungbarnaskórinn og veiðilexían voru tákmyndir, sem hann náði auðveldlega. En tjaldhluta sýnarinnar, var ekki eins auðvelt að skilja. Táknaði hún einfaldlega þriðja tog þjónustu hans, eða myndi hann raunverulega prédika í risastóru tjaldi eða dómkirkju? Hann vissi það ekki. Ef vera skyldi að þetta yrði bókstaflegt, þá bað hann framkvæmdastjóra sína, að leita að stærsta tjaldi sem þeir gætu leigt eða keypt. Sýnin hafði gert honum eitt augljóst. Hann vissi að Guð vildi að hann héldi áfram trúboðsstarfi sínu.

Miner Arganbright vildi að hann færi annað hvort til Evrópu eða Afríku í júlí. Eftir að hafa beðið yfir þessum tillögum, sagði Bill nei við báðum þessum heimsálfum. Heilagur andi vildi að hann væri áfram á amerískri jörð. Hann fann fyrir knýjandi byrði, sem hann hafði aldrei fundið fyrir áður, eins og þetta væri úrslitaár fyrir fagnaðarerindið í Ameríku. Bill sagði: “Ég tel að Bandaríki Norður Ameríku muni annað hvort taka við Kristi, eða byrja að falla úr náðinni á þessu ári. Nú, Drottinn sagði mér þetta ekki. Samt trúi ég því, að Ameríka muni annað hvort taka við Kristi, eða hafna honum á þessu ári. Og ég spái því að hún muni hafna honum.”

Í janúar prédikaði hann ræðu í Jeffersonville, sem hann kallaði: “Tímamót í sögunni.” Í þessari ræðu nefndi hann sjö staði í mannkynssögunni, þar sem hinn alvaldi Guð breytti um stefnu og gerði eitthvað alveg nýtt. Á sérhverjum þessara tímamóta, vitjaði Guð jarðarinnar á sérstakan hátt. Orðið tímamót táknar eitthvað tvennt, sem kemur saman. Í Orði Guðs, var það stefnumót hins jarðneska við það yfirnáttúrulega. Bill bar kennsl á þessi tímamót, sem tíma Nóa, tíma Móse, tíma Abrahams, tíma Elía, og tíma Jesú. Bill lýsti í smáatriðum fimmtu tímamótunum. Hann sagði: “Jóhannes skírari var spámaður. Gabríel var engill. Þeir birtust um það bil 33 árum fyrir þessi tímamót. Guð varaði fólkið við því, að það væri að koma að tímamótum. Sjáið bara hvað átti sér stað. Við sjáum Jóhannes standa við ána Jórdan, prédika og segja fólkinu frá hinum máttuga, sem koma myndi. Síðan birtist enginn annar en hinn Almáttugi Guð, fljótlega eftir það, vafinn í lítinn böggul af holdi. Hinn mikli Jehóva Guð, birtist sem sonur hans, Jesús Kristur. Eitt kvöldið svaf Jesús í litlum bát, sem veltist um í stormi. Hann tók ekkert eftir því. Hann var þreyttur. En það voru komin tímamót og eitthvað varð að gerast. Hann setti fót sinn á skut bátsins og sagði: ‘Þegi þú, haf hljótt um þig.’ Ég segi ykkur, skapari himins og jarðar lá í þessum bát og náttúran varð að hlýða. Þegar alvaldið talar, gerast yfirnáttúrulegir hlutir. Amen.”

Varðandi okkar eigin tíma sagði Bill: “Ég trúi því að við séum uppi á þeim tímum, þegar seinni koma Jesú Krists nálgast. Í fyrra skiptið kom hann sem ungbarn. Í þetta skipti, kemur hann sem konungur dýrðarinnar, til að refsa öllum þeim sem hlýða ekki orði Guðs... Að kenna orðið er mjög gott. Við vitum að trúin kemur fyrir það að heyra orðið. En það er alltaf þörf á hinu yfirnáttúrulega, til að sanna að hinn almáttugi lifir

enn og ríkir. Við verðum að hafa það yfirnáttúrulega. Og ég trúi því, að kirkjan standi nú á þröskuldi mestu sannana fyrir almætti Guðs, sem heimurinn hefur nokkru sinni séð... við erum á tímamótum. Hvað gerist næst? Jesús Kristur mun koma í annað skipti í dýrð, til að taka við öllum þeim sem dánir eru í trú á Krist og lifa í Guði. Guð mun taka alla með sér. Hinir hógværu munu erfa jörðina og hið mikla þúsundaráríki mun hefjast. Það verður ekkert stríð frammar, né verða til sjúkdómar, vandamál eða sárindi. Við munum lifa í nærveru hans um aldir alda. Og öll þessi tákn og atburðir sýna, að við erum stödd á þeim tímamótum.”

Eftir herferð sína í Mexíkó, hélt hann áfram að biðja fyrir sjúkum á samkomum sínum, en hann kenndi sífellt meira. Engillinn hafði útskýrt, hvernig guðleg lækning væri beitan á önglinum, sem myndi vekja athygli fólksins. Öngullinn var orð Guðs. Það var það mikilvæga. Kristnir menn þyrftu að verða grundvallaðir í aðalatriðum trúar sinnar, til að trú þeirra væri ekki til einskis.

Í Sturgis í Michiganfylki, kenndi hann aftur um hina þrjá hluta tjaldbúðarinnar og lagði áherslu á það, hve mikilvægt það væri fyrir hinn kristna mann, að ganga bak við fortjaldið inn í hið allra helgasta, sem táknar skírn Heilags anda. Hann sagði: “Margir þeir sem segjast vera kristnir, eiga stöðugt í erfiðleikum. Berjast endalasta við að halda sér á floti. Ég trúi því, að það sé vegna þess að þá skortir rétta biblíulega fræðslu. Kristur er sá sem heldur okkur á floti. Öll hugsun kristinnar byggist á hvíld. Jesús sagði: *‘Komid til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld.*’⁴⁹ Takið eftir að það er ekki það sem þú gerir, heldur það sem Kristur hefur gert fyrir þig, sem gefur hvíldina. Einhverjir hafa sagt mér að þeir leiti Guðs. Það er ekki rétt. Enginn maður leitar Guðs. Það er Guð sem leitar mannsins. Eftir að Adam syndgaði í aldingarðinum í Eden, ætti hann að hafa hlaupið um allan garðinn og hrópað: ‘Guð, hvar ertu?’ Þess í stað, var það Guð sem gekk um garðinn og kallaði: ‘Adam, hvar ert þú?’⁵⁰ Adam faldi sig. Það er eðli mannsins.”

Fyrir utan að kenna meira á herferðum sínum, kenndi Bill líka meira í Branhamtjaldbúðinni. Þegar hann var í Jeffersonville á venjulegu samkomukvöldi, steig séra Orman Neville með ánægju til hliðar, svo Bill gæti ávarpað söfnuðinn. Þessar ræður í Jeffersonville, voru ekki aðeins endurtekning á því sem hann var að prédika annars staðar. Meðan á trúboðssamkomum hans stóð, takmarkaði hinn ósamstæði hópur það, hve djúpt hann gat farið í efnið. Í Branhamtjaldbúðinni, var hann frjálst að útskýra til fulls, heilbrigða kenningu. Hann gerði sér grein fyrir því hve mikil áhrif þessar ræður, sem teknar voru upp á segulbönd, gætu haft. Með hverri vikunni sem leið, óx fjöldi þeirra sem óskuðu eftir upptökum af ræðum hans. Margir varðveittu þessar ræður um óákveðinn tíma og hlustuðu á þær aftur og aftur.

Þann 27. maí 1956, prédikaði hann í Jeffersonville um Kadesh Barnea, vinina í eyðimörkinni, þar sem Ísraelsmenn settu upp búdir sínar, meðan 12 menn fóru og njósnuðu um fyrirheitna landið. Þegar njósnaðarnir komu með misvísandi frásagnir, urðu Ísraelsmenn að taka ákvörðun. Ættu þeir að halda áfram og reyna að vinna landið, eða ættu þeir að snúa við inn í eyðimörkina og leita að öðrum stað, til að setjast að á? Það var satt, að margar hindranir voru í vegi fyrir því að sigra Kanaansland, en Guð hafði heitið þeim þessu landi. Málið snerist um andlega spurningu. Áttu þeir að trúa Móse eða ekki? Það var eftir allt saman Móse, sem hafði sagt þeim, að Guð hefði heitið þeim landinu. Flestir þessara Ísraelsmanna, ákváðu að trúa ekki Móse. Afleiðing þess var sú, að þeir þyrftu að eyða 40 árum í að reika um í eyðimörkinni, þar til þeir voru allir dauðir. Það voru börnin þeirra, sem loks tóku hið fyrirheitna land, Kanaan, til eignar. Bill sagði að kristna kirkjan í Ameríku, væri í

⁴⁹ Hér er vitnað í Matteus 11:28

⁵⁰ Hér er vitnað í 1. Mósebók 3:9

sömu aðstöðu. Honum fannst að árið 1956 væri Ameríka í herbúðum við sitt eigið Kadesh Barnea. Hún hefði ekki enn tekið ákvörðun.

Þriðja júní, prédikaði hann um Lífsins bók lambsins. Vegna þess að hann var í Jeffersonville, gat hann talað frjálsgelar um fyrirhugunina, en hann gat á samkomuherferðum sínum. Hann notaði Biblíuna til að sýna fram á, að nöfn allra sem nokkru sinni myndu frelsast, væru rituð í Lífsins bók lambsins fyrir grundvöllun heimsins.⁵¹

Þann 17. júní prédikaði hann: “Opinberunarbókin, bók tákna.” Hann talaði um atriði í Opinberunarbókinni 5. kafla, þar sem Guð situr í háseti á himnum og heldur á bók, sem var lokuð og innsiglið með sjö innsiglium og enginn maður, hvorki á himni né jörðu, var verðugur að taka bókina og opna hina sjö leyndardóma hennar. Síðan steig lamb Guðs fram. Hann var verðugur, svo hann opnaði innsiglin sjö. Spámaðurinn Daníel sá þessa sömu bók og sagði að hún myndi verða innsiglið þangað til á síðustu tímum. Síðan talaði Bill stuttlega um 10. kafla Opinberunarbókarinnar. Hvernig engill myndi stíga niður af himni með regnboga yfir höfði sér. Þessi engill myndi stíga með öðrum fætinum á landið og hinum fætinum á hafið og sverja við Hann sem lifir eilíflega, að á dögum sjöunda engilsins myndu leyndardómar Guðs koma fram.

Bill las úr Opinberunarbókinni 1. kafla: “*Opinberun Jesú Krists, sem Guð gaf honum til að sýna þjónum sínum það sem verða á innan skamms. Hann sendi engil sinn og lét hann kynna það Jóhannesi, þjóni sínum.*” Engill! Hvernig mun hann sýna þetta? Guð gaf opinberun Jesú Krists, Jóhannesi þjóni sínum, spámanni, og lét engil kynna honum það. Engil! Amen! Ég vona að þið sjáið þetta.”

Hann hélt áfram að lesa: “*sem bar vitni um orð Guðs og vitnisburð Jesú Krists, um allt það er hann sá. Sæll er sá, er les þessi spádómsorð, og þeir, sem heyra þau og varðveita það, sem í þeim er ritað, því að tíminn er í nánd.*” Sjáið til. Hvenær er tíminn í nánd? Þegar opinberun Jesú Krists, hefur verið opinberuð líkama Krists og Kristur hefur verið opinberaður, sem lifandi, að hann lifir í kirkju sinni og gerir það sama og hann gerði þá; sama þjónusta, sama fagnaðarerindi, sama tákn hins upprisna Krists. Þegar hann er opinberaður kirkjunni af engli sínum, þá er tíminn í nánd. Og frá þeim degi, þar til núna, hafa leyndardómar Jesú Krists ekki verið afhjúpaðir, fyrr en á síðustu örfáu árum. Tíminn er í nánd!”

Þegar William Branham prédikaði í Kaliforníu árið 1954, minntist hann á það, að árið 1956, myndu verða 50 ár frá því að Guð hóf vakninguna í Azusastræti í Los Angeles. Vakningu sem endurreisti gjafir Andans til kirkjunnar, sérstaklega gjafir tungutals og spádóma. Vakningin breiddist hratt út um heiminn og var byrjunin á Hvítasunnuhreyfingu tuttugustu aldarinnar. Árið 1954 stakk Bill upp á því, að það gæti verið gaman að halda 50 ára afmælishátíð, til að minnast hinnar upphaflegu Azusastrætisvakningar. Hugmyndin fékk hljómgrunn meðal hvítasunnuforstöðumanna, sem skipulögðu afmælishátíð 16. - 22. september árið 1956, sömu vikuna og Heilagur andi steig niður í Azusastræti árið 1906.

Í september 1956, tók Bill lest frá Jeffersonville til Los Angeles, til að taka þátt í Azusastrætishátíðarhöldunum. Hann átti að tala tvisvar þá vikuna. Um það bil 5.000 manns fylltu Angelus Temple, fyrsta kvöldið sem hann talaði. Demos Shakarian, forstöðumaður kristilegrar hreyfingar kaupsýslumanna, kynnti hann fyrir áheyrendum. Meðan á kynningunni stóð, lýsti Shakarian vel arfleifð Azusastrætisvakningarinnar þegar hann sagði: “Hvítasunnan er ekki kirkjudeild, hún er upplifun.”

⁵¹ Hér er vitnað í Opinberunarbókina 13:8, 17:8

Bill útskýrði þema sitt í ræðu sinni: “Azusafagnaðarár.” Hann útskýrði að orðið “*pentecost*” þýðir fimmtugasti dagur. Fyrir Gyðingana var hátíð fimmtugasta dagsins, ein af hátíðunum, sem var fyrirskipuð í lögmáli Móse. Fyrir hinn kristna, er hvítasunnuhátíðin fimmtugasti dagurinn, eftir að Jesú reis upp frá dauðum, dagurinn þegar Heilagur andi var fyrst gefinn kristinni kirkju. Eins og orðið “*pentecost*” (fimmtugasti), kemur orðið “*jubilee*” (fagnaðarár), líka úr lögmáli Móse og er í raun grundvallaratriði í lögmáli Móse. Guð fyrirskipaði Ísraelsmönnum að hafa hvíldarár, fimmtugasta hvert ár. Meðan á hvíldarárinu stóð, átti að hvíla landið án þess að rækta það eða plægja. Tapað land, var aftur gefið eigendum sínum og þrælar voru látnir lausir.⁵² Lögmál Móse innihélt mjög athyglisverðan kafla um frelsun þræla. Þegar fagnaðarárið kom og þræll vildi vera áfram hjá húsbónda sínum, var það leyfilegt. Þá var gert gat í gegnum eyrnasneppilinn á slíkum þræli, sem tákni um að hann vildi vera þræll alla tíð.⁵³ Þannig þurfti hver þræll að velja fyrir sig á fagnaðarárinu.

Bill notaði fagnaðarárið sem tengingu og sagði að sami valkostur stæði hverjum karli, konu og barni, sem væru þrælar syndarinnar, til boða. Hann sagði: “Þetta er fögur tákmynd, sem hægt er að nýta í dag, þegar sérhver einstaklingur verður að velja á milli þess, að taka við innsigli Guðs eða merki dýrsins. Páll sagði: ‘*Trúin kemur af boðuninni, en boðunin byggist á orði Guðs.*’⁵⁴ Þegar maðurinn heyrir að hann geti orðið frjálst og neitar að viðurkenna frelsi sitt frá synd, er hann innsiglaður frá Guði, og tekur á sig merki dýrsins. Þegar karlar og konur heyra hið dýrðlega fagnaðararindi Drottins Jesú Krists, sem segir þeim að þeir verði að skírast í Heilögum anda, verða þau að velja. Ef þú tekur við því, meðtekur þú frelsi í Kristi. Ef þú hafnar því, ertu merktur og innsiglaður fjarri Kristi. Svo það skiptir máli, hvert viðhorf þitt er til Orðsins.”

Hann talaði um karla og konur, sem söfnuðust saman í Azusastræti árið 1906, venjulegt fólk sem auðmýkti sig frammi fyrir Guði og lá á bæn klukkutímum saman, þar til hið veraldlega fölnaði og Orð Guðs brann sem eldur í sálinni. Bill prédikaði, að ef hinir kristnu árið 1956 gerðu það sama, myndu þeir ná sama árangri.

Ræða hans, þrýsti á mörg hundruð manns til að stíga fram og biðja Guð um að skíra sig í Heilögum anda. Samt líkaði ekki öllum við það, sem hann prédikaði. Sumir móðguðust, þegar hann sagði að það væri syndin í kirkjunni, sem hindraði vakningu. Eftir samkomuna sagði kona nokkur við aðra konu: “Branham hefur rangt fyrir sér í þessu. Sem Bandaríkjamenn, höfum við rétt til að reykja sígarettur og ganga í stuttbuxum ef við viljum. Hefði ég setið nálægt einhverri hurðinni, hefði ég hlaupið héðan út.” Seinni konan var vinur Bill og sagði honum frá þessari athugasemd.

Kvöldið eftir prédikaði Bill um: “Lambið og dúfuna.” Þegar Jóhannes skírari sá Jesú koma í áttina til sín, sagði Jóhannes: “*Sjá, Guðs lamb, sem ber synd heimsins.*” Eftir skírni Jesú sagði Jóhannes: “*Ég sá andann koma af himni ofan eins og dúfu, og hann nam staðar yfir honum.*”⁵⁵ Bill benti á, að lambið og dúfan eru tvær auðmjúkustu verur heimsins. Af hverju notaði Guð þau sem tákni upp á sjálfan sig? Sonur Guðs hlýddi alltaf föður sínum. Jesús Kristur hafði rétt til að lifa, en sem lamb Guðs, gaf hann auðmjúklega upp á bátinn sinn mannlega rétt og leyfði að sér yrði fórn að Gulgata, til að allir þeir sem á hann trúu, gætu lifað að eilífu. Jesús var fordæmi okkar. Eins og hann hlýddi vilja föðursins, ættum við að gera það á sama hátt. Hann kallaði sjálfan sig góða hirðinn, sem leitar hinna týndu sauða sinna.⁵⁶ Sauður gefur þeim

⁵² Hér er vitnað í 3. Mósebók 25:8-13

⁵³ Hér er vitnað í 2. Mósebók 21:2-6 og 5. Mósebók 15:12-17

⁵⁴ Hér er vitnað í Rómverjabréfið 10:17

⁵⁵ Hér er vitnað í Jóhannes 1:29-36

⁵⁶ Hér er vitnað í Jóhannes 10:11-14

viljugur ullina af sér, sem rýr hann. Eins verðum við kristnir, að vera viljugir til að gefa upp á bátinn rétt okkar til að syndga, svo við getum fylgt góða hirðinum eftir inn í betra líf.

Á síðasta ársfjórðungi ársins 1956, fyrir utan það að kenna um sín venjubundnu efni, eins og kærleika, náð, trú og guðlega lækningu, prédikaði Bill líka um þyngri efni, eins og synd og dóm Guðs. Í Jeffersonville prédikaði hann um: “Letrið á veggnum,” þar sem hann bar saman viðhorf Belsasars í drykkjuveislu sinni og viðhorf margra Bandaríkjamanna til Orðs Guðs. (Daníel túlkaði hið yfirnáttúrulega letur sem: “Þú ert veginn á skálum og léttvægur fundinn.”)

Síðar prédikaði Bill ræðuna: “Spámaðurinn sem roðnaði.” Hér var átt við skömm Esra, þegar hann sá alla syndina og spillinguna í Ísrael. Bill dró upp mynd af því, sem var sambærilegt á tímum Esra og árinu 1956. Hann sagði: “Þetta er ekki auðvelt efni að ræða og ég gæti hugsað mér margt annað sem væri auðveldara að tala um, en bróðir minn, ef einhver stendur ekki upp á þessum syndugu hórdómstímum og varar fólkið við, hvað mun þá gerast? Einhver verður að tala um þessa hluti. Ef til vill vildi Esra ekki gera þetta á sínum tíma, en hann gerði það samt.”

Bill takmarkaði ekki slík efni við Jeffersonville. Á samkomuherferðum sínum, prédikaði hann meira gegn synd og kallaði eftir helgun. Hann lagði áherslu á þörf hins kristna fyrir því, að láta tísku heimsins lönd og leið og lifa helguðu, heilögu lífi frammi fyrir Guði. Oft vitnaði hann í orð úr gömlum sálmi:

“Við fjarlægðum hindrunina, við fjarlægðum hindrunina.
Við málamiðluðum með syndina.
Við fjarlægðum hindrunina og sauðirnir sluppu út.
En hvernig komust geiturnar inn?”

Síðan svaraði hann spurningunni: “Geiturnar komust inn, vegna þess að þið fjarlægðuð hindrunina. Þið málamiðluðuð með syndina.”

Þann 5. október árið 1956, prédikaði hann ræðu í Chicago sem hann kallaði: “Hin málaða Jesebel.” Hann notaði söguna um Jesebel, hina illræmdu konu Akabs, til að sýna fram á hvernig kona ætti ekki að hegða sér. Hann bar saman siðleysi Jesebel og hina siðferðislegu hnignun í Ameríku nútímans. Siðferðishnignun, sem jafnvel var að smeygja sér inn í hinar kristnu kirkjur. Hann prédikaði gegn því, að konur gengju í stuttbuxum eða buxum, klipptu hár sitt stutt, notuðu farða eða reyktu sígarettur. Hann kenndi, að eiginkonur ættu að vera undirgefnar eiginmönnum sínum og ekki reyna að ráða yfir þeim á heimilinu. Hann sagði: “Ef Heilagur andi er í mér, ættuð þið að lagfæra þessa hluti, áður en dómisdagur kemur. Og ekki láta forstöðumanninn ykkar, segja ykkur eitthvað annað, vegna þess að þetta er: ‘Svo segir Drottinn í orði sínu.’”

Munið, að þegar svona syndir eru í gangi á meðal fólksins, hefur Guð alltaf einhvern sem stendur upp og segir því frá því. Á dögum Jesebel hafði Guð spámann, Elía Tisbíta að nafni, sem fór beint til konungsins og sagði: ‘Akab, þú ert að gera rangt. Guð mun sækja þig til saka fyrir þessa hluti.’ Hvað gerði Jesebel? Hún hataði Elía fyrir að segja sér, hvað væri rétt eða rangt. Vissulega er það svo, að ef maður segir fólki sannleikann hatar það þig oft, í stað þess að iðrast. Það ætti að iðrast og þakka Guði fyrir að láta það vita, hver sannleikurinn er. Það er rétt.”

Bill gagnrýndi ekki bara konurnar. Hann sagði: “Ég skammast mín fyrir ykkur veikgeðja, kristnu bræður, sem leyfið konunum ykkar að gera svona hluti. Það sýnir úr hverju þið eruð gerðir. Þið eruð ekki nógu mikil karlmenni, til að halda heimilum ykkar röð og reglu. Guð veri ykkur miskunnsamur.” Til að menn fengju ekki ranghugmyndir, útskýrði Bill hvað hann átti við: “Ekki misskilja hvað ég er að segja.

Konan þín er ekki dyramotta. Hún er elskan þín. Þú ættir að setjast niður og tala við hana um þessa hluti, rökræða við hana. Þið ættuð að lesa Biblíuna saman og biðja saman. Ef fleiri kristnir menn gerðu þetta, væru þessar syndir ekki til staðar í kirkjunni.”

Hann vissi að hann móðgaði einhverja, með því að vera svona hreinskiptinn. Enda þótt hann vonaði, að það yrði litið á þetta sem uppbyggilega gagnrýni sem var töluð í kærleika, vissi hann að ekki myndu allir líta svo á. Þegar raunveruleika ársins 1956 lauk og árið 1957 hóf göngu sína, sagði Bill við ritarann sinn: “Bróðir Cox, ég er búinn að ákveða í hjarta mínu, að prédika gegn synd. Ég ætla bara að leggja sannleikann fram fyrir fólkið og þar sem hann á heima, getur Guð komið honum á sinn rétta stað.”

Á sunnudeginum 20. janúar árið 1957, sat William Branham við skrifborðið sitt og var að leggja síðustu hönd á ræðu sem heitir: “Eftirlíking kristindómsins,” þegar gamall vinur frá Kanada kom í heimsókn. Bill gat ekki annað en tekið eftir því, hve vinur hans hafði elst, síðan hann sá hann síðast, sem minnti hann á það hve mikið hann sjálfur hafði elst. Árið 1947 hafði þessi kanadíski forstöðumaður státað af yfirvaraskeggi, sem var eins svart og moldin í Indíana. Nú við sextugsaldur, var yfirvaraskegg hans, næstum allt grátt. Bill var 48 ára gamall og hans eigið hár, sem var eitt sinn þykkt, svart og hrokkið, var líka byrjað að grána og þynnast.

Vinur hans sagði: “Bróðir Branham, fyrir tveimur árum taldi ég að Drottinn væri að kalla mig til að þjóna í Bandaríkjunum. Þegar ég ferðaðist um land þitt, tók ég aðallega eftir tveimur tegundum af kirkjum. Annað hvort eru þær kaldar, formlegar og skeytingarlausar, eða þá þær eru losaralegar og fullar af fanatík. Fyrir nokkrum mánuðum, bað kirkja í Bandaríkjunum mig um að verða forstöðumaðurinn hennar. Ég hafði mínar efasemdir, þegar ég sá þau berja á píanóið og velta um stólum. Þau róuðust niður, þegar ég prédikaði. Í lok ræðu minnar sagði ég: “Við skulum lofa Drottin saman og helga honum líf okkar.” Á því augnablik hljóp kjánalegur, ungur maður upp að púltinu og sagði: “Amen, prédikari, líttu á hendurnar á mér, olían hefur verið að leka úr þeim allan morguninn. Hallelúja! Ef fólkið kemur fram núna, skal ég gefa því þessa smurningarolíu til lækningar.” Ég sagði: “Vinur, farðu og finndu þér sæti og sestu niður.” “Bróðir Branham, veistu hvað gerðist? Öldungarnir komu fram og sögðu mér að finna mér sæti og setjast niður!” Kanadamaðurinn huldi andlit sitt með höndunum og grét.

Bill snerti öxl vinar síns. “Ég veit hvernig þetta er. Ég sé báða þessa hópa, hvert sem ég fer. Menntuðu og vitsmunalegu kirkjurnar öðru megin og tilfinningasömu kirkjurnar hinum megin. Og stundum er hvor hópurinn upp á móti hinum, svo það er erfitt að finna leið, til að nálgast þá báða, með hið sanna fagnaðarerindi.”

“Bróðir Branham, sem trúboði sem ferðast um, hvernig getur þú haldið jafnvægi í þinni þjónustu milli þessara tveggja öfga?”

“Það er aðeins fyrir náð Guðs.”

“Nú, ég ætla að fara aftur til Kanada og sleppa frá þessum illu öndum.”

Þegar hér var komið sögu, bankaði ritari Bill, Rhode Cox á útidyrnar hans og var reiðubúinn að aka honum til kirkju. Á leiðinni að Branhamtjaldbúðinni hugsaði Bill: “Drottinn, þessi kanadíski vinur minn, hefur rétt fyrir sér. Frá þeim degi, þegar ég lagði hornsteininn að kirkjubyggingunni minni, hefur þetta verið löng og hörð barátta. Hvorar öfgarnar um sig toga í mig, meðan ég stend á miðjum veginum og reyni að boða hið sanna fagnaðarerindi. Í fyrra reyndi ég svo mikið að byggja fólkið upp og grundvalla það í orðinu, til að hinir kristnu myndu gleyma því sem ber á milli þeirra, og koma saman í einingu. Í fyrra fann ég fyrir svo mikilli nauðsyn þess að kenna. Það

var eins og þetta væri árið, sem Ameríka tæki ákvörðun sína. En í dag hefur ákaflega lítið breyst. Hvað með þessar amerísku kirkjur, Drottinn. Hvað mun verða um þær?”

Eins skýrt og lúður gylli heyrði Bill rödd segja: *“Hvað varðar þig um það? Fylg þú mér.”*

Rhode Cox minnkaði hraðann, þegar hann kom að rauðu ljósi og flautaði. Hugur Bill reikaði til morgunsins árið 1933, þegar hann hafði lagt hornsteininn að Branhamtjaldbúðinni. Eftir að hafa sýnt honum sýn af hinni fullgerðu byggingu, brá honum við, þegar engillinn sagði: *“Þetta er ekki tjaldbúðin þín.”* Síðan flutti engillinn hann að aldingarði. Fyrir ofan þá var blár og heiðskír himininn. Engillinn sagði: *“Þetta er tjaldbúðin þín.”* Í aldingarðinum voru aðeins tvær raðir af trjám. Ein röð af plómutrjám og önnur röð af eplatrjám. Við enda hvorrar raðar, var tómur blómapottur. Engillinn sagði: *“Þú átt að setja niður í þessa tvo tómu blómapotta.”* Í sýninni braut Bill grein af eplatré og stakk henni niður í annan blómapottinn. Síðan braut hann grein af plómutré og stakk henni niður í hinn pottinn. Samstundis uxu tré upp úr hvorum potti um sig. Bæði trén gáfu af sér ávexti. Rödd frá himni sagði: *“Þú hefur gert vel. Réttu fram hendurnar og meðtaktu uppskeruna.”* Bill greip epli með annarri hendinni og plómu með hinni. Röddin sagði: *“Þegar þú kemur út úr þessari sýn, lestu þá síðara Tímóteusarbréf, fjórða kafla.”* Frá þeim degi er hann hafði séð sýnina hafði Bill oft lesið þennan kafla:

“Prédika þú orðið, gef þig að því í tíma og ótíma. Vanda um, ávíta, áminn með öllu langlyndi og fræðslu. Því að þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenning, heldur hópa þeir að sér kennurum eftir eigin fýsnum sínum til þess að heyra það, sem kitlar eyrun. Þeir munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum og hverfa að ævintýrum. En ver þú algáður í öllu, þol illt, gjör verk trúboða, fullna þjónustu þína.”

Árið 1933 furðaði hann sig á þessari sýn. Þegar hann horfði til baka frá árinu 1957, gat hann séð hvað þetta þýddi. Blár himininn, táknaði þjónustu hans um allan heim. Þegar Guð kallaði hann til alþjóðlegrar þjónustu árið 1946, steig hann fram sem óháður trúboði og tengdist engri sérstakri kirkjudeild. Það gaf honum frelsi til að fara á alla þá staði, sem hann var boðinn. Samt var það svo, vegna þess að hvítasunnnumenn lögðu áherslu á andlegar gjafir, þá var það ekki undarlegt að hvítasunnukirkjur mynduðu öflugasta stuðningshópinn. Raðirnar tvær í aldingarðinum, táknuðu tvær stærstu deildirnar innan Hvítasunnuhreyfingarinnar, þrenningarsinnana og einingarsinna. Enda þótt báðir hópar ættu margt sameiginlegt, aðskildu þá mismundandi skoðanir á guðdóminum. Í stuttu og einföldu máli trúá einingarsinnarnir því, að það sé enginn munur á föðurnum, syninum og heilögum anda. Þrenningarsinnarnir trúá því, að faðirinn, sonurinn og heilagur andi séu þrjár aðskildar persónur, sem saman mynda einn Guð.

Í mörg ár, gekk Bill varlega á milli þessara tveggja hópa. Hann reyndi að móðga hvorugan, til að hann gæti átt samfélag við báða. En eftir að áhersla hans hafði færst yfir í að kenna biblíuleg grundvallaratriði trúarinnar, gat hann ekki lengur horft framhjá þessu efni, í sambandi við guðdóminn. Eðli Guðs er þrátt fyrir allt upphafspunktur sannleikans. Hvernig gátu hinir kristnu nálgast skapara sinn, nema þeir vissu fyrst hver Guð er?

Bill sagði að bæði þrenningarsinnar og einingarsinnar hafi rangt fyrir sér að hluta til og sannleikurinn lægi einhvers staðar á milli þessara tveggja öfga. Hann sagði: *“En Guð er vissulega einn. Faðir, sonur og heilagur andi eru ekki þrjár mismunandi persónur í einum Guði, heldur eru þær ein persóna, sem birtist í þremur mismunandi hlutverkum. Í Gamla testamentinu opinberaði Guð sjálfan sig, sem hinn alvalda föður.*

Í Nýja testamentinu gerðist Guð maður, til að endurleysa lýð sinn. Loks dvaldi Guð í sínu fólki, fyrir Heilagan anda. Bill sagði: “Ó hve Hvítasunnuhreyfingin þarfnast góðrar biblíukennslu. Þá væri ekki svona mikið rugl í gangi hjá ykkur. Jesús Kristur er sonur Guðs. Hann hafði Heilagan anda í ómældu magni. Guð dvaldi ekki að hluta til í syni sínum, heldur var allur Guð í syni hans, Kristi Jesú.⁵⁷ Allt sem Guð var, var úthellt í Krist. Allt sem Kristur er, úthellti hann í kirkjuna. En hvítasunnnumenn, þið haldið stöðugt áfram að hafna því. Sjáið til. Jesús sagði: *‘Ef ég vinn ekki verk föður míns, trúið mér þá ekki, en ef ég vinn þau, þá trúið verkunum, þótt þér trúið mér ekki, svo að þér skiljið og vitið, að faðirinn er í mér og ég í föðurnum.’*”

Þriðja febrúar árið 1957, sótti hann mót kristilegrar hreyfingar kaupsýslumanna í Evansville í Indiana. Á þessari ráðstefnu gagnrýndi Dr. Roy Weed, sem var safnaðaröldungur yfir kirkjum í Hvítasunnuhreyfingunni “Assemblies of God” í Indiana, afstöðu Bill til margra málefna harðlega, svo sem guðdóminn, skírnina, frumsönnun fyrir skírn Heilags anda og hegðun kristinna manna, sérstaklega meðan á samkomum í kirkjunni stendur. “Bróðir Branham segir, að hann reyni að ganga á miðjum veginum, hvað þessi málefni varðar. Það er ekki góð siðfræði. Það verður keyrt á mann, sem gengur á miðjum veginum.” Þegar Bill var gefið tækifæri til að svara honum, sagði hann: “Dr. Weed, þessi vegur sem við ferðumst eftir er einstefnugata. Maður heldur annað hvort áfram með Guði, eða fer út af honum öðru hvoru megin. Við þörfnumst ekki allra þessara formlegheita. Og við þurfum ekki heldur alla þá fanatík, sem er í gangi í dag. Himnarnir eru hlaðnir af hinum ekta Heilaga anda. Það er engin þörf fyrir staðgengil. Hvers vegna að reyna að komast til himna gegnum einhvern hugaræsing, þegar orð Guð segir að það sé ekki hægt? Hvers vegna að nota staðgengil, annað hvort með því að ganga í einhverja kirkju, eða með því að fara í einhvern hóp sem segir að þú verðir að hoppa upp og niður, eða fá olíu til að renna úr höndum þínum, eða blóð úr andliti þínu? Slíkir hlutir koma frá Helvíti. Þetta er ekki í orði Guðs. Ef þú trúir því að ég sé spámaður Guðs, þá taktu við orði mínu og haltu þér frá slíkum hlutum.”

Undanfarið prédikaði hann mikið gegn fanatík. Í mörg ár, hafði alls konar fanatík grafið um sig á Vesturströndinni, en nú virtist þetta vera að breiðast út og sýkja aðra hluta landsins. Prédikari nokkur í Los Angeles vakti þjóðarathygli, vegna þess að blóð birtist á höndum hans, þegar hann bað fyrir sjúkum. Maðurinn sagði þetta vera hið sanna blóð Jesú Krists. Þótt merkilegt kunni að virðast, flyktust þúsundir manna að, til að sjá þessa blekkingu. Bill hafði ógeð á þessu og hann fordæmdi þetta opinberlega og sagði að þetta gæti ekki verið blóð Jesú. Væri þetta það, þýddi það að Jesú væri kominn aftur og það væri vitleysa. Þar sem þetta var ekki blóð Jesú, hafði það enga merkingu. Ekkert ritningarvers, tengdi blóð við guðlega lækningu. Aftur og aftur áminnti Bill kristið fólk fyrir að taka við táknum og undrum, sem ekki pössuðu við Orð Guðs. Allt sem hinn kristni hugsar, segir og gerir, verður að vera í samræmi við Biblíuna.

Dagana 10. – 17. febrúar árið 1957, prédikaði hann í Minneapolis í Minnesota. Næsta herferð hans, átti að byrja 26. febrúar í Madison Square Garden í Phoenix í Arizona. Hann gat verið heima í viku, áður en hann hélt af stað til Phoenix. Þá viku fékk hann stöðugt símtöl frá guðsþjónum, sem höfðu áhyggjur af alls konar fanatík, sem var að lauma sér inn í kirkjur þeirra. Þeir báðu hann allir um hjálp. Einn daginn fékk hann 30 slík símtöl á innan við tveimur klukkutímum. Guðsþjórnarnir sögðu allir eitthvað þessu líkt: “Bróðir Branham, fanatíkin frá Vesturströndinni er komið í minn

⁵⁷ Hér er vitnað í Kólossubrési 2:9

landshluta. Láttu Phoenix eiga sig og komdu hingað. Vissulega mun mitt fólk hlusta á þig. Ef það gerir það ekki, er ég hræddur við það sem kann að gerast.”

“Bróðir, ég get ekki komið núna,” svaraði Bill. “Ég lofaði bræðrunum í Phoenix að ég myndi fara þangað. Þú ert guðsmaður. Stattu á bak við púltið þitt, taktu Orð Guðs og prédikaðu það hreint út. Jesús sagði: *‘Mínir sauðir heyra raust mína. Ókunnugum fylgja þeir ekki.’*”⁵⁸

Herferð hans í Phoenix stóð yfir í tvær vikur. Eitt kvöldið, útskýrði hann óbíbílúlega fanatík í ræðu sem hann kallaði: “Guð stendur við sitt Orð.” Texti hans var úr sögunni um það, þegar Móse leiddi Ísraelsmenn út úr Egyptalandi.” Í 2. Mósebók 12:38 segir: *“Þar að auki fór með þeim mikill fjöldi af alls konar lýður.”* Þessi alls konar lýður, sameinaðist Ísraelsmönnum. Þessi lýður sá Móse gera yfirnáttúruleg tákni í Egyptalandi og þeir hópuðust um hina yfirnáttúrulegu staðfestingu hans, en þeir höfðu ekki snúið sér í hjarta sínu. Þeir voru aðeins að reyna að herma eftir hinum sannt trúðu. Það sama á sér stað í dag.

Bill talaði um eineygða, þeldökka manninn í Los Angeles, sem öðlaðist skírn Andans árið 1906 í Azusastræti. Hann sagði: “Þaðan í frá, lét Guð kyndilljós sitt í hendur fólks, sem vildi sömu hvítasunnureynslu og lýst er í Postulasögunni. Guð endurreisti gjöf þess að tala í tungum. Þið hvítasunnnumenn tókuð við því. En hvað gerðist? Þú bjugguð til þá kenningu, að það að tala í tungum væri frumsönnun þess, að eiga Heilagan anda. Og þið sögðuð að enginn gæti öðlast Heilagan anda, án þess að tala í tungum. Og að allir sem töluðu í tungum, hefðu Heilagan anda. Þegar þið bjugguð til kreddu úr þessu, tók Guð kyndilljósið úr höndum ykkar.

Síðan byrjuðuð þið einingarsinnar að skíra í Jesú nafni. Það er allt í lagi, vegna þess að það er í Biblíunni. En hvað gerðist? Þið skipulögðuð ykkur og settuð punkt á eftir því, svo Guð tók kyndilljósið frá ykkur. Síðan hóf Guð samkirkjulega hreyfingu guðlegrar lækningar. Hvað hefur gerst? Allt of margir menn, hafa byggt þjónustu sína á tómun hugaræsingi. Hvítasunnuhreyfingin er dottin á andlitið ofan í tilfinningasemi, sem hefur engan grunn í Ritningunni. Orð Guðs er undirstaða Hans.

Hlustið á mig, bræður. Þið frelsist ekki fyrir tákni eða hugaræsing. Þið frelsist, þegar þið uppfyllið skilyrðin í Orði Guðs. Ég er ekki frelsaður, vegna þess að mér finnst ég vera frelsaður. Ég er frelsaður vegna þess, að Guð gaf mér fyrirheitið og ég uppfyllti skilyrði Guðs. Og byggt á hinu heilaga Orði Guðs, get ég sigrað Satan sjö daga vikunnar og jafn margar nætur, vegna þess að það er Orð Guðs. Jesús sagði: *‘Sá sem heyrir orð mitt og trúir þeim, sem sendi mig, hefur eilíft líf og kemur ekki til dóms, heldur er hann stiginn yfir frá dauðanum til lífsins.’*⁵⁹ Þetta sagði Konungur konunga. Trúið þið þessu?”

Þegar hann var í heimakirkju sinni í Jeffersonville, talaði hann með enn opinskárrri hætti um þetta efni. Hann kenndi, að Satan gæti hermt eftir hverri einustu gjöf Heilags anda. Auðvitað byggði hann þetta á Ritningunni. En hann sýndi líka, hvernig margar heiðnar menningarþjóðir fremja djöfullega hluti, sem voru sambærilegir við það sem kristnir myndu kalla: ‘Andans fylltar upplifanir.’⁶⁰ Ef ekki var hægt að nota tilvist andlegra gjafa, sem sönnun fyrir Andans fylltu lífi, þá gat tungutal ekki verið sönnun fyrir skírn Heilags anda. Hann prédikaði: “Ef þú segir: ‘Ó, hallelúja, ég talaði í tungum,’ þýðir það ekki meira en ef þú lékir lag á gítar. Þótt þú talaðir í tungum, þótt þú hrópaðir og hlypir fram og aftur gangana og tárfeildir eins og þú hefðir verið að afhýða lauk, þýðir það ekkert nema daglegur lífsmáti þinn beri því vitni. Ef þú gerir þessa hluti og þú átt lífið, Amen, það er frábært. En þú getur líka gert þessa hluti, án

⁵⁸ Hér er vitnað í Jóhannes 10:27 og Jóhannes 10:5

⁵⁹ Hér er vitnað í Jóhannes 5:24

⁶⁰ Hér er vitnað í Matteus 7:21, 1 Kor. 13:1-2 og 2 Kor. 11:13-15

Þess að eiga þetta líf. Svo engir þessara hluta, eru sönnun fyrir Heilögum anda. Jesús sagði: *‘Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá.’* Og ávöxtur Andans er: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, góðvild og gæska.”⁶¹ Hann móðgaði og hneykslaði margt hvítasunnufólk með álíka staðhæfingum og þessum. Sumir stuðningsmanna hans voru á báðum áttum.

⁶¹ Hér er vitnað í Matteus 7:16-23 og Galatabréfið 5:22-23

Kafli 77

Arfinum skipt 1957

Banks Wood hafði góða ástæðu fyrir að kaupa hús, við hliðina á William Branham. Í janúar árið 1950 taldi kona hans, Ruby, hann á að fara á Branham samkomu í Louisville í Kentucky. Banks hafði verið alinn upp í hreyfingu Votta Jehóva, svo hugmyndin um að Jesús Kristur gæti læknað sjúka í dag, virtist honum fáránleg. Þetta kvöld í Louisville, fylgdist Banks Wood undrandi með því, þegar William Branham greindi vanda ókunnugs fólks. Hann hugsaði með sér: “Þetta virðist rétt, en hvernig get ég verið viss um, að þetta fólk sé virkilega að lækna?” Síðan sá hann William Branham biðja fyrir dreng, sem var bæklaður eftir að hafa fengið mænusótt. Drengurinn stóð upp út hjólastólnum sínum, hljóp upp stigann upp á pallinn og hrópaði Jesú þakkir, fyrir að hafa læknað sig. Þetta snerti Banks djúpt, vegna þess að litli drengurinn hans, David, var bæklaður eftir mænusótt. Banks fannst hann hafa rekist á eitthvað raunverulegt.

Banks Wood ákvað, að hann yrði að vita meira um þessa óvenjulegu þjónustu, svo hann og kona hans mættu á næstu Branham samkomuherferð, sem haldin var í Houston í Texas í lok janúar árið 1950. Þau sátu meðal áheyrenda kvöldið, sem eldstólpinn var ljósmyndaður fyrir ofan höfuð William Branham. Banks ók heim til Kentucky og hafði mikið að hugsa um.

Í ágúst árið 1950, hélt William Branham tveggja vikna langa samkomuherferð í Cleveland í Ohio. Eitt kvöldið slógust Banks, Ruby og David litli Wood í hóp þúsunda annarra, sem hópuðust inn í stórt tjald. Meðan á fyrirbænaþjónustunni stóð, sneri William Branham sér frá fyrirbænaröðinni, horfði yfir áheyrendahópinn og sagði: “Þarna baka til situr maður ásamt fjölskyldu sinni. Nafn þitt er Wood, Banks Wood. Þú ert ekki frá þessari borg. Þú átt heima í námunda við Crestwood í Kentucky. Þú ert Vottur Jehóva. Þú átt dreng sem situr þarna, með lamaða og kreppta fætur og konan þín þjáist af æxli. Svo segir Drottinn: ‘Þau eru bæði læknuð.’”

Trúboðinn sneri sér aftur að fyrirbænaröðinni. Eitt augnablik voru Banks og Ruby í áfalli, þau stórðu á hvort annað og vissu ekki hvað þau áttu að gera. Síðan fann Ruby eitthvað kalt fara í gegnum líkama sinn. Hún snerti síðuna, þar sem æxlið hafði verið. “Banks,” másaði hún, “finndu þetta, hnúturinn er farinn.”

Hann þreifaði eftir kekkinum í síðu konu sinnar. Hann var þar ekki. Hann sagði við son sinn: “David, stattu á fætur.” Á meðan David mjakaði sér upp, til að hlýða þessu, réttist úr bækluðum fótum hans. Hann stóð á tveimur sterkum fótum, sem voru orðnir eðlilegir. Það var ekki undarlegt, að Banks Wood vildi ekki setjast aftur niður. Það var heldur ekki skrítið, að Banks Wood gaf Jesú Kristi líf sitt. Hann seldi hús sitt og byggingaverktakafyrirtæki í Kentucky og flutti til Jeffersonville í Indíana, til að geta sótt samkomu í Branhamtjaldubúðinni. Eftir að hann keypti húsið við hliðina á Bill, urðu nágrannarnir tveir, góðir vinir.

Þegar Banks Wood tók við Jesú sem frelsara sínum, höfnuðu faðir hans, systir og móðir (sem voru öll Vottar Jehóva), honum. Banks sá ekkert þeirra í mörg ár. Síðan, morgun einn í apríl árið 1957, birtist bróðir hans Lyle við dyr hans. Bræðurnir tveir, settust við eldhúsbordið og spjölluðu.

Loks sagði Lyle: “Banks, ég kom hingað til að sjá hvort ég gæti komið einhverju viti inn í þinn þrjóska haus. Hvaða ofstæki ertu búinn að flækja þig í?”

“Þetta er ekki ofstæki, Lyle. Sjáðu bara fæturna á David.”

“Ó, vitleysa. Pabbi okkar ól okkur þannig upp, að við vitum betur en það. Hann varaði mig alltaf við þessum prédikurum, sem boða helvítiseld. Ég trúi því varla, að þú hafir lent í svona rugli. Hvernig svikari er það eiginlega, sem þú ert að hlusta á? Hann hlýtur að tala lipurt, til að fá þig til að hætta að byggja hús og fylgja honum eftir um land allt, eins og þú gerir.”

“Nei, hann er ekki slunginn ræðumaður. Hann talar eiginlega mjög einfalt mál. En Andi Guðs er með honum.”

“Nú, ef ég hitti einhvern tíman þennan Branham náunga, segi ég honum mitt álit á málinu.”

“Hann er þarna úti að slá grasblettinn sinn. Ég skal kalla á hann.”

Banks steig út fyrir og veifaði nágranna sínum að koma. Þegar Bill kom inn í eldhúsið, kynnti Banks bróður sinn. Bill bauð Lyle upp á hressilegt handtak, en höndin sem hann tók í, var köld og máttlaus. Þeir settust niður til að spjalla saman yfir kaffibolla.

Lyle horfði tortrygginn á Bill. Á þeirri stundu, hafði hann ekki mikið yfirbragð prédikara. Hann var í smekkbuxum og slitinn stráhattur sat aftast á höfði hans. Hann var með tveggja daga gamla skeggbrodda og hvíti bolurinn hans var svitastrokinn undir handarkrikunum. Þessa stundina, leit hann frekar út fyrir að vera bóndi, sem stundaði erfiðisvinnu, heldur en heimsfrægur trúboði. Lyle sagði: “Svo þú ert prédikarinn sem tókst Banks með þér í þetta villta ferðalag?”

“Nei, það er ég ekki. Ég er bara bróðir hans í Kristi. En ég prédika líka fagnaðarerindið.”

Banks sagði Lyle frá sumum kraftaverkanna, sem hann hafði orðið vitni að á samkomum Bill. Lyle hlustaði stífur á og sýndi engan áhuga. Eftir að hafa hlustað á vitnisburð Banks í 10 mínútur, sagði Bill: “Ég býst við að þú trúir engu af þessu, herra Wood.”

“Svo sannarlega ekki. Það er ekkert til sem heitir guðlegt lækning. Þetta er allt saman bara uppspuni, sem þú hefur flækt bróður minn í. Hvað þessum svo kölluðu sýnum viðkemur...”

Meðan Lyle var að lýsa skoðun sinni, leiftraði sýn fyrir augum Bill. Hann sagði: “Herra Wood, ég sé að þú ert giftur ljóshærðri konu og þú átt tvo ljóshærða drengi, um það bil sex og átta ára gamla.”

Lyle horfði ásakandi á bróður sinn.

“Þú heldur að hann hafi sagt mér þetta,” hélt Bill áfram. “Hann gerði það ekki. Hann hefur ekki sagt mér neitt um fjölskyldu sína. En ef þetta sannfærir þig ekki, þá mun þetta ef til vill gera það. Þú hefur verið að halda framhjá konunni þinni og það hefur valdið skilnaði. Í fyrrakvöld, varst þú með ungri konu með kastaníubrunnt hár. Þú heyrðir bankað á dyrnar og ætlaðir að svara því, en hún vildi ekki leyfa þér það. Svo þú faldir þig í svefnherbergi hennar, meðan hún svaraði. Þegar þú gægðist út um gluggann sástu mann standa við dyrnar, í dökkum jakkafötum með rautt bindi. Það var einn af elskhugum hennar. Það var eins gott að þú skyldir ekki fara til dyra, því hann var með byssu í hendinni og hefði skotið af þér hausinn.”

“Hver... hver sagði þér þetta?” stamaði Lyle.

“Almáttugur Guð, sýndi mér þetta gerast í sýn.”

Lyle fannst hann vankaður. “Herra Branham, hvert einasta orð af því sem þú sagðir er sannleikur. Ég held að það væri best fyrir mig, að gefa líf mitt þeim sama almáttuga Guði og sagði þér þetta leyndarmál.”

Fullur af eldmóði fór Lyle heim og sagði fjölskyldu sinni frá trúskiptum sínum. Áður en vika var liðin, fór systir hans á eina af samkomum Bill og hún snerist líka til

trúar. Þetta skelfdi föður þeirra, sem ákvað að hann yrði að hitta þennan Branham náunga sjálfur, svo að hann gæti komið fjölskyldu sinni aftur á rétta braut.

Á mánudagssíðdeggi þann 13. maí árið 1957, beygði Bill inn í innkeyrslu sína og sá aldraðan mann standa í portinu. Bill gekk til hans og kynnti sig.

“Svo þú ert herra Branham,” sagði maðurinn höstuglega. “Ég hef heyrt mikið af þér látið. Ég heiti Wood, Jim Wood. Banks og Lyle eru tveir af sonum mínum. Veistu hvar Banks er?”

“Banks og Ruby fara venjulega að versla í matinn á þessum tíma dags. Viltu ekki koma inn fyrir og hressa þig á vatnsglasi?”

Það tók ekki langan tíma fyrir Bill að komast að því, að hann og herra Wood áttu nokkur sameiginleg áhugamál. Fyrst töluðu þeir um að alast upp í Kentucky. Síðan töluðu þeir um það, hve gaman væri að veiða íkorna, aborra og silung. Frekar en fara strax í efnið varðandi Jehóva Guð, bauð Bill herra Wood að koma með sér að veiða daginn eftir. Hann áleit að slík ferð myndi gefa þeim nægan tíma, til að ræða um trúna. Hann stakk upp á því að Banks og Lyle kæmu líka með. Jim Wood líkaði hugmyndin vel.

Það rigndi mikið þetta kvöld. Morguninn eftir sagði Banks: “Nú, ætli það þýði nokkuð að fara að veiða í dag. Árnar verða allar gruggugar og fiskurinn bítur ekki á.”

“Við getum samt reynt,” sagði Bill. Hann átti nokkurra daga frí, þar til næsta samkomuherferð hans átti að hefjast, í Saskatoon í Kanada og hann þurfti að slaka á.

Svo mennirnir fjórir pökkuðu útilegu- og veiðidótinu sínu í skottið á bíl Banks. Banks og faðir hans sátu fram í, Bill og Lyle sátu aftur í. Banks keyrði.

Ákvörðunarstaður þeirra var um 240 kílómetra í austurátt, nálægt Dale Hollow vatninu. Bill ætlaði að veiða í lóninu bak við Wolf River stífluna. Þetta svæði var ekki langt frá Burkesville í Kentucky, þar sem hann var fæddur. Vegna þess að nokkrir af ættingjum hans áttu land við vatnið og áttu bát sem hann gat fengið lánaðan, veiddi hann oft á þessum stað.

Þegar þeir voru að fara yfir Ohioána inn í Kentucky, bað Bill í hljóði: “Drottinn, hjálpa þú mér að komast að hjarta þessa einlæga, gamla bónda.” Brátt fann hann að hann sveif burt inn í sýn. Bíllinn hvarf og hann var staddur í framtíðinni og fylgdist með framtíðinni afhjúpa leyndarmál sín. Þegar sýninni lauk, sagði hann: “Herra Wood, til að þú megir vita, að það fagnaðarerið sem ég boða er raunverulegt, mun hver einasta á og lækur sem við öikum framhjá vera gruggug, þar til við komum á áfangastað. Vatnið fyrir ofan Wolf River stífluna, verður blátt og fallet. Við munum vera við veiðarnar, þar til klukkan verður um það bil hálf þrjú, án þess að fá neitt. Síðan mun ég veiða ferskvatns-steinbít. Ég hef aldrei veitt þann fisk áður í þessu vatni, en ég mun veiða nokkra sem vega samtals um 13 kíló. Herra Wood, þú munt veiða við hlið mér og nota sömu beitu, en þú munt aðeins veiða einn og Lyle mun veiða einn. Morguninn eftir mun ég veiða hreistraðan fisk. Ég gat ekki séð nákvæmlega hvaða tegund, en hann verður stór miðað við þessa tegund. Það verður síðasti fiskurinn, sem við veiðum í þessari ferð. Við munum vera að veiðum, það sem eftir er dagsins, án þess að það bítu á. Það er: Svo segir Drottinn.”

Annað munnvík Jim Wood sveigðist upp á við í létt vantrúarglött. Hann leit á Banks og veifaði. En gamli maðurinn fór að undrast, þegar þeir fóru yfir síðustu hæðina og sáu Wolf River stífluna. Vatnið fyrir aftan stífluna, var eins blátt og fallet og það gat verið. Augljóslega hafði ekki rignt mikið á svæðinu fyrir ofan stífluna.

Þeir reyndu að veiða silung, aborra og aðrar tegundir án árangurs. Síðdegis breytti Bill um beitu og veiddi samstundis ferskvatns-steinbít. Næstu klukkutímana veiddi hann marga slíka fiska, meðan Jim og Lyle veiddu einn hvor og Banks veiddi engan.

Þeir hættu að veiða klukkan 11 það kvöld. Enginn minntist á spádóminn frá því um morguninn, enda þótt hann kraumaði í huga allra.

Á miðvikudagsmorgninum, eftir sólarupprás, var glampanði sólskin. Þegar þeir höfðu borðað steiktan ferskvatns-steinbít í morgunmat, tóku veiðimennirnir veiðistangirnar sínar og önglaboxin og héldu niður að vatninu. Þegar þeir voru að setja beitu á önglana sína, minnti Bill þá á: “Það kemur einn fiskur enn og það verður sá síðasti sem við veiðum í þessari ferð. Í fyrsta kasti veiddi Bill hreistraðan fisk með rauðan maga. Hann vó um það bil hálf kíló, sem var stórt fyrir þessa tegund sólborra.

Þeir héldu áfram að veiða, en enginn veiddi neitt annað. Á nokkurra klukkustunda fresti stakk Banks, sem vissi hve nákvæmir spádómar Bill voru, upp á því að þeir myndu hætta og fara heim. Jim Wood vildi vera lengur. Hann var ákveðinn í að veiða annan fisk og sanna að þeir hefðu allir rangt fyrir sér. Gamli maðurinn færði sig úr einum stað á annan meðfram bakkanum, breytti oft um beitu og tækni og reyndi að finna einhverja samsetningu, sem myndi virka. Hann var að allt síðdegisd, allt kvöldið og jafnvel eftir myrkur, alveg fram að miðnætti. Það var ekki einu sinni nartað í færið hans.

Snemma á fimmtudagsmorgninum tóku þeir upp búðir sínar. Bill varð að fara heim, vegna þess að á föstudeginum, átti hann að leggja af stað til Saskatoon í Kanada. Meðan þeir voru að setja dótið inn í bílinn, spurði Banks föður sinn: “Hvað finnst þér um þetta núna, pabbi?”

“Nú,” hann dró seiminn og sneri veiðiboxinu sínu í höndunum. “Ef einhver getur séð fisk áður en hann veiðir hann, býst ég við að það sé allt í lagi.”

Bill greip tækifærið. “En ég get það ekki alltaf, herra Wood. Guð sýndi mér þessa sýn þín vegna. Biblían segir að velti maður fyrir sér hvort einhver sé spámaður, þá fylgstu með spádómum hans. Ef spádómar hans rætast ekki, þá er hann ekki spámaður og þú getur hunsað hann. En er þeir rætast, ættir þú að hlusta á hann, vegna þess að hann hefur orð Drottins.”⁶² Ég veit að herra Russell er álitinn spámaður meðal Votta Jehóva. En herra Russell spáði því, að Jesús myndi koma aftur árið 1914. Þegar það gerðist ekki, sagði hann að það væri andleg koma. En það er ekki rétt, því Jesús kom aftur til jarðarinnar andlega á hvítasunnudag í mynd Heilags anda. Um það snýst Postulasagan. Þú sérð því, að herra Russell getur ekki verið spámaður.” Bill hélt áfram á þessari línu og sýndi þrjá aðra staði, þar sem spádómar Russell höfðu ekki ræst.

Jim Wood nuddaði hugsi á sér kinnina. Síðan benti hann með þumalfingri yfir að vatninu og vitnaði í orð Epílópiúmannsins í Postulasöggunni 8:36: “*Hér er vatn, hvað hamlar mér að skírast?*”

Það var ekkert til að hamla því, svo þar og þá, var hann skírður í nafni Drottins Jesú Krists.

Í maí árið 1957, ferðaðist William Branham norður til Saskatoon í Kanada. Þetta var fyrsta samkomuherferð hans, án þess að nein hvítasunnukirkja fjármagnaði það. Þess í stað, kom stuðningur hans frá Öldungakirkjunni, Baptistum og öðrum kirkjudeildum. Hvítasunnukirkjurnar í Saskatoon þverneituðu að taka þátt í þessu, en það aftraði ekki Guði. Nokkur þúsund manns, fylltu skautahöllina á staðnum, til að heyra Bill tala. Þegar tíminn var kominn fyrir fyrirbænaröðina, vann andi Guðs eins mjúklega og fagurlega og listskautahlaupari skautar á ís. Fyrsta kvöld herferðarinnar, fékk blind kona aftur sjónina á yfirnáttúrulegan hátt. Spastískur drengur, fékk aftur jafnvægið. Annar drengur, sem hafði aldrei heyrt eða sagt eitt orð alla sína ævi, heyrði

⁶² Hér er vitnað í 5. Mósebók 18:15-22.

allt í einu organistann spila: “Trú aðeins trú.” Drengurinn öskraði, sem var eina leiðin sem hann hafði til að lofa græðara sinn, Jesú Krist.

Eitt kvöldið kom drengur með kryppu fram til fyrirbæna. Bill tók utan um drenginn og bað fyrir honum. Síðan sagði hann: “Þegar þú ferð að sofa í kvöld, láttu þá mömmu þína setja band umhverfis brjóst þitt og kryppuna. Láttu hana klippa bandið til mælingar. Ef þessi kryppa hefur ekki minnkað um 7 sentímetra, er ég falsspámaður. Komdu með bandið hingað á morgun og sýndu fólkinu.”

Næsta kvöld kom drengurinn fram og sýndi öllum bandið, sem móðir hans hafði notað til að mæla brjóst hans. Kryppan hafði virkilega skroppið saman um 7 sentímetra. Það sem var jafnvel enn ótrúlegra var sú staðreynd, að nú gat hann lyft höndunum upp fyrir höfuðið. Eitthvað sem venjulega er ómögulegt fyrir krypplinga, vegna afmyndunar á axlarlið þeirra.

Meðan fólkið var að mynda fyrirbænaröðina, sagði Bill: “Ég ætla nú að tengja tvö ritningavers saman. Þegar Jesús sagði Nataníel hvar hann var, áður en hann kom til fundar við hann, hvað sagði Nataníel þá? Hann sagði: ‘Rabbí, þú ert sonur Guðs, þú ert konungur Ísraels.’ Þetta er það sem Gyðingi datt í hug, þegar hann sá tákn greiningarinnar að verki. Þegar samverska konan heyrði greininguna, sagði hún: ‘Herra, nú sé ég að þú ert spámaður. Við Samverjar vitum, að þegar Messías kemur, mun hann kunngjöra oss allt.’ Jesús sagði: ‘Ég er hann, ég sem við þig tala.’ Vegna þessa tákns, skildi hún skjóluna sína eftir og fór og sagði þorpsbúum: ‘Komið og sjáið mann, er sagði mér allt sem ég hef gert. Skyldi hann vera Kristur?’”

“Ef þetta var tákn Messíasar á þeirra tíma, þá er það tákn Messíasar í dag. Takið allar kirkjudeildarkreddur út úr þessu núna og lítið aðeins á þennan sannleika í Orðinu. Jesús Kristur er risinn upp frá dauðum.”

Eftir þessa kynningu, leiddi samkomuþjónn fram fyrsta einstaklinginn í fyrirbænaröðinni. Þegar sýnin kom, sagði Bill: “Ég veit að þessi kona er kristin, vegna þess að andi hennar segir velkominn. Kona, þú ert eiginkona guðsþjóns og þú þjáist af æxli í brjósti. Þú ert ekki frá þessari borg. Ég sé Vesturströndina og borg þar sem er stór þjóðgarður. Vancouver í Bresku Kólumbíu er staðurinn. Er þetta rétt?” Hún sagði að það væri rétt. Bill lagði hönd á öxl hennar og bað: “Almáttugi Guð, í nafni Drottins Jesú Krists, ég blessa þessa konu og bið um lækningu hennar í nafni Krists. Amen.”

Næstur í röðinni stóð maður, sem sagði: “Ég er forstöðumaður og konan, sem þú varst að biðja fyrir, er konan mín. Allt sem þú sagðir henni er satt og ég get staðfest að við erum þér bæði ókunnug.”

“Þakka þér, bróðir minn. Það er eitthvað að öxlinni á þér. Þú lentir í mótörhjólaslysi og öxlin á þér, fór aldrei aftur á sinn stað. Þessu er nú lokið. Þú getur farið burt fagnandi og verið heilbrigður. Guð blessi þig. Amen.”

Við næstu konu í fyrirbænaröðinni sagði hann: “Trúðu af öllu hjarta að Jesús Kristur sé sonur Guðs og að ég sé spámaður hans, eða þjónn hans. Nú, ef áheyrendur heyra ennþá rödd mína, þá sé ég þessa konu vera taugatrekka yfir einhverju. Ég sé hana fara inn í lítið herbergi, það er baðherbergi og þar datt hún og brákaði bein í bringunni, fyrir um það bil ári síðan. Hún hefur ekki farið til læknis vegna þessa. Hún treysti Guði. Það er sannleikurinn. Er það ekki rétt, kona góð? Allt í lagi, farðu þá og fáðu þér sæti og vertu heil í nafni Drottins Jesú Krists.”

Um allt húsið, voru efasemdir að hrynja af hinum kristnu, eins og snjór sem fellur af greinum trjána, þegar sólskinið hitar þær. Bill sagði við næstu konu í röðinni: “Kona, ég þekki þig ekki. Við erum ókunnug hvort öðru.” Skyndilega leit hann við, horfði á áheyrendur og fylgdist með ljósi engilsins. Eitthvað hefur gerst á meðal áheyrenda. Einhver, einhvers staðar trúði.” Hann virti áheyrendur vandlega fyrir sér. Síðan benti hann. “Það er þessi litla, dökkhærða kona, sem situr þarna og horfir yfir öxl annarrar

konu. Hún þjáist af höfuðverkjum. Hún var að biðja: ‘Drottinn, láttu hann kalla á mig.’ Þú hefur þjáðst af alvarlegum höfuðverkjarköstum. Ef það er rétt, þá réttu upp hönd.” Hönd hennar fór á loft. “Allt í lagi. Þessu er lokið núna. Þú getur farið heim og fagnað og verið heilbrigð í nafni Krists.” Engillinn hafði ekki enn lokið sér af með þennan stað. Sýnin kom til hans. “Konan sem situr við hlið þér, er með gigt og hefur þráð lækningu. Það er rétt. Ekki satt, kona góð? Það er rétt.” Bill skjögraði vegna álagsins af sýnunum, sem var að gera hann úrvinda. “Sjáið til, þið gætuð ekki dulið líf ykkar, þótt þið vilduð það. Ekkert ykkar gæti það. Amen. Ó, ég er svo glaður að hann er risinn upp frá dauðum. Jesús Kristur er í gær og í dag, hinn sami og um aldir!”

Hann sneri sér aftur að konunni, sem beið á pallinum við hliðina á honum. “Kona, þú ert ekki hér vegna sjálfrar þín. Þú ert hér vegna þess að þú átt þroskaheftan son.” Hún tók andköf. Síðan bað hann fyrir syni hennar.

Næsti sjúklingur var eldri kona, sem var með stórt æxli á nefinu. Bill sagði: “Það eru fleiri en eitt æxli. Þau detta af og koma síðan aftur á einhverjum öðrum stað. Þú ert með eitt núna á bringunni. Þú ert ekki frá þessari borg. Þú kemur að vestan. Þú ert frá Edmonton í Alberta. Þú heitir Pearl L-e-n-n-o-x. Frú Pearl Lennox, ef þú vilt trúa af öllu hjarta, munt þú verða heil.”

Þannig hélt þetta áfram, hver einstaklingurinn á fætur öðrum, ein sýnin á fætur annarri, kvöld eftir kvöld, alltaf fullkomið. Síðasta kvöld hans í Saskatoon gekk konan, sem hafði verið blind á fyrsta kvöldi samkomuherferðar hans, nú upp á pallinn og afhenti Bill bréf, sem innihélt vitnisburð hennar. Bréf sem hún hafði skrifað sjálf.

Eftir samkomuherferð hans í Saskatoon, hélt William Branham næstu stóru herferð í Indianapolis í Indíana, dagana 11. - 14. júní árið 1957. Þegar hann sneri aftur frá Indianapolis, var hann með verki af þreytu. Fyrir utan þær 5-20 sýnir sem hann sá á hverju kvöldi meðan á fyrirbænaþjónustunni stóð, sá hann líka 20-30 sýnir á dag í einkaviðtölum, sem hann veitti fólki á hótélherbergi sínu. Álagið af öllum þessum sýnum, hafði næstum rúið hann af allri orku. Hann hafði 14 daga til að hvíla sig, áður en hann hæfi næstu herferð í Chicago 29. júní. Svo hann spurði Banks og Lyle Wood, hvort þeir vildu fara með honum að veiða. Þeir vildu það.

Kvöldið fyrir veiðiferð þeirra, gengu Bill og Banks út í garð Banks, til að grafa eftir ánamöðkum. Meðan þeir voru að grafa, hljóp hin 11 ára gamla Rebekka út í garðinn, en ekki til að sjá ánamaðkana. Efrivör hennar skalf, eins og hún væri um það bil að fara að gráta. “Pabbi, ég fann veslings, gamla læðu, sem hefur borðað eitthvað eitrað og nú er hún öll þrútin og kemur til með að deyja. Viltu leyfa mér að hafa hana þangað til hún deyr?”

Bill var ekki mjög hrifinn af köttum og leyfði þá sjaldan á heimilinu, en þegar Rebekka horfði á hann með þessu sorgmædda, sárþænandi augnaráði, blíðkaðist hann. “Nú, ef hún kemur til með að deyja bráðlega, býst ég við að við getum haft hana um tíma. Leyfðu mér að sjá hana.”

Rebekka hljóp burt og sneri brátt aftur með veika köttinn í pappakassa. Hún mundi hvað hafði gerst, þegar pabbi hennar hafði beðið fyrir hinni deyjandi pokarottu og spurði: “Pabbi, viltu biðja fyrir kisunni?”

Bill leit einu sinni á köttinn og vissi hvað myndi gerast. Hann sagði Rebekku að láta köttinn inn í bílskúrinn um nóttina. Snemma næsta morgun, hljóp Rebekka út í skúrinn, til að athuga með kisuna sína. Hún leit í kassann og skríkti af gleði. Kötturinn var að gefa 12 kettlingum að drekka.

Meðan Bill var að setja útilegugræjurnar í bíl Banks, kom hinn tveggja ára gamli Jósef kjagandi og hélt um hálsinn á einum kettlinganna. “Jósef, ekki halda svona á kettlingnum,” skammaði Bill hann. Jósef brá og kreisti kettlinginn fast, áður en hann

lét hann detta. Bill fór með kettlinginn út í skúr og lagði hann hjá móður hans. Kettlingurinn engdist eins og hann væri mikið slasaður. Bill hugsaði: “Veslingurinn litli, hann getur ekki gert að því, að hann er köttur. Ég vona að það sé allt í lagi með hann.”

Banks, Lyle og Bill héldu til Dale Hollow, sama staðar og þeir höfðu veitt með Jim Wood í síðasta mánuði. Þegar þeir komu að Wolf River stíflunni, fékk Bill lánaðan bát hjá ættingjum sínum. Þegar þeir voru komnir út á vatnið, beittu mennirnir þrír öngla sína með ornum og höfðu fljótlega veitt nokkra litla sólborra, sem þeir skáru í bita og notuðu í beitu á silungafærin sín. Síðan hölluðu þeir sér aftur og biðu eftir þeim stóru.

Létt bláleitt þokumistur, huldi hin grænu Appalachiafjöll. Baturinn lyktaði af þörungum, fiski og eldsneyti fyrir utanborðsmótorinn. Sólskinið vermdi skyrtu Bill og mildur andvari kældi andlit hans. Þar sem hann fylgdist með tveimur öndum, sem vöggðu á vatninu milli sefsins og vatnaliljanna, fann Bill alla þreytu fljóta burt frá sér, eins og hár á biðukollu sem fjúka burt með andvaranum.

Meðan litli baturinn þeirra, sigldi letilega meðfram ströndinni, töluðu mennirnir þrír um Biblíuna. Þeir ræddu þann tíma þegar Pétur, Jakob og Jóhannes sáu Jesú tala við Móse og Elía. Jesús tók að skína eins og sólin. Þegar Pétur talaði um þennan atburð sagði hann: *“Heldur vorum vér sjónarvottar að hátign hans. Því að hann meðtók af Guði föður heiður og dýrð, þá er raust barst honum frá hinni dýrlegu hátign: ‘Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á.’ Þessa raust heyrðum vér sjálfir, koma frá himni, þá er vér vorum með honum á fjallinu helga.”* “Vitið þið hvað,” sagði Banks, “mér líður dálítið svona sjálfum, vegna þess að ég nýt þeirra forréttinda að eyða svona miklum tíma með helgum manni eins og þér, bróðir Bill.”

“Ó, bróðir Banks, ekki segja þetta,” svaraði Bill. “Það er ekkert til sem heitir helgur maður. Það er bara heilagur Guð, sem dvelur í mannum. Og það er ekkert heilagt fjall til heldur, bara heilagur Guð, sem vitjar þessa fjalls. Ég held að Pétur sé að segja það.”

Þeir ræddu hvernig heilagur Guð, gæti dvalið í sínu fólki. Banks minntist eldri konu sem hann vissi að Andi Guðs dvaldi í. Þegar Banks og Lyle voru drengir, bauð þessi kona þeim oft heim, gaf þeim nýbakað brauð og sagði þeim frá kærleika Jesú. Þeir tóku við brauðinu, en skildu Jesú eftir. Banks sagði: “Þessi kona hlýtur að vera orðin níræð núna. Veistu hvað, Lyle, hún á heima rétt hér hjá. Væri ekki gaman að koma við hjá henni og segja henni, að við séum báðir kristnir núna?”

Þegar Banks sagði þetta, fann Bill Heilagan anda koma yfir sig, eins og svalan úða úr gosbrunni. Undir innblæstri andartaksins sagði hann: “Svo segir Drottinn, þið munið sjá dýrð Guðs, því brátt verður lítið dýr reist upp frá dauðum.”

Þegar hann kom aftur til sjálfs sín, sá hann Banks og Lyle stara á sig furðu lostna. Banks sagði: “Bróðir Bill, meinaðir þú þetta virkilega eins og þú sagðir það?”

“Hvað sagði ég?” spurði Bill og vissi það satt að segja ekki. Eftir að Banks hafði endurtekið spádóminn, fullvissaði Bill hann um þetta: “Það verður nákvæmlega eins og það var talað út. Það hlýtur að verða, vegna þess að það var ekki ég sem sagði þetta. Það var Heilagur andi.”

“Hvaða dýr heldur þú að þetta verði?” spurði Lyle.

“Ég veit það ekki, en ég get ímyndað mér það. Í morgun kreisti litli drengurinn minn kettling of fast. Hann var ekki dauður þegar við fórum, en ef til vill deyr hann. Þegar við komum heim, mun Guð væntanlega gefa honum aftur líf.”

Þeir voru að veiðum, það sem eftir var dagsins, án árangurs. Stóru fiskarnir bitu ekki á, fyrr en um kvöldið. En þegar þeir gerðu það, fékk hver þeirra einn silung, á aðeins

nokkrum mínútum. Og silungarnir þrír vógu samtals um það bil 9 kíló. Þegar hér var komið sögu, voru þeir búnir með beituna, svo þeir hættu veiðum þann daginn.

Næsta morgun, eftir að hafa borðað steiktan silung í morgunmat, klifruðu þeir upp í litla bátinn, ræstu vélina og sigldu rólega meðfram ströndinni. Þeir egndu fyrir aborra, til að ná sér í beitu. En til að byrja með, veiddu þeir ekkert. Síðan beindi Bill bátinum inn í litla vík. Þegar hann hægði á vélinni, hóstaði hún og drap á sér. Hann lét bátinn reka í áttina að ströndinni. Hann setti maðk á öngulinn, kastaði færinu og fann brátt fisk bíta á. Eitt tog krækti í lítinn aborra.

Meðan þeir voru að veiða í þessari vík, töluðu þeir um kraft Guðs. Þeir ræddu þá stund, þegar Jesús sagði við Símon veiðimann: “Legg þú út á djúpið, og leggið net yðar til fiskjar.” Símon svaraði: ‘Meistari, vér höfum stritað í alla nótt og ekkert fengið, en fyrst þú segir það, skal ég leggja netin.’” Um leið og Símon kastaði netinu í vatnið, fylltist það af svo miklum fiski, að það byrjaði að rifna. Hann kallaði á félagana sína á öðrum bát að koma og hjálpa honum. Þeir fylltu báða bátana af svo miklum fiski, að þeir voru nærri sokknir.⁶³ Bill sagði þeim, að hann héldi að fiskarnir hafi ekki verið í vatninu, áður en Jesús talaði. Hann trúði því, að Guð hafi í raun skapað þessa fiska á staðnum.

Vængjuð skordýr skutust yfir vatnið. Aborrarnir og sólborrarnir voru svangir. Þeir syntu reglulega upp á yfirborðið og kræktu sér í skordýr. Vegna þess að aborrar eru svo litlir, notaði Bill færi með litlum öngli númer 4. Lyle á hinn bóginn notaði stóran öngul númer 12, sama öngul og hann notaði til að veiða silung. Lyle festi maðk á öngulinn sinn og kastaði út færinu. Hann veitti samræðunum milli Bill og Banks meiri athygli en veiðinni. Hann fann eitthvað toga í færið og dró það inn. Hann varð undrandi að sjá, hvernig aborri hafði gleypst færið og rennt því alla leið ofan í maga. “Sjáið þetta,” sagði hann og hélt færinu á lofti með hinum 7 sentímetra langa fiski hangandi á endanum. “Það sést ekki einu sinni í öngulinn.”

Hann tók aborrann með annarri hendinni og vafði færinu utan um hina. Síðan togaði Lyle. Með hljóði eins og þegar eitthvað rifnar, kom öngullinn út og tók með sér maga dýrsins og hluta af tálknunum. Lyle flautaði undrandi og sagði: “Litli fiskur, þú ert alveg búinn að vera.” Eftir að hafa losað öngulinn, henti hann fisknum yfir borðstokkinn. Í nokkrar mínútur hreyfði aborrinn ugga sína og sporð og reyndi að synda burt. Síðan valt hann yfir á hina hliðina og dó. Hann flaut þarna máttlaus og lífvana, í þriggja metra fjarlægð frá bátinum. Mildur andvarinn og öldurnar ýttu honum rólega til og frá.

“Lyle, þetta hefði ekki þurft að gerast,” sagði Bill. “Þú ættir að nota minni öngulinn. Um leið og þú finnur fiskinn bíta á, togar þú í færið. Það festir öngulinn í kjafti hans.”

“Æ, ég er bara sveitastrákur, sem hef ekki stundað veiðar mjög mikið,” sagði Lyle, og setti annan maðk á öngul sinn. “Svona hef ég alltaf gert þetta.”

Banks og Bill héldu áfram umræðu sinni um kraft Guðs. Um það bil hálf tíma síðar nefndi Bill ritningavers, sem hann hafði alltaf furðað sig á. Einn morguninn þegar Jesús var svangur, leitaði hann að fíkjum á fíkjutré. Þegar hann fann engar, formælti hann trénu. Þegar kvöldaði, voru öll laufblöð trésins visnuð. Þegar lærisveinarnir furðuðu sig á því hversu fljótt tréð hafði visnað, sagði Jesús: “*Trúid á Guð. Sannlega segi ég yður: Hver sem segir við fjall þetta: ‘Lyft þér upp, og steyp þér í hafid,’ og efar ekki í hjarta sínu, heldur trúir, að svo fari sem hann mælir, honum mun verða að því.*”⁶⁴

⁶³ Hér er vitnað í Lúkas 5:1-7

⁶⁴ Hér er vitnað í Markús 11:12-23

Meðan hann talaði, fylgdist Bill með litla fisknum, sem flaut þarna rétt hjá bátnum. Andvarinn, hafði ýtt honum upp að vatnaliljum. Þarna flaut hann á hliðinni og innnyflin gúlpuðust út úr munni hans. Blá tálknin, voru nú orðin hvít.

Skyndilega heyrði Bill skrítið hljóð. Hann leit upp og sá engil Drottins brenna eins og eld í fjallshlíðinni. Hann kom niður fjallið eins og hvirfilbylur, þaut yfir trjátoppna og stefndi beint í áttina að bátnum. Síðan var engillinn kominn upp að hlið hans og hvinurinn frá eldstólpanum fyllti skilningarvit hans. Engillinn skipaði honum: “*Stattu á fætur!*”

Bill stóð á fætur.

Lyle spurði Banks: “Hvað er hann að gera?”

“Þögn,” sagði Banks. “Eitthvað er að fara að gerast.”

Engillinn sagði: “*Talaðu til þessa fisks og hann mun lifna við.*”

Bill benti á aborrann sem flaut hjá liljunum og sagði: “Litli fiskur, Jesús Kristur gefur þér líf þitt á ný.”

Samstundis hvarf engillinn. Meðan mennirnir þrír fylgdust með, saug aborrinn innnyflin inn í sig, velti sér í rétta stöðu og synti áfram, til að komast í torfu með öðrum sinnar tegundar.

Lyle datt aftur á bak ofan í bátinn. Hann stamaði: “U-h bróðir Bill, heldur þú að þetta hafi verið fyrir mig, vegna þess að ég sagði: “Litli fiskur, þú ert búinn að vera?”

“Nei, bróðir Lyle. Guð var einfaldlega að sýna hinn mikla mátt sinn og staðfesta ritningarversin, sem við vorum að tala um.”

“En, hvers vegna? spurði Banks. Þú sagðir sjálfur að þú ert með mörg hundruð manns á fyrirbænalistanum þínum, þar á meðal nokkur spastísk börn. Hvers vegna ætti Guð að nota sinn mikla mátt, til að reisa lítinn fisk upp frá dauðum?”

“Hann er Guð og hann gerir það sem honum þóknast. Það er í samræmi við Ritninguna. Hugsid ykkur alla holdsveikisjúklingana, sem voru í Jerúsalem daginn sem Jesús notaði kraft sinn til að formæla fíkjutré. Skiljið þið? Þetta sýnir bara að Guði er annt um allt. Ef hann hefur nægan áhuga á litlum fiski, til að tala líf til hans, þá mun hann vissulega tala eilíft líf til allra barnanna sinna.”

Í ágúst flaug William Branham aftur norður. Í þetta skipti til Alberta í Kanada, til að halda níu daga samkomuherferð í borginni Edmonton. Mannfjöldinn var mikill, en viðtökurnar sem fólkið veitti honum, voru kaldar. Þegar kom að þriðja kvöldinu, vissi Bill að eitthvað var að. Trú þessara Kanadabúa ætti að vera að stíga upp, eins og hitinn frá skógareldi. Þess í stað, virtist viðhorf þeirra vera jafn kalt og sífrerinn.

Þegar Bill var búinn að prédika, sagði hann: “Sjáid þið ljósið hringsnúast hérna, þar sem þrepin liggja niður. Það var einmitt að birtast núna. Ég trúi að þetta sé sami eldstólpi og leiddi börn Ísraels í 2. Mósebók.⁶⁵ Síðar varð þessi eldstólpi hold og hann bjó á meðal okkar sem sonur Guðs, Jesús Kristur. Þegar hann var á jörðinni sagði Jesús: “Ég kem frá Guði og ég fer aftur til Guðs.”⁶⁶ Ég trúi því, að þegar hann sneri aftur til Guðs, hafi hann snúið aftur í mynd þessa ljóss. Það er sama ljósið og blindaði Pál á veginum til Damaskus. Páll spurði: “*Hver ert þú, herra?*” Og ljósið svaraði: “*Ég er Jesús...*”⁶⁷ Ég trúi að það sé sama ljósið og kom til Péturs postula um kvöldið í fangelsinu og leiddi hann út.”⁶⁸ Ég trúi því með sanni, að almáttugur Guð sé skapari himins og jarðar og Jesús Kristur sé sonur hans, sem er á meðal okkar núna.”

⁶⁵ Hér er vitnað í 2. Mósebók 13:21

⁶⁶ Hér er vitnað í Jóhannes 16:28

⁶⁷ Postulasagan 9:3-5

⁶⁸ Hér er vitnað í Postulasöguna 12:5-11

“Hann er að svara bæn lágvaxinnar konu, sem situr þarna.” Bill benti á dökkhærða konu, sem sat framarlega. “Þú þjáist af vandamáli með taugarnar. Maðurinn við hliðina á þér, þjáist af vandamáli í baki. Þið eruð hjón. Réttið upp hendur, ef þetta er rétt.” Þau réttu bæði upp hendur. “Eruð þið með fyrirbænarkort? Ekki það. Þið þurfið ekki á þeim að halda. Þið eruð bæði læknuð. Jesús Kristur gerir ykkur heil. Amen.”

“Maðurinn sem situr á bak við þau, er með vandamál í gallblöðrunni. Þú heitir Clarence. Þú ert frá stað, sem heitir Grand Prairie. Það er rétt, ekki satt? Vanda þínum með gallblöðruna er lokið, herra. Þú getur farið heim og verið heilbrigður. Amen.”

“Þú segir: ‘Bróðir Branham, þú nefndir nafn þessa manns.’ Sagði ekki Jesús Kristur, þegar hann var hér á jörðinni, við Símon, að nafn hans væri Símon og nafn föður hans Jónas? Og að hann myndi verða kallaður Pétur þaðan í frá?⁶⁹ Jesús er enn hinn sami í dag.”

“Ljósið svífur þarna yfir konu. Hún þjáist af of háum blóðþrýstingi. Hún heitir frú Fishbrook. Stattu á fætur. Þú ert frá þessari borg. Þú átt heima á 125. stræti. Húsnúmerið þitt er 13104. Ef það er rétt, réttu þá upp hönd þína. Allt í lagi, frú Fishbrook, þú ert læknuð. Jesús Kristur gerir þig heilbrigða.”

“Trúið þið að nærvera hans sé hér? Ég vil að sérhver karl og kona, sem hefur verið í fráfalli, eða var að taka við Kristi, komi fram, svo ég geti beðið um blessun yfir ykkur, meðan smurningin er hér.”

Organistinn lék sálm. Enda þótt það væru mörg þúsund manns í salnum, steig enginn fram. Að lokum sagði Bill: “Hvað er að ykkur, Kanadabúum? Þið megið ekki vera svo kirkjulegir, að þið haldið Kristi fyrir utan þetta. Það er gott að vera íhaldssamur, en ekki vera svo stíf, að þið hryggið Heilagan anda svo hann fer. Þá fáið þið enga vakningu.”

Á því augnabliki, sá hann dökkleita bylgju flæða yfir áheyrendurna. Hann varaði fólkið við: “Ef ég er spámaður Guðs, þá tala ég í hans nafni. Ykkur er fyrir bestu að fara að standa rétt gagnvart Guði, því sá tími kemur, þegar þið munuð hrópa eftir þessu og finna það ekki. Það er: ‘*Svo segir Drottinn.*’ Ef kærleikur Guðs er ekki í hjarta þínu, ertu syndari og á leiðinni til heljar. Það er: ‘*Svo segir Drottinn.*’ Sami Guð og greinir anda og segir fólki frá ásigkomulagi þess, er að tala einmitt núna. Ég tala í nafni Jesú Krists. Flýið að altarinu og gerið fljótt iðrun, áður en Guð snýr blaðinu við og þú ert dæmdur að eilífu. ‘*Svo segir Heilagur andi, sem er á meðal okkar núna.*’”

Eftir fleiri grátbænir og tilraunir til að sannfæra fólkið, komu örfáar iðrandi sálir fram, til að fá fyrirbæn. Bill var mjög vonsvikinn. “Vinir, ég hef ekki séð þetta gerast árum saman. Ég hef aldrei áður fundið þessa tilfinningu, sem kom yfir mig rétt áðan, þegar ég sá þessa svörtu bylgju, flæða í gegnum bygginguna. Þetta sló mig. Guð veit að það er sannleikur. Eitthvað er að.”

Þegar hann vaknaði næsta morgun, var hann enn vonsvikinn. Hvað var að? Hvers vegna viðurkenndu þessir kristnu þarna í Edmonton ekki nærveru Krists, mitt á meðal þeirra og meðtóku allar þær blessanir, sem fylgdu þeirri opinberun? Bill velti fyrir sér, hvort það væri sér að kenna. Ef til vill kom hann fagnaðarerindinu ekki á framfæri eins vel og hægt var.

Hann settist upp í rúminu, tók Scofield Biblíuna sína upp af náttborðinu og las í gegnum minnispunktana, sem hann hafði skrifað á aftasta saurblaðið. Hann las aftur um sýnina sem hann sá árið 1952, þegar Guð hafði læknað hann af hinum banvænu amöbum. Hann mundi hvernig hönd í lausu lofti, hafði bent á Jósúabók 1. kafla og vers 2-9. Það gaf til kynna, að þessi vers ættu jafn mikið við þjónustu Bill og þjónustu Jósúa.

⁶⁹ Hér er vitnað í Jóhannesarguðspjall 1:40-42

“Hann lokaði Biblíunni sinni, en lagði hana ekki frá sér. Þess í stað, hélt hann henni uppréttri í höndum sér, meðan hann hugsaði málið. Brátt fann hann að engill Drottins kom inn í herbergið. Depurð Bill breyttist í ótta. Hann rykkti höndunum upp að hjarta sér og lagði þær saman í bæn. Hann bjóst við að Guð myndi tala til sín, hvenær sem var. Um leið og hann tók hendurnar frá Biblíunni, opnaðist hún. Biblían hans var slitin eftir margra ára notkun. Hún hefði getað opnast á einhverjum þeirra hundruða staða, sem hann las oft. Nú opnaðist hún á Jósúabók 1. kafla. Bill las:

“Enginn mun standast fyrir þér alla ævidaga þína. Svo sem ég var með Móse, svo mun ég og með þér vera. Ég mun eigi sleppa af þér hendinni né yfirgefa þig. Ver þú hughraustur og öruggur, því að þú skalt skipta meðal þessa lýðs landi því, er ég sór feðrum þeirra að gefa þeim...Hefi ég ekki boðið þér: Ver þú hughraustur og öruggur? Lát eigi hugfallast og óttast eigi, því að Drottinn Guð þinn er með þér í öllu, sem þú tekur þér fyrir hendur.”⁷⁰

Ótti hans vék, þunglyndið fór burt og sjálfstraust hans, kom til baka. Guð hafði kallað hann gegnum engil og leiddi hann fyrir anda sinn gegnum sýnir. Enda þótt hver einasta kristna kirkjudeild hafnaði honum, myndi það ekki breyta þeirri staðreynd að Guð hafði gefið honum tilskipun um að gera það, sem hann var að gera. Hann hélt áður fyrr, að eina verkefni sitt væri að færa heiminum guðlega lækningu. Síðan sýndi Guð honum þrjá hluta þjónustu hans. Tugin þrjú, með færinu. Fyrstu tvö tugin, táknuðu lækningaþjónustu hans, en þriðja tugið var frábrugðið. Þriðja tugið myndi veiða stóru fiskana, verðlaunafiskana. Þriðja tugið myndi kalla það fólk, sem er brúður Jesú Krists og skipta á milli hennar arfleifð landsins, sem Guð sór að hann myndi gefa því. Einhvers staðar hlaut að vera fólk sem myndi heyra þetta, bera kennsl á sannleikann og gera eitthvað með það. Jesús sagði: *“Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsta...”⁷¹*

Bill sneri sér að fremstu síðu Scoefield Biblíunnar sinnar og fann blaðsíðuna þar sem stóð: “Hvernig á að nota neðanmálsskýringarnar.” Hann tók upp pennann sinn og skrifaði:

“Þessi fyrsti kafli í Jósúabók hefur um nokkurn tíma verið að opnast fyrir mér. Þennan morgun, 7. ágúst árið 1957 var ég þreyttur og taugatrekktur og ég leit á sýn sem mér var gefin, sem er rituð á saurblaðið aftast í þessari bók. Síðan opnaði ég bókina. Aftur opnaðist hún á sama kafla. Elsku Jesús Kristur, hjálpaðu mér að vera hugrakkur, þér til dýrðar.”

Bróðir Branham

Bill fletti aftur upp á Jósúabók 1. kafla og skrifaði á blaðsíðuna:

“Ég lofa með Guðs hjálp, að vera hugrakkur héðan í frá.”

7. ágúst 1957

Í október skipulagði Bill, hina venjubundnu haustveiðiferð upp í Colorado Klettafjöllin. Til allrar óhamingju, voru allir í hópnum komnir með influensu, þegar þeir komu á staðinn, þar sem þeir ætluðu að slá upp tjöldum. Þeir voru með verki vegna sóthitans og engan langaði til að borða, hvað þá veiða. Þeir tóku ekki einu sinni rifflana sína úr kössunum. Þeir sneru einfaldlega við og óku heim.

⁷⁰ Jósúa 1:5-6, 9

⁷¹ Jóhannes 8:32

Bill reyndi aftur að taka sér frí í nóvember. Í þetta skipti ætlaði hann að fara í veiðiferð til Idaho. Hann notaði hesta til að flytja farangur sinn og reið langt upp í Sawtooth fjöllin. Hann tjaldaði í rjóðri rétt hjá á, sem kallaðist “*River Of no Return.*” Þetta var yndisfagurt land, fullt af tindum úr graníti og leirsteini. Umhverfis voru dalir, með þéttvöxnum trjágróðri, bæði grenitré og furutegundir. Þetta var sú tegund landslags, sem hann var hrifnastur af. Hér gat hann slakað á. Hér gat hinn ytri heimur ekki náð til hans, eða það hélt hann.

Þegar hann var búinn að tjalda, gekk hann niður að ánni. Hann stóð þar á klöpp og kastaði færinu sínu í vatnið. Hann dró það síðan hægt til sín í stuttum rykkjum, sem hermdu eftir flugu á ferð yfir vatnið, til að freista regnbogasilunganna að bíta á. Þann dag, veiddi hann óvenjulega stóran silung.⁷² Næsta dag veiddi hann í sama hyl. Eftir nokkra klukkutíma, heyrði hann drunurnar í mótór lítillar flugvélar. Hann leit upp og sá Piper Cub flugvél, fljúga eftir dalnum og fylgja ánni eftir. Þegar hún flaug yfir höfuð hans, veifaði Bill. Lítill hlutur, festur við fallhlíf, féll til jarðar frá vélinni. Hluturinn fauk inn á nærliggjandi engi. Bill gekk að honum til að rannsaka hann og komst að því, að þetta var hylki og inni í því, var bréf til hans. Bróðir hans, Howard, var dáinn. Næsta morgun setti Bill útilegudótið upp á hestana og sneri aftur til siðmenningarinnar.

Eftir jarðarför Howard, yfirgaf William Branham Jeffersonville, til að halda stutta samkomuherferð í Lakeport, sem er borg í norðurhluta Kaliforníu. Kristilegt félag kaupsýslumanna hafði skipulagt þessar samkomur, sem voru haldnar í stórrí byggingu, á svæði sem notað var fyrir sýningar. Nokkur þúsund manns, sátu á fellistólum. Eitt kvöldið prédikaði Bill út frá ritningaversi, sem hafði á sótt hann undanfarið.

“Jesús svaraði þeim: ‘Trúið á Guð. Sannlega segi ég yður: Hver sem segir við fjall þetta: Lyft þér upp, og steyp þér í hafið, og efar ekki í hjarta sínu, heldur trúir, að svo fari sem hann mælir, honum mun verða að því. Fyrir því segi ég yður: Hvers sem þér biðjið í bæn yðar, þá trúið, að þér hafið öðlast það, og yður mun það veitast.’”⁷³

Markús 11:23 kallaði á hann. Hann komst ekki burt frá því. Eitthvað var hulið þarna, eitthvað máttugt, sem hann skildi ekki til hlítar. Hvað sem öðru leið, lagði hann áherslu á 24. versnið þetta kvöld í Lakeport, þar sem Jesús hvetur fylgismenn sína til að trúá, þegar þeir biðja.

Þegar ræðu hans var að ljúka, tók ljósmyndari við hægri hlið hans, nokkrar myndir. Þegar hann framkallaði litfilmuna, leit fyrsta myndin eðlilega út.

⁷² Þetta reyndist stærsti regnbogasilungur sem sögur fóru af, fram að þeim tíma. Bill lét stoppa hann upp og festa hann á veggskjöld.

⁷³ Markús 11:22-24



Mynd 1: Tekin í Lakeport í Kaliforníu

Hún sýndi hægri hlið William Branham, þar sem hann stóð fyrir aftan ræðupúltið og gerði bendingar með höndunum, meðan hann prédikaði. Karfa með liljum stóð við hægri hlið púltsins, hjá hljóðnema sem var festur á stöng. Hinum megin við púltið, var kassalaga rafmagnshitari, sem hékk niður úr loftinu. Tveir menn sátu á fellistólum aftarlega á sviðinu. Til hliðar við þessa menn var tjald, sem hékk niður úr loftinu. Annað hvort var það til skreytingar, eða það huldi eitthvað, sem ekki var hægt að færa auðveldlega.



Mynd 2: Tekin í Lakeport í Kaliforníu

Á næstu ljósmynd, leit sviðið út eins og súrrealískt málverk. Alls staðar voru logandi eldtungur og blettir, gulgrænir á litinn sem litu út eins og móða. Engill Drottins stóð til hægri handar Bill og leit út eins og ský, um það bil 1,8 metrar á hæð. Hann stóð á milli trúboðans og fólksins sem hafði myndað fyrirbænaröð vinstra megin í húsinu. (Bill lét fólkið í fyrirbænaröðinni ávallt nálgast sig hægra megin, til að það næmi staðar í nærveru engilsins.) Á þessari mynd, var engillinn ekki eina furðulega formið sem sást. Fyrir aftan Bill birtist vangamynd Jesú (andlit, skegg, háls), með framréttar hendur og eldtungur gengu út frá höndum hans, sjö aðskildir eldslogar sem stefndu líkt og sendiboðar, í áttina að manningnum sem var að prédika. Líkami Bill virtist hulinn af bjarmanum, frá þessum yfirnáttúrulega eldi. (Þegar Bill leit á þessa

Ljósmynd síðar, sagði hann að hún minnti sig á það sem spámennirnir höfðu lýst í 1. kafla Esekíel og í Opinberunarbókinni 4:5.)

Í slíku andrúmslofti hlutu að gerast kraftaverk, sem var heppilegt fyrir blindu konuna, sem einhver leiddi í gegnum fyrirbænaröðina, þetta kvöld í Lakeport. Hún var amerískur indíáni. Augu hennar voru alhvít á litinn. Það var ekki eins og augasteinarnir væru huldur af himnu. Augasteinarnir sáust einfaldlega ekki. Bill talaði við hana um stund, þar til hann náði tengingu við anda hennar. Síðan sagði hann í gegnum sýn: “Fyrir nú árum fékkstu blóðtappa í heila, sem lamaði þig tímabundið. Þú náðir þér að mestu leyti, en blóðtappinn orsakaði það, að augun snerust upp á við, inn að höfuðkúpunni og þú hefur verið blind síðan og þjáðst stöðugt dag og nótt, og þú hefur engan frið.”

Bill fann til sérstakrar byrði og samúðar með þessari konu, vegna þess að hún minnti hann á móður hans, sem var hálfur Cherokee indíáni. Þegar hann bað fyrir henni í Jesú nafni, beygði sá sem gaf sjónina sig nú niður og snerti þessa konu. Augu hennar færðu sig í rétta stöðu og hún gat aftur séð heiminn, eins og hann var, óskýrt í gegnum gleðitár. Hún neitaði hjálp frá þeim sem hafði leitt hana þangað og gekk sjálf niður af pallinum.

Þetta kraftaverk, kveikti trú hjá öldruðum manni úr Lútersku kirkjunni, sem sat á pallinum bak við Bill. Kona þessa manns, þjáðist af blæðandi magasári, sem hafði versnað smátt og smátt, síðustu fjögur árin. Nú gat konan hans ekki borðað fasta fæðu og hún var orðin svo blóðlítil, að lækurinn hennar vildi gefa henni blóð og skera hana upp eftir viku. Aldraði maðurinn bað í hljóði: “Drottinn, ef þú vilt láta bróður Branham nefna vandamál konu minnar og ef þú lækna hana í kvöld, skal ég taka 500 dollarana, sem ég lagði til hliðar fyrir uppskurðinum og gefa þá í Lútersku kirkjuna, sem þeir eru að byggja í Ukiah.”

Samstundis sneri Bill sér við, benti á Lúterstrúarmanninn og sagði: “Þú, herra minn, þú varst að biðja þess, að ef Guð myndi lækna konuna þína, ætlaðir þú að gefa 500 dollarana fyrir aðgerð hennar, til að hjálpa til við að byggja Lúterska kirkju.”

Gamla manningnum fannst vera að líða yfir sig, en honum tókst að segja: “Vinir, þetta er sannleikur.”

“Guð vill ekki peningana þína,” sagði Bill. “En hann vill trú þína. Herra minn, konan þín er læknuð. Það er: Svo segir Drottinn!”

Morguninn eftir, voru þessi maður og áttæð kona hans, þátttakendur í morgunverðarboði kristinna kaupsýslumanna. Bill fylgdist með henni borða beikon og egg með krafti konu sem gæti verið helmingi yngri.

Um leið og William Branham var kominn heim frá Kaliforníu, hringdi frú Bosworth frá Flórída til að segja frá því, að maðurinn hennar væri deyjandi. Bill sagði henni að hann myndi koma beinustu leið til þeirra. Meðan Meda pakkaði niður í ferðatöskurnar þeirra á nýjan leik, gerði Bill bílinn tilbúinn og brátt voru þau á hraðferð í suðausturátt til Flórída. Þegar þau komu inn á sjúkrastofuna, lyfti Fred Bosworth höfði sínu upp frá koddanum og lyfti upp mögrum handleggjum sínum. Bill faðmaði vin sinn og grét: “*Faðir minn, faðir minn, þú Ísraels vagn og riddarar,*” og vitnaði í síðustu orð Elísa við Elía.⁷⁴

Fred Bosworth sagði veikum rómi: “Sonur minn, minnstu ávallt köllunar þinnar. Þú ert að prédika hið rétta fagnaðarerindi.”

Bill lét fallast niður á stól og hélt í hönd vinar síns. “Ég er 48 ára gamall og ég er svo þreyttur. Ef til vill er þjónustu minni næstum lokið.”

⁷⁴ 2 Konungabók 2:12

“Hvaða vitleysa. Þú ert ungur. Þjónusta þín er ekki einu sinni byrjuð að vera það, sem hún verður í framtíðinni. Vertu kyrr á akrinum. Ekki láta þessa hvítasunnuprédikara grugga vatnið með fanatík. Haltu áfram með fagnaðarerindið sem þú hefur. Ég trúir að þú sért postuli og spámaður Drottins Guðs okkar.”

“Bróðir Bosworth, þú prédikaðir fagnaðarerindið áður en ég fæddist. Gegnum öll þessi ár, hvert var mesta augnablik ævi þinnar?”

Fred Bosworth hikaði ekki. “Mesta augnablik lífs míns er einmitt núna. Sá sem ég hef prédikað um í öll þessi ár, sá sem ég elska, hann mun koma í gegnum dyrnar og ég mun fara með honum.”

Bill fannst hann horfa á mann, sem líktist Abraham, Ísak eða Jakob. “Bróðir Bosworth, við trúum báðir því sama. Fyrir náð Guðs, mun ég prédika fagnaðarerindið, þar til ég dreg síðasta andardráttinn. Ég mun ekki mála með orðið. Ég mun vera eins trúur Jesú Kristi og ég get. Einn daginn mun ég hitta þig í betra landi, þar sem við verðum báðir ungir að eilífu.”

Bosworth brosti af veikum mætti. “Þú verður þar, bróðir Branham. Hafðu engar áhyggjur.”

Mánuði síðar, féll Fred Bosworth í dá í tvo daga. Síðan opnaði hann augun skyndilega og settist upp í rúminu. Hann rétti fram hægri höndina og hristi hana í lausu lofti eins og hann væri að heilsa einhverjum. “Bróðir Jim, ég hef ekki séð þig síðan þú dó dóst. Þú varst einn af þeim, sem ég sneri til trúar á samkomu minni í Joliet í Illinois. Systir Julie, ég leiddi þig til trúar á Winnipegsamkomunni.” Í tvo klukkutíma heilsaði hann fólki (í herberginu), sem hafði komið til Drottins gegnum þjónustu hans, en hafði dáið á undan honum. Loks lagði hann höfuð sitt aftur á koddann og sofnaði í faðmi Jesú. Fred Bosworth var 84 ára gamall, á leiðinni inn í eilífdina.

Kafli 78

Vonbrigði í Waterloo 1958

Fyrsta skiptið sem Gene Norman heyrði William Branham prédika, var í Minneapolis í Minnesota í júlí árið 1950. Auðvitað hrifu greiningin og kraftaverkin hann, en frá fyrsta degi grunaði hann að þjónusta William Branham, hefði dýpri tilgang. Gene fékk frí í vinnunni til að hann og konan hans, Mary, gætu verið viðstödd næstu Branhamherferð í Cleveland í Ohio.⁷⁵ Þegar Clevelandsamkomunum lauk í ágúst, pantaði Gene *Voice of God* tímaritið, sem birti hvenær samkomur voru fyrirhugaðar með William Branham og sagði frá árangri herferða hans. Gene pantaði líka ræður William Branham á segulbandsspólum, frá skrifstofu Branhamtjaldbúðarinnar í Jeffersonville í Indiana.

Árið 1953, flutti Gene Norman fjölskyldu sína til Parkersburg í Iowafylki. Hann hélt áfram að fá upptökur af ræðum William Branham frá Fred Sothman, sem sá nú um dreifingu á þessum segulbandsspólum. Gene Norman og Fred Sothman urðu vinir gegnum bréfaskipti. Fred Sothman var upphaflega frá Saskatchewan í Kanada. Árið 1956, skipulagði Sothman Branhamherferð, í Prince Albert í Saskatchewan. Gene Norman tók þátt í þessum samkomum. Þegar samkomunum lauk, fór Fred Sothman með William Branham í þriggja daga veiðiferð og bauð Gene Norman að koma með. Bill og Gene tengdust vináttuböndum mitt í skógunum, hjá ísilögðum vötnum Saskatchewan.

Þegar fram liðu stundir, urðu Normanhjónin viss um að William Branham væri spámaður Guðs. Árið 1957, ákvað Gene Norman að fjármagna Branhamherferð í Waterloo í Iowafylki, sem var nærliggjandi borg með meira en 100.000 íbúum. Hann hringdi í Lee Wayle, sem starfaði þá sem framkvæmdastjóri Branham herferðanna. Lee Wayle talaði við Bill og hringdi síðan í Gene Norman, til að segja honum hvaða daga Bill væri laus, sem var frá og með laugardeginum 25. janúar til 2. febrúar árið 1958. Samstundis hafði Norman samband við alla kristnu prédikarana í Waterloo, til að skipuleggja stuðning við herferðina. Síðan leigði hann stóra samkomuhöll, sem kallaðist Hippodrome og byrjaði að auglýsa.

Síðustu vikuna í janúar árið 1958, gekk hríðarbylur yfir Iowafylki, sem gerði alla vegi hættulega hála. Fyrstu tvö kvöldin, taldi Bill hríðina vera ástæðuna fyrir hinni slægu þátttöku, sem olli miklum vonbrigðum. Mannfjöldinn hálfyllti ekki einu sinni Hippodromehöllina. En eitt kvöldið á leiðinni á samkomuna, ók hann framhjá ípróttahúsi miðskóla, sem var gestgjafi í körfuboltaleik. Miðað við fjölda bíla á bílastæðinu fyrir utan, leit út fyrir að ípróttahúsið væri troðfullt. Það var þá sem hann gerði sér grein fyrir, að það var ekki frostið eða hálir vegirnir, sem öftruðu fólki frá því að koma á samkomur hans. Eitthvað hafði breyst, í viðhorfi hinna kristnu.

Meira að segja meðal þeirra fáeinu þúsunda manna, sem tóku þátt í herferð hans, virtist viðhorfið eins kalt og ísinn á gangstéttinni fyrir utan. Fjöldi kraftaverka gerði heldur ekki mikið til að verma viðhorf þeirra. Við lok samkomunnar á miðvikudagskvöldinu, kallaði Bill fólk ekki fram til fyrirbæna. Þess í stað gerði hann nokkuð sem hann hafði aldrei gert áður. Hann bað fólk að lúta höfði og endurtaka á eftir sér: “Almáttugur Guð, skapari himins og jarðar... höfundur eilífs lífs, gjafari allra góðra hluta... vertu mér miskunnsamur... fyrirgefðu vantrú mína... ég tek við Anda

⁷⁵ Í þessari sömu herferð læknaðist David Wood, þegar réttist úr lömuðum og krepptum fótum hans.

þínum... ég trúi fagnaðarerindinu... ég trúi því að þú sért nú að vinna í líkama mínum, samkvæmt orði þínu... opnaðu leiðina... ég rek burt alla vantrú... ég tek við Anda þínum... ég trúi að þú sért í mér núna... ég trúi að veikindi mín muni hverfa... ég tek við þér núna sem græðara mínum.”

Þegar áheyrendur höfði lokið þessari sameiginlegu játningu, bað Bill þá að halda höndum á lofti, meðan hann bæði fyrir þeim. Hann sagði: “Ég mun biðja þess af öllu hjarta, að Heilagur andi vitni fyrir ykkur, að verkið sé fullkomnað.”

Hann bað: “Guð, faðir minn, ég kem í Jesú nafni til að biðja fyrir þessu fólki, sem hefur nú heiðarlega og einlæglega játað syndir sínar. Blessaði Guð, mætti þetta vera kvöld sem það gleymir aldrei. Mætti Heilagur andi koma inn í sérhvert hjarta á þessari stundu og fjarlægja alla sjúkdóma út líkómum þeirra.” Meðan hann laut enn höfði og var með lokuð augu, sagði hann: “Ég skora nú á djöfulinn í kapp. Satan, þú ert meðvitaður um að þú hefur verið hýddur. Þú átt engan lagalegan rétt. Jesús Kristur, Drottinn minn, svipti þig öllu valdi, þegar hann dó á Golgata til að taka burt synd og sjúkdóma. Satan, þú ert ekkert nema svikahrappur og við afhjúpum blekkingar þínar. Eftir að Drottinn okkar lét fíkjutréd visna með því að formæla því, hvatti hann lærisveina sína til að trúá á Guð. Hann sagði, að ef hinn trúaði segði fjallinu að færa sig úr stað og efaði ekki í hjarta sínu að það mundi gerast, mundi honum verða að því. Þetta sama fyrirheit, er sannleikur í dag. Satan, þú þekkir ritningaversin í því sambandi. Ég var að kenna þessu fólki, að Guð sé í því. Sé Guð í því og það segir við sjúkdóminn: ‘Farðu frá mér’ og efar ekki í hjarta sínu, verður sjúkdómurinn að víkja á sömu stundu, vegna þess að Kristur sagði það. Því það er ekki það sjálft, sem er að tala, það er Faðirinn sem dvelur í því, sem er að tala. Ég segi þetta sem þjónn Guðs, fyrir boðskap frá engli, sem smurði mig og hefur sannað fyrir sínu fólki, að Jesús er hér og boðskapurinn er réttur. Satan, ég skipa þér að yfirgefa sérhvern sjúkan einstakling hér og fara út í ystu myrkur, í nafni Drottins Jesú Krists.”

Undarlegt hljóð, fylgdi í kjölfarið á þessari bæn. Það hljómaði eins og organisti hefði slegið á allar nótur orgelsins í einu. En það var ekkert orgel í salnum. Skyndilega blés vindur gegnum salinn, frá einum enda hans til annars og hljóðið var eins og þyrlvindur, sem veldur glamri í járnplötum. En samkomuhöllin var byggð úr steinsteyptum einingum og timbri. Þar sem dyr hússins voru ekki opnar, hlaut vindurinn að hafa byrjað inni í salnum. Bill fann hann blása yfir pallinn og blása á fötin sín, þegar hann fór framhjá. Áður en hann dró andann tvisvar í viðbót, var hann farinn.

Mannfjöldinn virtist ekki geta náð því, sem hafði gerst. Bill útskýrði að Heilagur andi hefði farið í gegnum salinn eins og vindur, til að staðfesta orð hans. Eitthvað svipað hafði gerst, þegar Pétur prédikaði á hvítasunnudag.⁷⁶ Þegar Bill spurði hve margir áheyrenda hefðu heyrt í eða fundið fyrir vindinum, réttu um 500 manns upp hendur, þar á meðal Gene Norman og Lee Vayle. En jafnvel þetta yfirnáttúrulega fyrirbæri, lyfti trúnni ekki mjög hátt á samkomunum, sem fylgdu í kjölfarið.

Gene Norman hafði skipulagt sameiginlegan morgunverð, fyrir prédikara á laugardagsmorgni, til að Bill og forstöðumennirnir á staðnum gætu hist og kynnst betur. Þegar allir voru búnir að borða, stóð Bill á fætur til að halda stutta ræðu. Hann tók texta sinn úr boðskap Páls til Agrippa konungs:

“Sá ég, konungur, á veginum um miðjan dag ljós af himni sólu bjartara leiftra um mig og þá, sem mér voru samferða. Vér féllum allir til jarðar, og ég heyrði rödd, er sagði við mig á hebresku: ‘Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? Erfitt verður þér að spyrna móti broddunum.’ En ég sagði: ‘Hver ert þú, herra?’ Og Drottinn sagði: ‘Ég er

⁷⁶ Hér er vitnað í Postulasöguna 2. kafla.

Jesús, sem þú ofsækir. Rís nú upp og statt á fætur þína. Til þess birtist ég þér, að ég vel þig til þess að vera þjónn minn og vitni þess, að þú hefur séð mig bæði nú og síðar, er ég mun birtast þér. Ég mun frelsa þig frá lýðnum og frá heiðingjunum, og til þeirra sendi ég þig að opna augu þeirra og snúa þeim frá myrkri til ljóss, frá Satans valdi til Guðs, svo að þeir öðlist fyrir trú á mig fyrirgefningu syndanna og arf með þeim, sem helgaðir eru.’ Fyrir því gjörðist ég, Agrippa konungur, eigi óhlýðinn hinni himnesku vitrun...”

Hann notaði þessa sögu sem fordæmi og deildi síðan með þeim, eigin vitnisburði um það, þegar hann var að skíra fólk í Ohioánni árið 1933, þegar yfirnáttúrulega ljósið birtist og rödd sagði: *“Eins og Jóhannes skírari var fyrirrennari fyrri komu Jesú Krists, eins verður boðskapur þinn fyrirrennari seinni komu hans.”* Síðan sagði hann frá kvöldinu árið 1946, þegar engill birtist honum og sagði honum að hann hefði fengið tilskipun um, að fara með guðlega lækningu til þjóða heimsins. Eins og Páll forðum, gaf Bill þessa yfirlýsingu: *“Ég hef ekki verið óhlýðinn hinni himnesku vitrun.”*

Meðan Bill var enn að tala, ýtti guðsþjónn stól sínum frá borðinu, greip frakkann sinn og gekk út. Síðan gerði annar maður það sama og svo hver á fætur öðrum, þar til 10 forstöðumenn höfðu tekið frakkana sína og gengið út í kuldann. Gene Norman skammaðist sín ákaflega.

Honum leið jafnvel enn verr, þegar hann ók Bill aftur á mótelið. Gestur hans sat þögull í bílnum. Gene sagði: *“Bróðir Branham, mig langar til að biðjast afsökunar á ókurteisi þessara tíu manna.”*

Bill sneri sér við og sagði: *“Bróðir Gene, elskar þú mig?”*

Gene var hissa á þessari spurningu og svaraði: *“Viltu að ég sanni það, bróðir Branham?”*

“Bróðir Gene, ef ég væri þú, myndi ég fara héðan og flytja vestur. Það er dómur yfir þessum stað.”

Bill átti eina samkomu eftir í Waterloo. Á sunnudeginum 2. febrúar árið 1958, talaði hann við áheyrendur um hinn yfirnáttúrulega vind, sem hafði blásið um Hippodromesalinn á miðvikudagskvöldinu. Enda þótt Guð hefði oft komið til hans í mynd hvirfilvinds, hafði hann aðeins einu sinni heyrt vindinn drynja á sama hátt og á miðvikudeginum. Síðan sagði Bill frá veiðiferðinni með Banks og Lyle Wood, þegar Andi Guðs kom hvínandi niður af fjöllunum eins og mikil vindhviða og gaf honum innblástur til að tala lífið aftur í þennan litla, dauða fisk.

Hann sagði við mannfjöldann: *“Ég trúi að næsta skref í þjónustu minni sé að nálgast, sem verður langtum meira en það sem er að gerast núna. Er einhver hér sem man þegar ég byrjaði þjónustu mína og lagði hendur yfir fólk og fann bylgjur þeirra sjúkdóma, sem voru af völdum örvera? Drottinn lofaði mér á þeim tíma, að ef ég yrði einlægur, myndi ég síðar vita leyndarmál hjarta fólksins. Í dag geta allir séð að þetta hefur gerst. Nú segi ég ykkur. Eitthvað annað er á leiðinni, sem verður jafnvel enn meira.”*

Síðan las hann úr Lúkasarguðspjalli 17:25-30:

“Eins og var á dögum Nóa, svo mun og verða á dögum Mannssonarins: Menn átu og drukku, kvæntust og giftust allt til þess dags, er Nói gekk í örkina, og flóðið kom og tortímdi öllum. Eins var og á dögum Lots: Menn átu og drukku, keyptu og seldu, gróðursettu og byggðu. En daginn, sem Lot fór úr Sódómu, rigndi eldi og brennisteini af himni og tortímdi öllum. Eins mun verða á þeim degi, er Mannssonurinn opinberast.”

Út frá þessum versum, dró hann þrjár mikilvægar lexíur. Númer eitt: Lot fór út úr Sódómu. Númer tvö: Nói gekk inn í örkina. Þessir tveir menn tákna þörf fólksins í dag, sem verður að ganga út úr kerfum þessa heims og ganga inn í öryggið í Kristi. Í sambandi við þriðju lexíuna, fór Bill aftur til daga Lots og benti á, að rétt áður en Sódóma brann, fékk Abraham, sem var frændi Lots, óvenjulega heimsókn.⁷⁷

Bill sagði: “Maður kom til hans. Það var engill. Enginn annar en almáttugur Guð í mynd manns. Abraham kallaði hann Drottin, Elóhím. Hann var hinn almáttugi Jehóva, íklæddur fötum manns. Þessi maður, sat með bakið í tjaldið og sagði við Abraham: “Ég mun vitja þín á næsta ári og Sara mun eignast son.”

Sara var 90 ára gömul. Þegar hún heyrði hvað þessi maður sagði hló hún, ekki upphátt, heldur í hjarta sínu. Engillinn, sem sneri baki í tjaldið sagði: “Hví hló Sara?”

“Hvers konar andlegur hugsanalestur var það? Skammist þið fólkið hérna í Waterloo ykkar ekki? Sami engill náðarinnar, kemur í þetta hús á hverju kvöldi og gerir það sama. Þetta er að gerast aftur, áður en eldur og brennisteinn brennir þessa jörð. *‘Eins var og á dögum Lots... eins mun verða á þeim degi, er Mannssonurinn opinberast.’*⁷⁸ Á dögum Lots, kom engill til Abrahams með boðskap; og sá engill gat greint það sem gerðist í hjarta Söru, jafnvel meðan hún stóð bak við hann inni í tjaldi.

“Sjáið þið ekki eðli þess Anda? Það var enginn annar en Andi Krists. Síðar, þegar hann var á jörðinni í mynd Drottins Jesú, gerði hann sama táknið, til að sanna það hver hann væri. Sá sami er hér í dag og gerir sömu táknið, áður en eldur og brennisteinn gleypa þessa jörð.”

Þetta var í fyrsta skipti, sem skráð er að Bill hafi notað Lúkas 17:30 sem texta. Honum átti eftir að vera tíðrætt um þetta þema, síðustu ár ævinnar.

Morguninn eftir, pökkuðu Bill og Billy Paul fötunum sínum saman og settu í pallbíl Bill og óku heim til Jeffersonville. Storminn hafði lægt og hitinn hafði hækkað lítillega. Snjóplógar Iowafylkis, höfðu hreinsað og saltað þjóðvegina. Billy Paul ók, til að faðir hans, sem var úrvinda eftir samkomurnar, gæti fengið sér blund.

Þrátt fyrir þreytuna, gat Bill ekki sofið. Hann sat hljóður og fylgdist með kílómetra eftir kílómetra af mjallahvítum ökrum, þjóta framhjá. Síðan fann hann fyrir nærveru engilsins við hlið sér. Hann varð stífur í baki og dofinn í höndunum. Skyndilega hvarf pallbíllinn. Bill fannst hann sitja undir stýri bílsins síns og vera að beygja inn í innkeyrsluna við húsið sitt. Hann varð að nema staðar á götunni, vegna þess að hrúga af stórum steinum, lokaði fyrir innkeyrsluna hans. Staurar lágu á jörðinni við jaðarinn á lóðinni, samhliða götunni. Vegavinnuvélar skröltu fram og aftur eftir Ewing Lane. Sum trjáanna beggja vegna götunnar, höfðu verið höggvin niður og rætur þeirra rifnar upp.

Ungur maður ók jarðýtu yfir lóð Bill. Hann sneri jarðýtuni við á grasflötinni og tætti upp grasflötina, langt fyrir utan merkingar mælingamannsins. Þegar Bill fór út úr bílnum sínum, tók hann eftir tréhæl sem hafði verið rekinn niður í jörðina, við fætur hans. Efsti hluti spýtunnar var málaður appelsínugulur.

Bill benti öikumanni jarðýtunnar á að koma og tala við sig. Ungi maðurinn klifraði niður úr jarðýtunni og gekk að innkeyrslunni. Bill spurði: “Hvað ertu að gera? Ekki fara svona langt inn á lóðina. Þú ert að eyðileggja garðinn minn.”

Ungi maðurinn ýtti honum aftur á bak og veittist að honum: “Svona eruð þið, prédikarar. Þið eruð alltaf að segja fólki hvað það á að gera.”

Bill varð hissa á árásargirni mannsins. “Ég spurði bara af hverju þú værir að gera þetta. Þú ert kominn allt of langt inn á lóðina mína.”

⁷⁷ Hér er vitnað í 1. Mósebók 18:1-15

⁷⁸ Lúkas 17:28;30

Ungi maðurinn ýtti aftur við honum. Síðan reyndi hann að gefa Bill utan undir. Gömlu boxaraviðbrögð Bill komu upp og hann færði höfuðið svo hratt undan, að högg mannsins geigaði. Án þess að hugsa, sló Bill manninn það fast að hann datt. Þegar maðurinn reis upp, sló Bill hann aftur. Maðurinn reis aftur upp og Bill sló hann niður í þriðja skiptið.

Nú birtist engill Drottins á bak við hann, honum til hægri handar. *“Ekki gera þetta,”* sagði engillinn, *“þú ert þjónn Guðs.”*

Bill skammaðist sín. Hann hafði ekki slegið neinn, síðan hann var atvinnuhnefaleikamaður, áður en hann varð kristinn. Hann hjálpaði mannum að standa upp, dustaði rykið af honum og sagði: “Ég er ekki reiður við þig. Ég vil bara að þú vitir, að þú getur ekki talað svona við mig.”

Engillinn sagði: *“Sneyddu hjá þessu.”*

“Hvernig,” spurði Bill.

“Þegar þú sérð að hællinn hefur verið rekinn niður á lóðinni þinni hjá hliðinu, farðu þá vestur.”

Bill sneri sér til vesturs og sá hesta, sem voru spenntir fyrir yfirbreiddan vagn, samskonar vagn og amerísku landnemarnir notuðu og kölluðu sléttuvagna. Konan hans sat í framsætinu og var með landnemahatt á höfðinu. Börnin sátu í aftursætinu og horfðu út undan yfirbreiðslunni á vagninum. Bill tók upp taumana og sagði: “Meda, ég get ekki meir.” Síðan sneri hann hestunum til vesturs og smellti með taumunum. Þegar hann gerði þetta, hurfu hestarnir og yfirbreiddi vagninn breyttist í bifreið, Ford skutbílinn hans.

Skyndilega var hann aftur í pallbílnum sínum, sat í farþegasætinu og horfði út um gluggann, á snævi þakta akrana í Iowa þjóta framhjá. Við fyrsta tækifæri, skrifaði hann sýnina niður. Hún átti eftir að verða þýðingarmikil.

Gene Norman tók uppástungu Bill, að flytja vestur alvarlega. Innan sex mánaða, seldi hann heimili sitt og fyrirtæki og flutti fjölskyldu sína til Tucson í Arizona. Þegar að því kom, átti flutningur hans eftir að eiga þátt í flutningum William Branham vestur.

Kaflí 79

Skilningur góðs og ílls skýrður út 1958

Allt vorið og sumarið 1958, hélt William Branham lækningasamkomur alveg frá Chattanooga í Tennessee, til Bangor í Maine. Enda þótt flestar ræður hans, hefðu enn í brennidepli að byggja upp trú, til að taka við lækningu, snerti hann líka á öðrum atriðum. Að minnsta kosti sjö sinnum árið 1958, prédikaði hann um drottninguna frá Saba og notaði Matteus 12:42 sem texta. *“Drottning Suðurlanda mun rísa upp í dómínum ásamt þessari kynslóð og sakfella hana, því að hún kom frá endimörkum jarðar að heyra speki Salómons, og hér er meira en Salómon.”* Jesús átti auðvitað við sjálfan sig og vísaði til sjálfs sín, sem þess sem var meiri en Salómon. Bill lagði áherslu á, að sami Jesús Kristus væri til staðar á samkomum hans hvert kvöld, að lækna sjúka, opinbera leyndardóma hjartans og gera önnur kraftaverk, alveg eins og hann gerði þegar hann gekk um á jörðinni, fyrir næstum 2000 árum.

Enda þótt lækningasamkomurnar héldu honum mjög uppteknum, fann hann samt tíma árið 1958, til að prédika meira en sex sinnum í Branham tjaldbúðinni. Síðustu helgina í september, prédikaði hann nokkrar ræður, sem vöktu meiri ágreining en nokkuð af því, sem hann hafði prédikað fram að þeim tíma. Á laugardagskvöldinu 27. september, prédikaði hann um efnið: *“Af hverju erum við ekki kirkjudeild.”* Hann benti á, að Jesús stofnaði aldrei skóla eða neina kirkjudeild. Kristnar kirkjudeildir fóru af stað árið 325 eftir Krist, þegar rómverski keisarin Konstantínus, skipulagði Rómversk-kaþólsku kirkjuna. Í Opinberunarbókinni 17. kafla, er talað um skækjuna miklu, móður hórkvænna, sem ríkir yfir heiminum frá sjö hæðum. Róm var byggð á sjö hæðum. Rómversk-kaþólska kirkjan, með höfuðstöðvar í Róm, er eina stofnunin sem passar við þessa lýsingu. En Rómarkirkjan er ekki ein í villu sinni. Bill lagði áherslu á það, hvernig Biblían segir hana vera móður hórkvænna. Fyrsta kristilega hreyfingin var móðirin og þessi móðir átti dætur. Dæturnar eru þær kristnu kirkjudeildir sem tóku allar við, í einhverri mynd, ósveigjanleika móðurhreyfingarinnar.

Grundvallarvandamál sérhverrar kirkjudeildar er ósveigjanleiki, sem veldur aðskilnaði. Um leið og einhver hópur skrifar niður kreddur sínar, reglur og trúaryfirlýsingar, stöðvar hann opinberandi anda Guðs. Biblían er fullkomin, en skilningur manna á henni er það ekki. Ef Guð gefur einhverjum dýpri skilning, geta þeir sem eru bundnir í kirkjudeildarkreddum, ekki tekið við því. Æðstu menn innan slíkrar kirkjudeildar standa gegn anda opinberunar, því allir reyna að viðhalda eigin stöðu innan valdastigans og hinni þægilegu kyrrestöðu. Morguninn eftir, prédikaði hann um: *‘Skírnl Heilags anda.’* Hann höndlaði þetta efni öðruvísi en flestir samtímamenn hans. Hann las Efesusbréfið 1:4-6:

“Áður en heimurinn var grundvallaður hefur hann útvalið oss í Kristi, til þess að vér værum heilagir og lýtalausir fyrir honum. Í kærleika sínum ákvað hann fyrirfram að veita oss sonarrétt í Jesú Kristi. Sá var vilji hans og velþóknun til vegsemdar dýrð hans og náð, sem hann lét oss í té í sínum elskaða syni.”

“Hver gerði þetta? Hann sjálfur! Áður en heimurinn var grundvallaður, gerði Hann mig hæfan, til að dvelja í nærveru náðar sinnar. Ég hafði ekkert með þetta að gera. Ég var syndari, fæddur inn í fjölskyldu drykkjumanna. Ég var alinn upp við það, að sitja á

viskítunnum. Samt kom Heilagur andi til mín, þegar ég var sjö ára gamall og sagði: “Ekki bragða einn dropa af þessu og ekki reykja sígarettur eða tyggja tóbak eða fíkta við stelpur.” Hvað var þetta? Það var velþóknanlegt vilja föðurins, fyrir grundvöllun heimsins, að senda mig til að prédika fagnaðarerindi sitt og leiða sauði sína. Guð blessi að eilífu Hans mikla nafn. Ég mun halda mig við Biblíuna. Það er sama hvort ég flýt eða sekk, er vinsæll eða ekki, hvort einhver elskar mig eða ekki.

Ef Meþódistar og Baptistar hafna mér, skiptir það ekki máli. Ég vil gera það sem Honum er þóknanlegt. Meira að segja hvítasunnnumenn hafna mér, vegna þess að ég trúi ekki kenningu þeirra, að tungutalið sé frumsönnun fyrir skírni Heilags anda. Ég trúi því ekki, að það eitt að tala tungum fylli mann af Heilögum anda, ekkert frekar en ég trúi því að það, að búa í konungshöll, geri mann að konungi. Það gerir það ekki. Þú gætir jú verið þjónn, skilurðu. Ég trúi því, að menn taki við Heilögum anda gegnum upplifun. Ekki gegnum vitsmunalegan skilning á Ritningunni, heldur reynslu sem aðeins þú þekkir. Ef þú vilt vita hvort þetta var Heilagur andi eða ekki, þá fylgstu með lífsmynstri þínu á eftir. Það mun segja þér hvernig andi það var, sem kom inn í þig.”

Sunnudagskvöldið 28. september 1958, prédikaði Bill ræðu sem heitir: “Sæði höggormsins.” Það er stuttur boðskapur, sem sáði afdrifaríkri kenningu, en hún er ein af mest upplýsandi og umdeildustu kenningum hans. Hann tók texta úr 1. Mósebók, 3. kafla:

“Höggormurinn var slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem Drottinn Guð hafði gjört. Og hann mælti við konuna: ‘Er það satt, að Guð hafi sagt: ‘Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum?’”

Þá sagði konan við höggorminn: ‘Af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum megum við eta, en af ávexti trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, ‘af honum,’ sagði Guð, ‘megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja.’”

Þá sagði höggormurinn við konuna: ‘Vissulega munuð þið ekki deyja! En Guð veit, að jafnskjótt sem þið etið af honum, munu augu ykkar upp ljúkast, og þið munuð verða eins og Guð og vita skyn góðs og ills.’

En er konan sá, að tréð var gott að eta af, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks, þá tók hún af ávexti þess og át, og hún gaf einnig manni sínum, sem með henni var, og hann át. Þá lukust upp augu þeirra beggja, og þau urðu þess vör, að þau voru nakin, og þau festu saman fíkjuvíðarblöð og gjörðu sér mittisskýlur.”

Bill kenndi, að í upphafi hafi höggormurinn alls ekki verið skriðdýr, heldur hafi hann verið spendýr. Biblían kallar hann dýr. Bill sagði að höggormurinn hefði gengið uppréttur eins og maður og haft líkamsgerð eins og maður. Hann var svo nærri manningum í visku, að hann gat talað. Orðið slægur þýðir að: ‘Hafa sanna þekkingu á grundvallaratriðum lífsins.’ Á hebresku eru orðin snjall, slóttugur, slægur og nakinn öll dregin af sama rótarorði. Hinn forboðni ávöxtur í miðjum garðinum, var hin holdlega þekking á mannlegum kynferðismálum. Tréð var í miðjum garðinum. Þegar Adam og Eva átu þennan ávöxt, gerðu þau sér skyndilega grein fyrir að þau voru nakin. Það sem gerðist í raun og veru í aldingarðinum var, að Eva drýgði hór með höggorminum og varð ófrísk eftir hann. Síðan sýndi hún Adam það sem hún hafði lært og hún varð samstundis ófrísk af öðru barni, sem var barn Adams. Níu mánuðum síðar fæddi hún tvíbura, Kain, sem var afkomandi höggormsins, og Abel sem var afkomandi Adams.

Enda þótt þessi útskýring víki mjög frá hinni kristnu hefð, vísar hún ekki frá Biblíunni eða heilbrigðri skynsemi. Skyndilega er fyrstu synd mannkynsins lyft upp úr því að vera óljós helgisögn og í staðinn grundvölluð á raunveruleika mannlegrar erfðafræði. Samkvæmt þessari túlkun atburðanna, var fall mannsins ekki byggt á

einhverju jafn tilviljanakenndu og því að borða epli af einu eplatré, meðal hundruða annarra eplatrjáa. Hún byggðist á hórdómi, athöfn sem hefur aldrei hætt að vera synd í augum Guðs. Það var þess vegna, að Guð sagði við Evu: “*Mikla mun ég gjöra þjáningu þína, er þú verður barnshafandi. Með þraut skalt þú börn fæða.*”⁷⁹

Dómurinn sem Guð lagði á Evu, tengdist beint synd hennar. Bill sagði: “Ef það að borða epli fær konu til að vita að hún er nakin, þá er best við förum að útdeila eplum.”

Þegar Guð refsaði höggorminum, fyrir hlut hans í falli mannsins, sagði Guð: “*Af því að þú gjörðir þetta, skalt þú vera bölvadur meðal alls fénaðarins og allra dýra merkurinnar. Á kviði þínum skalt þú skríða og mold eta alla þína lífdaga.*”⁸⁰ Af hverju talaði Guð um fénað, þegar hann formælti höggorminum? Hann var að setja höggorminn í hóp með öðrum spendýrum, svo sem kúm, ljónum og öpum. Síðan breytti hann höggorminum úr spendýri með fætur, yfir í skriðdýr með enga fætur. Þess vegna, munu fornleifafræðingar aldrei finna týnda hlekkinn milli manns og apa. Hinn upphaflegi höggormur er þessi týndi hlekkur, en Guð breytti tegundinni svo algerlega, að erfðafræðilega tengist hún alls ekki mönnunum. En eðli dýrsins er enn til staðar, allt fram á þennan dag.

Síðan sagði Guð við höggorminn: “*Og fjandskap vil ég setja milli þín og konunnar, milli þíns sæðis og hennar sæðis.*”⁸¹ Höggormurinn átti sér sæði eða afkomanda og það voru Kain og niðjar hans. Lítið á eiginleika Kains. Hann var alveg eins trúrækinn og bróðir hans Abel. Báðir reistu þeir altari, til að þeir gætu tilbeðið Guð. Kain, sem skorti opinberun um hið sanna eðli syndarinnar, fórnaði ávöxtum á sínu altari. Abel á hinn bóginn, sem hafði opinberun um hið sanna eðli syndarinnar, fórnaði blóði. Guð tók við fórn Abels, en hafnaði fórn Kains. Það gerði Kain svo reiðan, að hann drap bróður sinn. Morð er ekki eiginleiki Guðs, heldur eiginleiki djöfulsins. Þannig kom Satan því illa inn í áætlun Guðs. Hinu illa var erfðafræðilega komið inn í eðli mannsins, með því að blanda genum fyrstu konunnar saman við gen dýrs, hins upprunalega höggorms. Hið dýrslega eðli í afkomendum þeirra, margfaldaðist gegnum söguna. Það blandaði og þynnti gen Adams og breiddi út afbrýðisemi, hatur, þröngsýni og alla aðra skaðlega eiginleika, sem þekkjast meðal mannkynsins. Og olli óteljandi harmkvælum á jörðinni.

Bill lagði áherslu á, að Guð hafði tilgang með því að leyfa þessu öllu að gerast. Áður en alheimurinn birtist, var ÉG ER til. Hann var ekki enn Guð, vegna þess að Guð er eitthvað sem er tilbeðið og það var ekkert lifandi, til að tilbiðja þessa miklu veru. Þessi ÉG ER hafði vissa eiginleika, sem hann langaði til að tjá. Til dæmis, var hann frelsari, en það var ekkert til fyrir hann til að frelsa. Þar sem eðli hans var fullkomlega gott, gat hann ekki sjálfur leyft hið illa. Þegar hann skapaði heiminn, gaf hann því fyrsta karlinum og konunni leyfi til að velja sína leið, vitandi að þau myndu falla. Síðan gat hann tjáð sig sem frelsari, sem hann gerði í mynd Jesú Krists. Bill spurði: “Hvort kom fyrst frelsarinn eða syndarinn? Frelsarinn kom fyrst. Hvort er máttugra frelsarinn eða syndarinn? Geti frelsari numið burt syndir er hann máttugri.”

Við lok ræðu sinnar sagði hann: “Þið Guðsþjónar og bræður, verið svo góðir að hneykslast ekki, vegna þess hvernig ég kem þessu til skila, með eins beinskeyttum hætti og ég get. Þetta er okkar kirkja og þetta er það sem við stöndum fyrir og við viljum leggja það út frá Orðinu og hrista upp í fólki með því. Síðan, ef þið farið eitthvað afvega, getum við farið til baka og sagt: “Þú vissir betur. Hérna er það á segulbandsspólu.”

⁷⁹ 1. Mósebók 3:6

⁸⁰ 1. Mósebók 3:14

⁸¹ 1. Mósebók 3:15

“Við höfum miklu fleira til að deila með ykkur, sem við munum fara í eftir einhvern tíma. Við trúum á skírn í nafni Drottins Jesú. Við trúum að það eigi að viðhafa fótaþvott. Við trúum að það eigi að viðhafa kvöldmáltíð. Við trúum á seinni komu Krists, ekki bara andlega komu, heldur hinn sýnilega líkama Drottins Jesú, sem kemur aftur í dýrð. Við trúum á líkamlega upprisu dauðra, til að meðtaka nýjan líkama. Við trúum, að það sé aðeins til eitt eilíft líf og það er lífið sem maður meðtekur frá Kristi Jesú. Þess vegna trúum við ekki á eilífa refsingu. Við trúum á bókstaflegt Helvíti, sem brennur með eldi og brennisteini, en við trúum ekki að fólk þjáist þar að eilífu. Það getur þjáðst í milljón ár, ég veit það ekki, en það getur ekki brunnið að eilífu. Ef það gerði það, hefði það eilíft líf. Svo þið sjáið að það er margt sem þarf enn að kenna, sem við munum fara í seinna. Guð blessi ykkur.”

Í nóvember árið 1958 pakkaði William Branham frangrinum í pallbílinn sinn og ók í áttina til Kaliforníu. Meða og hinn þriggja og hálfis árs gamli Jósef, fóru með honum. Miner Arganbright (sem bjó í La Crescenta í Kaliforníu, nærri Los Angeles) hafði skipulagt, að Bill myndi prédika í mörgum kirkjum á Los Angeles svæðinu. En Arganbright beið hans ekki í Suður Kaliforníu. Hann hafði flogið til Tulsa í Oklahoma til að taka þátt í móti Kristilegra samtaka kaupsýslumanna. Bill átti að hitta vin sinn í Oklahoma, svo að þeir gætu síðan ekið saman til Kaliforníu.

Bill kom til Tulsa á laugardagskvöldi og skráði sig á hótél. Miner bauð honum í kvöldverðarboð samtakanna, síðar um kvöldið. Bill fór, vegna þess að hann langaði til að heyra Oral Roberts prédika. Á undan kvöldverðinum, prédikaði Oral Roberts um hið nægtafulla líf, sem Jesús lofaði að gefa hinum trúaða. Þegar Jesús sagði veiðimönnunum að leggja netin, veiddu þeir svo marga fiska að netin tóku að rifna.⁸² Roberts sagði: “Það er nóg af öllu fyrir alla í Jesú Kristi.”

Eftir kvöldverðinn sagði Demos Shakarian, formaður samtakanna: “Mér finnst ég leiddur til að biðja William Branham, að flytja síðustu ræðu kvöldsins.” Bill var óviðbúinn þessari tilkynningu. Fyrir kvöldverðinn, hafði Miner kynnt hann fyrir mörgum af þessu fólki. Bill vissi að flest af því var milljónamæringar og margir milljarðamæringar. Hverju gat hann bætt við líf þeirra? Á sinn einfalda og auðmjúka hátt, prédikaði hann hið hreina fagnaðarerindi af slíkri sannfæringu að tugir manna gáfu Jesú Kristi líf sitt. Síðan bað Demos Shakarian, hann að biðja fyrir sjúkum. Sum af vandamálum lífsins, hafa áhrif á ríkt fólk alveg eins og alla aðra. George Gardner aflaði auðs síns, með því að selja bíla af tegundinni Oldsmobile. Áhugamál hans var að fljúga flugvélum. Hann hafði hrapað í eitt skiptið, brotið fótleggina og skaddað hné sín, svo að göngulag hans var stirt. Eftir að Bill bað fyrir honum í Jesú nafni, gat Gardner gengið eins liðlega og fyrir slysið. Meðan þetta gerðist, sat þarna kona með alvarlega gigt. Hún var með bogið bak og upphandleggirnir voru fastir, þétt við bolinn. Hún fann að það réttist úr baki hennar og armleggir hennar losnuðu. Hún féll niður á hnén, klappaði saman höndum og lofaði Guð svo ákaft, að allir í kringum hana, gátu ekki annað en tekið eftir því. Þetta kvöld lærði hópur milljónamæringa, hvað sönn auðlegð er. Mesta auðlegðin af öllu, felst í fagnaðarerindi Jesú Krists.

Þegar Bill var að yfirgefa kvöldverðarboðið, greip ríkmannlega klædd kona um hönd hans og sagði: “Bróðir Branham, ræða þín snerti mjög við hjarta mínu. Ég hélt ég væri kristin áður, en nú sé ég hvað mig skorti. Héðan í frá mun ég þjóna Drottni Jesú.”

“Þakka þér fyrir,” sagði Bill, og fannst hann mjög smár.

⁸² Hér er vitnað í Jóhannes 10:10 og Lúkas 5:1-11

Frá Tulsa í Oklahoma, ók Bill til Suður Kaliforníu. Þegar hann kom til La Crescenta, bjuggu hann og kona hans á heimili Miner Arganbright, í stað þess að vera á hóteli. Á hverju kvöldi, prédikaði Bill í hinum ýmsu kirkjum á Los Angeles svæðinu.

Eitt kvöldið, prédikaði hann fyrir Smith, forstöðumann Pisgah Bible kirkjunnar. Hinn stóri salur Pisgah kirkjunnar, var fullur og nokkur hundruð manns stóðu fyrir utan og hlustuðu á, gegnum opna glugga. Eftir ræðu Bill, leiddi Smith söfnuðinn í nokkrum sálum, til að Bill gæti hvílt sig, áður en hann bæði fyrir sjúkum. Á þessu kvöldi kom tvennt fyrir Bill, sem hann hafði aldrei upplifað áður. Nokkur þúsund manns sungu í söfnuðinum, en Bill heyrði annan kór syngja einhvers staðar hærra uppi. Forvitinn gekk hann upp stigann, til að sjá hver væri að syngja uppi á kórloftinu. Enginn kór var þar samankominn, aðeins fólk úr söfnuðinum. Raddirnar sem hann heyrði, virtust vera enn hærra uppi. Bill hlustaði vandlega. Raddir eins kórs, sem samanstóð af nokkur þúsund manns, sem sátu á kirkjubekkjum, hljómaði fyrir neðan hann. Þetta voru kvenraddir og karlmansraddir, sumar héldu lagi, aðrar ekki. Raddir hins kórsins hljómuðu ofan úr loftinu. Hann hljómaði eins og hundruð þúsund sópranraddir, sem sungu í fullkominni samhljóman. Þetta var fegursta tónlist, sem hann hafði á ævi sinni heyrt.

Glaður gekk Bill niður stigann, inn í salinn. Söfnuðurinn endaði sálminn á hljómmiklu, Amen. Í þögninni sem fylgdi á eftir, byrjaði maður aftarlega í byggingunni, að tala nokkur orð á annarri tungu. Enda þótt Bill hefði aldrei áður túlkað tungutal, vissi hann skyndilega hvað þetta þýddi: “Forstöðumaðurinn á að biðja trúarbænarinnar,” en hann var hræddur við að segja þetta upphátt. Einni mínútu síðar, fann hann aftur innblástur koma yfir sig, í þetta skipti svo sterkt að hann varð að halda fyrir munninn, til að komast hjá því að tala. Það skipti ekki máli. Jafnvel án túlkunarinnar, byrjaði Smith forstöðumaður að biðja fyrir sjúkum. Bill steig ánægður til hliðar og lét forstöðumanninn sjá um fyrirbæinirnar. Í salnum og fyrir utan hann voru mörg hundruð manns, sem meðtóku blessun frá Guði þetta kvöld. Bill var einn þeirra.

Morgun einn, nokkrum dögum seinna, heyrði Bill að síminn hjá bróður Arganbright hringdi. Miner var ekki í herberginu á því augnabliki, svo Bill svaraði símanum.

Rödd með mexíkönskum hreim sagði: “Halló, senor. Getur þú sagt mér hvort bróðir Branham dvelur þarna?”

“Ég er bróðir Branham.”

“Guði séu þakkir. Ég er bróðir Duponsta og ég er trúboði í Mexíkó, enda þótt ég eigi heima hér í La Crescenta. Ég á fimm mánaða gamlan son, sem er með krabbamein í kjálka. Skurðlæknir reyndi að fjarlægja það, en nú hefur krabbameinið breiðst út til tungunnar. Ricky getur ekki kyngt. Læknirinn minn, segir að þetta sé vonlaust. Bróðir Braham, ég veit að það er ekki vani þinn að biðja fyrir einhverjum meðan þú ert á ferðalagi, en gætir þú miskunnað þig yfir mig og gert það bara í þetta eina skipti?”

“Vertu áfram á línunni. Ég næ í bróður Arganbright svo þú getir leiðbeint honum hvernig hann kemst á sjúkrahúsið.”

Þegar Bill hitti herra Duponsta, kom það honum á óvart að sjá mexíkana, sem var ekki dekkri á hörund en hann sjálfur. Kona hans var líka ljós á hörund, en það var viðbúið, þar sem hún var bláeygð og ljóshærð kona, sem kom frá Finnlandi. Bill fylgdi þeim inn á sjúkrastofu Ricky. Hann hafði séð margt sorglegt þau ár, sem hann hafði beðið fyrir sjúku fólki, en ásigkomulag þessa ungbarns var eitt það brjóstumkennanlegasta, sem hann hafði nokkru sinni séð. Ricky litli lá á bakinu, nakinn fyrir utan bleyjuna. Það var blátt ör eftir endilöngum kjálka hans, þar sem skurðlæknirinn hafði reynt að fjarlægja krabbameinið. Svört tunga hans, hafði

bólgnað, svo að hún lokaði fyrir öndunarveginn og hann andaði nú í gegnum gat á hálsinum. Með hverjum andardrætti heyrðist dauft flautuhljóð í málmrörinu, sem var hinn nýi öndunarvegur hans. Hjúkrunarfræðingur hreinsaði gatið reglulega, til að forða því að gröftur stíflaði það.

Herra Duponsta hallaði sér yfir vögguna, klappaði á maga Ricky og sagði: “Litli drengurinn hans pabba.” Ricky þekkti rödd pabba síns og reyndi að lyfta upp höndum sínum, sem spelkur höfðu verið bundnar við. “Ricky, pabbi er kominn með bróður Branham hingað, til að biðja fyrir þér.”

Hjarta Bill bráðnaði í poll í brjósti hans. Hann hugsaði: “Ef þessi sjón gerir mig sorgmæddan, hvað gerist þá ekki hjá almáttugum Guði, sem er uppspretta samúðar og miskunnsemi. Drottinn Jesús, ef þú stæðir hérna, hvað myndir þú gera?”

Á þessu augnabliki gerðist eitthvað andlegt. Bill heyrði ekki rödd tala upphátt, en innra með sér heyrði hann Heilagan anda segja: “*Þú prédikaðir út frá Markúsi 11:23: ‘Hver sem segir við fjall þetta...’ Ég gaf kirkjunni vald mitt. Nú bíð ég eftir að sjá hvað þú gerir við það.*”

Bill hélt mjúklega um aðra litlu höndina hans Ricky og sagði: “Drottinn Jesús, heyr bæn þjóns þíns. Fyrir trú set ég blóð Krists, á milli þessa illa anda krabbameins og lífs þessa barns.” Einhverra hluta vegna, datt honum ekkert annað í hug til að segja.

Þegar Bill gekk út úr herberginu, hljóp faðir Ricky á eftir honum og stoppaði hann á ganginum: “Bróðir Branham, Drottinn lagði mér á hjarta að gefa þér peninga.” Hann rétti Bill umslag.

“Ó, nei, bróðir, nei.” Bill hristi höfuðið. “Ég get ekki tekið peningana þína. Notaðu þá, til að borga sjúkrahúskostnað sonar þíns.”

“Þetta eru bara 50 dollarar og þeir eiga að fara til guðsþjóns. Vertu svo vænn að taka við þeim.”

“Nú, þar sem ég er guðsþjónn og þú ert guðsþjónn, þá líttu svo á að ég hafi tekið við þeim og gefið þér þá síðan aftur.”

Tregur setti Duponsta peningana aftur í vasann.

Enda þótt Bill, hefði aðeins beðið stutta bæn fyrir Ricky Duponsta, þá nægði það. Nokkrum klukkutímum eftir að Bill yfirgaf sjúkrahúsið, skrapp tunga Ricky saman og varð eðlileg. Næsta dag, fjarlægðu lækarnir málmrörið úr hálsi hans. Á sama tíma gerði lækni hans vefjasýnisskoðun sem staðfesti síðar, að engar krabbameinsfrumur voru eftir í munni Ricky. Auðvitað hringdi faðir Ricky í Bill, til að segja honum frá kraftaverkinu. En það nægði ekki herra Duponsta. Hann og kona hans óku heim til Arganbright, til að þakka Bill í eigin persónu.

Bill var að setja farangur þeirra inn í Ford skutbílinn sinn og undirbúa heimferðina, þegar mexíkanski trúboðinn kom. Herra Duponsta sveiflaði dyrunum opnum, stökk út og hljóp til Bill eins og hann héldi að Bill myndi fara, áður en hann kæmist þangað. Hann reif hattinn af höfðinu og sagði: “Bróðir Branham, Ricky kemur heim af spítalanum í dag.”

“Ég er þakklátur fyrir það,” sagði Bill. “Guð er svo miskunnsamur.”

“Hér eru peningarnir, sem Guð sagði mér að gefa þér.”

“Bróðir Duponsta, ég sagði þér að nota þessa peninga upp í sjúkrahúskostnað þinn.”

“Ég gerði það. Ég meina, ég reyndi það. Læknirinn sagði að ég skuldaði honum ekki einn dollara, þar sem hann hafði ekkert að gera með lækningu Ricky. Hann sagði að þetta væri algerlega óútskýranlegt fyrirbæri, duttlungar náttúrunnar. Ég og þú vitum betur. Svo, gerðu það, bróðir Branham, hér er tíundin mín.” Hann hélt 50 dollurum á lofti.

Bill hugsaði: “Ég get það ekki, Drottinn. Mig langar ekki að taka við þessu.” Síðan mundi hann, hvernig Jesús hafði leyft ekkjunni að setja sinn síðasta eyri í söfnunarbauk musterisins.⁸³ Tregur tók hann við peningunum.

Þegar hann kom til Jeffersonville, sagði hann söfnuði sínum frá kraftaverki Ricky Duponsta. Hann sagði: “Ég er með tíund þessa manns. Ég veit ekki alveg hvað ég á að gera við hana, en ég veit að ég mun gefa hana einhverjum, sem starfar Guði til dýrðar.”

Síðan sagði hann: “Skuggarnir eru að hverfa. Kristur er að birtast. Þess vegna birtast tákn og undur. Kirkjan (eins og tunglið), endurvarpar ljósi morgunstjörnunnar er hún kemur inn fyrir sjóndeildarhringinn, með græðslu undir vængjum sér.⁸⁴ Ef hann færir lækningu gegnum endurvarp nærveru sinnar, hvað gerir hann þá þegar hann kemur í eigin persónu? Þessir forgengilegu líkamar okkar munu umbreytast og verða líkir dýrðarlíkama hans.⁸⁵ Þar til sá dagur kemur, erum við þakklát fyrir sólarljós nærveru hans. Eins og stjörnurnar, klifra ég upp á virkisgarð dýrðarinnar og bíð þess að hylla komu hans á þessum myrku tímum.”

⁸³ Hér er vitnað í Lúkas 21:1-4, Markús 12:41-44.

⁸⁴ Hér er vitnað í 2 Pétursbréf 1:19 og Malakí 4:2

⁸⁵ Hér er vitnað í Filippíbréfið 3:1

Kaflí 80

“Verði líf!” 1959

Vorið 1959, meðan hann hélt aðra lækningasamkomuherferð í Chicago, breyttist þjónusta William Branham aftur. Eitt kvöldið, þegar hann kallaði fólk fram í röð til fyrirbænar, sér til hægri handar eins og venjulega. Einn... tveir... þrír einstaklingar, komu fram fyrir hann. Hver þeirra dró fram sýn, gegnum gjöf hans og sumir þeirra tóku af orku hans ásamt sýninni. Fjórði einstaklingurinn, sem stóð frammi fyrir honum þetta kvöld, var ung kona með dökkt hár niður á axlir. Hún var í brúnum jakka og samstæðu brúnu pilsí og hún hélt á ungbarni, sem var vafið inn í bleikt teppi. Bill hugsaði með sér: “Það er eins og ég ætti að þekkja þessa konu. Hún lítur svo kunnuglega út.” Hann skoðaði andlit barnsins gaumgæfilega og sá á náhvítri húð þess og kinnfiskasognu andliti, að það var mjög veikt. Sýnin opinberaði miklu meira. Hann sagði við konuna: “Barnið þitt er sex mánaða gamalt og vegur aðeins um 2 kíló. Þú getur ekki fengið hana til að borða. Allt sem þú setur ofan í hana, kemur strax upp úr henni aftur. Þú hefur farið með hana til margra lækna, en enginn þeirra getur hjálpað henni. Þeir vita ekki hvað er að. Þú veist að barnið þitt er að deyja. Þú ert meðlimur sænsku Sáttmálakirkjunnar og presturinn þinn ráðlagði þér, að fara með barnið til mín til fyrirbænar.”

“Það er rétt,” hvíslaði hún með titrandi vörum.

Atriðið í sýninni breyttist. Bill sá barnið hlæja og leika sér. Hann sagði: “Systir, svo segir Drottinn: ‘Barnið þitt er læknað.’”

Unga móðirin fór niður af pallinum og grét af létti.

Bill hugsaði með sér: “Það er eitthvað skrítið við hana.” Síðan mundi hann hvað það var. Fjórum árum áður, þegar hann var að biðja í eyðimörkinni fyrir utan Phoenix í Arizona, hafði Guð gefið honum sýn, einmitt af þessari stund. Hann sagði: “*Þegar þú sérð þetta gerast, mun þjónusta þín breytast.*” Þetta var konan í brúnu dragtinni, sem hann hafði séð í sýninni. Þetta var táknið um að hann myndi fá meiri kraft, til að biðja fyrir sjúkum.

Frá því að hann byrjaði að biðja fyrir næsta einstakling í röðinni, fann hann fyrir minna álagi af hverri sýn sem hann sá, meðan á fyrirbænaþjónustu hans stóð. Enda þótt hann hefði aldrei getað stjórnað flæði sýnanna, hafði hann lært að staðsetja sig þannig, að það væri líklegt að sýn birtist honum. Fyrst talaði hann við áheyrendur, þar til hann fann fyrir nærveru engils Drottins. Síðan talaði hann við fyrsta einstaklinginn í röðinni, þar til hann náði tengingu við anda hans. Sýn fylgdi alltaf í kjölfarið. Eftir að fyrsta sýnin átti sér stað, kom næsta sýn auðveldlega. Vandamál hans hafði aldrei verið að komast inn í anda greiningar. Vandinn hafði verið að komast út úr honum. Áður höfðu sýnirnar alltaf stjórnað honum á samkomum hans og dregið hann með sér, þar til hann var úrvinda. Sum kvöld, var hann marga klukkutíma að ná sér. Stundum tók það hann marga daga eða jafnvel vikur, að ná aftur fullum styrk. Í kvöld hafði það breyst. Nú gat hann farið eins auðveldlega út úr sýn og komist inn í hana. Þessi hæfileiki gerði honum kleift að varðveita orku sína og taka meðvitaða ákvörðun um það, hve mörgum hann ætti að biðja fyrir, áður en hann hætti. Sýnirnar þreyttu hann samt enn, en ekki eins mikið og áður.

Þegar hann kom heim eftir Chicagoherferðina, komst Bill að því að Linda Kelly Smith var á sjúkrahúsi með lífshættulegan sjúkdóm.⁸⁶ Kellyfjölskyldan hafði sótt Branhamtjaldbúðina, en þau höfðu flækst aftur í heiminum og höfðu ekki sótt kirkju árum saman. Frú Kelly hringdi í Bill, til að spyrja hvort hann vildi koma upp á spítala og biðja fyrir dóttur hennar.

Þegar hann kom á sjúkrahúsið, var Linda Smith í súrefnistjaldi. Foreldrar hennar, eiginmaður, foreldrar eiginmanns hennar og aðrir fjölskyldumeðlimir, voru hjá henni. Linda var komin fimm mánuði á leið af þriðja barni sínu, en því miður hafði barnið þegar dáið í kvið hennar. Það sem verra var, lækna hennar gátu ekki fjarlægt dána barnið, vegna þess að Linda var komin með þvageitrun. Það er ástand, þegar blóðið heldur eftir efnum, sem hefðu venjulega skolast út með þvagini. Uppskurður undir slíkum kringumstæðum, myndi næstum örugglega verða hennar bani. Samt varð að fjarlægja barnið, annars myndi móðirin að öllum líkindum deyja. Staða Lindu virtist vonlaus. Bill lyfti upp súrefnistjaldinu og sagði: “Linda, þetta er bróðir Bill. Manstu eftir mér?”

Rödd hennar var veik, en hugur hennar var skýr. “Já, bróðir Bill, ég man eftir þér.”
“Skilur þú hve veik þú ert?”

“Já, þess vegna það ég mömmu að hringja í þig.”

“Linda, hvernig er staðan milli þín og Drottins?”

Enni hennar hrukkaðist af hryggð. “Bróðir Bill, ég er ekki reiðubúin til að fara.”

Bill kraup við rúm hennar og hélt í hönd hennar undir súrefnistjaldinu og bað með henni. Linda sagði Jesú að hún iðraðist synda sinna og lofaði honum, að hún myndi elska hann og þjóna honum frá þessum degi. Þegar hún hafði iðrast, bað Bill Guð að lækna hana í Jesú nafni.

Næsta morgun, þegar lækniurinn rannsakaði blóð hennar, varð hann hissa þegar hann komst að því, að þvageitrunin var farin. Uppörvaður af þeirri uppgötvun, tímasetti hann uppskurð næsta dag. Ef blóð hennar héldist hreint í 24 tíma, myndi lækni hennar fjarlægja dána barnið örugglega. Þegar fjölskylda Lindu heyrði þessar góðu fréttir, iðruðust mörg þeirra líka synda sinna og lofuðu Guði, að þau myndu þjóna honum alla sína ævi. Bill var ákaflega þakklátur.

Þetta kvöld gat Linda ekki sofið. Um miðnætti sagði hún við móður sína: “Ég er svo glöð núna, þegar ég á frið við Guð. Mamma, ég er að fara heim.”

Frú Kelly klappaði á hönd dóttur sinnar. “Já, Linda, læknaðir munu fjarlægja barnið. Síðan getur þú eftir nokkra daga, farið heim til mannsins þíns og barnanna þinna og þú getur lifað fyrir Guð.”

“Nei, mamma, þú skilur ekki. Ég meina að ég er að fara til minna himnesku heimkynna. Þetta eru endalok ferðar minnar.” Nokkrum mínútum seinna dó Linda friðsællega.

Fréttirnar af dauða Lindu, komu Bill algerlega á óvart. Þessi atburður ónáðaði hann. Í augnabliks veikleika sagði hann: “Drottinn Guð, þú skuldar mér skýringu. Eftir að ég bað fyrir henni og þú læknaðir hana af þvageitrun og fjölskylda hennar sneri sér aftur til Krists, vegna þessa kraftaverks... og síðan tókst þú líf hennar? Ég held að þú skuldir mér útskýringu á þessu.”

Útskýringin sem hann vildi, kom ekki samstundis. Eftir nokkra daga, gleymdi Bill öllu um þessa fljótfærnislegu kröfu. En Guð gleymdi henni ekki. Fjórum mánuðum síðar, þegar Bill var að veiða, sá hann sýn sem sýndi honum ástæðuna. Hann sá Lindu og fjölskyldu hennar vera í lautarferð við læk. Hann sá Lindu hoppa stein af steini meðfram læknum. Síðan sá hann hana renna og detta ofan í vatnið. Hann sá fætur

⁸⁶ Þetta er ekki hennar raunverulega nafn.

hennar og sítt pilsíð, festast milli sefsins og vatnaliljanna. Fjölskylda hennar saknaði hennar ekki fyrr, en það var næstum of seint. Þegar eiginmaður hennar dró hana upp úr læknum, var húð hennar orðin blá af súrefnisskortri. Eiginmaður hennar blés í örvæntingu lofti ofan í lungu hennar og hún lifnaði við. Engill Drottins sagði: “*Farðu til móður hennar og segðu: ‘Dó ekki Linda næstum því í læk í lautarferð á síðasta ári? Hún hefði átt að deyja á þeim tíma, en hún var ekki reiðubúin til að fara. Guð varð að bíða þar til sál hennar var tilbúin. Þess vegna gerðist allt þetta og þess vegna fórstu á sjúkrahúsið til að biðja fyrir henni.’*”

Þegar sýnin vék frá honum, henti Bill frá sér veiðistönginni sinni, gróf andlit sitt í grasinu og hrópaði: “Drottinn Jesús, fyrirgefðu mér heimsku mína. Ég hefði aldrei átt að segja: ‘Þú skuldar mér útskýringu.’ Þú skuldar ekki börnunum þínum neitt. Við erum í skuld við þig.”

Hann sneri aftur til Jeffersonville, ók að húsi Kellyfjölskyldunnar og bankaði á dyrnar. Frú Kelly svaraði. “Bróðir Bill, hvað kemur til að þú ert hingað kominn?”

“Systir Kelly, mig langar að spyrja þig að einu. Dó ekki Linda næstum því í lautarferð í fyrra?”

“Jú, bróðir Bill. Hún datt ofan í læk, þegar enginn var að fylgjast með. Eiginmaður hennar dró hana upp úr og bjargaði líklega lífi hennar, með munn við munn aðferðinni. Hvernig vissir þú þetta?”

“Drottinn sýndi mér sýn af atburðinum. Systir Kelly, dagurinn sem þessi lautarferð var farin, var tími Lindu til að hverfa á braut héðan, en Guð þyrmdi henni í náð sinni, þar til sál hennar var reiðubúin.”

Enda þótt samkomuherferðir hans þreyttu hann ekki eins mikið og áður, hvíldu aðrar byrðar á William Branham árið 1959. Án efa var sú þyngsta þeirra áframhaldandi barátta hans við skattrannsóknastofuna. Rannsóknir skattstofunnar á fjármálum hans, höfðu hafist árið 1955. Síðustu 4 árin, höfðu þeir yfirfarið bókhald hans nokkrum sinnum, en gátu ekki fundið neitt óeðlilegt. Þeir fundu ekkert sem hægt var að nota, til að ákæra hann fyrir að misnota fjármuni. Svo skattrannsóknarmennirnir höfðu breytt um aðferð. Þeir sögðu að hver einasta ávísun, sem væri stíluð á William Branham, það væru hans persónulegu tekjur, jafnvel þótt þessir peningar færu beint inn á bankareikning Branhamtjaldbúðarinnar. Þegar fólk gaf peninga á samkomuherferðum hans, stílaði það yfirleitt ávísanir sínar á William Branham sjálfan, í stað starfsins, sem kallað var William Branham samkomuherferðirnar. Skattrannsóknastofan sagði að hann skuldaði Bandaríska ríkinu 355.000 dollara.

Einn daginn, báðu lögmenn ríkisins, Bill að hitta þá aftur í Louisville, á skrifstofu þeirra. Bill andvarpaði við tilhugsunina, vegna þess að þessir fundir virtust ekki leiða til neins. Lögfræðingarnir spurðu hann endalauð sömu spurninganna og síðan tóku þeir svör hans og umsneru þeim í eitthvað, sem hann hafði ekki verið að segja. Þessar yfirheyrslur gerðu hann úrvinda og pirraðan, en þar sem hann hafði ekki um margt að velja, samþykkti hann að hitta þá.

Roy Robertson fór með honum. Robertson var ekki aðeins vinur Bill, heldur var hann líka í stjórn Branhamtjaldbúðarinnar. Nokkrir lögfræðingar skattrannsóknarnefndarinnar sátu við borðið. Bill, Roy Robertson og herra Orbison, lögfræðingur Bill, sátu hinum megin. Lögfræðingur skattstofunnar sagði: “Herra Branham, við höfum enn nokkrar spurningar um sumt af tilkostnaði þínum. Vegna þess, að við erum með allar ógildar ávísanir Branhamtjaldbúðarinnar, vitum við í hvað hver dollari fór. Til dæmis, á einni samkomunni í Alberta í Kanada, tókst þú við fórn upp á 3000 dollara. Næsta sunnudag, gafstu peningana til kirkju í næsta bæ.”

“Þau vantaði nýtt þak á kirkjubygginguna sína.”

“Hmm. Hér eru ávísanir til konu í New Albany, ein ávísun til að greiða matvöruheikning hennar og önnur til greiðslu á leigu hennar. eru ekki 500 dollarar full mikið fyrir leigukostnaði?”

“Hún er áttæð ekkja og hún býr með tveimur börnum sínum, sem bæði eru með liðagigt. Hún hefur mjög litlar tekjur og eigandinn ætlaði að setja hana út á gaddinn um miðjan vetur. Ég borgaði það sem hún skuldaði og borgaði síðan leiguna hennar fram í júní.”

“Hmm. Hér er önnur ávísun, sem við drögum í efa. Þú gafst manni 1500 dollara, til að hjálpa honum að byggja hús.”

“Gamalt íbúðarhús mannsins brann til kaldra kola. Hvað myndir þú gera, ef þú sæir föður með fimm börn sem búa í tjaldi í desember, snjór á jörðu og hitinn undir frostmarki? Heldur þú að ég gæti setið í hægindum heima í hlýju húsi, vitandi að þessi börn eru skjálfandi og ég hef næga peninga til að hjálpa þeim?”

“Hmm. Vissu stjórnarmeðlimir að þú gafst þessa peninga?”

“Nei, þeir vissu það ekki.”

“Hvers vegna sagðir þú þeim ekki frá því?”

“Vegna þess að Jesús sagði: ‘Ekki láta hægri hönd þína vita hvað sú vinstri gerir.’⁸⁷ Það er ekki til neitt æðra lögmál en lögmál Guðs. Það var ekki nauðsynlegt að láta stjórnarmeðlimi vita af þessu.”

“Við álitum að þú hefðir átt að segja þeim frá því. Samkvæmt skýrslum okkar, hefur þú gefið tugi þúsunda dollara til einstaklinga í gegnum árin. Mest af þessu fé, var gefið án þess að stjórnin þín vissi, í hvað peningarnir fóru.”

“Ertu að kalla mig óheiðarlegan?”

“Nei, herra Branham, við álitum að þú sért heiðarlegur. Við erum að segja að þú kunnir ekki að fara almennilega með peningana hvað tekjuskatti viðkemur. Þegar þú framseldir þessar ávísanir, urðu peningarnir þínir áður en þeir fóru inn á reikning kirkjunnar, enda þótt þú hafir aðeins átt þá í minna en eina mínútu. Þessa vegna skuldar þú skatt fyrir þá peninga.”

“Auðvitað er undirskrift mín aftan á hverri einustu ávísun. Ég er fjárhaldsmaður Branhamtjaldubúðarinnar.”

“Flestar af þessum ávísunum voru stílaðar á William Branham, ekki kirkjuna. Við erum ekki að skattleggja kirkjuna, vegna þess að kirkjur eru undanþegnar tekjuskatti. Þessir peningar voru þínir persónulegu fjármunir, áður en þeir fóru inn á bankareikning kirkjunnar.”

“En það var maður frá skattinum, sem sagði mér að ég gæti framselt ávísanirnar á þennan hátt.”

“Sá maður vinnur ekki lengur hjá hinu opinbera.”

“Mennirnir sem skrifuðu stjórnarskrána, vinna ekki heldur lengur hjá ríkinu. Stendur stjórnarskráin?” Bill var þreyttur á að rökræða sama atriðið endalaust. Hann sagði: “Þegar ég var ungur maður og konan mín veiktist og dó, skuldaði ég mörg þúsund dollara í læknskostnað. Ég vann af kappi og borgaði það allt saman upp. Ég er ekki lengur ungur maður, en ef ég skulda peningana mun ég borga. Það sem gerir mig leiðan er tilhugsunin um að allt fólkið sem ég gaf peningana, muni þurfa að greiða tekjuskatt af þeim, eins og þessi vesalings áttæða ekkja.”

“Þetta er rangt hjá þér, herra Branham. Það þarf ekki að borga tekjuskatt, vegna þess að það tók við peningunum sem gjöf og óumbeðnar gjafir eru ekki skattlagðar.”

⁸⁷ Hér er vitnað í Matteus 6:3

“Í alvöru? Þá skulda ég ríkinu ekki neitt, því allir peningarnir sem ég gaf frá mér komu sem óumbeðnar gjafir. Ég hef aldrei tekið fórn á ævi minni.”

Fulltrúar ríkisins horfðu hver á annan í forundran. Einn þeirra spurði: “Getur þú sannað þetta, herra Branham?”

“Ef þú vilt, get ég látið milljón manns senda bréf til skrifstofunnar ykkar, sem segja að það sé sannleikur. Bænaklútarnir sem við sendum eru ókeypiss. Ég hef meira að segja rekið nokkra framkvæmdastjóra, vegna þess að þeir vildu þrýsta á fólk, að gefa framlög. Þegar fólk gaf peninga í herferðir mínar, var það þeirra eigið val.”

Þessar upplýsingar gerðu lögfræðingana órólega. Þeir hvísluðu reiðilega sín á milli í nokkrar mínútur og bundu síðan enda á fundinn þann dag. Bill yfirgaf skrifstofu þeirra með þeirri tilfinningu að hann hefði unnið.

En máli hins opinbera gegn honum, var langt í frá lokið. Síðustu vikuna í júlí árið 1959, yfirheyrðu lögfræðingar frá skattstofunni Bill á skrifstofum sínum, fimm daga í röð. Eftir föstudagsfundinn kom Bill örþreyttur heim, höfuð hans sundlaði af því að hafa svarað sömu spurningunum aftur og aftur. Hann var taugatrekktur eftir álagið af yfirheyrslunni og pirraður vegna þess, að það hélt honum frá því að skipuleggja samkomur. Honum leið ekki vel, vegna þess að það var svo margt veikt fólk, sem var að biðja um fyrirbæn og hann hafði engan tíma til að biðja fyrir því. En hann gæti þó nýtt þetta kvöld og farið í nokkrar sjúkraheimsóknir, vegna þess að fulltrúar skattsins sögðust vera búnir að tala við hann þessa vikuna. Efst á lista hans var að heimsækja mann, sem beið á móteli og hafði ekið 650 kílómetra leið, með veikt barn sitt til Jeffersonville.”

Meda smurði handa honum samloku í hádegisverð. “Hvernig gekk þetta í morgun?” spurði hún.

“Elskan, hvernig þetta fólk spyr mig. Það gerir mig ringlaðan. Eftir stutta stund finnst mér eins og höfuðið sé að detta af.”

Hann var rétt sestur niður til að borða, þegar síminn hringdi. Meda svaraði honum, lagði síðan hönd yfir símtólið og hvíslaði: “Bill, þetta er lögfræðingurinn okkar. Hann segir að lögfræðingar skattsins, vilji hitta þig aftur síðdegis.”

“Ó, nei, ég get ekki afborið annað síðdegi af þessu. Segðu honum að ég sé ekki við einmitt núna.” Hann stóð upp frá borðinu og gekk út í bakgarðinn.

Meda gretti sig, en hún gerði eins og eiginmaður hennar bað hana um. Þegar hún lagði á kom Bill aftur inn, settist niður við borðið og hellti sér í glas af ávaxtasafa. Meda spurði: “Ertu viss um að þetta hafi verið alveg rétt.”

“Auðvitað,” réttlætti hann sig. “Ég var ekki inni þegar þú sagðir þetta.”

“En þú varst inni þegar hann hringdi.”

“Elskan, gleymdu þessu bara. Þetta er allt í lagi.” Djúpt innra með sér vissi hann, að það var ekki í lagi.

Eftir hádegismat ók hann á mótelið, þar sem maðurinn með veika barnið beið. Þegar hann var um það bil að fara að biðja fyrir barninu, var hann skyndilega sleginn sektarkennd. Hann hugsaði: “Ég er hræsnari. Hvernig get ég beðið fyrir þessu barni, þegar ég var að ljúga og sagði konunni minni að ljúga.” Hann sagði: “Herra minn, ég er ekki verðugur þess, að biðja fyrir barninu þínu núna. Ég gerði nokkuð, sem var rangt og hjarta mitt fyrirdæmir mig. Ef þú vilt bara vera þolinmóður, skal ég biðja fyrir barninu þínu seinna. Einmitt núna, verð ég að fara og lagfæra mál, sem kom upp.”

Fyrst fór hann heim og bað konuna sína afsökunar. Síðan ók hann að skrifstofu lögfræðingsins.

Herra Orbison var að vinna við skrifborðið sitt, þegar Bill gekk inn á skrifstofu hans. “Herra Branham,” sagði hann og lyfti brúnum. “Ég hélt þú værir ekki heima.”

“Ég var rétt farinn út.” Síðan játaði hann, hvað hann hafði gert og baðst afsökunar. Herra Orbison gekk fram fyrir skrifborðið sitt og tók í hönd Bill. “Herra Branham, ég hef alltaf haft trú á þér, en núna hef ég meiri trú en nokkru sinni áður.”

Bill leið betur. Hann þurfti að biðja einn enn afsökunar. Á laugardagsmorgninum ók hann að Tunnel Mill svæðinu og gekk gegnum skóginn að hellinum sínum. Hann bað frá klukkan sjö um morguninn, þar til seint síðdegis og grét iðrandi frammi fyrir Guði. Þegar sólin var að ljúka hringrás sinni, kom hann út úr hellinum og klifraði upp á stóran stein, þar sem hann gat fylgst með skuggunum lengjast í dalnum. Skógurinn var hljóður og loftið var rakt, án þess að nokkur vindur bærði hin sumargrænu laufblöð umhverfis hann. Bill rétti hendur upp fyrir höfuð og lofaði Guð fyrir hinn fagra heim, sem hann hafði skapað. Hann lét hendur falla niður með síðum og sagði: “Drottinn, dag einn huldur þú Móse í hellisskúta og gekkst framhjá honum, til að hann gæti séð bakhluta þinn. Ef þú hefur fyrirgefið mér synd mína, viltu þá ganga framhjá mér núna, þannig að ég geti vitað að misgjörð mín er farin, svo ég geti aftur beðið fyrir veikum börnum þínum?”

Um leið og hann lauk bæn sinni, fór þyrlvindur gegnum nærliggjandi runna og meðfram stígnum í áttina að klettinum, þar sem hann stóð. Hann straukst við hann með nægilegum krafti, til að fá hann til að grípa hatt sinn og loka augunum, þar til hann var farinn framhjá. Bill rétti aftur upp báðar hendur og sagði: “Ég elska þig, Drottinn, af öllu hjarta. Ég er svo glaður, að þú ert Guð sem svarar bænum og þú fyrirgefur þeim, sem snúa sér til þín af öllu hjarta og iðrast.” Hann gekk eftir stígnum, sem lá að bílnum. Síðan ók hann inn á þjóðveginn og fór beina leið á mótelið, þar sem hann bað fyrir þessu dauðvona barni. Í nafni og fyrir kraft hins miskunnsama Jesú Krists læknaðist barnið.

Frá og með fimmtudeginum 8. október 1959, höfðu William Branham, Banks Wood og Fred Sothman tekið frá þrjá daga, til að fara á íkornaveiðar nálægt bænum Salem í Indíana, um 75 kílómetra norður af Jeffersonville. Á hverjum morgni vöknudu þeir klukkan fjögur, til að geta verið í skóginum við sólarupprás, í þeirri von að koma svefndruknum íkornum í leit að morgunmat á óvart. Það var árangurslaust. Þetta var seint á tímabilinu og mikill fjöldi veiðimanna, hafði þynnt íkornastofninn töluvert. Eftir tveggja daga veiðar, höfðu mennirnir þrír, ekki einn íkorna til að sýna sem árangur erfiðis síns.

Snemma á laugardagsmorgninum hleypti Bill, Fred og Banks út úr bílnum í einum hluta skóglendisins og ók síðan lengra eftir veginum yfir í annan hluta skógarins. Þetta var ekki góður dagur til veiða. Frost, vindur og aðdráttarafl jarðar, höfðu hreinsað laufblöðin af trjánum og hulið jörðina með teppi af laufblöðum. Fyrir utan þessa hindrun, þá fékk kaldur vindurinn líklega flesta íkornana, til að hjúfra sig saman í bæli sínu. Bill þrammaði um skóginn í nokkra klukkutíma, án þess að sjá eitt einasta loðið, rautt skott.

Hann gekk niður hæð, yfir uppþornaðan lækjarfarveg og síðan upp hæðina hinum megin. Bráðlega kom hann að hæð, þar sem sást yfir akur, þar sem nokkrir bændur voru að skera upp maís. Trjágróðurinn á hæðinni, samanstóð af garðahlyn og engisprettutrjám. Hann hafði veitt í þessum skógum, frá því hann var drengur og vissi að íkornar forðuðust engisprettutré, vegna broddóttra greina þeirra og þeim líkaði ekki við garðahlyn, vegna þess að þeir geta ekki étið fræ hans. Þeir tóku valhnetu-, eikar- og beykitré fram yfir. Nokkur valhnetutré voru á hæðinni, en það voru engin laufblöð eða hnetur á þeim. Hér var ekkert til að draga íkorna til sín.

Enda þótt Bill vissi, að það væri ekkert þarna til að skjóta, var hann þreyttur og þarfnaðist hvíldar. Svo hann teygði úr sér á jörðinni milli tveggja garðahlyntrjáa, til að

vera í skjóli fyrir vindinum og láta sólina verma sig. Eitt trjáanna minnti hann á áttavita, vegna þess að það hafði fjórar stórar greinar, sem bentu í norður, suður, austur og vestur. Hann hallaði sér upp að bol áttavitatrésins síns og íhugaði að fá sér blund, en ákvað að gera það ekki. Klukkan var hálf tíu og hann átti að hitta veiðifélaga sína eftir klukkutíma. Ef hann sofnaði, gæti verið að hann vaknaði ekki í tíma.

Meðan hann fylgdist með vinnu bændanna, hugsaði hann um ritningarverskið, sem hafði oft komið upp í huga hans, tvö síðustu árin. Jesús sagði: “Sannlega segi ég yður: Hver sem segir við fjall þetta: ‘Lyft þér upp, og steyp þér í hafið,’ og efar ekki í hjarta sínu, heldur trúir, að svo fari sem hann mælir, honum mun verða að því.”⁸⁸

Þetta vers var honum ráðgáta. Af hverju orðaði Jesús þetta eins og hann gerði. Jesús sagði ekki: “Ef ég segi við fjall þetta: ‘Lyft þér upp og steyp þér í hafið.’ Jesús sagði: “Ef þú segi við fjall þetta...” Það var ekki einu sinni bæn innifalin í þessu. Hvernig gat það verið? Bill velti fyrir sér, hvort þetta væri einangrað fyrirheit, sem Jesús hefði eingöngu gefið eigin lærisveinum á þessum tíma, áður en friðþægingin hafði átt sér stað.

“Eftir því sem ég best veit,” hugsaði Bill, “voru öll fyrirheit um kraft leyst út í gegnum friðþægingu Jesú á krossinum og þau voru innleidd, þegar hann gaf kirkjunni sinn Heilaga anda á hvítasunnudag. Svo ef einhver spyr mig um Markús 11:23, mun ég segja að Jesús hafi gefið lærisveinum sínum kraftinn fyrir friðþæginguna, alveg eins og hann gaf spámönnum sínum sérstakan kraft fyrir friðþæginguna.”

Einhvers staðar í runnanum á bak við hann heyrðist rödd segja: “*Heldur þú að spámennirnir hafi verið að tala þegar þeir spáðu fyrir um framtíðina? Prédikaðir þú ekki um það, hvernig spámennirnir voru svo smurðir af Heilögum anda, að það voru ekki þeir sem voru að tala, það var Guð sem talaði í gegnum þá.*”

Bill hugsaði: “Já, Drottinn, það er rétt.”

Röddin hélt áfram: “*Það var líka innifalið í friðþægingunni. Ef einhver maður á einhverjum tíma getur gefist Guði svo fullkomlega, að Guð getur notað rödd hans, þá er það ekki lengur maður sem talar, það er Guð að nota hann. Hvernig sérð þú sýnirnar, meðan á fyrirbænaþjónustunni stendur? Heldur þú að það sé þín eigin viska, sem segir fólki sögur þess og hvað muni gerast næst? Heldur þú það sé þín eigin viska, sem gefur þér innsæi þegar þú ert að prédika? Hvað heldur þú að gerist, þegar einn kristinn maður talar á ókunnri tungu og annar túlkar hana?*”

“Ég skil,” sagði Bill upphátt. “Þegar hið friðþægjandi blóð Jesú Krists yfirskyggir mann, er mögulegt að einhver gefist Andanum svo fullkomlega, að það er ekki lengur hann sem talar, heldur Guð. En hvernig útskýrir það Markús 11:23?”

“*Það ritningavers er sannleikur, eins og hvert annað ritningavers er sannleikur. Ef þú ert smurður af Heilögum anda til að segja það, mun hvað sem þú segir gerast.*”

Skyndilega fann Bill eitthvað feykjast yfir sig af svo miklum krafti, að hann staulaðist á fætur, dauðskelkaður. “Hver sagði þetta?” vildi hann að fá að vita og augu hans grandskoðuðu hlíðina. “Við hvern er ég að tala?” Það var enginn þarna. Eina hljóðið sem hann heyrði, kom þegar vindurinn skjáfaði í þurrum laufblöðunum og frá bændunum að skera upp í fjarlægð. “Drottinn, ert þetta þú? Venjulega sé ég ljósið, þegar þú ert að tala við mig, en það er ekkert ljós hérna.”

Röddin talaði aftur, mjög nálægt honum. Bill heyrði hana greinilegar, en hann heyrði í bændunum að vinna á kornakrinum. Röddin skipaði: “*Segðu það sem þú vilt og þér verður gefið það.*”

⁸⁸ Markús 11:23

Hann hugsaði: “Hvað er að gerast? Er ég að verða brjáláður? Ég vil ekki verða ofstækismaður og fara fram af brúninni einhvers staðar.” Hann beit í fingur sinn, þar til hann fann til. “Ég er ekki sofandi, svo þetta getur ekki verið draumur. Þetta virðist ekki heldur vera draumur. Venjulega fylgir sýn, þegar smurningin er svona djúp. Ég ætla bara að bíða aðeins og sjá hvort einhver sýn kemur.”

Líkami hans var skringilega dofinn, svo hann gekk í litla hringi og teygði úr handleggjunum. Þá helltist yfir hann djúp smurning, sem líktist hunangi. Aftur skipaði röddin: “*Segðu það sem þú vilt og þér verður gefið það.*”

Skjálfandi spurði Bill: “Drottinn, er þetta breytingin á þjónustu minni, sem þú hefur verið að segja mér að muni koma? Er þetta á einhvern hátt tengt litla húsinu inni í tjaldinu, sem þú sýndir mér í sýn fyrir nokkrum árum?”

Röddin svaraði: “*Ég er að staðfesta þá hluti, sem ég kem til með að gera. Segðu það sem þú vilt og það mun verða.*”

“Það er ekkert veikt fólk hérna. Um hvað á ég að biðja?”

“*Þú ert að veiða og þú þarfnast íkorna, eins og Abraham þarfnadist einu sinni hrúts.*”

“Það er rétt. Ég gæti fengið mér nokkra...” Tunga hans staðnæmdu og hann hugsaði: “Drottinn minn, sé ég að gera eitthvað rangt, þá vertu svo góður að fyrirgefa mér, en ég ætla að komast að því, hvort þetta ert þú eða ekki.” Upphátt sagði hann: “Í dag mun ég skjóta þrjá unga, rauða íkorna.”

“*Úr hvaða átt munu þeir koma?*”

Bill dró djúpt andann. Hann hugsaði: “Úr því ég er kominn þetta langt, er alveg eins gott að ljúka þessu af. En ég ætla að velja eitthvað ómögulegt.” Hann leit í kringum sig og tók eftir fuglatré í um 45 metra fjarlægð, sem var með nokkrar dauðar greinar. Það stóð í útjaðri skógarþykknis, þar sem bændurnir voru að skera upp maís. Hann vissi að hann myndi aldrei finna íkorna, meðal hinna þyrnóttu greina fuglatrésins og benti á vissan stað og sagði: “Það verður rauður íkorni á enda þessarar nöktu greinar og ég mun skjóta hann héðan.”

Um leið og hann lét vísifingurinn síga, sat íkorninn þarna og horfði á hann. Bill lyfti byssunni upp að öxlinni og hallaði sér upp að garðahlyn, til að geta miðað vel. Við skotið úr 22 kalíber riffilinum hans, féll íkorninn. Bill gekk þangað og horfði á dauða dýrið. Hann hafði skotið það beint í gegnum augað og blóðið rann úr höfði þess, niður á gulnuð laufblöðin. Hann tók íkornan upp. Hann var heitur viðkomu. Hann setti dýrið í pokann, sem hann var með undir veiðina og hugsaði með sér: “Sýnum blæðir ekki, svo ég veit að þetta er ekta íkorni. Ef til vill gerðist þetta bara. Drottinn, sért þetta þú, þá láttu þetta gerast aftur, til að djöfullinn fái ekki tækifæri til að segja að þetta hafi verið tilviljun.”

Aftur kom ofursmurningin yfir hann, af ótrúlegum krafti. Hann leit í kringum sig í skóginum, þar til hann sá annan ólíklegan stað, til að finna íkorna. Um það bil 45 metrum þaðan sem hann stóð, var dautt fuglatré sem brenninetla hafði vafið sig utan um. Íkornar forðast brenninetlur alveg eins og mannfólkið. Bill benti á ákveðna grein á trénu og sagði: “Annar íkorni mun sitja á þessari grein þarna.” Þegar hann lét fingurinn síga, stóð íkorninn þar. Bill nuddaði augun og horfði aftur í áttina þangað. Hann var þar enn. Hann miðaði með riffilinum og skaut. Íkorninn datt af greininni og rakst utan í trjabolinn. Hann gekk að staðnum, ýtti brenninetlunum til hliðar með fætinum, tók upp dauða íkornann og setti hann í pokann sinn.

“Drottinn, þetta varst þú,” sagði hann glaðlega. “Nú held ég að ég skilji um hvað Markús 11:23 snýst. Þakka þér Drottin, fyrir að staðfesta orð þitt. Ég get varla beðið eftir að segja hinum frá þessu.”

Hann byrjaði að ganga í áttina að veginum. Röddin kom aftur: “Þú sagðir þrír íkornar.”

Bill nam staðar. Það var rétt. Hann hafði sagt þrír. Hann leit í kringum sig eftir öðrum stað, til að setja íkorna. Hann hugsaði með sér: “Í þetta skipti ætla ég að gera þetta mjög gagngert.” Við enda kornakursins stóð gamall trjábólur, orðinn hvítur af sólinni og á honum var ein grein eftir. Bill sagði: “Rauður íkorni mun koma út úr þessu skógarþykkni, hlaupa að dauða trjábólum, fara út á greinina og horfa á bóndann þarna.”

Ekkert gerðist. Hann beið í tíu mínútur og enn birtist enginn íkorni. Klukkan var að verða hálf ellefu. Hann stóð upp og teygði sig: “Faðir, þú sagðir að með framburði tveggja eða þriggja vitna, væri sérhvert orð staðfest.⁸⁹ Ég er með tvö vitni í pokanum mínum, svo ég er ánægður. Þakka þér, Drottinn, fyrir þessa tvo íkorna. Nú verð ég að fara og hitta Banks og Fred.” Hann henti pokanum sínum yfir öxlina og gekk nokkur skref í áttina að veginum.

“En þú ert þegar búinn að segja þetta,” minnti röddin hann á. “*Ritningin segir: ‘Ef þú efast ekki í hjarta þínu, heldur trúir að það verði sem þú segir, þú mun það verða.’ Efast þú?*”

Bill sneri við: “Nei, Drottinn, ég efast ekki um orð þitt.”

Á því augnabliki hljóp íkorni út úr skógarþykkninu, hljóp niður að akrinum, klifraði upp á trjábólinn og út á þessa einu grein, þar sem hann nam staðar og horfði á bóndann. Bill lyfti rifflinum upp á öxlina, miðaði og ýtti á gikkinn. Kúlan fór í gegnum auga íkornans.

Meðan hann var að setja hann í pokann, heyrði hann aðra rödd inni í höfðinu á sér: “Veistu hvað, skógurinn er fullur af íkornum einmitt núna. Þetta var allt saman tilviljun.”

Bill svaraði: “Satan, við munum sjá til með það.” Hann gekk aftur upp hæðina að garðahlyninum og settist síðan niður og beið átekta. Hann beið til hádegis, áður en hann fór loks og náði í féлага sína. Allan þann tíma, sá hann ekki tangur eða tetur af íkorna, né heyrði íkorna gelta.

Enda þótt íkornaveiðitímabilinu í Indíana lyki 13. október 1959, var leyfilegt að veiða þá í Kentucky, nokkrum vikum lengur. Fyrstu vikuna í nóvember, óku William Branham, Banks Wood og Tony Zabel til Elkhornbæjar í Kentucky, til að eyða nokkrum dögum við veiðar, ásamt Charlie Cox, mági Banks Wood.

Elkhorn er lítill bær í austurhluta Kentucky, við útjaðar Appalachiafjalla. Á þessu skógi vaxna svæði, leyndist sumt af bestu skot- og fiskveiði í heimi og Bill fór þangað oft, til að losna undan álaginu við þjónustu sína. Charlie og Nelly Cox létu honum alltaf finnast að hann væri velkominn á heimili þeirra í sveitinni.

Veðrið þessa vikuna í nóvember, var sannarlega frekar íkornunum í hag, en íkornaveiðimönnum. Kaldur vindur blés hvern einasta dag. Flestir íkornarnir hjúfruðu sig saman, í bælum sínum. Ef einhver hugrakkur íkorni hætti sér út, var hann varaður við hættunni af fótatakinu frá stígvélum veiðimannanna, þegar þeir trömpuðu gegnum visin laufblöðin. Eftir að hafa veitt í tvo daga, var Charlie eini maðurinn í hópnun, sem hafði skotið íkorna og hann hafði notað haglabyssu. Bill treysti enn á 22 kalíber rifflinn sinn, en það leit út fyrir að hann myndi ekki fá tækifæri til að nota hann.

Föstudaginn 6. nóvember, gekk honum ekkert betur. Síðar um daginn, kom hann að kunnuglegri brekku milli hæðanna. Hann kallaði þennan stað “dalverpi

⁸⁹ Hér er vitnað í Matteus 18:16 og 2 Korintubréf 13:1

skotveiðimannsins,” því eitt sinn sá hann 16 íkorna þarna. Þeir sátu allir uppi í sama tré, en hann skaut aðeins takmarkaðan fjölda þeirra og leyfði síðan hinum að sleppa, sem var íþróttamannslegt. Núna stóð hann í austurhlíðunum, fyrir ofan dalverpið og



Dalverpi skotveiðimannsins (Sportsman's Hollow)

rannsakaði svæðið fyrir neðan sig, í leit að lífsmarki. Hann beið lengi átekta, en ekkert hreyfðist. Trén hér, voru jafn íkornalaus og annars staðar í skóginum. Að standa þarna á sama stað, olli honum hrolli. Kalt loftið stakk nef hans, kinnar og eyru. Hann var dofinn í fingurgómunum, þrátt fyrir vettlingana. Hann var meira að segja dofinn á tánum, af kuldanum. Hann ákvað, að hann væri búinn að veiða nóg þann daginn. Hann myndi reyna aftur á morgun. Hann sneri sér við til að fara og hafði varla gengið nema eitt eða tvö skref, þegar hann heyrði djúpa rödd, eins og malið í ljóni. Röddin sagði: *“Hve marga íkorna viltu í dag?”*

Bill nuddaði kinnina og velti málinu fyrir sér: *“Charlie ætlar að leyfa mér að fara heim með sína þrjá íkorna. Sex íkornar, myndu nægja í matinn fyrir fjölskyldu mína. Svo ef ég gæti aðeins fengið þrjá í viðbót.”*

Skyndilega kom yfirnáttúruleg smurning yfir hann af slíkum krafti, að hann varð að halla sér upp að tré, til að varna því að hann dytti. Röddin sagði valdsmannslega:

“Segðu það sem þú vilt, efastu ekki og þú munt fá það sem þú segir.”

Bill sagði: *“Ég mun fá íkornana mína þrjá.”*

“Hvaðan munu þeir koma?”

“Einn mun koma úr vesturátt, einn úr suðurátt og einn úr norðurátt.”

Hann gaumgæfði skóginn. Eftir nokkrar mínútur, sá hann eitthvað hreyfa sig á fjallshryggnum hinum megin við dalinn. Hann færði ríffilinn sinn upp að öxlinni og sá gráan íkorna, gegnum kíkinn. Hann var í a.m.k. 80 metra fjarlægð, sem var langt skot fyrir þann, sem var vanur að skjóta á 45 metra færi. Bill lyfti byssuhlaupinu aðeins yfir skotmarkið, til að leiðrétta miðunina. Þegar hann ýtti á gikkinn, datt íkorninn dauður niður.

“Þarna er einn kominn. Það er eins gott að horfa í suðurátt, því sá næsti mun birtast þar.”

Í langan tíma, sat hann á föllnum trjából og horfði til suðurs. Hann hugsaði með sér: “Vissulega mun þetta gerast, vegna þess að ég sagði það undir smurningunni. Ef þetta var Heilagur andi að tala við mig, hlýtur þetta að gerast með sama hætti og hann sagði að það myndi verða.”

Eftir um það bil 15 mínútur, sá hann íkorna skjótast kringum beykitré, beint í suður frá staðnum, þar sem hann sat. Þetta var auðvelt skot, um það bil 45 metrar. Hann hitti íkornann beint í annað augað. Við hljóðið úr riffli hans, kom annar íkorni úr sömu átt, skaust út úr skógarþykkuninu, hljóp niður hæðina, stoppaði fyrir framan trjából, um 30 metra í suðvesturátt frá Bill.

“Þarna er þriðji íkorninn,” hugsaði hann með sér og sneri rifflinum sínum 45 gráður, þar til hann benti til suðvesturs. Hann miðaði á eyra íkornans, því hann sneri hliðinni að honum. Þegar hann hleypti af rifflinum, missti hann marks. Íkorninn stökk upp í forundran og hljóp að hinum enda trjábolsins, þar sem hann nam staðar til að naga hnetu.

“Ég hlýt að skjálfa svo mikið, að ég get ekki miðað,” hugsaði hann. “En mér var alveg jafn kalt, þegar ég skaut hinn íkornann. Hann hallaði sér upp að tré, til að hann gæti miðað betur. Í þetta skipti fór kúlan fyrir ofan höfuð íkornans og það flísaðist úr trénu fyrir aftan hann. Íkorninn hljóp um það bil 3 metra og nam síðan staðar og horfði taugatrekktur í kringum sig.

“Ég hlýt að hafa slegið óvart í riffilkíkinn,” hugsaði hann, meðan hann setti aðra kúlu í hólfið. Ef það var mögulegt, forðaðist Bill að skjóta íkorna í brjóstið, vegna þess að þar var kjötið. Hann vildi frekar skjóta íkornana sína í höfuðið, helst í augað. Nú beindi hann rifflinum að brjósti íkornans. Þriðja skot hans, dreifði laufblöðum fyrir framan dýrið. Í þetta skipti, hvarf hinn óttaslegni íkorni inn í runnaþykkni.

Eitt augnablik var Bill hissa. Af öllum þeim 114 íkornum, sem hann hafði skotið þetta ár, höfðu aðeins fimm skot geigað. Og nú var hann búinn að missa marks, í þrjú skipti í röð. Hvernig gat það átt sér stað? Síðan áttaði hann sig á hvers vegna. Hann hafði sagt, að næsti íkorni myndi koma úr norðri. Guð vildi ekki leyfa honum að drepa þennan íkorna, sem hafði hlaupið í suðvesturátt frá honum.

Hann horfði í norður og beið í 15 mínútur, án þess að neitt gerðist. Sólin var að setjast og það var að dimma í skóginum. Klukkan fjögur, ákvað hann að ná í þá tvo íkorna, sem hann hafði skotið, áður en það yrði of dimmt til að finna þá. Þegar hann kom aftur á staðinn, þar sem hann hafði upprunalega skotið íkornana tvo, ákvað hann að halda áfram göngunni, því hann gerði ráð fyrir að það væri orðið of dimmt, til að veiða meira þennan dag. Áður en hann hafði gengið tíu skref til viðbótar, drundi í djúpu röddinni: “*Farðu til baka og náðu í þriðja íkornann þinn. Þú ert þegar búinn að segja að það muni gerast.*”

Hann fór aftur á sinn upprunalega skotstað og sagði: “Drottinn, ég mun alls ekki efast neitt um þig.” Einmitt þá, sá hann þriðja íkornann sinn hlaupa upp hvítt eikartré, sem var um það bil 50 metra í norðurátt. Núna var orðið svo dimmt, að enda þótt hann notaði kíkinn til að virða tréð fyrir sér upp og niður, gat hann ekki séð íkornann. Loks sá hann dökkan blett, hátt uppi inn á milli greinanna og ákvað að taka áhættuna. Eftir að hann skaut, heyrði hann hljóðið í litlum klóm, sem nudduðust við trjábörk. Síðan lenti eitthvað á jörðinni og dreifði laufblöðunum. Einu augnabliki síðar, hljóp íkorni upp tré, um það bil sex metrum lengra til austurs. Bill gerði ráð fyrir, að þetta væri sami íkorninn. Hann hlaut að hafa skotið framhjá honum á hvítu eikinni, svo hann hafði þá hlaupið yfir í annað tré. Bill miðaði á staðinn, þar sem íkorninn hafði numið

staðar og ýtti á gikkinn. Í þetta skipti, hitti hann eitthvað alveg örugglega. Íkorninn féll beint niður til jarðar.

Til að vera alveg viss, skoðaði Bill fyrst jörðina fyrir neðan hvíta eikartréð. Þarna lá þriðji íkorninn hans, í norður frá þeim stað, þar sem hann hafði sagt að þetta myndi gerast. “Þetta er dásamlegt,” hugsaði hann. “Ég bað um þrjá íkorna og Drottinn bætti einum við.” En þegar hann hélt áfram og ætlaði að ná í fjórða íkornann, var hann þar ekki. “Þetta er skrítið. Ég veit að ég skaut hann.” Hann leitaði í kringum þurr laufblöðin, en gat ekki fundið hann. Síðan tók hann eftir holu milli rótanna. Hönd hans komst ekki inn í lítið gatið, svo hann potaði með priki niður í það. Hann fann fyrir einhverju lausu innan í henni, en gat ekki náð því út með prikinu. “Þetta er örugglega í íkorninn. Ég get ekki náð honum í kvöld. Ég verð að ná í hann á morgun.”

Hann huldi opið með steini og fór síðan til baka, til að hitta vini sína við bílinn. Þeir voru hrifnir, þegar hann kom með þrjá íkorna, þar sem enginn þeirra hafði skotið neinn. Þegar hann sagði þeim síðan frá kringumstæðunum, urðu þeir furðu lostnir.

Áður en þeir fóru í rúmið þetta kvöld, leiddi Tony Zabel þá í bæn. Meðal annars bað Tony: “Drottinn Guð, láttu bróður Bill finna íkornann í holunni á morgun, til að við getum vitað að hann er að segja sannleikann.”

Bill brá við að heyra þetta. Tony var djákni í kirkjunni hans. Þegar kona Tony var dauðvona og læknað höfðu gefið hana upp á bátinn, hafði Bill beðið og Drottinn hafði læknað hana á yfirnáttúrulegan hátt. Hvernig gat Tony haft efasemdir um hann?

Á laugardagsmorgninum, leit út fyrir að vera eins kalt og ömurlegt úti og það hafði verið alla vikuna. Við morgunverðarborðið sagði Tony: “Við fáum að minnsta kosti einn íkorna í dag, ekki satt, bróðir Bill?”

“Bróðir Tony, þú skildir þetta bara alls ekki. Þegar ég talaði undir innblæstri sagði ég þrjár íkornar. Sá fjórði hafði ekkert með málið að gera.”

“Nú, hann verður þarna samt sem áður.”

Þar sem þeir voru að fara til Jeffersonville um hádegið, ætluðu þeir bara að veiða til klukkan níu, þennan morgun. Bill eyddi tveimur klukkutímum í að leita að gráum hnoðra til að skjóta, en án árangurs. Loks gafst hann upp. Hann hafði rétt nægan tíma til að koma við í “dalverpi skotveiðimannsins” á leiðinni að bílnum. Þegar hann nálgadist dalinn, hvíslaði rödd innan í höfðinu á honum: “Hvað ef þessi íkorni er þarna ekki? Þá heldur þinn eigin djákni, að þú hafir verið að ljúga.”

Skyndilega skírði ofursmurningin hann á ný. Önnur rödd sagði: “*Þótt hann sé ekki þarna núna, þá segðu að þú munir finna hann og svo mun verða.*”

Bill sagði: “Drottinn, Markús 11:23 er orð þitt. Svo ég tek þig á orðinu. Ég mun finna þennan íkorna.”

Hann kom að trénu, tók steininn frá gatinu og víkkaði gatið með stafnum sínum. Þegar hann teygði sig niður í holuna, fann hann lausar rætur í stað þess að finna dauðan íkorna. Hann hrökk undrandi til baka. “Ó, hvað nú!, við eigum að hittast klukkan níu og hér er ég án íkornans. Hvað mun Tony hugsa? Hvað munu hinir hugsa?” Hann leitaði aftur í laufblöðunum kringum dauða trjábólinn, en fann ekkert. “Bíddu aðeins við,” hugsaði hann. “Þegar ég sagðist myndu finna fjórða íkornann, var ég undir sömu smurningu og leiddi fram hina þrjá. Ef þetta á að staðfesta upphafið á hinn nýju þjónustu minni, hlýtur fjórði íkorninn að vera hérna einhvers staðar. Svo hvar er hann eiginlega?”

Röddin sagði: “*Gáðu undir trjábörkinn þarna.*”

Bill sparkaði trjáberkinum til hliðar. Það var ekkert undir honum nema laufblöð. “Það er eitthvað skrítið við þetta,” hugsaði hann. Hann aðgætti staðinn betur og tók eftir nokkrum gráum hárum, sem gægðust undan brúnum laufblöðunum. Hann gróf

dýpra og þarna fann hann fjórða, gráa íkornann sinn. Að meðtöldum þessum þrem, sem hann fékk í Indíana gerði það 7. Það er fullkominunartala Guðs.

Miðvikudagsmorguninn 11. nóvember árið 1959, óku William Branham, Banks Wood og David Wood til Wright bóndabýlisins, að sækja vín til að nota við altarisgöngu í kirkjunni. George og Murle Wright, bjuggu þetta vín til úr vínberjum, sem þau höfðu ræktað í garðinum sínum. Bill líkaði sú tilhugsun vel, að vínið sem söfnuður hans drakk við altarisgöngu, væri búið til af fólki sem var fyllt Heilögum anda.

Eins og venjulega þótti fjölskyldunni mjög vænt um félagsskap þeirra og hvatti þá til að borða með þeim hádegisverð. Edith (dóttir George og Murle) bað Billy að skjóta eina eða tvær kanínur, svo móðir hennar gæti eldað kanínukássu. Bill hafði ekki hjarta í sér til að segja nei við Edith. Hann vorkenndi henni alltaf. Hún var 37 ára gömul og hafði eytt mest allri ævinni í hjólastól. Hún hafði verið lömuð, síðan hún var ungabarn. Það var kaldhæðnislegt, að það var í gegnum þjáningar Edith, sem Bill hafði kynnst Wright fjölskyldunni. Árið 1935, hafði hann haldið vakningarsamkomur í Branhamtjaldbúðinni. Þegar George Wright heyrði af samkomunum, fór hann með fatlaða dóttur sína til kirkju, til að fá fyrirbæn. Edith hafði þjáðst af hræðilegum verkjum árum saman. Í fyrsta skipti sem Bill bað fyrir henni, læknaðist hún ekki af lömunninni, en sársaukinn yfirgaf hana og kom ekki aftur. Bill kunni að meta þessa snertingu náðar Guðs. Samt ónáðaði það hann, að Edith skildi ekki fá fullkomna úrlausn mála, sérstaklega þar sem hann hafði séð marga lækna, sem voru í verra ásigkomulagi en hún. Gegnum árin, hafði hann eytt mörgum klukkutímum í föstu og bæn til Guðs um að sýna honum lækningu Edith, en það var engin leið að þvinga fram sýn. Það eina sem hann gat gert var að biðja, vitandi að Guð er alvaldur og hinn mikli vilji hans og tilgangur, var hátt fyrir ofan hinn ófullkomna, mannlega skilning.

Shelby (sonur George og Murle Wright), lánaði Banks 22 kalíber riffil (Bill hafði tekið sinn eigin með) og saman fóru Bill og Banks út á kanínuveiðar. Ský voru lágt á lofti og það leit út fyrir vætu, en það rigndi samt ekki fyrr en þeir komu heim með bráð sína. Meðan Bill var að flá kanínurnar bak við verkfæraskúrinn, heyrði hann í dráttarvél, sem ók eftir veginum og nálgast óðfluga. Brátt óku Hattie Mosier og synir hennar tveir, inn í húsagarðinn. Þau voru á gamalli tveggja strokka dráttarvél. Hattie átti heima um það bil einn kílómetra í burtu. Þegar hún heyrði, að Bill væri í heimsókn hjá foreldrum sínum, lagði hún óunnin verk til hliðar og ók þangað til að njóta félagsskaparins.

Bill var glaður yfir að Hattie skyldi hafa komið, því hann var með dálítið í vasa sínum, sem hann langaði að láta hana fá. Nýlega hafði hún gefið 20 dollara í byggingarsjóð kirkjunnar hans. Bill langaði að láta hana fá þessa peninga til baka. Hann minntist dagsins, þegar hann hafði gift Hattie Wright og Walter Mosier. Walter dó árið 1955, þegar dráttarvél valt yfir hann. Hattie varð að ala syni sína tvo upp alein. Hún erfiðaði við að sjá sér farborða á litla býlinu uppi í fjallshlíðinni. En fjárhagslega gekk henni ekki mjög vel. Hún hafði einu sinni sagt Bill, að hún hefði um 200 dollara í tekjur á ári, svo Bill vissi að hún þarfnaðist þessara 20 dollara meira en Branhamtjaldbúðin. Þegar hann fór í vasa sinn til að ná í peningana, fannst honum eitthvað halda aftur af sér. Heilagur andi minnti hann aftur á það, þegar Jesús stöðvaði ekki ekkjuna, sem var að gefa sinn síðasta eyri í söfnunarbaukinn. Bill skildi peningana eftir í vasa sínum og trúði því, að Guð myndi launa Hattie Mosier á sínum eigin tíma og á sinn hátt.

Níu manns, sátu að hádegisverði við eldhúsborð Wright hjónanna. Banks og David Wood, George, Murle, Shelby og Edith Wright, Orville og Coy Mosier (unglingsynir

Hattie) og Bill. Hattie sat á reyrstól við hliðina á eldavélinni. Um klukkan eitt, lauk Bill við að borða sneið af kirsuberjaböku með melassa. Hann ýtti disknum frá sér og talaði í nokkra klukkuþíma um málefni Guðsríkisins. Af og til spurði einhver hann spurningar úr Biblíunni, sem hann svaraði. Hann ræddi aðallega um sína eigin þjónustu, hvaðan hún hafði komið, hvar hún var stödd á þessari stundu og í hvaða átt hún kynni að stefna. Klukkan hálf fimm, kom hann loks að Markúsi 11:23 og hinum yfirmáttúrulegu atburðum undanfarinna vikna. Fyrst lýsti hann sköpun rauðu íkornanna þriggja í Indíana. Síðan sagði hann þeim frá gráu íkornunum fjórum, sem voru skapaðir í Kentucky.

Bill spurði: “Hvað var það sem gerðist? Bróðir George, þú ert kominn yfir sjötugt og hefur veitt íkorna alla þína ævi. Bróðir Shelby, þú ert sérfræðingur í íkornaveiðum. Bróðir Banks, þú líka. Hefur einhver ykkar séð íkorna uppi í garðahlyn eða í þyrpingu af fuglatrjám?”

Enginn þeirra hafði nokkru sinni séð slíkt.

“Ekki ég heldur og ég hef veitt íkorna síðan ég var krakki. Ég hef hugsað mikið um þetta og svona held ég að þetta sé. Í 1. Mósebók, 22. kafla, sagði Guð Abraham að fara með son sinn, Ísak, upp á Móríafjall og fórna honum sem brenniförn til Drottins. Abraham hlýddi, enda þótt Guð hefði þegar sagt honum, að Ísak ætti að verða erfingi hans. Uppi á fjallinu reisti Abraham steinaltari og var reiðubúinn að drepa Ísak, þegar engill Drottins stöðvaði hann og sagði: “Nú veit ég að þú óttast Guð, þar sem þú synjaðir mér ekki um einkason þinn.” Auðvitað var þessi leikþáttur skuggamynd af hinni stærri sögu, þegar Guð, faðirinn, fórnaði sínum eigin syni á Golgatahæð. Abraham vantaði enn fórn á Móríafjalli. Þegar hann horfði í kringum sig, sá hann hrút sem var fastur í runna. Nú langar mig að spyrja ykkur að einu. Hvaðan kom þessi hrútur? Þegar Abraham var að reisa altarið, safnaði hann steinum saman allt umhverfis fjallstindinn og hrúturinn var þar ekki þá. Hvernig komst hann þangað, svona skyndilega?”

“Þetta er mitt álit,” hélt Bill áfram og svaraði sinni eigin spurningu. Einn af eiginleikum Guðs er *Jehóva-jireh* sem þýðir: “Drottinn sem veitir forsjá.” Abraham vantaði fórn, svo Drottinn talaði einfaldlega og hún birtist. Þetta var ekki sýn. Þetta var raunverulegt. Abraham drap hrútinn og blóðið rann niður altarið.”

Guð er hinn sami *Jehóva-jireh* í dag. Hann reyndi að útskýra fyrir mér, fyrirheit sitt í Markúsi 11:23. Ég átti í erfiðleikum með að skilja það, svo hann sýndi mér einfaldlega hvernig það virkar, fyrst í Kentucky og síðan í Indíana. Mig vantaði íkorna, svo hann skapaði íkorna. Þeir voru ekki sýnir. Ég skaut þá og borðaði þá. Þeir voru raunverulegir íkornar. Ef hann gat talað út hrút og hann birtist hjá Abraham, þá gat hann talað út íkorna og látið þá birtast fyrir mig, vegna þess að hann er skapari þeirra beggja.”

Allt síðdeggið, hafði Hattie Mosier setið yst í hópnum og hlustað þögn á. Eftir að Bill sagði öllum frá niðurstöðu sinni sagði Hattie: “Bróðir Branham, þetta er ekkert nema sannleikur.” Skyndilega geystist Andi Guðs gegnum eldhúsið og fékk Bill til að falla niður á hnén. Líkami hans var hlaðinn sömu orku og hann hafði fundið úti í skóginum. Skýrt og greinilega heyrði hann sömu rödd segja: “*Segðu Hattie að hún geti beðið um hvað sem hún vill. Síðan talar þú það út og það mun verða til.*”

“Systir Hattie,” sagði Bill, “þú hefur orðið náðar aðnjótandi frammi fyrir Guði. Vegna þess að þú sagðir það rétta, sagði Guð mér að segja þér: ‘Biddu um hvað sem þú vilt og hann mun gefa þér það.’”

Hattie lyfti hönd sinni upp að hálsinum, furðu lostin og meira en lítið ringluð. “Bróðir Branham, hvað áttu við?”

“Guð himnanna ætlar að sýna þér, að Markús 11:23 er alveg jafn mikill sannleikur og öll önnur ritningavers hans. Biddu um hvað sem hjarta þitt girnist og hann mun láta það verða til hér og nú.”

Hún horfði taugaspennt í kringum sig. “Um hvað ætti ég að biðja?”

Bill stakk upp á þessu: “Þú ert fátæk. Þú gætir beðið Guð að gefa þér næga peninga til að kaupa stærra býli, eða til að byggja nýtt hús. Þú gætir beðið um eitthvað til að hjálpa foreldrum þínum. Þau eru gömul. Biddu Guð að endurnýja æsku þeirra. Eða, hvað með systur þína, Edith? Hún hefur verið fötluð í 37 ár. Biddu Guð um lækningu hennar og hún mun lækna. Biddu Guð um hvað sem þú vilt og ef það gerist ekki á sömu stundu, þá skuluð þið aldrei aftur trúa mér.”

Hattie tók eftir að synir hennar tveir, Orville og Coy, voru að flissa og pota í magann hvor á öðrum. Það minnti hana á, hvað hún í raun og veru vildi. “Bróðir Branham, mín heitasta ósk er að sjá hjálpræði beggja sona minna.”

Án þess að hika gaf Bill þessa yfirlýsingu: “Systir Hattie, eftir tilskipun almáttugs Guðs, gef ég þér hjálpræði barna þinna í nafni Jesú Krists.”


Þegar þeir heyrðu nafnið Jesús, stukku báðir drengirnir upp af stólum sínum, hlupu í fang móður sinnar og grétu iðrunartárum. Hattie hrópaði svo hátt, að kýrnar í fjósinu heyrðu í henni og trúlega einnig kýrnar í fjósi nágrannanna.

Regnið buldi stöðugt á þakinu. Vegna þess að dráttarvélin hafði ekkert þak, vildi Shelby aka systur sinni heim, á bílnum sínum. Hattie vildi frekar aka heim á dráttarvélinni, með sonum sínum. Hún var í sæluvímu það sem eftir var vikunnar. Þegar sunnudagurinn rann upp, fóru Orville og Coy Mosier með móður sinni í Branham tjaldbúðina og voru skírðir í nafni Drottins Jesú Krists.

Bill stóð bak við púltið og sagði söfnuði sínum frá þeim sjö tilvikum, þar sem Guð hafði skapað íkorna og frá því sem hafði gerst á býli Wright fjölskyldunnar. Hann lauk máli sínu á að segja: “Til að fólkið geti vitað að ég hef sagt því satt, viltu þá vera svo góð að standa á fætur, systir Hattie. Þarna er litla konan, sem kraftaverkið varð á. Guð leit framhjá öllu mikilsháttar fólki heimsins og lét þetta koma fyrir fátæka, auðmjúka ekkju. Ástæða þess að hann valdi hana var sú, að hann vissi að hún myndi biðja um það rétta.”

“Nú langar mig að tala við litla söfnuðinn minn hérna, litlu hjörðina mína sem hefur verið svo trúföst og beðið fyrir mér, meðan ég hef ferðast um heiminn. Ég trúi að heimurinn verði skekinn einu sinni enn. Það sem ég hef sagt ykkur frá, er sannleikur. Á dómsdegi mun ég horfast í augu við ykkur hinum megin með sömu sögu, sem er eins mikill sannleikur og það að ég stend hér í dag.”

“Ég er viss um að þið sjáið öll hvað þetta er. Dýpri og meiri smurning Heilags anda er á leiðinni. Ég skora á alla í nafni Drottins, ef Andinn kemur yfir þig á sama hátt og mig, þá er mér sama um hvað þú biður, þér mun verða að því. Hvernig maður gengur inn í þessa dýpri smurningu, veit ég ekki. Ég veit bara að Guð þarf að leiða þig inn í það. Lifðu bara eins fallega og auðmjúklega og nálægt Guði og þú getur. Ekki efast um hann. Trúðu aðeins að allt samverki til góðs fyrir þig, þá verður allt í lagi.”



Hattie Wright Mosier með sonum sínum Orville og Coy Mosier

Kaflí 81

Handan við tímans tjald 1960

Frá 28. febrúar til 13. mars 1969, prédikaði William Branham fjórtán ræður í Phoenix í Arizona. Þriðjudagskvöldið 8. mars, prédikaði hann ræðu sem heitir: “Greining á öndum.” Andúðin á þjónustu hans var að aukast og hann vildi því að, tilgangur hans væri öllum augljós. Hann kom með þá athugasemd, að Jóhannes hefði boðið hinum kristnu að reyna andana, til að sjá hvort þeir væru frá Guði eða ekki.⁹⁰ Bill hvatti hina kristnu, til að greina anda hverrar þjónustu, með því að skoða tilgang forstöðumannsins. Hvað er það, sem hann er að reyna að ná fram? Reynir hann að beina athyglinni að sjálfum sér, með því að gefa sjálfum sér dýrðina? Er hann að reyna að byggja upp sína eigin hreyfingu? Vill hann að allir aðrir víki út úr myndinni, til að hann og hans hópur geti verið myndin? Það er rangur andi.

Jesús vegsamaði ekki sjálfan sig, heldur gaf föður sínum alla dýrðina. Sannur forstöðumaður, notar alltaf gjöf sína til að byggja upp líkama Krists og vegsama þannig Guð. Sannur guðsþjónn, mun aldrei reyna að koma á aðskilnaði milli fólks, heldur mun hann alltaf reyna að sameina fólk, ekki í kirkjudeild, heldur í einingu andans. Sannur spámaður (Nýja testamentis-spámaður er prédikari), mun alltaf benda fólki í áttina frá sjálfum sér og í áttina að Golgata.

Bill sagði: “Ekki hrekja einhvern burt, vegna þess að hann tilheyrir ekki þínum hópi. Greindu anda hans. Sé hann að starfa í sama tilgangi og þú, þá eigðu samfélag við hann. Þið eruð að starfa að einum málstað, málstað Krists.

Móse var sannur spámaður, vegna þess að eini tilgangur hans var, að afreka eitthvað fyrir Guðs ríki. Hann yfirgaf ríkidæmið og frægðina sem hann hefði getað öðlast í Egyptalandi, til að hann gæti hjálpað lýð Guðs, að ganga inn í hlutskipti sitt. Berið Móse saman við falsspámanninn Bíleam. Bíleam hafði ekta spámannlega gjöf, en hann langaði að nota hana, til að verða ríkur og frægur.” Bill sagði: “Ef þú sérð einhvern með mikla gjöf, sem reynir að gera eitthvað til að vegsama sjálfan sig, þá segir þín eigin gjöf sem greinir andana, að það sé rangt.

Þegar einhver er smurður af Heilögum anda Guðs, mun hann koma fram eins og Guð og Guð starfar þannig, að hann aðskilur okkur aldrei. Verk Guðs er að draga okkur saman, því við erum eitt í Kristi Jesú. Tilgangur Guðs er að leiða okkur saman. Elskið hvert annað. Sannur spámaður, sannur kennari, mun leiða kirkjuna inn í einingu andans, til að menn geti borið kennsl á Guð. Mættum við hafa greiningu Andans, til að bera kennsl á andann sem er í manningum, að sjá hvort það sé Andi Guðs eða ekki.”

Frá Phoenix, ók Bill til Tulsa í Oklahoma. Hann byrjaði laugardaginn 26. mars og prédikaði níu sinnum á níu dögum. Hann lauk ræðuröðinni sunnudaginn 3. apríl, með ræðu sem heitir: “Eins og örninn vekur upp hreiður sitt.” Hann sagði frá því, hvernig arnarmóðirin bólstrar hreiðrið sitt, til að gera það þægilegt fyrir ungu arnarungana sína. Þegar kominn er tími fyrir þá að læra að fljúga, tekur hún allt fiðrið burt og hreiðrið verður óþægilegt. Á sama hátt gerir Guð lífið stundum óþægilegt fyrir börnin sín, vegna þess að hann vill að þau læri eitthvað nýtt og færi sig upp á hærra svið.

Á sunnudagskvöldinu fékk hann skilaboð frá gömlum kunningja sínum, Oral Roberts, sem átti heima í Tulsa. Roberts hafði dottið og meitt sig á fæti og hann vildi

⁹⁰ Hér er vitnað í 1. Jóhannesarbréf 4:1-3

að Bill kæmi heim til sín og bæði fyrir honum. Þegar Bill kom heim að stóru og fallegu heimili Roberts, fann hann Roberts í rúminu. Hné hans var svo illa bólgið, að hann gat ekki beygt það. Meðan Bill var að biðja Jesú að lækna hann, mynduðu æðarnar í hné Roberts, v-laga mynstur og öll bólgan hvarf. Eftir örfáar mínútur, gat Roberts farið fram úr rúminu og gengið með Bill að útidyrnum.

Þegar þeir voru að kveðja hvor annan spurði Roberts: “Ertu búinn að skoða nýju skrifstofubygginguna mína?”

“Nei, bróðir Roberts. Ég ætla að heimsækja Tommy Osborn í fyrramálið. Ég fer og skoða staðinn þinn eftir það.”

“Gott, þú verður hrifinn. Mundu bara að þú átt þátt í uppbyggingu hreyfingar minnar. Þú varst mér innblástur, þegar ég var ungur og var að hefja þjónustu mína.”

Á mánudeginum, skoðaði hann höfuðstöðvar alheimstrúboðs Tommy Osborn. Bill talaði á morgunfundinum þeirra, þegar starfsfólk skrifstofunnar kom saman, til að tilbiðja Guð og biðja, áður en þau hófu dagleg störf sín. Síðan gekk Tommy með honum um bygginguna. Kort af heiminum, þakti einn vegg skrifstofu Osborn. Mörg hundruð títuþrjónar sýndu þá staði, þar sem Osborn studdi kristna trúboða. Hann sagði: “Bróðir Branham, ég er bara einn af þínum litlu nemendum. Það ert þú sem sendir mig út til að gera þetta.” Síðan gaf hann Bill minjagrip, stytta af afrískum frumbyggja, með trjábút í munninum. Osborn sagði: “Hugsaðu þér bara, hve marga þú hefur leyst frá þessu.”

Á eftir ók Bill að hinni nýju skrifstofubyggingu Oral Roberts, sem náði yfir stórt svæði og hafði kostað nokkrar milljónir dollara að reisa. Herra Fisher fór með Bill í skoðunarferð um húsið. Þeir gengu inn um glerdyr, inn í anddyri, sem var klætt marmaraplötum. Speglar og listaverk skreyttu herbergið. Meira að segja loftið, var listaverk, gert úr samofnum álvírum. Þetta var aðeins upphafið á undrunum. Bill sá hljóðverið, þar sem Roberts framleiddi útvarps- og sjónvarpsþætti sína, prentsmiðjuna sem prentaði mánaðarlegt tímarit hans, “*Healing waters*” og margar skrifstofur fullar af framkvæmdastjórum, bókurum, riturum og mörg hundruð vélar frá IBM fyrirtækinu, sem voru að vinna úr póstinum. Þegar þeir höfðu lokið skoðunarferðinni og voru á leiðinni að anddyrinu, varaði lögreglumaður þá við: “Herra Branham, þú gætir átt í erfiðleikum með að komast héðan út. Það hljóta að vera í það minnsta 50 manns, sem bíða eftir þér við dyrnar.”

“Er einhver önnur leið út?” spurði Bill.

“Já,” sagði herra Fisher. “Farðu til baka eftir þessum gangi og að dyrum, sem eru merktar útgangur.” Þær dyr opnast út á bílastæði starfsmanna. Ef þú lætur mig fá bíllyklana þína, kem ég og næ í þig.”

Bill fylgdi leiðbeiningunum og stóð brátt fyrir utan og dáðist að byggingarlistinni að utanverðu. Hann þakkaði Guði fyrir allt það, sem þessi maður hafði afrekað. Það var gleðilegt, að hann hafði eitt sinn verið innblástur fyrir Oral Roberts.

Síðan, eins og pendúll sem fer í öfuga átt, fóru tilfinningar hans í hina áttina. Eftir fimm daga yrði hann 51 árs. Hvað hafði hann afrekað, sem hafði einhverja merkingu? Frá árinu 1937, hafði hann prédikað beint til milljóna manna um allan heim. Hann hafði séð þúsundir sýna, beðið fyrir mörg hundruð þúsund manns og séð geysilegan fjölda lækninga og kraftaverka. Hvað hafði hann eiginlega til að sýna, eftir það allt saman? Þegar hann bar sína þjónustu saman við þjónustu Tommy Osborn og Oral Roberts, virtust afrek þessara nemenda hans, yfirskyggja afrek kennarans. Hann myndi skammast sín fyrir að sýna Osborn og Roberts sína eigin skrifstofu, gamalt hjólhýsi þar sem ritari í hlutastarfi, svaraði póstinum hans með notaðri ritvél. Hvað fjárhagsstöðu hans varðaði, voru þessa stundina minna en 150 dollarar inni á bankareikningi hans.

“Góði Guð,” hugsaði hann leiður, “ég býst við að þú getir ekki treyst mér fyrir peningum og ábyrgð á sama hátt og þessum bræðrum.”

Einmitt þá, eins skýrt og hann hafði nokkru sinni heyrt á ævi sinni, þá heyrði Bill rödd segja: “*ÉG ER þín hlutdeild.*”

Í miðri sveiflu, sveiflaðist pendúllinn til baka og fór aftur yfir í frið og fögnuð. Bill sagði: “Þakka þér, Drottinn. Ég er ánægður með að þú sért hlutdeild mín.” Herra Fisher kom fyrir hornið með bílinn. Bill hugsaði: “Við enda vegarins, eftir að ég hef prédikað mína síðustu ræðu og beðið minnar síðustu bænar, mun Guð ef til vill gefa mér örliða hlutdeild í sjálfum sér, þarna hinum megin.” Það var ánægjulegasta tilhugsunin af þeim öllum.

Bill ók heim og hugsaði um samkomurnar þrjár, þar sem hann átti að prédika í Kentucky næstu þrjá daga. Þegar þrír vinir hans í Kentucky, höfðu beðið hann að prédika eitt kvöldið í heimabæ sínum, hafði Bill fundið eins og eitthvað vildi stöðva hann. Eins og Heilagur andi væri að segja nei, en hann hafði samt sagt já. Vinir hans leigðu byggingu þjóðvarðliðsins á staðnum og auglýstu samkomurnar. Til allrar óhamingju, hlaut Bill að hafa náð sér í vírus í Tulsa, því um leið og hann kom heim lokuðust ennisholur hans og honum varð illt í hálsinum. Næsta dag, var hann kominn með 40 stiga hita og barkabólgu og gat varla hvíslað. Hann bað Guð einlæglega að lækna sig, til að hann gæti haldið loforð sitt við vini sína, en dagarnir sem ætlaðir voru fyrir Kentuckysamkomur hans liðu hjá og hann var enn rúmliggjandi, vegna sóttþita.

Mánudagsmorgunin 11. apríl 1960, reyndi hann að fara á fætur, en hann var svo máttlaus, að hann settist fljótlega aftur á rúmið. Meda færði honum glas af appelsínusafa og sneið af ristudu brauði með smjöri. Hann benti henni, að setjast hjá sér og hvíslaði: “Meda, ég velti fyrir mér hvað sé eiginlega að. Af hverju ættu þessar samkomur að standa til í Kentucky og Guð að láta mig liggja hérna svona veikan? Stundum velti ég fyrir mér hvort hann hafi yfirleitt kallað mig.”

“Bill, skammast þú þín ekki,” ávítaði Meda hann blíðlega. “Guð veit hvað hann er að gera með þig. Vertu bara rólegur, hallaðu þér aftur á bak og borðaðu morgunmatinn þinn. Ég ætla að ná í hrein rúmföt fyrir þig.”

Um leið og hún gekk út, hvarf herbergið. Bill virtist standa á bílastæði við hliðina á hergagnageymslu. Sólargeisli skaust niður af himni, lenti á hergagnageymslunni og sprengdi hana í loft upp. Einn karlmaður og þrjár konur gengu að rústunum og héldu á naglabyssum. Maður tók upp tvær krossviðarplötur, hélt þeim saman og sagði: “Bróðir Branham, við munum hjálpa þér að endurreisa hergagnageymsluna. Ef þú heldur þessum plötum svona, þá mun ég negla þær saman.”

“Allt í lagi,” sagði Bill. Hann tók báðar plöturnar og hélt þeim saman.

“*Ekki gera þetta,*” skipaði engill Drottins. Bill missti plöturnar. Engillinn hélt áfram: “*Þeir eru á leiðinni einmitt núna, til að fá þig til að tímasetja aftur samkomurnar í Kentucky. Þeir halda einlæglega að þeir hafi ‘svo segir Drottinn’ en það er rangt hjá þeim. Ekki gera þetta.*”

Sýnin hvarf honum. Um það bil klukkutíma síðar, kom Fred Sothman við hjá honum, til að athuga hvernig honum liði. Með hásu hvíslu, sagði Bill honum frá sýninni, sem hann hafði séð. Þá kom Meda inn og sagði: “Bill, það eru komnir gestir til þín frá Kentucky.”

Bill hvíslaði: “Það eru þrír karlmenn og ein kona, ekki satt?”

“Já.”


“Þau segjast vera með ‘svo segir Drottinn fyrir mig’, ekki satt?”

“Það er það sem þau segja.”

Bill benti Fred Sothman að koma nær og hvíslaði: “Bróðir Freddie, farðu og segðu þeim að ég geti þetta ekki. Þau eru gott fólk, en þau hafa einlæglega rangt fyrir sér.”

Þegar allir gestirnir hans voru farnir, velti hann aftur fyrir sér: “Af hverju er þetta að gerast? Af hverju get ég ekki talað? Af hverju má ég ekki prédika fyrir vini mína í Kentucky? Guð sagði mér að hann ætlaði að breyta þjónustu minni, en ég veit ekki hvað ég á að gera næst. Hvað ef ég geri nú einhver mistök? Móse gerði mistök, þegar hann sló klettinn, í stað þess að tala til hans.⁹¹ Elísa gerði mistök, þegar hann formælti börnunum, sem gerðu grín að skallanum hans.⁹² Ég vil ekki sjálfur gera ráð fyrir einhverju og gera svo mistök eins og þeir.”

Með færði honum annað glas af appelsínusafa og setti það á náttborðið við hliðina á rúmi hans. Er hann fylgdist með henni fara, tók hann eftir ljósglampa á veggnum. Hann sneri sér við, til að sjá hvað þetta væri. Þá fannst honum málningin á veggnum leysast upp, þar til allur veggurinn varð gegnsær. Brátt sá hann risastóra Biblíu, sem sveif í lausu lofti á himni. Þessi feiknarlega Biblíu skyggði á sólina, en sólargeislar skinu frá henni í allar áttir. Út úr þessari Biblíu kom gullinn kross og út úr krossinum kom Drottinn Jesús. Hann gekk niður af himni, í gegnum vegginn og stóð fyrir ofan höfuð Bill. Ljósíð frá hinni himnesku Biblíu, lýsti upp andlit Jesú og varpaði skugga hans, þvert yfir herbergið. Andlit hans, hafði að geyma sérhvern góðan eiginleika í



Kristur við 33 ára aldur – málverk eftir Heinrich Hoffman

fullnustu sinni; kærleikur og samúð, þekking og viska, friður og réttlæti, vald og kraftur, allt þetta og meira geislaði út frá Drottni. Enginn listamaður hafði nokkru sinni náð að festa á striga, dýptina í andliti hans, en sú mynd sem stóð því næst var málverk Heinrich Hoffman: “Kristur við 33 ára aldur.”⁹³ Bill hafði séð andlit Jesú tvisvar áður í sýn og hann sá persónuleika hans, í hvert skipti sem hann las Biblíuna... en að sjá Jesú hérna í svefnherbergi sínu, það var yfirþyrmandi.

Jesús sagði: “Þú ert að bíða eftir að fá staðfestingu á hinni nýju þjónustu þinni. Ég hef þegar staðfest hana. Þú þarft aðeins að taka við henni.”

Bill skildi þetta samstundis. Hversu oft hafði hann ekki sagt fólki: “Jesús hefur þegar frelsað þig og læknað þig. Hann gerði það, þegar hann dó á

krossinum. En það gerir þér ekkert gagn, nema þú takir við því.” Þessi sama meginregla, átti við um hina nýju þjónustu hans. Biblían sagði: “Án trúar er ómögulegt að þóknast honum...”⁹⁴ Ef til vill skildi hann ekki allt sem Guð vildi að hann gerði, en hann vissi nóg til að taka eitt skref enn í trú og treysta Guði til að sýna honum næsta skref, þegar tími væri kominn fyrir það.

⁹¹ Hér er vitnað í 4. Mósebók 20:1-12

⁹² Hér er vitnað í 2. Konungabók 2:23-24

⁹³ Heinrich Hoffman var þýskur málari, fæddur 1824, dáinn 1911. Hoffman málaði mynd af Jesú Kristi við 33 ára aldur að tala við ríka unga manninn, byggt á sögunni í Matteusi 19:16-26, Markúsi 10:17-27 og Lúkasi 18:18-27

⁹⁴ Hér er vitnað í Hebreabréfið 11:6

Jesús bætti við: “Þú gengur með of mörgu fólki. Til að ganga með mér, verður þú að ganga einn.”

Þessa staðhæfingu skildi Bill þegar. Hann hlaut enn að vera að hlusta of mikið á tillögur annarra, sem aðeins ruglaði hann, þegar hann reyndi að hlusta á Heilagan anda. Hin nýja þjónusta hans, þriðja togið var framundan. Það var kominn tími fyrir hann, að hrista af sér skoðanir annarra og hlusta aðeins á hina blíðu, hljóðlátu röddu Heilags anda, sem leiddi hann. Það var lexían sem Guð vildi að hann lærði af þessum þremur afboðuðu samkomum í Kentucky.

Þegar sýnin hvarf honum sagði Bill: “Amen, Drottinn!” Orðin hljómuðu hátt og skýrt. Honum leið öðruvísi í hálsinum. Skyndilega þornuðu ennisholur hans upp og sóttitinn vék frá honum. Hann hoppaði út úr rúminu og hrópaði: “Meda!”

Hún kom hlaupandi inn í svefnherbergið. “Bill, rödd þín er komin aftur!”

“Meira en það, styrkur minn er kominn aftur. Drottinn var að lækna mig.”

Tveimur vikum síðar, laugardaginn 7. maí árið 1960, dreymdi William Branham að Jósef væri að hósta. Bill tók upp fimm ára gamlan son sinn, hélt honum upp að bringunni og þrýsti gagnauga Jósefs upp að kinn sinni. Jósef var brennandi heitur af sóttithita. Þegar Bill vaknaði, sló hjarta hans þungt eins og vekjaraklukka. Hann andaði djúpt frá sér af létti, þegar hann áttaði sig á því, að þetta var bara draumur. Síðan velti hann því fyrir sér, hvort þetta þýddi eitthvað. Ef til vill átti Jósef eftir að veikjast.

Þar sem hann lá í rúminu og velti fyrir sér draumnum, starði hann af rælni út um svefnherbergisgluggann. Það var dregið fyrir gluggann, en hann gat séð í gegnum rimlagardínuna. Úti fyrir virtist vera dæmigerður vormorgun í Indíana. Það var skýjað, vindasamt og napurt. Hann heyrði hund gelta í fjarlægð. Það drundi í vörubíl á Ewing Lane og það yfirgnæfði eitt augnablik, galtið í hundinum.

Hann var um það bil að fara á fætur, þegar hann sá lítinn brúnan skugga færast yfir gólf herbergisins. Það var ekkert fyrir framan skuggann sem gæti skyggt á ljósið, svo það var engin ástæða fyrir skugganum. Samt var hann þarna. Mynd hans virtist merkilega kunnugleg. Skyndilega áttaði Bill sig á því, hvað skugginn minnti hann á. Síðan sá hann hvítan skugga koma á eftir brúna skugganum og hann ýtti brúna skugganum áfram. Hvíti skugginn minnti hann á Drottin Jesú.

Bill leit við, til að athuga hvort kona hans væri vakandi, svo hann gæti sagt henni frá sýninni. Meda var enn sofandi. Hann andvarpaði: “Mér þykir það leitt, Drottinn, en svona hefur það verið alla mína ævi. Hafi ég gert eitthvað gott, hefur þú þurft að ýta mér inn í það. Ef þú gætir aðeins leitt mig.”

Á þessu augnabliki, virtist hvíti skugginn stíga fram fyrir þann brúna. Það leit út eins og hvíti skugginn tæki í höndina á brúna skugganum, eins og hann ætlaði að fara fyrir. Höfuð hvíta skuggans sneri sér í áttina að rúminu og eitt augnblik, breyttist hann í fast efni. Þegar sýnin dofnaði, sá Billy glitta í fallegasta mannsandlit, sem hann hafði séð.

Næsta morgun, sunnudaginn 8. maí 1960, dreymdi Bill að hann væri kominn til Vestursins. Umhverfis hann var þurrt eyðimerkurlandslag. Í draumi hans voru hann og kona hans, að ganga heim úr veiðiferð. Bill var með veiðistöngina sína í annarri hendinni og silunga sem voru þræddir upp á band í hinni. Hann nam staðar til að opna rimlahlið. “Himinninn er svo heiður hérna í Vestrinu,” sagði hann. “Það er ekki þetta bláa mistur eins og í Jeffersonville. Meda, við hefðum átt að flytja hingað fyrir löngu.”

“Já, Bill, vegna barnanna hefðum við átt að gera það.”

Bill vaknaði. Klukkan var sjö. “Mig hefur dreymt svo mikið undanfarið,” hugsaði hann. “Af hverju ætli það geti verið?” Hann lyfti sér upp á annan olnbogann, leit á konu sína og spurði: “Ertu vakandi, elskan?” Hún bærði ekki á sér. Hann lagðist aftur

á koddann, þar til höfuð hans snerti næstum höfðagaflinn. Síðan smeygði hann höndunum bak við höfuðið og hugsaði: “Ég er feginn að ég á ekki að prédika í dag. Það verður gott að sitja bara og hlusta á bróður Neville til tilbreytingar.”

Hugsanir hans hvörfluðu aftur að draumnum. Hann hafði málað slíka himneska mynd af Vestrinu, að það fékk hann til að velta fyrir sér, hvað lægi fyrir eftir þetta líf. Hvernig myndi það vera að deyja? Hann vissi að hann myndi samstundis stíga inn í dýrðarlíkama sinn, en var ekki viss um hvernig þessi himneski líkami myndi líta út. Myndi hann hafa á sér einhverja mynd? Hann vissi að hann myndi vera í líkama úr föstu efni, þegar Jesús sneri aftur til jarðarinnar, til að stofna þúsundarárarki sitt. En hvað ef hann myndi deyja, fyrir seinni komu Krists? Hvernig myndi allt vera á meðan hann biði? Myndi hann vera andi, eins og ský sem svífur um, án þess að geta talað við vini sína eða taka í höndina á þeim? Það höfðaði ekki mjög til hans.

“Ég vona að ég þurfi ekki að ganga í gegnum það,” hugsaði hann. “Ég myndi frekar vilja vera bara maður, fram að burthrifningunni. Hvað skyldi ég eiga langan tíma eftir? Ég er 51 eins árs gamall núna, svo í besta lagi er helmingur tíma míns á jörðinni farinn og líklega meira en það. Pabbi dó þegar hann var 52 ára gamall. Auðvitað drakk hann sig til bana. Samt hef ég enga fullvissu um, að ég muni lifa lengur en það. Ef ég ætla að gera eitthvað meira fyrir Guð, er best að ég geri það fljótlega.”

Einhvers staðar frá einhverjum óákveðnum stað sagði rödd: “*Þú ert rétt að byrja. Haltu áfram baráttunni.*”

Bill hristi höfuðið og hugsaði: “Ég var líklega að ímynda mér þetta.”

Röddin sagði aftur: “*Haltu áfram baráttunni, haltu áfram.*”

“Ef til vill sagði ég þetta,” hugsaði Bill. Hann lagði hönd sína yfir munninn, til að fullvissa sig um, að varir hans hreyfðust ekki.

Í þriðja skipti endurtók röddin: “*Laun þín eru á leiðinni. Haltu bara áfram að berjast. Ef þú aðeins vissir hvað bíður við enda vegarins...*”

Bill heyrði kór syngja sálm lágum rómi:

Ég er einmana og leiður og þrúi að sjá Jesú.

Hve mjög ég þrúi að heyra bjöllurnar klingja.

Það myndi lýsa upp veg minn og afmá allan ótta.

Drottin leyfðu mér að sjá handan við tímans tjald.

Röddin spurði: “*Myndir þú vilja sjá handan við tímans tjald?*”

“Það myndi hjálpa mér ákaflega mikið,” svaraði Bill.

Það sem gerðist næst, gat hann ekki útskýrt. Eina stundina lá hann í rúmi sínu, á næsta augnabliki stóð hann uppi á hæð, þar sem var útsýni yfir breiða, grösuga sléttu. Mörg þúsund manns, hlupu í áttina til hans yfir sléttuna og hrópuðu: “Okkar elskaði bróðir.” Hann gat aðeins getið sér til, hve mörg þúsund manns þetta voru, en það hefðu vel getað verið nokkrar milljónir manna, sem hlupu í áttina til hans úr öllum áttum. Þau litu öll út fyrir að vera ung, ef til vill rétt um tvítugt, karlar og konur í blóma æskunnar, augu þeirra blikuðu eins og stjörnurnar og tennur þeirra voru hvítar sem perlur. Þau hlupu berfætt, skikkjur þeirra blöktu í hverju skrefi. Karlarnir voru með hár niður á axlir. Hár kvennanna náði niður fyrir mitti.

Ef þetta var sýn, var hún frábrugðin öllum öðrum sýnum, sem hann hafði nokkru sinni upplifað. Hann fann fyrir mjúku grasinu undir berum fótum sér og hann fann mildan andvarann í andliti sér. Enn furðulegra var, að hann sá enn sitt eigið svefnherbergi í um það bil 15 metra fjarlægð og það hallaði 45 gráður, miðað við staðinn sem hann stóð núna á. Þarna hékk skyrtan hans á rúmgaflinum og þarna lá konan hans sofandi. Skrítnast af öllu var, að hann sá sinn eigin líkama við hlið

konunnar sinnar í rúminu. Augu hans voru lokuð, eins og hann væri sofandi, eða dáinn. Það var undarleg tilfinning, að horfa á sjálfan sig í rúminu. Sjá sjálfan sig eins og aðrir sáu hann, líkami hans, nú hálfra aldar gamall, sköllóttur að framanverðu, þunnt grátt hár og hrukkótt húð. Húð? Hann leit niður á hendur sínar. Hér (hvar sem það nú var), var húð hans mjúk og þétt. Hann þreifaði upp að enni sér og renndi fingrunum í gegnum þykkt, hrokkið hár.

“Ég skil þetta ekki,” sagði hann. “Ef til vill fékk ég hjartaáfall og dó? En af hverju er allt þetta fólk, að hlaupa í áttina til mín?”

Röddin sagði við hann: “*Manstu ekki að það er ritað í Biblíunni, að spámennirnir safnast til síns fólks?*”

“Jú, ég man það, en vissulega eru ekki til svona margir af Branham ættinni?”

“*Þetta er ekki fólk af Branham ættinni. Þetta fólk eru þeir, sem þú snerir til trúar.*”

Yndisleg, ung kona kom fyrst til hans. Hún faðmaði hann að sér og hrópaði í fögnuði: “Ó, minn dýrmæti bróðir!” Faðmlag hennar var eins þétt og faðmlag konu hans á jörðinni, en hann fann ekki til sömu tilfinningar.

Röddin sagði: “*Þekkir þú hana?*”

“Nei, það geri ég ekki.”

“*Þegar þú leiddir hana til Drottins, var hún komin yfir níraett.*”

Bill leit á ungu konuna í dálítilli fjarlægð, til að hann gæti skoðað andlit hennar betur. Hún var ein fegursta kona sem hann hafði séð, samt minntist hann þess ekki, að hafa séð hana áður. Það var erfitt að ímynda sér hana sem gamla, hrukkótta konu. Engin furða að hún var svona spennt, að sjá hann núna.

Enda þótt hann hafi ekki þekkt fyrstu konuna, þekkti hann þá næstu. Það var Hope, fyrri kona hans.⁹⁵ Þegar Hope vaðði hann örmum sagði hún ekki: “Elskulegi maðurinn minn.” Þess í stað hrópaði hún: “Elsku bróðir minn.” Síðan sneri hún sér við og faðmaði fyrstu konuna og báðar þeirra hrópuðu: “Elsku systir mín!”

Bill fann kærleikann innra með sér, verða eins víðan og alheimurinn. Það gat ekki verið nein afbrýðisemi til hér. Þessi staður virtist fullkominn. Hann var frábær. Nei, þetta var ofar því. Hann var... hann leitaði að réttu lýsingarorði, en fann ekkert sem myndi passa. Engin orð gátu lýst þessum raunveruleika.

“Ég skil þetta ekki,” sagði hann.

Röddin útskýrði: “*Þetta er það sem þú hefur prédikað að væri Heilagur andi. Þetta er fullkominn kærleikur. Ekkert getur gengið hér inn án þess.*”

Þegar hér var komið sögu, hafði mannþröngin umkringgt hann. Ungir menn tóku hann upp og báru hann á öxlum sér, upp á brún hæðarinnar. Þeir settu hann niður og hrópuðu: “Elsku bróðir okkar!” Mannfjöldinn umkringdi hæðina og tók undir hrópið. Mörg hundruð þúsund karlar og konur, sem hrópuðu öll: “Elsku bróðir okkar!”

Bill rétti upp aðra höndina og sneri lófanum fram, til að þagga niður í hinum ákafa mannfjölda. Þegar þau gátu loks heyrt í honum, sagði hann: “Ég ætti ekki að vera hérna uppi. Ég er enginn sérstakur maður.”

Röddin sagði: “*Þú varst kallaður til að vera leiðtogi.*”

Allir hrópuðu: “Hefðir þú ekki farið út með fagnaðarerindið, værum við ekki hér!”

“Hvar er hér?” spurði Bill. “Hvar er ég?”

Röddin svaraði: “*Þetta er staðurinn sem Ritningin talar um sem: Sálir undir altarinu.*”

“Ef ég er farinn handan tjalds tímans, þá langar mig að sjá Jesú.”

⁹⁵ William Branham kvæntist Hope Brumbach 22. júní 1934, þegar hún var 21 árs gömul. Hún lést úr berklum þremur árum síðar.

“Hann er aðeins hærra uppi. Þitt fólk bíður hér eftir að Jesús komi aftur. Þegar hann gerir það, kemur hann fyrst til ykkar. Síðan verður þú og þitt fólk dæmd, samkvæmt því fagnaðarerindi sem þú boðaðir.”

“Verður sérhver kennari að standa frammi fyrir þessum dómi? Hvað með Pál?”
“Já.”

“Þá verður allt í lagi, vegna þess að ég prédikaði það sem Páll prédikaði. Þar sem hann skírði í Jesú nafni, gerði ég það líka. Það sem hann kenndi um skírn Heilags anda, gerði ég líka. Hvað eina sem Páll kenndi, kenndi ég á sama hátt.”

“Við reidum okkur á það,” sagði mannfjöldinn. “Við erum fullviss um það. Þú munt kynna okkur fyrir Jesú Kristi, frelsara okkar. Síðan snúum við öll aftur til jarðarinnar, til að lifa að eilífu.”

Einmitt þá, fann Bill eitthvað hnippa í sig aftanfrá. Hann sneri sér við og sá hestinn, sem hann hafði riðið á, þegar hann var drengur. “Prince! Ég vissi að þú myndir vera hér.” Prince lagði flipann á öxl Bill og hneggjaði. Síðan fann Bill, að eitthvað sleikti hönd hans. Hann leit niður og sá kærasta æskuvin sinn, hundinn Fritz. “Fritz, ég vissi að þú myndir vera hérna líka.”

Röddin sagði: *“Alla sem þú hefur nokkru sinni elskað og þeir sem hafa elskað þig, hefur Guð gefið þér hérna.”*

Umhverfið í kringum hann dofnaði og á sama tíma varð svefnherbergið raunverulegra. Bill spurði: “Verð ég að fara aftur í þetta gamla hræ?”

“Já, þú verður að halda áfram baráttunni.”

Á næsta andartaki, var hann aftur í sínum gamla líkama. En það var munur á. Eitthvað hafði breyst innra með honum. Allur ótti við dauðann var farinn. Nú vissi hann nákvæmlega hvað Páll hafði átt við, þegar hann skrifaði: *“Vér vitum, að þótt vor jarðneska tjaldbúð verði rifin niður, þá höfum vér hús frá Guði, eilíft hús á himnum, sem eigi er með höndum gjört.”* Hann settist upp og settist á rúmstokkinn. “Meda, ertu vakandi?” spurði hann. Hún svaraði ekki. Bill kraup við rúmið og bað: “Kæri Guð, hjálpaðu mér að málamiðla aldrei með orð þitt. Mætti ég prédika það á sama hátt og Páll gerði. Mér er sama hvaða erfiðleikar verða á vegi mínum, eða hvað hver annar gerir. Mætti ég vera trúr orði þínu og sækja að því marki.”

Næsta sunnudagsmorgun, eftir að hafa sagt söfnuðinum frá reynslu sinni, sagði Bill: “Ímyndið ykkur einhvers staðar úti í geimnum, kubb af fullkomnum kærleika, sem er hundrað milljarðar kílómetra á hvern kant. Ímyndið ykkur nú, að hann minnki eftir því sem hann nálgast jörðina, verði að punkti og komi á þann stað sem við erum stödd á. Sá litli punktur er kærleikurinn sem ég finn fyrir núna og hann er aðeins skugginn af því sem er þarna úti. Ó, elskuðu vinir mínir, elskurnar mínar í fagnaðarerindinu, börnin sem ég hef getið Guði. Hlustið á mig, forstöðumanninn ykkar. Ég vildi óska að það væri einhver leið til að ég gæti útskýrt þetta fyrir ykkur, en það eru engin orð sem geta það. Handan síðasta andardráttarins er alveg dýrðlegur hlutur. Hvað sem þið gerið vinir, þá missið ekki af því. Leggið allt annað til hliðar, þar til þið eigið fullkominn kærleika. Farið á þann stað, þar sem þið getið elskað alla, meira að segja óvini ykkar.

Þessi eina heimsókn breytti mér. Ég verð aldrei aftur sami bróðir Branham, sem ég var áður. Hvort sem flugvélin hristist og skelfur eða einhver beinir að mér byssu, skiptir það ekki máli. Fyrir náð Guðs, mun ég halda áfram baráttunni. Ég mun boða hverjum sem ég get fagnaðarerindið og sannfæra þá um að taka við Jesú Kristi sem frelsara sínum, til að þeir geti gengið inn í hið undurfagra land, sem er þarna fyrir handan.”

